 42; Norðfjörður, sp., br., 351; Kefla-  
 vík, sp., br. 352; Grýtubakkahreppur,  
 sp., br., 431; Vestmannaeyjar, sp., br.,  
 431.  
 Skaftafellssýsla, Austur-, sýsluvegasj.,  
 sp., 413—416; Vestur-, sýsluvegasj., sp.,  
 416—420.  
 Skagafjarðarsýsla, sýsluvegasj., sp., 376—  
 382.  
 Skefilsstaðahreppur, fasteignaskattur, rg.,  
 347.  
 Skemmtanaskattur: Vopnafjarðarhrepp-  
 ur, rg., 140—141; Skútustaðahreppur,  
 rg., 325—326; innheimta, augl., 315.  
 Skipaskoðunarmenn, laun, rg., 244—245.  
 Skipulagsskrár: Vísindasjóður Borgar-  
 sjúkrahúss Reykjavíkur, 4—5; Norð-  
 manngjöf, 92—93; Jakob Jakobsson,  
 139—140; Minningarsjóður Hildar Ól-  
 afsdóttur, 142; Styrktarsjóður Sorop-  
 timistklúbbs Reykjavíkur, 143; Hjálp-  
 arsjóður æskufólks, 144; Minningar-  
 sjóður Guðjóns Gunnarssonar, 146—  
 147; Minningarsjóður Málfríðar Jónas-  
 dóttur, 159—160; Landgræðslusjóður,  
 163—164; Minningarsjóður dr. Rögn-  
 valds Péturssonar til eflingar isl. fræð-  
 um, 177—178; Styrktarsjóður sumar-  
 búða Austurlands, 181—182; Minning-  
 arsjóður Luciu Kristjánsdóttur og Geir-

- laugar Kristgeirsdóttur, 208—209; Ljósavatnssjóður, 209—210; Minningarsjóður Jóns Ármanns Halldórssonar, 210—211; Landgræðslusjóður Hofsafréttar, 227; Minningarsjóður Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal, 228; barnaheimilið Sólheimar, 229—230; Verðlaunasjóður Elínar Briem, 251—252; Minningarsjóður Guðmundar Dagssonar, 252—253; Minningarsjóður Sigurðar Thoroddsen, 263; Verðlaunasjóður Áskels Jóhannessonar, 266; Heimilissjóður Hjúkrunarfélags Íslands, 323—324; Styrktarsjóður Steinunnar og Þórðar, 324—326; Minningarsjóður Margrétar Bjarnadóttur, 350—351; Selma og Kay Langvad, 358—359; Minningarsjóður Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar, 362; Sumarheimili templara, 363—365; Háskólasjóður H/F Eimskipafélags Íslands, 423—424; Minningarsjóður Kvenfélagsins Líknar, 429; Minningarsjóður Helga Aðalsteinssonar, 438—439; Orgel- og söngmálasjóður Bjarna Bjarnasonar, 448.
- Skólabyggingar, greiðsla ríkisframlaga, rg., 188—189; augl., 191.
- Skráning skipa, mæling o. fl., rg., 56.
- Skúli Ágústsson, kennari, 598.
- Skúli Sigurðsson, kennari, 599.
- Skúli Þórðarson, forstöðumaður, 600.
- Skútustaðahreppur, skemmtanaskattur, rg., 325—326.
- Skútustaðasókn, Grænavatn, bréf. 57.
- Skyldusparnaður, rg., br., 191—192.
- Slysatryggingar, iðgjöld, rg., 15—20.
- Snorrassjóður, rkn., 164.
- Soffía Þórarinsdóttir, kennari, 597.
- Solberg, Knut, Rune Torleif, ræðismaður, 598.
- Sparisjóður vélstjóra, sp., br., 422.
- Stefán Haukur Einarsson, ferðamálaráð, 596.
- Steinar Lúðvíksson, íþróttakennari, 598.
- Steindór Guðjónsson, kennari, 596.
- Steingrímur Kristjánsson, vararæðismaður, 602.
- Steinn Guðmundsson, kennari, 597.
- Steinunn Jóhannsdóttir, kennari, 594.
- Steinunn Sighvatsdóttir og Magnús Ólafsson, rkn., 172 og 288.
- Stephensen, Ólafur, lækningaleyfi, 596.
- Stígur, rkn., 174 og 285.
- Stúdentspróf utanskóla, r., 336.
- Styrktarsjóður þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, rkn., 59—60 og 314.
- Sundlaugar, sjá íþróttamannvirki.
- Suuesen, Frede, hm., 604.
- Svarthakur, eyðing, Húsavík, sp., 179; N.-Þingeyjars., sp., 180.
- Sveinn Haukur Valdimarsson, hdl., hrl., 592.
- Sveitarstjórar, Neshreppur utan Ennis, sp., 270—271.
- Sverrir Bjarnason, lækningaleyfi, 600.
- Sverrir Haraldsson, sóknarprestur, 600.
- Sverrir Pálsson, skólastjóri, 599.
- Svíþjóðarferðir, rkn., 218.
- Sýsluvegasjóðir: Gullbringusýsla, sp., 370—373; Norður-Ísafjarðarsýsla, sp., 373—375; Skagafjarðarsýsla, sp., 376—382; Norður-Múlasýsla, sp., 382—387; Suður-Múlasýsla, sp., 387—391; Árnes-sýsla, sp., 391—400; Vestur-Ísafjarðarsýsla, sp., 400—403; Kjósarsýsla, sp., 403—406; Rangárvallasýsla, sp., 406—413; Austur-Skaftafellssýsla, sp., 413—416; Vestur-Skaftafellssýsla, sp., 416—420.
- Sýsluvegir, framlag ríkissjóðs, skipting, rg., 160—161.
- Sætran, Jón, yfirkennari, 594.
- Sölubúðir, Vestmannaeyjar, lokun, sp., br., 436; gjald, 437.
- Sölubúðir, Vestmannaeyjar, lokun, sp., br., 436; gjald, 437.
- Sölubúðir og sölustaðir, lokun, Siglu-fjörður, sp., 369—370.
- Söluskattsskírteini, augl., 453.

## T.

- Taraldset, Knut, sendiráðsritari, 601; hm., 603.
- Tasiaux, Jacques, ræðismaður, 598.
- Tékkar, innstöðulausir, gjsk., 316.
- Theódóra Emilsdóttir, kennari, 596.
- Thorarensen, Aðalsteinn, kennari, 597.
- Thorarinsson, S. Aleck, hm., 603.
- Thors, Jón, ftr., 593.
- Thors, Ólafur B., hdl. 593.
- Thors, Thor, ambassador, 594.
- Tollar, niðurfærsla, augl. 320.
- Tollverð notaðra bifreiða, augl., 450—451.

Tomasevic, Stana, ambassador, 601.  
 Tómas Árnason, hdl., hrl., 593.  
 Tómas Á. Tómasson, deildarstjóri, 592.  
 Tryggingasjóður sparisjóða, rkn., 60.  
 Trygvi Ásmundsson, aðstoðarhéraðs-  
 læknir, 594 og 599.  
 Tulinius, Þórarinn, rkn., 59 og 286.  
 Tupitsyn, Nikolai, ambassador, 601.  
 Tækjaskoðun, röntgen, rg., 321—322.

## U.

Umferð: Reykjavík, augl., 187; Hafnar-  
 fjörður, augl., 187; Eskifjörður, augl.,  
 188; Keflavík, augl., 217; Grindavík,  
 augl., 254; Reykjavík, augl., 265; Ísa-  
 fjörður, augl., 315; Þingeyrarkauptún,  
 augl., 316; Reykjavík, augl. 320; Ólafs-  
 fjörður, augl. 357; Blönduós, augl., 359;  
 Reykjavík, augl., 360; Sauðárkrókur,  
 augl., 420; Reykjavík, augl. 432.  
 Unnur Rögnvaldsdóttir, kennari, 598.

## V.

Valgarður Egilsson, stud. med., úthl.n.  
 Lánad. stúd., 601.  
 Vallholtslegat, rkn., 294.  
 Valtýr Bjarnason, svæfingayfirlæknir,  
 601.  
 Valur Júlíusson, héraðslæknir, 598.  
 Vatnsskattur, Reykjavík, rg., br., 470.  
 Vatnsveitur: Siglufjörður, rg., 12—15;  
 Hafnarfjörður, rg., br., 207; Ólafsfjörð-  
 ur, rg., 344—346; Laugarásshverfi,  
 Bisk., 355—357; Bolungarvík, rg., br.,  
 470; Akranes, rg. og gjsk. 472—482.  
 Vatnsveitufélagið Straumur, Borgarfjarð-  
 ars., sp., 114—115.  
 Veiðifélög: Laxár, Borgarfjarðars., sp.,  
 82—83; Bakkaár, Strandas., arðskrá,  
 124; Flóka, Borgarfj.s., sp., 145; arð-  
 skrá, 146; Búrfell, sp., 421.  
 Verðugir og þurfandi þjóðjarðalandsetar,  
 rkn., 223.  
 Verkamanna- og sjómannafélögin, rkn.,  
 460.  
 Verner, Ernst, hm., 604.  
 Verzlanir, afgreiðslutími, Reykjavík, sp.,  
 br., 34.  
 Verzlunarbanks Íslands hf., rkn. 424—425  
 og 457.

Vestmannaeyjar: sjúkrasamlag, sp., br.,  
 431; sölubúðir, lokun, sp., br., 436;  
 gjald, 437.  
 Viðar, Einar, hdl., hrl., 597.  
 Viglundur Þorsteinsson, aðstoðarhéraðs-  
 læknir, 595.  
 Visindasjóður, rkn., 166—171.  
 Vopnafjarðarhreppur: skemmtanaskatt-  
 ur, rg., 140—141; hafnarreglugerð, rg.,  
 br., 268—270.  
 Vörumerki, 488—592.

## W.

Wessén, Elías, hm., 603.  
 Willis, Errick, F., hm., 603.

## Y.

Yfirlæknaráð Landspítala og Rannsókn-  
 arstofu, r., 253—254.  
 Yngvi Rafn Baldvinsson, kennari, 598.  
 Yu, Jae Hung, ambassador, 602.

## Ý.

Ýmis gjöld, innheimta, augl., 453.

## Z.

Zoëga, Geir H., ferðamálaráð, 596.

## Þ.

Þingeyjarsýsla, Suður-, löggæzla, rg.,  
 161—163; Norður-, svartbakur, eyðing,  
 sp., 180.  
 Þingeyrarkauptún, umferð, augl., 316.  
 Þjóðvegir í kaupstöðum og kaupúnum,  
 ríkisframlag, rg., 432—433.  
 Þorgrimur Sigurðsson, prófastur, 592.  
 Þorleifur Þórðarson, ferðamálaráð, 596.  
 Þorleifur Matthíasson, tannlækningaleyfi,  
 593.  
 Þorsteinn Árnason, héraðslæknir, lausn,  
 593.  
 Þorsteinn Hængur Jóhannesson, tann-  
 lækningaleyfi, 593.  
 Þorsteinn Júlíusson, hdl., 600.  
 Þorsteinn Svörfuður Stefánsson, stud.  
 med., lánasjóður isl. námsm., 601.  
 Þorvaldarminning, rkn., 222.



- Þóranna Gunnlaugsdóttir og Halldór Jónsson, rkn., 176—177.  
 Þórarinn Andrewsson, kennari, 598.  
 Þórarinn Björnsson, orðunefnd, 600.  
 Þórarinn B. Ólafsson, héraðslæknir, 597.  
 Þórður Björnsson, yfirsakadómari, 596.  
 Þórður Einarsson, skjalapýðandi og dóm-túlkur, 592.  
 Þórður Eyjólfsson, forseti Hæstaróttar, 593.  
 Þórður Guðmundsson, hm., 602.  
 Þórður Pálmason, hm., 603.  
 Þórður Oddsson, héraðslæknir, 600.  
 Þórður Örn Sigurðsson, M.A., mennta-skólakennari, 594.  
 Þórey Guðmundsdóttir, kennari, 597.  
 Þórhallur B. Ólafsson, héraðslæknir, 595.  
 Þórgnýr Guðmundsson, skólastjóri, 599.
- Þórir Arinbjarnarson, aðstoðarhéraðs-læknir, 597.  
 Þórir Bergsson, trygg.fr., lánasj. ísl. námsm., 601.  
 Þórir Gíslason, tannlækningaleyfi, 599.  
 Þórir Ólafsson, M.S., menntaskólakenn-ari, 600.  
 Þórlauf Sigurðardóttir, rkn., 426.  
 Þórólfur Friðgeirsson, skólastjóri, 598.

## Ö.

- Ökutæki, gerð og búnaður, rg., 126—138.  
 Örn Snorrason, kennari, 599.  
 Öryggiseftirlit, breyting á starfsreglum, r., 99.  
 Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, gjsk., 1—4.  
 Öxdal, Baldur, deildarstjóri, 593.

## Skammstafanir.

augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. = breyting.	reikn. = reikningur.
gfr. = gagnfræðaskóli.	sjr. = sjóðsreikningur.
hm. = heiðursmerki.	sk.skrá = skipulagsskrá.
gjsk. = gjaldskrá.	stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
hsk. = héraðsskóli.	sþ. = samþykkt.
msk. = menntaskóli.	ul. = unglingaskóli.
r. = reglur.	

15. janúar.

1

Nr. 1.

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að Selfosssókn verði skipt í tvennt, Selfosssókn og Laugardælasókn.

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, háæruverðugi herra, dags. 30. desember 1964, varðandi beiðni íbúa jarðanna Stóra Ármóts, Laugardæla, Sölvholts, Glóru, Dísastaða, Smjördala, Nýjabæjar, Ljónsstaða og Lækjamóta í Árnasprófastsdæmi um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Laugardælum, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Selfosssafnaðar og héraðsfundar Árnasprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipan prestakalla, að Selfosssókn verði skipt í tvennt, Selfosssókn og Laugardælasókn, þannig, að framangreindir bæir verði sérstök sókn.

18. janúar.

Nr. 2.

## GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

### A. Persónugjald:

Fyrir hvern verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 30.00.

Skal tala verkafólks miðað við það, sem hún er, þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrektur frystihúsa eða síldarverksmiðja.

### B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur. Gjald kr. 150.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m<sup>2</sup> hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m<sup>3</sup> rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi með allt að 2 m<sup>3</sup> rúmtaki.

2. flokkur. Gjald kr. 250.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm<sup>2</sup> og eru með hitaflæti frá 2 m<sup>2</sup> til 30 m<sup>2</sup>. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m<sup>3</sup>. Eimhitaðir suðu-

B 1

katlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfi-  
búnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélbúnaðar. Reykhitaðir  
forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með  
þrýstingi með meira en 2 m<sup>3</sup> rúmtaki.

3. flokkur. Gjald kr. 600.00.

Eimkatlar með meira en 30 m<sup>2</sup> hitafleti.

### C. Aflvélar.

Af hverju hestaflí aflvélar greiðist kr. 5.00. Fyrir hvern rafmótor, sem notaður  
er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækja greiðist kr. 5.00.

### D. Vinnuvélar.

1. flokkur. Gjald kr. 5.00.

Dælur, sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar, brjóstsykurgerðarvélar, gos-  
drykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, fægivélar skósmiða, saumavélar, mjólkur-  
stöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, hnappagatavélar, þrjónavélar,  
sniðavélar.

2. flokkur. Gjald kr. 20.00.

Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmismiðavélar, loft-  
blásarar, plastiðnaðarvélar, gúmiðnaðarvélar, reyklásarar, leðurgerðarvélar,  
þrýstiloftþjöppur, sem nota allt að 5 hö.

3. flokkur. Gjald kr. 50.00.

Prentvélar, oliuburðarvélar, dúkafægivélar, vökvapþrýstipressur, hjámiðju-  
þrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugetarvélar, súkkulaðieltivélar,  
málningargerðarvélar, fatapvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, flösku-  
áfyllingarvélar, sildar- og fiskimjölsvélar, sildarolíuvélar, ullarvinnsluvélar,  
steinsmiðavélar, grjótmulningsvélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, dælur, sem  
nota meira en 10 hö., þrýstiloftþjöppur, sem nota 5 til 10 hö., hampvinnslu-  
vélar, pappagerðarvélar.

4. flokkur. Gjald kr. 100.00.

Skipadráttarvindur, einfaldir sveifflugálgar (fastir), einfaldar lyftivindur,  
þrýstiloftþjöppur, sem nota meira en 10 hö., gasframleiðslutæki, fallhamrar,  
steypuhrærivélar, dósa- og flöskupvottavélar.

5. flokkur. Gjald kr. 250.00.

Farstólar í vörugálgum (krönum), farandkranar (gjaldið reiknast auk  
aflvélagjalds), lyftitæki í vörugeymslum, lyftivagnar, bifreiðalyftur (loftþjöppu-  
og aflvélargjald innifalið), sjálfvirkar blaðprentunarvélar.

6. flokkur. Gjald kr. 500.00.

Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhæmlum, jarðýtur, vél-  
skóflur, ámokstursvélar, skurðgröfufur og aðrar svipaðar vélar, fallhamrar (afl-  
vélargjald innifalið).

7. flokkur. Gjald kr. 1000.00.

Skipadráttarvagnar, kolakraninn í Reykjavík og aðrir svipaðir vörukranar,  
löndunarkranar við sildarverksmiðjur,

**E. Frystivélar.**

1. flokkur. Gjald kr. 50.00.  
Frystivélar með allt að 10000 kg/cal. afköstum.
2. flokkur. Gjald kr. 125.00.  
Frystivélar með 10000 til 20000 kg/cal. afköstum.
3. flokkur. Gjald kr. 250.00.  
Frystivélar með 20000 til 50000 kg/cal. afköstum.
4. flokkur. Gjald kr. 500.00.  
Frystivélar með yfir 50000 kg/cal. afköstum.

**F. Verkpallar:**

Ef verkpallar eru við hús, sem eru í smíðum, greiðist kr. 0.25 af hverjum teningsmetra hússins. Ef hús er aðeins einnar hæðar íbúðarhús, eða ef vegg hæð húss undir þakskegg er ekki yfir 3.5 m, greiðist ekki gjald vegna verkpalla.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa, eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 1.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörð.

Fyrir færanlega verkpalla, sem hanga í strengjum eða eru færanlegir upp og niður á einni eða tveimur stoðum, greiðist kr. 150.00.

**G. Losun og lestun skipa:**

Í hvert sinn, sem skip, sem flytur vörur og er yfir 100 smálestir að stærð, kemur í höfn til losunar eða lestunar, skal það greiða fastagjald kr. 250.00 og auk þess kr. 0.25 af hverri smálest, sem losuð er úr því eða lestuð í það.

Af losun og lestun vöruflutningaskips, sem er minna en 100 smálestir að stærð, og af losun og lestun fiskiskipa greiðist ekki gjald.

**H. Húsakynni án véla:**

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 2.00 af hverjum fermetra gólfplatar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 1.00 fyrir hvern fermetra gólfplatar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 0.50 fyrir hvern fermetra gólfplatar.

**I. Gasmæling kerja og geyma:**

Fyrir hverja gasmælingu kers eða geymis í landi greiðist kr. 400.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr 400.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 200.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, sérstaklega ef mæling í þeim er framkvæmd samhliða mælingu í geymum, að öðrum kosti greiðist kr. 200.00 af hverju rúmi, sem mælt er.

Sé gasmæling framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem mælinguna framkvæmir, yfirvinnu þá, sem mælingin leiðir af sér.

**2. gr.**

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því, hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 5.00 til kr. 1000.00.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins

einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald, sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir öryggiseftirlit ríkisins.

## 3. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

## 4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækja eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna slíkrar umsagnar, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

## 5. gr.

Fyrirtæki, þar sem finnu verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga nr 23, 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 233 30. desember 1952, fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum, og auglýsing nr. 16 5. febrúar 1955.

*Íðnaðarmálaráðuneytið, 18. janúar 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. janúar 1964. Skipulagsskráin ar þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur til minningar um Þórð Sveinsson, lækni, og Þórð Úlfarsson, flugmann.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að örva og styrkja vísindalegar athuganir, rannsóknir og tilraunir, er fari fram í sjúkrahúsinu eða í náinni samvinnu við það.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 150000.00.

## 4. gr.

Sjúkrahúsnefnd borgarinnar stjórnar sjóðnum, en tilnefna skal hún með sér í stjórn sjóðsins einn ættingja Þórðar Úlfarssonar og einn til vara, og skulu niðjar að öðru jöfnu ganga fyrir. Stjórn sjóðsins skal afla honum tekna með venjulegum hætti, er tíðkast um slíka sjóði, og kynna starfsemi hans.

## 5. gr.

Borgarsjóður greiðir árlega næstu 10 ár framlag til sjóðsins. Framlag hvert ár skal nema sem svarar þeirri fjárhæð, sem sjóðurinn vex við peningagjafir og vaxta-tekjur. Framlög borgarsjóðs skulu þó aldrei nema meira en kr. 100000.00 að meðaltali árlega.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Reykjavíkurborgar.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé skuli úthluta hverju sinni, en úthlutun má nema allt að 90% þess, sem sjóðurinn hefur vaxið frá síðustu úthlutun.

Fyrsta úthlutun skal fara fram á aldarafmæli Þórðar Sveinssonar 20. desember 1974, en síðan til skiptis 14. júní og 20. desember eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á öruggan hátt í banka, sparisjóði eða tryggjum skuldabréfum.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúð, þegar um er að ræða ungt fólk, sem er að eignast sína fyrstu íbúð. Starfsmenn Loftleiða hf., skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um slík lán. Vextir af slíkum lánum skulu vera hæstu lögleyfðir vextir á hverjum tíma, en lánskjör skulu að öðru leyti ákveðin af stjórn sjóðsins.

## 8. gr.

Ef stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt að breyta einstökum ákvæðum skipulags-skrár þessarar, er henni það heimilt, enda séu stjórnarmenn allir sammála um breytinguna. Slík breyting tekur ekki gildi, fyrr en hún hefur hlotið samþykkt borgarstjórnar.

Megintilgangi sjóðsins má þó aldrei breyta.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 19. desember 1963.

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað,  
nr. 111 10. ágúst 1956.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um lestagjald og ljósagjald.

### 22. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 10.00 fyrir hverja rúmlest.
- b. Innland fiskiskip greiði 60 aura fyrir hverja rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 30.00.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, hjörgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita til hafnar, vegna sjótljóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða kr. 1.00 í lestagjald fyrir hverja rúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins 60 aura af hverri rúmlest.
- d. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskípum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun og bræðsluskípum, skal gjalda aukagjald kr. 1.50 af hverri rúmlest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenskum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenskum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft yrði að safna í sig síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

### 23. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi, og búsettur maður, eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefur á leigu eða á, ekki greiða gjaldið, fyrr en eftir 10 daga.

### 24. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:

- a. Skip, sem getið er um í 22. gr. a., greiði kr 50.00 á ári.
- b. Skip, sem getið er um í 22. gr. b., greiði í hvert skipti, er þau koma til hafnar, gjald af brúttósmálest, sem hér segir:
 

Skip allt að 20 rúmlestir .....	kr. 15.00
Skip 20 rúmlestar og þar yfir .....	— 20.00
- c. Öll önnur skip greiða sem hér segir:
 

Skip undir 100 rúmlestir .....	— 25.00
Skip frá 100—200 rúmlestir .....	— 50.00
Skip yfir 200 rúmlestir .....	— 100.00

### 25. gr.

Bátar allt að 12 rúmlestir brúttó greiði sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald kr 30.00 í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

Vélbátar, 10 rúmlestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, eru gjaldfrjálsir.

## 26. gr.

Innlend skip, sem lagt er í vetrarlagi á höfninni, greiði 50 aura fyrir hverja rúmlest á ári. Útlend skip greiði 2 krónur fyrir hverja rúmlest á mánuði. Gjöld samkvæmt VII. kafli reiknast af brúttórúmlest, sé ekki annað tekið fram.

## 2. gr.

VIII. kafli orðist þannig:

Um bryggjugjald.

## 27. gr.

## a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald, 50 aura af brúttórúmlest skipsins. Hálf rúmlest reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring, sama af rúmlest, þó aldrei minna en kr. 20.00.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

## b. Gjald af öðrum bryggjum en bryggjum hafnarsjóðs:

Flutningaskip og önnur skip greiði hálf bryggjugjald.

Skipstjóri skips, sem fer frá bryggju, án þess að greiða bryggjugjald, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

## 3. gr.

IX. kafli orðist þannig:

Um vörugjald.

## 28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með undantekningum, er síðar segir.

Vörugjaldið greiðist, hvort sem vörunum er skipað á land eða í skip á Siglu-fjarðarhöfn.

## 29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

## 30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem eru úr herskipi eða í herskip.

## 31. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta gjaldkera í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta



hans hefur fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið af þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er kr. 2.00.

## 32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá til tekur, og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 33. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:  
Salt, saltfiskur, sement, kol, koks.
2. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:  
Áburður, blý, eldavélar, fóðurbætir, akkeri, bárujárn, eldfastur steinn, garðávextir, gólfflisar, girðingarnet, gærur, hey, járn, járnþípúr, kornvörur, kálmeti, lýsi, kaðlar, kalk, kjöt, landbúnaðarvélar, jarðstrengir, mjólk, mjólkurvörur, rör, miðstöðvarefni, katlar, saumur, skinn, tímbur, ull, vélar og vélahlutar, veggflisar, vír, vírnet, sykur óst., þakpappi, þvottapottar, soðkjarni, sildarmjöl, fiskimjöl, svo og aðrar vörur, sem ekki eru taldar annars staðar í skrá þessari eða að eðli sínu falla undir aðra gjaldflokka.
3. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:  
Bátar, benzín, bifreiðar, feiti, freðsild, olíur, smjör, smjörlíki, hraðfrystur fiskur, harðfiskur, skreið, tólg.
4. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:  
Bækur, blek, brauð, brauðvörur, garn, gúmmí, gúmmívörur, hessian, kitti, kex, kork- og korkvörur, linoleum, lím, lakk, línur, menja, málning, net, nætur, olíufatnaður, pappír, pappakassar, pappírsvörur, sykur st., stálbik, tjara, útgerðarvörur, önglar, krít, gibbs, strigapokar, tvistur.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:  
Ávextir, ávaxtdrykkir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, bókunarvörur, borðbúnaður, búsáhöld, blóm og plöntur, eldspýtur, eldhúsáhöld, ger og efni, gerviefni, gler, glervörur, gólfáburður, gosdrykkir, hreinlætisvörur, hjólhestar, húsgagnaáburður, kaffi, kaffibætir, essensar, ferðatöskur, krydd, leður, leðurvörur, lyf, lykklar, lamir, laukur, niðursuðuvörur, þakkavörur, þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, iðnaðarvélar, skrár, sápur, sóði, skóáburður, saft, sykurvatt, sýrur, smá járnvörur, leirvörur, kerti, te, tin, tómatar, zink, öl og ölgerðarefni, efnavörur, plastvörur, verkfæri, iðnaðarvörur, þvottaefni.
6. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:  
Dívanar, garn, húsgögn hljóðfæri, hljómplötur, fatnaður, jólatré, leikföng, ljósmyndavélar, kakaó, klukkur, mælar, peningaskápar, peningakassar, rafmagnsvörur, raflagnaefni, rammur, rammalistar, listmunir, skrifstofuáhöld, skófatnaður, skot, skotfæri, sprengiefni, vopn, tóvara, símar, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, viðtæki, vefnaðarvara, nylonefni.

7. flokkur. 400 aurar fyrir hver 10 kg:  
Ilmvötn, snyrtivörur, spritt, spiritus, íobak, íobaksvörur.
8. flokkur. Gjald 500 aurar hver hver 10 kg:  
Áfengi.
9. flokkur. Gjald 100 aurar stk.:  
Tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
10. flokkur. 50 aurar ten.fetið:  
Timbur, en aðrar rúmmálsvörur 100 aurar ten.fetið.
11. flokkur. 300 aurar fyrir hverja tunnu:  
Öll síld, verkuð.
12. flokkur. 100 aura hvert mál:  
Öll síld í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðar-  
kaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarum-  
dæmis kaupstaðarins.
13. flokkur. 600 aurar stk.:  
Geitur, hestar, loðdýr, nautgripir, sauðkindur, grísir.
14. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem skipað er upp í höfn-  
inni. Enn fremur 70 aurar fyrir hverja tunnu af nýrri síld, sem skipað  
er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

### 34. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips ber ábyrgð á að vörugjalds-  
skyldar vörur séu ekki afhentar, fyrr en vörugjaldið er greitt og hafnarsjóður hefur  
haldsrétt á vörunum, unz vörugjaldið er að fullu greitt, og í skipi, unz hafnargjald  
er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um  
hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim  
lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eflirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga  
að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskaupþún,  
nr. 177 19. september 1947.****1. gr.**

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a) Öll skip og bátar, sem eru í eigu manna búsettra á Bíldudal og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða eða flutninga, þó ekki til millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Bíldudal a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 130.00 og auk þess kr. 37.50 fyrir hverja brúttórúmllest.

Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 260.00 og auk þess kr. 37.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Fari þessi skipi millilandaferðir, verða þau gjaldskyld undir d-lið þessarar greinar og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið.

- b) Innlend fiskiskip greiði kr. 1.05 fyrir hverja brúttórúmllest, í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.
- c) Strandferðaskip, sem að staðaldri eru í strandferðum, eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun, greiði kr. 0.50 fyrir hverja nettórúmllest í hvert sinn, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
- d) Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma, greiði kr. 1.50 fyrir hverja nettórúmllest, sbr. þó 19. gr.

**2. gr.**

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir skip, sem lagt er við föst legufæri á höfninni, skal greiða árlega sem hér segir: Ef þau eiga heima á Bíldudal, og eru að öllu leyti í eigu manna búsettra á Bíldudal, skal greiða fyrir opna báta kr. 40.00, vélbáta með þilfari kr. 80.00 og stærri skip kr. 120.00. Um aðra báta fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

**3. gr.**

20. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert það skip, er leggst að bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a) Bátar og skip samkv. 17. gr. a-lið greiði kr. 6.00 af hverri brúttórúmllest árlega.
- b) Bátar og skip, sem um getur í b-lið 17. gr. greiði fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring kr. 0.45 af hverri nettórúmllest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar.
- c) Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 17. gr. greiði kr. 0.45 af hverri nettórúmllest, í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar.
- d) Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 af hverri brúttórúmllest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring. Bryggjugjald samkv. b-, c- og d-liðum þessarar greinar, skal aldrei vera lægra en kr. 75.00 í hvert sinn.

## 4. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks og salt.
2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara og fóðurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir (þ. e. kartöflur, rófur, laukur), sement, kalk og beitusild.
3. flokkur. Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:  
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín byggingarefni óunnið (þ. e. þakjárn, þakhellur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múr-húðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinn, hluti úr frauð-steypu og gjalli, vegg- og gólflísar), veiðarfæri, ótalin annars staðar, fiskumbúðir og saltfiskur.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur, sjávarafurðir, ótaldar annars staðar, gætur, húðir og garnir.
5. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Járn óunnið, smíðajárn, miðstöðvar og vatnsleiðslurör (þ. e. rör og ofnar, katlar, kranar og annar fittings), rör og pípur (þ. e. rafmagnsrör, olíuleiðslurör, rör ótalin annars staðar), jarðstrengur, vir óeinangraður, girðingarefni annað en tréstarur, vélar og tæki (þyngri en 100 kg, þ. e. vinnuvélar, mótórar, rafalar, spennar), háspennueinangrarar, bif-reiðar, vélar og tæki til landbúnaðar önnur en handverkfæri, olíur í heilum fötum aðrar en brennsluolíur (þ. e. smurolíur og smjörlikis-olíur), trjáviður og þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd, skreið.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:  
Olíur í litlum þakningum, ílátum og dósnum, rafknúin heimilistæki, raflagningaefni ótalin annars staðar, eldavélar, kynditæki, ofnar, hrein-lætistæki, þ. e. úr postulíni og málmum, málningavörur, ýmiss konar, sementsmálning, húðunarefni ótalin annars staðar, terrassó, gólfúkur og plötur til gólflagna, korkur, unninn og óunninn, rúðugler í kist-um, einangrunarvir, sykur, kaffi, kaffibætir, brauðvörur alls konar, ávextir, grænmeti, matvara í stórum þakningum og í dósnum og glösnum, fullunnar efnagerðarvörur ótaldar annars staðar, kjötvörur og fiskvörur í dósnum og smáþakningum, handverkfæri, vélar og tæki undir 100 kg, varahlutir ýmiss konar (þ. e. saumur, skrúfur, boltar, skrár og lamir og fleira þess konar úr málmum og gerviefnum), barnavagnar, hjól-hestar og mótórhjól, smávélar (þ. e. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, aldinsafi, öl, gosdrykkir, búskáöld ýmiss konar, burstavörur, siglingatæki, gúmmívörur, bækur, pappírsvörur, kennslu-tæki, vefnaðarvörur, garn (ull og gerviefni).
8. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Leðurvörur, skófatnaður, glervörur ótaldar annars staðar, lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki ótalin annars staðar, smáhljóð-færi, viðtæki, upptökutæki, grammófónar, spólur og hljómplötur, mæli-tæki, þ. e. mælar, klukkan, úr og önnur mælitæki ótalin, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, ilmvötn, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og

allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og eru ótaldar annars staðar.

9. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur, föt og umbúðir.
10. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur: Gjald kr. 1.20 fyrir hvert teningsfet:  
Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar o. fl., allar aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir máli.
12. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvert stykki:  
Stórgripir, lifandi sauðfé.
13. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu.  
Saltsíld í tunnum.
14. flokkur.  $\frac{1}{2}\%$  af verðmæti sjávarafurða, lönduðum í Bíldudalshöfn til vinnslu og verkunar, sem innleggjandi greiðir. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðar nr. 71 29. júní 1959.

*Samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Siglufjarðar.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnssölu í kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum í Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

#### 2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

#### 3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað.

## 4. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða aðrar bilanir. — Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu, Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

## 5. gr.

Vatnsveitustjóra, í samráði við bæjarstjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

## 6. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

## 7. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerðar á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Er nægjanlegt, að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar um bæinn.

## 8. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 1.2% — einum og tveimur tíundu af hundraði — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn últheimtir, skal greiða 3% — þrjá af hundraði — af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

## 9. gr.

Af hverri tunnu síldar greiðist kr. 0.75. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist kr. 0.22. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist kr. 0.45. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist kr. 0.90, og af frystri síld kr. 1.70 af hverri tunnu.

Vatnsskattskylda framleiðslu má ekki flytja burtu af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af er brugðið.

Ef vatn er selt um mæli, svo sem gert er ráð fyrir í 10. gr. vatnsveitureglugerðar, skal framangreint verð í 9. gr. vera lágmarksverð. Ef notkun verður meiri en lágmarksverðinu nemur, skal vatnsnotkunin öll reiknuð samkvæmt vatnsmæli.

## 10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem notar mikið vatn, s. s. síldarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, kosti þá smálestin kr. 1.00. Sem lágmarksverð ber verksmiðjum að greiða kr. 2700.00 fyrir hverja 1000 mála samstæðu (vélasamstæðu), sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsveituæð. — Fyrir hverja smálest af ís til fiskiskipa sé reiknað kr. 1.00 gjald.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki notandi að útvega sér mæli

eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald síldarverksmiðju vera kr. 0.18 fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

Fyrir hverja skrásetta bifreið í Siglufirði greiðist kr. 100.00 árlegt vatnsgjald.

#### 11. gr.

Séu lagðar vatnsæðar að einbýlishúsum, skal greiða kr. 500.00 í tengigjald, í tvíbýlishúsum kr. 300.00 á íbúð, í fjölbýlishúsum kr. 200.00 á íbúð. Tengigjald fyrir hús til annarra nota skal vera kr. 1000.00.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatta húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi bera ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslum vatnsskatts af síld og fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

#### 12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%. — Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

#### 13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa skal vera 2. janúar ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatturinn skv. 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskatturinn skv. 10. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskatturinn skv. 12. grein fellur í gjalddaga, þegar krafizt er.

#### 14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka hann um allt að 50%.

#### 15. gr.

Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlöggjöfinni. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið eftir mati vatnsveitustjóra.

#### 16. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur skv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

#### 17. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

#### 18. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 500.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 44 5. maí 1958, ásamt breytingu á þeirri reglugerð nr. 232 31. desember 1959.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

22. janúar.

Nr. 7.

## REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963  
um almannatryggingar.

### I.

Um áhættuiðgjöld og útreikning starfstíma.

#### 1. gr.

Við ákvörðun iðgjalda skal starfstími talinn í vikum, sbr. 3.—6. gr. Iðgjöld vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal þó reikna fyrir hverja kvaðningu, og enn fremur skal reikna fast ársiðgjald vegna bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, heimilsdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisafvléa, en þær teljast rafstöðvar, súgþurrkunartæki og heyblásarar. Vegna trillubáta skal greiða lágmarksiðgjald á ári, sbr. 9. gr.

Við ákvörðun vikugjalda samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar skal fyrir-tækjum skipt í áhættuflokka á grundvelli atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands. Þó skulu iðgjöld vegna sjómanna, áhafna flugvéla og ökumanna bifreiða ákveðin sérstaklega.

#### 2. gr.

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1. ....	2.00
2. ....	3.00
3. ....	4.50
4. ....	7.00
5. ....	11.00
6. ....	17.00
7. ....	25.00
8. ....	40.00
9. ....	55.00
10. ....	65.00

#### 3. gr.

Sé um fastráðna starfsmenn að ræða, er taka árslaun eða mánaðarlaun, reiknast árið 52 vikur.



Ef um ákvæðisvinnu, dagkaup eða tímakaup er að ræða, reiknast 6 dagar eða 48 vinnustundir sem ein tryggingarvika.

Tryggingarvika ökumanns bifreiðar og sjómanns telst þó 7 dagar, enda reiknast iðgjöld ökumanns samkvæmt skrásetningartíma ökutækis og iðgjöld sjómanns eftir tíma þeim, sem hann er lögskráður eða ráðinn, að meðtöldum lögskráningardegi eða komudegi í skiprúm, — sé eigi skylt að lögskrá, — og afskráningardegi eða brottfarardegi úr skiprúmi.

#### 4. gr.

Sé maki atvinnurekanda slysatryggður samkvæmt 32. gr. almannatryggingalaga, reiknast árið 52 vikur.

Störf foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna eða fósturbarna, störf barna og fósturbarna innan 21 árs aldurs, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, fólks 67 ára eða eldra og öryrkja með 75% örorku eða meira, sem dveljast og vinna hjá vandalausum, skulu metin til vinnuvikna þannig, að ársdvalin jafngildi 13 vinnuvikum, og skemmri vinna á sama hátt  $\frac{1}{4}$  dvalartímans.

Sé um kaupgreiðslu að ræða, í peningum eða fríðindum umfram fæði og dvalarkostnað, til þeirra, sem nefndir eru í 2. málsg. þessarar greinar, skulu hverjar fullar 1000 krónur, sem greiddar eru, teljast jafngilda einni vinnuviku til viðbótar, unz fullu iðgjaldi er náð.

Iðgjöld vegna atvinnurekenda, svo og launþega, sem tryggðir eru samkvæmt c-lið 32. gr. almannatryggingalaga, skulu reiknuð fyrir 52 vinnuvikur á ári. Heimilt er þó að veita frádrátt fyrir þann hluta úr ári, sem ofangreindir aðilar eru að fullu tryggðir samkvæmt 31. gr.

#### 5. gr.

Heimilt er að telja fjórar sjóferðir (róðra) sem eina tryggingarviku, sé um að ræða skipshafnir á róðrabátum eða vélbátum undir 12 smálestir, sem ekki stunda veiðar að staðaldri, enda séu þá jafnan greidd iðgjöld fyrir fram fyrir minnst 4 vikur.

#### 6. gr.

Telja skal saman starfstíma allra tryggingaskyldra launþega hjá hverjum atvinnurekanda eftir áhættuflokkum. Komi þá fram brot úr viku, skal það hækkað upp og teljast sem heil vika í hverjum áhættuflokki.

## II.

### Um skiptingu í áhættuflokka.

#### 7. gr.

Vikugjöld fyrir aðra en sjómenn, áhafnir flugvéla og ökumenn bifreiða skulu miðast við atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands (ISIC flokkunina með frávikum vegna íslenskra aðstæðna) samkvæmt eftirfarandi skiptingu í 7 áhættuflokka:

#### 1. áhættuflokkur, vikugjald kr. 2.00.

- 243 Fatagerð.
- 244 Framleiðsla á öðrum fullunnum vefnaðarvörum.
- 284 Bláða- og bókaútgáfa.
- 611 Heildverzlun.
- 612-3 Smásöluverzlun (nema 613.5, benzínstöðvar og smurstöðvar).
- 621 Bankar og sjóðir í tengslum við þá.
- 622 Sparisjóðir og sjóðir í tengslum við þá.

- 623 Happdrætti.
- 624 Peningastofnanir, aðrar.
- 632 Almannatryggingar o. fl.
- 633 Líftryggingar, lífeyrissjóðir o. fl.
- 640 Fasteignarekstur o. fl.
- 730 Póstur og sími (sjá einnig 424).
- 811 Stjórnsýsla ríkisins (nema 811.3, dómgæzla, lögreglustjórn, innheimta skatta og tolla).
- 812.9 Stjórnsýsla sveitarfélaga, önnur (nema 812.1, lögregla og 812.2, slökkvilið).
- 821 Kennslumál.
- 822 Heilbrigðisþjónusta.
- 823 Rannsóknarstofnanir.
- 824 Kirkja og trúmálastarfsemi.
- 825 Velferðarstofnanir.
- 826 Stéttarfélög og samtök atvinnurekenda o. þ. h.
- 827 Söfn og hliðstæðar stofnanir.
- 829 Ýmis þjónusta, aðallega ýmis áhugamannasamtök.
- 831 Lögfræðiþjónusta o. fl.
- 832 Bókhald og endurskoðun.
- 833 Tæknileg þjónusta.
- 839 Þjónusta við atvinnurekstur, önnur.
- 841 Kvikmyndataka og kvikmyndasýningar.
- 842 Leikhús, útvarp, hljómsveitir o. fl.
- 843 Aðrar skemmtanir og íþróttir.
- 851 Heimilishjú.
- 852 Veitingahús.
- 853 Gistihús.

## 2. áhættuflokkur, vikugjald kr. 3.00.

- 011 Jarðyrkja og kvikfjárrækt.
- 232 Þrjónastofur og þrjónlesverksmiðjur.
- 241 Skógerð, önnur en gúmskógerð.
- 242 Skóviðgerðir.
- 281 Prentun.
- 282 Prentmyndagerð.
- 283 Bókband.
- 291–2 Sútun og verkun skinna.
- 293 Leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð (hanzkagerð þó meðtalin).
- 350–60.1 Smíði og viðgerðir saumavéla, skrifstofuvéla o. fl.
- 391–2 Smíði og viðgerðir á vísinda- og mælitækjum, þ. á m. ljósmynda- og sjón-tækjum.
- 393 Framleiðsla á klukkum og úrum.
- 394 Skartgripagerð og góðmálmasmíði.
- 395 Hljóðfæri, smíði og viðgerðir.
- 399.1 Burstagerð.
- 712 Rekstur strætisvagna og langferðabíla.
- 713 Fólksflutningar á landi, aðrir.
- 717.1 Flugfélög (sjá 8. gr., áhafnir flugvéla).
- 718.1 Ferðaskrifstofur.
- 718.2 Skipamiðlarar.
- 718.9 Flutningaþjónusta, önnur.
- 854 Þvottahús og efnalaugar.

- 855 Rakarar, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.  
 856 Ljósmyndastofur.  
 859.1 Útfarir, bálstofur, kirkjugarðar.

### 3. áhættuflokkur, vikugjald kr. 4.50.

- 012 Þjónusta við búrekstur.  
 110–60 Fiskveiðar (sjá 9. gr., áhafnir skipa).  
 202 Mjólkuriðnaður.  
 204.1 Frystihús og fiskvinnslustöðvar.  
 204.2 Síldarstöltunarstöðvar.  
 204.4 Niðursuða og reyking.  
 205 Kornmölun.  
 206 Brauð-, kex- og kökugerð.  
 208 Sælgætisgerð.  
 209 Matvæleiðnaður, annar en drykkjarvöruiðnaður, ótalin annars staðar.  
 211 Framleiðsla áfengis.  
 213–4 Öl- og gosdrykkjagerð.  
 220 Tóbaksiðnaður.  
 231 Ullarþvottur, spuni, vefnaður o. fl.  
 233 Kaðla-, færa-, línu-, tauma- og neta- og nótagerð.  
 239 Vefjaiðnaður, annar.  
 271 Framleiðsla pappírsdeigs, pappírs og pappa.  
 272 Pappírsvörugerð.  
 300 Gúmiðnaður.  
 313 Málningar- og lakkgerð.  
 319 Kemisk framleiðsla, önnur.  
 329 Ýmis framleiðsla úr olíu og kolum.  
 331 Framleiðsla byggingavara úr leir.  
 332 Gleriðnaður.  
 333 Leirsmíði og postulínsiðnaður.  
 370 Rafmagnstæki, smíði og viðgerðir.  
 383–4.9 Bifreiðasmíði, önnur og bifreiðaviðgerðir.  
 385 Smíði og viðgerðir reiðhjóla og mótörhjóla.  
 386 Flugvélasmiði og viðgerðir.  
 389 Flutningatækjagerð, önnur.  
 399.2 Plastiðnaður.  
 399.9 Iðnaður, ótalin annars staðar.  
 511 Rafmagnsveitur (sjá 11. gr., heimilisrafstöðvar).  
 512 Gasveitur.  
 513 Hitaveitur.  
 521 Vatnsveitur.  
 613.5 Benzínstöðvar og smurstöðvar.  
 714 Vöruflutningar á landi, ótaldir annars staðar.  
 716 Hafnir og vitar.  
 717.2 Rekstur flugvalla og flugþjónusta.  
 720 Vörugeymsla.  
 811.3 Dómgæzla, lögreglustjórn, innheimta tolla og skatta.  
 812.1 Lögregla sveitarfélaga.  
 859.9 Ýmis persónuleg þjónusta.

**4. áhættuflokkur, vikugjald kr. 7.00.**

- 201 Slátrun og kjötiðnaður.
- 339 Steinefnaíðnaður, annar.
- 411 Húsagerð og viðgerðir.
- 421 Vega- og brúargerð.
- 424 Símalagning.
- 425 Byggingastarfsemi opinberra aðila, önnur.
- 429 Byggingastarfsemi einkaaðila, önnur.
- 430 Byggingastarfsemi fyrir varnarliðið.
- 522 Götu- og sorphreinsun o. fl.
- 715 Flutningur á sjó (sjá 9. gr., áhafnir skipa).

**5. áhættuflokkur, vikugjald kr. 11.00.**

- 251 Sögunarverksmiðjur, krossviðargerð, framleiðsla flekahúsa o. fl.
- 252 Trétunnu-, trékassa- og körfugerð.
- 259 Trjávöruiðnaður, annar.
- 261 Húsgagnagerð.
- 262 Innréttingsmiði.
- 311 Kemiskur undirstöðuiðnaður.
- 312 Framleiðsla jurta- og dýraolíu og feiti og tengdra afurða.
- 334 Semetnsframleiðsla.
- 350–60.9 Málmsmiði, önnur.
- 381 Skipasmíði og viðgerðir.
- 383–4.1 Bifreiðayfirbyggingar.
- 422 Hafnagerð og vitabygging.
- 423 Virkjun fallvatna og bygging raforkuvera.

**6. áhættuflokkur, vikugjald kr. 17.00.**

- 321 Olíuvinnsla og olíuhreinsun.
- 812.2 Rekstur slökkvistöðvar og brunaliðs sveitarfélaga.

**7. áhættuflokkur, vikugjald kr. 25.00.**

- 030 Dýraveiðar.
- 322 Kolanám.
- 335 Námugróftur, annar en kola-, olíu- og málmvinnsla.

**8. gr.**

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 4.50 (3. áhættuflokkur).  
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 40.00 (8. áhættuflokkur).

**9. gr.**

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:  
Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 40.00 (8. áhættuflokkur). Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei lægra vera en kr. 600.00.  
Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri kr. 55.00 (9. áhættuflokkur).  
Áhafnar flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 65.00 (10. áhættuflokkur).  
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri kr. 65.00 (10. áhættuflokkur).

**10. gr.**

Áhættuiðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 6.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

## 11. gr.

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar .....	kr. 150.00
— rafstöðvar .....	— 75.00
— súgurrkunartækis .....	— 75.00
— heyblásara (saxblásara, heybyssu) .....	— 75.00
— bifhjóls .....	— 250.00
— reiðhjóls með hjálparvél .....	— 250.00

## III.

## Ýmis ákvæði.

## 12. gr.

Tryggingastofnunin skal skipta fyrirtæki í rekstrareindir við álagningu iðgjalda, telji hún ástæðu til. Þegar sérstaklega stendur á, er henni enn fremur heimilt að taka tillit til skiptingar starfsfólks einstakra fyrirtækja eftir störfum og ákveða iðgjald samkvæmt því.

## 13. gr.

Sé um að ræða tryggingu manna, sem ekki er skipað í áhættuflokka samkvæmt 7.—11. gr., heimilast Tryggingastofnuninni að skipa þeim í áhættuflokka.

## 14. gr.

Tryggingastofnunin skal gera skrá um atvinnugreinar, sem fyrir koma í 7. gr., og sé atvinnugreinunum raðað eftir númeraröð í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Telst skráin fylgiskjal með reglugerð þessari.

## 15. gr.

Ákvæði I. kafla reglugerðar þessarar um útreikning starfstíma, skulu eftir því, sem við getur átt, gilda við álagningu atvinnurekendagjalds samkvæmt 28. gr. almannatryggingalaga. Ekki skal þó reikna iðgjald samkvæmt 28. gr. af börnum atvinnurekenda og fósturbörnum innan 16 ára aldurs, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1964, og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 202 31. desember 1957, um iðgjöld til slysatryggingadeildar almannatrygginga og skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka, ásamt síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

## REGLUGERÐ um almenningsbókasöfn.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Almenningsbókasöfn starfa samkvæmt lögum nr. 22 frá 19. apríl 1963, reglugerð þessari og reglum, sem stjórnir safnanna setja þeim.

##### 2. gr.

Hlutverk sitt skulu söfnin fyrst og fremst rækja með öflun góðra bóka, svo sem nánar er tiltekið í lögunum, en annars skulu þau vinna að hlutverki sínu á allan tiltækilegan hátt í samstarfi við skóla, kirkju, félög og einstaklinga, sem hafa með höndum menningarstörf, eða hafa áhuga á þeim.

##### 3. gr.

Í hverju safni skal jafnan færa:

- a. Gerðabók safnstjórnar.
- b. Sjóðbók.
- c. Aðfangabók.
- d. Skrá yfir glataðar bækur.
- e. Skrá yfir notendur.
- f. Útlánaskrá eftir bókaflokkum.
- g. Útlánaskrá eftir íslenskum höfundum.

##### 4. gr.

Í hverju safni skulu vera þessar spjaldskrár:

- a. Flokkaskrá, þar sem bókum er raðað eftir efnisflokkum og stafrófsröð höfundanafna innan hvers flokks.
- b. Höfundaskrá, þar sem raðað er eftir höfundum, án tillits til efnisflokka.
- c. Bókaheitaskrá (Títillskrá).

##### 5. gr.

Bækur úr safni getur hver sá einstaklingur fengið til heimalesturs, sem orðinn er 16 ára að aldri, og heimilt er að lána bækur til 14—15 ára unglinga gegn ábyrgð forráðamanna þeirra.

##### 6. gr.

Hver sá, er vill fá bækur til heimalesturs, skal undirrita yfirlýsingu um meðferð þeirra og skil.

Lánþegi riti nafn sitt og fullt heimilisfang í þar til gerða bók og á sama hátt sé nafn hans skráð á notendaskírteini hans.

Ef lánþegi flytur búferlum, skal hann tilkynna það bókaverði.

Lánþegi er skyldur að bæta safninu að fullu, ef bók glatast eða skemmist í hans vörzlu. Eðlilegt slit telst ekki til skemmda. Með skemmdum telst það að draga strik, merki eða stafi í bækurnar, eða brjóta í blað.

Bætur fyrir glataðar bækur, eða skemmd á bókum, greiðist eftir mati bóka-  
varðar, en úrskurði hans má skjóta til bókafulltrúa, ef um er að ræða hærri upp-  
hæð en fimm hundruð krónur fyrir glataða bók og tvö hundruð krónur fyrir  
skemmdir.

#### 7. gr.

Æskilegt er, að komið sé upp útlánadeildum fyrir börn, og setur stjórn hvers safns reglur um starfsemi þeirra.

Heimilt er að setja slíkar útlánadeildir í skóla, enda náist um það fullt sam-  
starf við skólastjóra eða kennara og ekki sé þar starfrækt annað bókasafn. (Sbr.  
23. gr. laga um æðmenningubókasöfn.)

Bækur í slíkar deildir skulu valdar eftir tillögum skólastjóra eða kennara, og  
ef bæjar- eða sveitarstjórn leggur fram til bókasafns hærri upphæð en framlag  
fæst á móti úr ríkissjóði, getur hún ákveðið, að umframgreiðslan renni að nokkru  
eða öllu leyti til barnadeildar safnsins.

#### 8. gr.

Komi upp veiki á heimili, þar sem bækur úr safninu eru að láni, er lánþegi  
skyldur að tilkynna það bókaverði. Skal þá bókavörður gera þær ráðstafanir, sem  
héraðs- eða borgarlæknir telur nauðsynlegar til öryggis notendum safnsins.

#### 9. gr.

Ef lánþegi brýtur eitthvað af þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari,  
eða stjórn safnsins setur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að fá bækur að láni  
úr safninu um stundarsakir eða að fullu, eftir því hvaða sakir eru til. Skal bóka-  
vörður hverju sinni meta, hve miklum vítum brot varða, en lánþegi má skjóta máli  
sínu undir úrskurð formanns bókasafnsstjórnar og til bókafulltrúa, ef um er að  
ræða algera sviptingu réttinda til notkunar á bókum safnsins.

## II. KAFLI

### Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

#### 10. gr.

Í stjórn bókasafns, sem fleiri en einn aðili standa að, skulu að jafnaði sitja  
fimm menn. Stjórn bókasafns, sem kaupstaður og sýsla eða hreppur og sýsla eiga  
aðild að, skal skipuð þremur fulltrúum frá þeim aðila, sem hærra framlag greiðir,  
og fjórum, ef framlag hans nemur fjórum fimmtu hlutum af samanlögðu framlagi  
beggja.

Þar sem þrír aðilar eða fleiri standa að safni, er heimilt að fjölga stjórnar-  
mönnum, svo að samræmi náist milli framlagshlutfalla og hlutdeildar í stjórn. Náist  
ekki samkomulag um þessi efni milli hlutaðeigenda, skal leita úrskurðar bóka-  
fulltrúa.

#### 11. gr.

Stjórn safnsins skiptir sjálf með sér verkum.

Nýkosin stjórn skal halda fund svo fljótt sem unnt er, og skal bæjarstjóri

kaupstaðar eða oddviti (sveitarstjóri) þess hrepps, þar sem safnið er staðsett, kveðja hana saman í fyrsta sinn og stjórna kosningu formanns.

Þegar nýkosin stjórn hefur tekið til starfa, skal formaður tilkynna bókafulltrúa nöfn og heimilisföng þeirra manna, sem þar eiga setu, og þá verkaskiptingu, sem stjórnin hefur ákveðið.

Stjórnin skal halda fund, þegar bóka-vörður, formaður, meiri hluti stjórnar eða bókafulltrúi óska þess með hæfilegum fyrirvara, og aldrei skal stjórnin halda færri fundi en tvo á ári, annan þegar gerðir hafa verið upp reikningar safnsins og hinn að haustinu, áður en vetrarstarf safnsins hefst.

Hlutverk stjórnarinnar er:

1. Að sjá um, að safnið hafi viðunandi húsnæði, sem uppfylli svo sem aðstæður leyfa skilyrði til fjölbreyttrar menningarstarfsemi. — Ef stjórnin ræðst í byggingu bókhlaða, eða samþykkir, að safnið taki þátt í húsbýggingu með öðrum opinberum aðilum, skal leita um það samþykkis bókafulltrúa, enda samþykki hann byggingarstaðinn, uppdrætti og kostnaðaráætlun.
2. Að ráða bóka-vörð (bókaverði) handa safninu. Skal leitað álits bókafulltrúa um val hans (þeirra) og keppt að því, að til safnsins ráðist menn, sem hafi sérþekkingu á bókasafnsmálum og staðgöða menntun. Skal stjórnin öll — og þó einkum formaður hennar — hafa sem nánast samstarf við bóka-vörð og eftirlit með starfi hans. Sami maður má ekki vera hvort tveggja í senn formaður safnsstjórnar og bóka-vörður. — Fulltrúar sýslna í bókasafnsstjórn skulu gera sér sérstakt far um að leggja á ráð um það með bókaverði, hvernig bezt verði fyrir komið þjónustu bókasafnsins í þágu þeirra í bókasafnshverfinu, sem búa utan aðsetursstaðar safnsins.
3. Að meta safnið til váttryggingar í samráði við bóka-vörð og bókafulltrúa.
4. Að sjá um, að peningar safnsins séu ávallt geymdir í sparisjóði eða banka.
5. Að semja ásamt bókaverði fjárhagsáætlun fyrir safnið og gera tillögur um fjárlögmál til þéttarstjórnar, hreppsnefndar (nefnda) og sýslunefndar (nefnda).
6. Að ákveða nánar en gert er í þessari reglugerð um starfstíma safnsins, starfs-hætti og umsýslu, fjárreiður og hvað annað, sem til kann að koma.

#### 12. gr.

Skyldur bóka-varðar eru meðal annars, auk þess sem fram er tekið í lögum:

1. Hann skal annast fjárreiður safnsins og reikningshald, nema bókasafnsstjórn hafi það sjálf á hendi eða feli það öðrum.
2. Hann skal annast um kaup og hand á bókum, færa þær inn í aðfangabók, merkja þær safninu, flokka þær og skrá og gæta þess vandlega að taka þær bækur frá til viðgerðar, sem þess þarfnast.
3. Hann skal gera þær skrár, sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð, og semja árlega skýrslu um notkun safnsins.
4. Hann skal annast útlán bóka og innheimtu og alla starfrækslu safnsins og umhirðu og gæta þess í hvívetna, að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru, og kappkosta, að safnið megi koma að sem almennustum notum.
5. Hann skal undirbúa fundi bókasafnsstjórnar í samráði við formann og hafa samstarf við stjórnina og bókafulltrúa um starf og starfstilhögun safnsins.
6. Hann skal, ásamt bókasafnsstjórn, hafa forustu um bætt starfsskilyrði safnsins og um eins fjölbreytt menningarstarf á vegum þess og við verður komið.
7. Héraðsbókaverðir skulu hafa fund með sveitarbókavörðum í bókasafnshverfinu að minnsta kosti einu sinni á ári um starfsemi sveitarbókasafnanna og starf héraðsbókasafnsins í þágu almennings í sveitum.



## 13. gr.

Þar sem lestrarsalur er starfræktur, skal hann vera opinn almenningi eigi skemur en frá 1. október til 30. apríl ár hvert. Skyld er bókaverði að leyfa fræðimönnum notkun salarins á öðrum tímum árs, eftir nánara samkomulagi.

Útlán skulu fara fram eigi styttri tíma árlega en frá 1. október til 31. maí, og eigi skemur en 5 klukkustundir á viku.

## 14. gr.

Útlánaskrá safnsins sé færð þannig, að bókavörður geti gefið ýtarlega skýrslu um notkun þess. Þar skal tekið fram, hve margir hafa notað safnið á árinu, hve mörg bindi hafa verið lánuð úr aðalefnisflokkum safnsins og enn fremur lán sundurgreind eftir tungumálum og íslenskum höfundum.

## III. KAFLI

## Um sveitarbókasöfn.

## 15. gr.

Leggja skal áherzlu á að afla sveitarbókasafni bóka um sögu og menningu þjóðarinnar, merkra íslenskra skáldrita, eldri og yngri, bóka og rita, sem varða heimilisstörf, heimaíðju og atvinnurekstur, einnig ódýrra handbóka, sem til eru á íslensku. Enn fremur skal sveitarbókasafn eignast skemmtirit af skárra tæi, og þá einkum fróðlegar og fjórlega skrifaðar ferðabækur, ævisögur og rit, sem flytja þjóðlegan fróðleik. Einnig skulu sveitarbókasöfn kaupa það skásta, sem út kemur árlega af barna- og unglingabókum, þótt aðstæður leyfi ekki að koma upp sérstakri útlánadeild fyrir börn og unglinga. (Sbr. 7. gr.)

## 16. gr.

Bækur safnsins skulu geymdar í lokuðum skápum eða lokuðum herbergjum, sem aðrir hafa ekki aðgang að en bókavörður og stjórn safnsins, og í góðum og rakalausum húsakynnum.

## 17. gr.

Bókasafnsstjórn skiptir sjálf með sér verkum, og skal hún, auk formanns, féhirðis og ritara, kjósa einhvern úr sínum hópi til að hafa yfirumsjón safnsins og eftirlit með eigum þess. Hann skal einnig annast bókakaup, samkvæmt samþykktum stjórnarinnar, og sjá um bókband, skrásetningu og flokkun bóka.

Nýkosin stjórn skal halda fund svo fljótt sem unnt er, og skal oddviti hreppsnefndar (sveitarstjóri) kalla hana saman í fyrsta sinn, þar sem hreppurinn rekur sjálfur bókasafnið, en fulltrúi hreppsins í bókasafnsstjórn, ef reksturinn hefur verið falinn lestrarfélagi. Þegar nýkosin stjórn hefur tekið til starfa, skal formaður tilkynna bókafulltrúa nöfn og heimilisföng þeirra, sem eiga sæti í henni, og þá verkaskiptingu, sem stjórnin hefur ákveðið.

Stjórn safnsins skal halda fundi eins oft og þurfa þykir til að taka ákvarðanir um hag og rekstur safnsins og ávallt, þegar formaður, umsjónarmaður, meiri hluti stjórnar, héraðsbókavörður eða bókafulltrúi óska þess með hæfilegum fyrirvara. Aldrei skal stjórnin halda færri fundi en tvo á ári.

Stjórnin ræður bókavörð og ákveður þóknun fyrir störf hans í samráði við bókafulltrúa, enda ákvarðar hún, hver störf hans skuli vera.

## 18. gr.

Þar sem tvö eða fleiri lestrarfélög starfa í sama hreppi, skulu þau hafa með sér samstarf. Skal oddviti hreppsnefndar kalla stjórnir lestrarfélaganna saman á

fund, þegar honum þykir þess þörf, eða stjórn eins eða fleiri lestrarfélaga óskar þess.

Oddviti skal stjórna þessum sameiginlegu fundum og hafa þar full fundar-réttindi. Á þessum sameiginlegu fundum skal ráðinn bókavörður fyrir sveitarbóka-safnið, sem skal vera eitt fyrir sveitarfélagið. Skulu lestrarfélög skyld að senda sveitarbókasafni bækur sínar eigi síðar en þegar tvö ár eru liðin frá því, að þau eignuðust þær. Ber bókaverði að sjá um geymslu bóka, skrásetningu í aðfangabók, flokkun og spjaldskrárgerð, útlán og skýrslur um notkun safnsins og notendur.

## 19. gr.

Útlánaskrá sveitarbókasafns skal þannig færð, að bókavörður geti gefið skýrslu, þar sem greind er tala notenda og tekið fram, hve mörg bindi hafa verið lánuð á árinu:

1. Af fræðibókum og skáldritum.
2. Á íslenzku og á öðrum málum.
3. Eftir hvern íslenzkan höfund.

## 20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 frá 19. apríl 1963, um almenningsbókasöfn og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um almenningsbókasöfn frá 21. febrúar 1956.

*Í menntamálaráðuneytinu, 29. febrúar 1964.*

Gylfi P. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

fyrir sundlaug að Varmalandi.

## 1. gr.

Sundlaugin er eign Heimavistarbarnaskólans að Varmalandi og Húsmæðraskóla Borgfirðinga, Varmalandi, Mýrasýslu, og er starfrækt undir nafninu: Sundlaugin að Varmalandi.

## 2. gr.

Rekstur sundlaugarinnar er í höndum sundlaugarnefndar, sem er þannig skipuð:

- 1 fulltrúi frá skólanefnd barnaskólans.
- 1 fulltrúi frá skólanefnd húsmæðraskólans.
- 1 fulltrúi frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar.
- 1 fulltrúi frá Ungmennafélagi Stafholtstungna.

Enn fremur skólástjórar barnaskólans og húsmæðraskólans, sitt árið hvor, og ræður hlutkesti, hvor skólástjórinn tekur fyrr sæti í nefndinni.

## 3. gr.

Nefndin ber ábyrgð á rekstri eignarinnar gagnvart skólanefndum skólanna að Varmalandi. Nefndin haldi nákvæma gerðabók um störf sín og starfrækslu eignarinnar. Rekstrarárið sé hið sama og rekstrarár skólanna og skulu reikningar sund-

laugarinnar fylgja reikningum barnaskólans að Varmalandi og endurskoðast af sömu aðilum. Starfstími nefndarinnar sé sá sami og starfstími skólanefnda skólanna að Varmalandi.

## 4. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar skal vera:

1. Niðurröðun afnota félagsbundinna ungmennafélaga og svo almennings.
2. Kveða á um afnotagjöld.
3. Útlán laugarinnar vegna keppni og sýninga.
4. Ráðning starfsmanns vegna daglegs reksturs laugarinnar, þann tíma árs, sem skólarnir að Varmalandi starfa ekki, ef Ungmennafélagi Stafholtstungna er eigi falinn reksturinn þann tíma.
5. Setja starfsmanni starfsreglur.
6. Tillögur um viðhald laugar og áhalda.
7. Tillögur um endurbætur og nýbyggingar.

## 5. gr.

Laugína og tilheyrandi húsakynni má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og keppni. Forgangsrétt til sundiðkana og móta þann tíma, sem skólarnir á staðnum starfa ekki, skulu hafa Ungmennasamband Borgarfjarðar og Ungmennafélag Stafholtstungna.

Umgengni gesta, ræsting og viðhald skal lúta fyrirmælum um rekstur og notkun sundstaða.

## 6. gr.

Rísi ágreiningur upp vegna skilnings á ákvæðum þessara reglna, sker menntamálaráðuneytið úr.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. ípróttalaga, nr. 49 frá 7. apríl 1956, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 7. janúar 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

### um notkun matarleifa til skepnufóðurs.

## 1. gr.

Óheimilt er að nota matarleifar eða sláturúrgang, sem aflað er utan heimilis, til skepnufóðurs, nema sérstakt leyfi yfirdýralæknis komi til. Leyfi má veita lengst til þriggja ára í senn.

Umsóknir um leyfi til þess að nota matarleifar til skepnufóðurs, skal senda hlutaðeigandi héraðsdýralækni. Héraðsdýralæknir skal kynna sér útbúnað og aðstöðu umsækjanda til suðu á matarleifum. Síðan sendir hann yfirdýralækni leyfisbeiðnina ásamt umsögn sinni.

Umsókn skal fylgja upplýsingar um það, hvar matarleifa er aflað og hvernig geymslu og flutningi þeirra er hagað. Einnig skal gera grein fyrir suðutækjum þeim, sem notuð eru, afkastagetu þeirra og staðsetningu.

## 2. gr.

Matarleifar, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, skal geyma og flytja í lokuðum ílátum. Fara skal þriflega með allar matarleifar, ætlaðar til skepnufóðurs, og þær skal sjóða eigi skemur en  $\frac{1}{2}$  klukkustund við  $100^{\circ}$  C, eða tilsvarendi skemmri tíma, ef soðið er undir þrýstingi.

Þar sem suða fer fram, skal umgengni vera þrifaleg, veggir og gólf skulu vera úr sléttri steinsteypu eða öðru þéttu efni, sem auðvelt er að þrifa og hreinsa. Frárennsli skal vera gott og nægilegt rennandi vatn til hreinsunar. Þess skal gætt, að skepnur og fuglar hafi eigi aðgang að ósoðnum matarleifum, og girða skal fyrir, að rottur og mýs geti komizt í þær.

Þrifa skal öll ílát og suðutæki reglulega, og sótthreinsa þau, ef þörf krefur.

## 3. gr.

Þeir, sem leyfi hafa fengið til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs, sbr. 1. gr., skulu hlíta fyrir mælum héraðsdýralækni, eða fulltrúa hans, um allt varðandi suðu, þrifnað og hreinlæti í sambandi við meðferð matarleifa.

Ef hreinlæti og geymslu matarleifa er ábótavant eða suða ófullkomin, er héraðsdýralækni heimilt að setja þegar í stað bann við notkun matarleifa til skepnufóðurs á búinu um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt. Skal hann leita fulltingis löggæzlumanns, ef nauðsyn krefur.

Ef um itrekað brot er að ræða, varðar það sektum. Jafnframt má svipta viðkomandi aðila að fullu rétti til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**BREYTING**

**á samþykkt um stjórn bæjarmála Kópavogskaupstaðar,  
nr. 158 20. september 1962.**

## 1. gr.

42. grein samþykktarinnar orðist svo:

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Tveir nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en þrír utan bæjarstjórnar, sbr. hafnarreglugerð.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrir mælum þeim, sem þar um gilda.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimilishjálp í Húsavík, nr. 14 17. febrúar 1959.

1. gr.

Fyrsta málsgrein fyrstu greinar gjaldskrárinnar orðist þannig:  
Greiða skal heimilishjálp með kr. 60.00 fyrir hvern unninn dag. Vinnutími skal vera 8 tímar hvern virkan dag.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

Nr. 13.

28. janúar.

## GJALDSKRÁ

yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast.

Samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar rannsóknir, sem Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast, skulu vera sem hér segir:

### A. Lífræn efni.

#### 1. Brennsluolíur og benzín. Smurningsolíur.

Aska .....	kr. 150.00
Blossamark P.M. ....	— 105.00
Blossamark opið .....	— 105.00
Eðlisþyngd með flotvog .....	— 70.00
Eðlisþyngd með pyknometer .....	— 140.00
Hitagildi (efra) .....	— 280.00
Hitagildi (efra) og brennisteinn .....	— 500.00
Kolefni, vatnsefni og brennisteinn .....	— 750.00
Sáputala .....	— 200.00
Stigeiming .....	— 210.00
Tetraetylbly .....	— 300.00
Vatn m. tolúol eða xyloleimingu .....	— 140.00
Vatn og óhreinindi í skilvindu .....	— 80.00
Seigja (Engler eða Redwood) .....	— 170.00

#### 2. Feiti og feitar olíur, vax.

Bræðslumark .....	kr. 150.00
Eðlisþyngd (pyknometer) .....	— 140.00
Joðtala .....	— 180.00

Litur (Lovibond) .....	kr.	75.00
Óbundnar fitusýrur .....	—	80.00
Ósápanlegt efni .....	—	340.00
Reichert Meissel tala .....	—	200.00
Polenske tala .....	—	200.00
Smjörkýrutala .....	—	200.00
Sáputala .....	—	200.00
Peroxyðtala .....	—	150.00
A- vítamín (bein mæling) .....	—	125.00
A- vítamín með sápum .....	—	375.00
A- vítamín Morton & Stubb leiðrétt .....	—	375.00
<b>3. Sápur og Þvottaefni.</b>		
Feitisýrur, alls .....	kr.	250.00
Karbónat .....	—	200.00
Bleikiefni .....	—	200.00
Vatn (105°) .....	—	80.00
Súlfónsápa m. titringu .....	—	150.00
<b>4. Fóðurefni og matvæli.</b>		
Rokgjarnar sýrur í votheyi .....	kr.	200.00
Sykurefni (aðferð Fehlings) .....	—	250.00
Sterkja .....	—	250.00
Karotin .....	—	250.00
Kalsium .....	—	150.00
Kalium .....	—	150.00
Fosfór .....	—	150.00
Aska .....	—	80.00
Aska og sandur .....	—	120.00
Salt .....	—	90.00
Vatn (105°) .....	—	80.00
Fita .....	—	120.00
Ammoníak .....	—	90.00
Hráprotein (Kjeldahl) .....	—	150.00
Hreinprotein .....	—	225.00
Meltanlegt protein .....	—	300.00
Óbundar fitusýrur í mjölfitu .....	—	150.00
Nitrit í mjöli .....	—	240.00
Lysine í mjöli .....	—	400.00
Sýrustig (PH) .....	—	70.00
Tréni (aðferð Weende) .....	—	180.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni .....	—	480.00
Vatn, aska, protein, salt, fita .....	—	450.00
<b>Útflutningssýnishorn:</b>		
Fyrir mjölmagn allt að 100 tonn .....	—	500.00
Fyrir mjölmagn allt að 500 tonn .....	—	700.00
Fyrir mjölmagn yfir 500 tonn .....	—	850.00
Gjald fyrir vottorð um efnagreiningu .....	—	100.00
<b>5. Ýmsar algengar ákvarðanir.</b>		
Stigeiming og eðlisþyngd til ákvörðunar vinanda .....	kr.	250.00
Bræðslumark .....	—	140.00

Eðlisþyngd m. pyknometri .....	kr.	140.00
Fitumæling í soxhlet áhaldi .....	—	120.00
Köfnunarefni (Kjeldahl) .....	—	150.00
Vatn m. þurrkun $v/100^\circ$ .....	—	75.00
Normalupplausnir, lögun og innstilling (5 1) .....	—	250.00
Sýrustig, pH .....	—	70.00

**B. Ólífræn efni.****1. Matarsalt.**

Efnagreining á matarsalti, heildarrannsókn .....	kr.	900.00
Ákvörðun hvers efnis .....	kr. 100.00—	— 200.00

**2. Vatn. (Drykkjarvatn, annað neyzluvatn, heitar uppsprettur).**

Ammoníak .....	kr.	70.00
Permanganattala .....	—	120.00
Brennisteinsvetni, ákvörðun .....	—	150.00
Fluoríð .....	—	120.00
Járn .....	—	130.00
Nítrat .....	—	100.00
Nítrít .....	—	100.00
Harka .....	—	120.00
Kolsýra .....	—	100.00
Karbonsát og bikarbonsát, hydroxíð .....	—	90.00
Kloríð .....	—	100.00
Klór .....	—	120.00
Kísilsýra með fellingu .....	—	250.00
Kísilsýra með litmælingu .....	—	180.00
Kalsíum og magníum .....	—	250.00
Natríum og kalíum .....	—	250.00
Steinefni, uppleyst .....	—	150.00
Steinefni, óuppleyst (grugg) .....	—	130.00
Súlfat .....	—	170.00
Súrefni .....	—	150.00
Sýrustig .....	—	70.00
Viðnám rafmagns .....	—	70.00

**3. Málmar og milmingar.**

Steypujárn og stál		
Kolefni, alls .....	kr.	320.00
Kolefni, grafit .....	—	400.00
Fosfór .....	—	300.00
Brennisteinn .....	—	300.00
Silícium .....	—	300.00
Zink- og koparmilmingar, blý- og tinnmilmingar, alumínmilmingar, gull- og silfurmilmingar. Fyrir hvert einstakt efni kr. 250—350.00. Heildarrannsókn, án snefilefna .....	kr. 900.00—	— 1200.00

**4. Steintegundir (sýnishorn af bergi, brauni, leir, málmsteini).**

Vatn ( $180^\circ$ ) .....	kr.	90.00
Glæðing (500 og $1000^\circ$ ) .....	—	120.00
Kísilsýra .....	—	300.00

Járn (ferró) .....	kr. 150.00
Járn og alumín, titan, fosfat ( $R_2O_3$ ) .....	— 500.00
Kalsíum og magníum .....	— 500.00
Mangan .....	— 250.00
Kalíum og natríum (með loga) .....	— 400.00
Fosfat .....	— 300.00
Súlfat .....	— 250.00
Kalsíum og magníum í kalki .....	— 300.00
Brennisteinn, frjáls .....	— 200.00
Brennisteinn, bundinn .....	— 300.00
Alger steinefnagreining .....	— 2500.00

## 5. Sement.

Alger efnagreining að meðtöldum alkalímálum .....	kr. 2000.00
---	-------------

## 6. Lofttegundir.

Alger ákvörðun á sýnishorni með Orsattæki, eitt sýnishorn ..	kr. 1000.00
Fyrir tvö sýnishorn eða fleiri lækkar gjaldið um 10—25%.	

## C. Byggingarefnarannsóknir. Tæknilegar og eðlisfræðilegar prófanir.

## 1. Steinefni.

Harka .....	kr. 90.00
Rúmþyngd .....	— 90.00
Eðlisþyngd .....	— 180.00
Blöndunarlinurit .....	— 150.00
Kornastærð í sandi .....	— 300.00
Kornastærð í mól .....	— 350.00
Kornastærð í ofaniburði .....	— 350.00
Kleifni og hrökknir .....	— 700.00
Húmus í sandi, eitt sýnishorn .....	— 70.00
Húmus, tvö og fleiri, hvert .....	— 40.00
Leirákvörðun, eitt sýnishorn .....	— 70.00
Leirákvörðun, tvö og fleiri, hvert .....	— 40.00
Veðrunarpróf (með $Na_2SO_4$ ) .....	— 1200.00
Þjöppunarpróf á ofaniburði (Proktorpróf) .....	— 700.00
Vatnsleiðnipróf (permeability) .....	— 900.00
Plötupróf .....	— 500.00
Alkalíreaksjón .....	— 3000.00

## 2. Byggingarsteinar.

Afrétting .....	kr. 70.00
Rúmþyngd og brotþol á stk. ....	— 200.00

## 3. Sement.

Burðarþols- og beygjuþolsprófun (DIN) .....	kr. 1200.00
Burðarþolsprófun (A.S.T.M.) .....	— 1000.00
Storkunartími .....	— 300.00
Eðlisþyngd .....	— 350.00
Myndheldni (suðuprófun) .....	— 270.00
Myndheldni (28 daga próf) .....	— 210.00
Prófbjálmi (Normalkonsistans) .....	— 280.00
Yfirborðsmæling (Blaine) .....	— 250.00



4. **Steinsteypa.**

Afrétting á sýnishorni, pr. sýnishorn .....	kr.	40.00
Burðarþol og rúmþyngd, 10 cm teningar, minnst 3 stk., pr. stk.	—	30.00
Burðarþol og rúmþyngd, 20 cm teningar .....	—	190.00
Burðarþol og rúmþyngd, 15×30 cm sívaln. ....	—	80.00
Burðarþol og rúmþyngd á 10 cm sívalninga .....	—	60.00
Löftinnihald í steypu .....	—	120.00
Prófun á aðsendri steypu, keilusig, rúmþyngd, 7 daga og 28 daga burðarþol .....	—	350.00
Prófsteypur, v/s-tala, rúmþyngd, keilusig 7 daga og 28 daga burðarþol .....	—	700.00

5. **Asfalt, tjara og malbik.**

Bræðslumark (K og H), pr. mælingu .....	kr.	200.00
Bindiefnisákvörðun (með extraktion) .....	—	400.00
Emulsion .....	—	150.00
Stigeiming .....	—	350.00
Viðloðun (einföld vatnsprófun) .....	—	200.00
Marshallpróf .....	—	2500.00
Bindiefnisákvörðun, festa, sig og rúmþyngd .....	—	800.00

6. **Málmar.**

Harka (Brinell eða Rockwell), minnst 3 prófanir á sýnishorni, pr. prófun .....	kr.	40.00
Togþol: Látmörk og brotmörk, minnst 2 prófanir, pr. prófun .....	—	210.00
Togþol: Látmörk, brotmörk E-stuðull, brotlenging með línuriti, minnst 2 prófanir, pr. prófun .....	—	410.00

7. **Plastefni og einangrunarefni.**

Rúmþyngd, 3 mælingar .....	kr.	140.00
Drýstiþol, 3 mælingar .....	—	280.00
Beygjuþol, 3 mælingar .....	—	300.00
Rakaleiðni, 3 mælingar .....	—	470.00
Vatnsdrægni, 3 mælingar .....	—	410.00
Varmaleiðslutala, 1 mæling .....	—	1200.00

D. **Gerla-, mjólkur- og smásjárrannsóknir.**

Gerlatalning og cólí-títer í mjólk .....	kr.	225.00
Cólí-títer í vatni, forprófun .....	—	110.00
Cólí-títer í vatni, aðalprófun .....	—	150.00
Litprófun .....	—	—
Sýrustig í mjólk .....	—	35.00
Strochs-prófun .....	—	35.00
Fosfatase-prófun .....	—	150.00
Fosfatase-prófun (Sharer) .....	—	45.00
Eðlisþyngd í mjólk .....	—	35.00
Feiti í mjólk .....	—	25.00
Klórítíter .....	—	75.00
Þurrefni í mjólk .....	—	75.00
Katalase í smjöri .....	—	75.00

## 2. gr.

- a. Gjald fyrir prófanir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá, ákveðast með hliðsjón af sambærilegum prófunum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar athuganir krefjast.
- b. Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við að rannsókn fari fram á rannskónastofum Iðnaðardeildar án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnishornum þeim, sem rannsökuð eru.
- c. Vegna töku sýnishorna eða annarra starfa utan Atvinnudeildarinnar reiknast auk ferðakostnaðar fullt kaup sérfræðings og er þá miðað við taxa samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Vinna við skýrslu- og álitserðir vegna jarðfræðirannsókna eða annarra rannsóknastarfa greiðist og sérstaklega samkvæmt sama taxa.

## 3. gr.

Deildarstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sanningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, er hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Afsláttur má vera, sem hér segir:

Fyrir verkefni 15—40 þús. kr. samkv. gjaldskrá .....	10%
Fyrir verkefni 40—75 þús. kr. samkv. gjaldskrá .....	20%
Fyrir verkefni yfir 75 þús. kr. samkv. gjaldskrá .....	25%

## 4. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast skulu vera sem hér segir:

## I. Skordýrarannsóknir.

1. Skordýr og önnur meindýr ákvörðuð til dýraflokks eða tegundar ..... kr. 70.00— kr. 250.00
2. Rannsókn á matvælum, plöntum og fleiri vörum, hvort meindýr séu eða ekki:
  - a. smásendingar ..... — 150.00
  - b. húsgögn eða stærri sendingar ..... — 250.00
  - c. einstakar plöntur ..... — 100.00

## II. Jurtasjúkdómarannsóknir.

Ákvörðun sjúkdóms á aðsendu sýnishorni ..... kr. 150.00— kr. 250.00

- III. Skoðun vöru (sbr. reglugerð með innflutningi plantna o. fl., þegar heilbrigðisvottorð vantar) ..... kr. 600.00— kr. 1200.00

Ofangreint verð miðast við, að rannsókn fari fram í Atvinnudeild Háskólans. Verði skoðun á vöru, gróðri o. s. frv. að fara fram utan Atvinnudeildar, skal reikna útlagðan ferðakostnað og kaup sérfræðings.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast, nr. 5 3. janúar 1961.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. janúar 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**AUGLÝSING**

**um hækkun bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956,  
um atvinnuleysistryggingar.**

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 23.625 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verða bætur samkvæmt lögunum, sem hér segir:

Lágmark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 37.00, fyrir kvæntan mann kr. 47.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 10.00.

Hámark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 82.00, fyrir kvæntan mann kr. 94.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 12.50.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu í júní og desember 1963, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 54 18. marz 1963, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.,  
nr. 240 6. desember 1963.**

1. gr.

Í stað orðanna „1. febrúar 1964“ í 13. gr. samþykktarinnar komi: 1. apríl 1964.

Breyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## G J A L D S K R Á

### Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

#### I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

#### A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst.  
 12. Um kwst.mæli á kr. 2.35 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
- Fastagjald reiknast þannig:  
 Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 13.15 á m<sup>2</sup> á ári.  
 Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. .... — 5.85 á m<sup>2</sup> á ári.

#### B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:
- a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.):
- |                          |                  |
|--------------------------|------------------|
| af einfasa mælingu ..... | kr. 11.00 á mán. |
| af þrífasa mælingu ..... | — 22.00 á mán.   |
- b. Orkugjald:
- |                       |                |
|-----------------------|----------------|
| af allri notkun ..... | — 1.20 á kwst. |
|-----------------------|----------------|
- c. Fastagjald:
- |  |                |
|--|----------------|
| af hverri heilli gjaldskráreiningu ..... | — 11.00 á mán. |
| af hálfri gjaldskráreiningu .....        | — 6.00 á mán.  |
- Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:
- 1) Fyrir fjöskylduheimili ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.
- Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samantlagt flatarmál þeirra þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.
- 2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.) ein eining fyrir hverja 20 m<sup>2</sup> gólfplatar.
- Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi.
- Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð.
- Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.
22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.20 hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12.
- Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið 32.
23. Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar orkunotkun yfir aflstillingu og hins vegar heildarorkunotkun. Aflstilling skal vera 500 w, að viðbættum 300 w fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlíð 21. Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó vól á hærri

aflstillingu, þó ekki hærri en töfaldri og hæst 10 kw. Þegar aðstæður leyfa, getur rafmagnsveitustjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir, þó eigi hærri en 10 kw. Aflstilling skal gilda til eins árs í senn. Heimila má þó hækkan aflstillingar við ársfjórðungsmót, ef skrifleg umsókn hefur borizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu .....	kr. 1780 á kw á ári
af stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstillingu .....	— 1220 á kw á ári
af stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu .....	— 1500 á kw á ári

b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.19 á kwst.
af notkun yfir aflstillingu auk þess .....	— 2.15 á kwst.

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw til búreksturs, má selja um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli .....	kr. 1500 á kw á ári
----------------------	---------------------

b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.19 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram með sem næst þriggja mánaða millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

### C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 2.35 hverja kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1400 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 555 á ári fyrir hvert kw í málaun véla.

32. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

a. Aflgjald:

af notuðu afli .....	kr. 1344 á kw á ári
----------------------	---------------------

b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.36 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 2800 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl., samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

33. Raforku til sildar- og fiskmjölsverksmiðja og hliðstæðra nota skal selja þannig:

1. Þegar raforkan er aðallega framleidd í vatnsaflsstöðvum:

a. Aflgjald:

af notuðu afli .....	kr. 1344 á kw á ári
----------------------	---------------------

b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.36 á kwst.
-----------------------	----------------

2. Þegar raforkan er aðallega framleidd í varmaflsstöðvum:

a. Aflgjald:

af notuðu afli .....	kr. 1344 á kw á ári
----------------------	---------------------

b. Orkugjald:

af allri notkun .....	— 0.72 á kwst.
-----------------------	----------------

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal tveggja hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins

mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung.

Telja skal sem heilt rekstrarár gagnvart ákvörðun um aflagjald, ef verksmiðja er tengd í 4 mánuði eða meira af almanaksárinu. Sama gildir um aukningu á vélaafli. Minnsta aflagjald á ári skal vera sem svarar hálfu aflagjaldi í fullu vinnsluári og það enda þótt verksmiðjan sé ekki starfrækt. Raforkunotkuninni er hægt að segja upp með minnst 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögnin vera skrifleg.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun hjá framangreindum fyrirtækjum gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun o. fl., samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

34. Raforku til súgþurrkunar og hliðstæðra nota, á tímabilinu 1. júní til 1. nóv., má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 400 á ári, fyrir hvert kw í málaun véla, og auk þess 36 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra, og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt líð 35, kr. 1050 á hvert kw í málaun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spenna og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 36 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 1050 á ári fyrir hvert kw. í málaun véla. Minnsta aflagjald skal vera kr. 2800 á ári.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækking eftir sérstökum ákvæðum þar um.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsuðuspenna, nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsuðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings. Þá getur hann krafizt þess, að fasviksstuðull rafsuðuspenna sé leiðréttur þannig, að hann verði ekki lægri en 0.8 og auk þess setur hann reglur um aukafastagjöld af rafsuðuspennum.

#### D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna.
42. Til húshitunar um kwst.mæli á 29 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
45. Til hitunar á vatnsgeymum og gufukötlum um kwst.mæli á 29 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1275 á ári.
46. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 29 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 85 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mesta álags tímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

- a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.
- b. Verðið breytilist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1860 króna verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 2.4 aura hver kwst. á liðnum 41, 44 og síðari hluta 46 og 0.1 eyri hver kwst. á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hver kwst. á lið 43, fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

#### *Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafmagnsveiturnar setja um einangrun.

#### **E. Önnur raforkunotkun.**

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.35 hverja kwst.
52. Þar sem ástæður leyfi, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 1.55 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 60 aura á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

#### **II. MÆLALEIGA**

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60A og minni .....	kr. 6.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50A og minni .....	— 13.00 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50A og til 100A .....	— 18.00 — —
4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100A (straumspennamælar) ...	— 44.00 — —
5. Af mestaafismælum 100A og minni .....	— 38.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100A (straumspennamælar) .....	— 71.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

#### **III. HEIMTAUGARGJALD**

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

#### IV. OPNUARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að þeita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduropnun, allt að kr. 200 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 100 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1964 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 28 28. marz 1962.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

31. janúar.

Nr. 17.

#### REGLUGERÐ

##### um heimilishjálp í Austur-Húnavatnssýslu.

###### 1. gr.

Samband Austur-Húnavetnskra kvenna, S.A.H.K., fer með stjórn heimilishjálpar í sýslunni, undir yfirstjórn sýslunefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum sérstaks fulltrúa sambandsins, og á hann rétt á að sitja fundi sýslunefndar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

###### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum, með útvegum hjálparkonu, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gilda, að hjálpar sé þörf um stundarsakir, sökum sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 14 daga.

###### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks a. m. k. eina konu til heimilishjálpar.

Forstöðukona skal ganga örugglega úr skugga um það, að fólk það, er heimilishjálpu stundar á vegum sýslunnar, sé hæft til starfsins og hafi heilbrigðisvottorð héraðslæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar skal hafa samráð við oddvita sýslunefndarinnar.

###### 4. gr.

Sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er fólk það, sem vinnur á vegum heimilishjálparinnar, kann að valda við störf sín.

###### 5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálpu. Hver hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálpu, að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðukonu.



## 6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir hlutföllunum,  $\frac{2}{5}$ — $\frac{3}{4}$  hlutum af launum hjálparfólks og skal framkvæmdarnefnd fá samþykki viðkomandi hreppsnefndar um það, hvaða gjald skuli vera í hverjum hreppi.

Framkvæmdastjóri setur sér nánari reglur um aðrar greiðslur, innheimtur og annað í sambandi við ráðningu starfsfólks, er hún telur máli skipta í þessu efni. Skal um slíkt haft samráð við oddvita sýslunefndar og leitað eftir staðfestingu ráðherra á þeim reglum, ef nauðsynlegt þykir.

## 7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar sýslusjóðsins.

## 8. gr.

Halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{2}{3}$  úr sýslusjóði, sem síðar endurkrefur hvert hreppsfélag um þeirra hluta í samræmi við veitta vinnu.

## 9. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi fyrir hvern hrepp innan sýslunnar, þegar hún hefur verið samþykkt af viðkomandi hreppsnefnd, enda falla þá úr gildi þær samþykktir, sem einstakir hreppar hafa þegar sett sér.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13, dags. 16. sept. 1958, sbr. auglýsingu, nr. 24 14. febrúar 1957.

## 1. gr.

Breyting á 11. gr. samþykktarinnar:

1. Fyrri málsgrein a-liðs 2. töluliðs 11. gr. orðist svo:

„Almenna læknishjálpi greiðir samlagið að fullu hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknis, nema hvað samlagsmaður greiðir lækninum kr. 10.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 25.00 fyrir hverja vitjun. Gjald fyrir vitjun skal þá vera kr. 50.00 á því svæði, sem bættist við samlagssvæðið hinn 1. september 1962. Læknishjálpi hjá öðrum læknum en heimilislækni, greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í samningi samlagsins við Læknafélag Reykjavíkur.

2. B-liður 2. töluliðs 11. gr. orðist svo: Læknishjálp um nætur og á helgidögum samkv. því, sem ákveðið er í samningi samlagsins við L.R.
3. Næst síðasta málsgrein 2. tölul. 11. gr. c, falli niður.
4. Í stað „ $\frac{1}{2}$ “ í fyrri málsgrein 4. töluliðs 11. gr. komi:  $\frac{3}{4}$ .
5. 5. töluliður 11. gr. orðist svo: Samlagið greiðir nauðsynlega dvöl umfram 9 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.
6. Sjöundi töluliður 11. gr. orðist svo:

Samlagið veitir sjúkradagpeninga þeim samlagsmanni, 16 ára eða eldri, sem ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, slysadagpeninga eða atvinnuleysisbóta og verður með öllu óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans eða aðrar vinnutekjur falli niður.

Launþegar og einyrkjar njóta dagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir, a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur — þ. e. þeir, sem greiða skulu atvinnurekendagjald, samkv. 28. gr. almannatryggingarlaga, nr. 40 frá 1963 af meiru en 52 vikum — frá og með sjöttu sjúkraviku. Upphaf biðtína miðast við þann dag, er lækni er fyrst vitjað, eða sjúklingurinn fer í sjúkrahús.

Fullir dagpeningar nema:

- |   |           |
|---|-----------|
| a. Fyrir kvæntan mann, eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis   | kr. 95.00 |
| b. Fyrir aðra .....   | — 84.00   |
| c. Fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með, bætast við | — 11.00   |

Dveljist sá, er dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en hafi ekki á heimili sínu fyrir öðrum að sjá, lækka dagpeningar, og skulu nema:

- |   |         |
|---|---------|
| d. Fyrir einstakling .....                        | — 28.00 |
| e. Fyrir hvert barn, sbr. c-lið, bætast við ..... | — 4.00  |

Dveljist sá, er dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi og hafi á heimili sínu fyrir öðrum að sjá, skulu dagpeningar nema:

- |   |         |
|---|---------|
| f. Fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sbr. a-lið .....      | — 64.00 |
| g. Fyrir aðra .....   | — 56.00 |
| h. Fyrir hvert barn, allt að þrem, sbr. c, bætast við ..... | — 8.00  |

Verði dagpeningar umsækjanda, samkv. framansögðu, hærri en nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum þeirra vinnutekna, sem hann hefur misst vegna veikindanna, skulu þeir lækka að því marki. Skal að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina fyrir veikindin. Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili, skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyrisupphæð, samkv. 13. gr. almannatryggingalaga, nr. 40 1963. Dagpeningar húsmóður, sem ekki hefur unnið utan heimilis, lækka ekki þó að hún dvelji í sjúkrahúsi.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvist er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaförföllum og renna þá dagpeningargreiðslur, samkv. 4. málsg. þessarar greinar, til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir:

- a. Vegna næmra sjúkdóma, svo sem mislinga, influenzu eða skarlatssóttar, þegar þeir ganga sem yfirgripsmiklar farsóttir, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni.

- b. Ef ástand það, sem bótarétturinn er byggður á, stafar af ölvun, áhrifum deyfilyfja, eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi.
- c. Ef sjúklingurinn vanrækir að fara að læknisráðum, þannig, að trúnaðarlæknir telji vanræksluna hamla bata.
- d. þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga, áður en en verkfallið hófst.

Um dagpeninga skal sækja skriflega til samlagsins, að jafnaði eigi síðar en tveim mánuðum eftir að réttur til dagpeninga hófst og skal fylgja læknisvottorð í því formi, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, svo og vottorð vinnuveitanda, þegar launþegi á í hlut, um tekjur umsækjanda og niðurfall þeirra. Berist umsókn síðar eru þó dagpeningar greiddir tvo mánuði aftur í tímann, ef málsatvik eru ljós. Samlagsstjórn er heimilt að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er fullkomlega ótvíræður.

Samlagið hefur rétt til þess að láta hvenær sem er, rannsaka heilsufar þess, sem sótt hefur um, eða nýtur dagpeninga, með læknisskoðun eða á annan hátt, og er hinn tryggði skyldur að koma til slíkrar skoðunar, innanháraðs, ef hann er ferðafær. Vanræki hann þetta, missir hann rétt til dagpeninga, meðan svo stendur.

Nánari ákvæði um framkvæmd reglnanna í þessum lið, getur samlagsstjórn sett, með samþykki Tryggingastofnunar ríkisins.

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing, dags. 8. febrúar 1962, um sama efni.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Kópavogskaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarráð Kópavogskaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar í Kópavogi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Kópavogi er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er bæjarstjóri ræður til starfsins. Hún á rétt á að sitja fundi bæjarráðs, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpu á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður, eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

## 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpi stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins, hafi t. d. lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Skulu þær leggja fram vottorð heilsuverndarstöðvar eða trúnaðarlæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

## 4. gr.

Bæjarsjóður Kópavogskaupstaðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar kunna að valda við störf sín.

## 5. gr.

Bæjarráð ákveður, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálpi.

## 6. gr.

Fyrir heimilishjálpi skulu notendur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarráð setur, að fengnum tillögum bæjarstjóra og forstöðukonu og ráðherra staðfestir.

Bæjarráð getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpi að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

Bæjarráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

## 7. gr.

Skrifstofa bæjarstjóra veitir heimilishjálpinni nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði og afnot áhalda, svo og skrifstofustörf.

## 8. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Kópavogskaupstaðar.

## 9. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði.

## 10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Kópavogshöfn.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Kópavogshöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins.

Sjávarmegin ræður mörkum:

Að norðan, vestan og sunnan lína frá mörkum Reykjavíkur og Kópavogs í Fossvogi og umhverfis Kársnes að mörkum í Kópavogi. Þessi lína skal fylgja mörkum við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Bessastaðahrepps og Garðahrepps.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs 2 úr hópi bæjarfulltrúa og 3 utan bæjarstjórnar. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og bæjarráðs Kópavogs. Það er borgara- leg skylda að taka við kosningu í hafnarnefnd. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta bæjarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarnefndar, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarnefnd kýs formann hafnarnefndar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra eða bæjarverkfræðing formann hafnarnefndar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarnefnd sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

Bæjarverkfræðingur er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri, undir umsjón hafnarnefndar, fasta starfsmenn aðra ræður hafnarstjóri samkvæmt reglum bæjarins, svo marga, sem þurfa þykir.

### III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

## 7. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

## 8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleyfum, fiskúr-gangi, vírum, vöruleyfum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri visar til.

Ekki má láta renna í höfnina oliur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða skipsþilfar.

## IV. KAFLI

## Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

## 9. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

## 10. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Kópavogs og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skýlt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Visar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

## 11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 12. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni, án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í höfnina án leiðsöðumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip á höfninni, án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta leggja skipinu við legufæri, eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

### 13. gr.

Pegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartími skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti 3 klukkustunda fyrirvara.

### 14. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

### 15. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauk á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

### 16. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

### 17. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbatum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rúm snúið.

### 18. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr jární, skulu þær klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlifar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 19. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

## 20. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

## 21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## 22. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 23. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

## V. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 24. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu.

Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa og hefur umsjón með, þegar skipum er lagt, og skulu legufæri ákveðin í samráði við hann.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

## 25. gr.

Meðan skip liggur í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.



Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Kópavogi, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## VI. KAFLI

### Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

#### 26. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

#### 27. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 26. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

#### 28. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

#### 29. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er um í 26. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

## VII. KAFLI

### Um hafnargjöld í Kópavogi.

#### 30. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

#### 1. Lestagjald.

#### 31. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestum, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með með þeim undantekningum, er síðar getur.

#### 32. gr.

- a) Skip, sem heima eiga í Kópavogi og minni eru en 20 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald 2 á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 2.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmlestir. Undanþágur frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.
- b) Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunar-skip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflíð c þessarar greinar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmlest. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða lestagjald þetta oftar en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftar en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

- c) Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

## 2. Vitagjald.

### 33. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald 7 aura fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.

## 3. Bryggjugjald.

### 34. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmllest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við hafnarbakka eða bryggju, skal það greiða festargjald, er nemur hálfu bryggjugjaldi.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

### 35. gr.

Skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu greiða fyrir hvern sólarhring 20 krónur eða hluta úr sólarhring, sem þau liggja við bátabryggju, en minni skip 10 krónur.

## 4. Fjörugjald.

### 36. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri rúmllest af brúttóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

## 5. Vatnsgjald.

### 37. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða það, sem hafnarnefnd ákveður.

## 6. Hafnsögugjald.

### 38. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á hverju ári, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

### 39. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

## 40. gr.

- Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá:
- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 250 krónur fyrir hvert skip, auk 70 aura fyrir hverja brúttórúmllest, allt að 6000 rúmllestum, og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
  - Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, auk 35 aura fyrir hverja brúttórúmllest, allt að 6000 rúmllestum, og 10 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
  - Fyrir leiðsögu um höfnina greiðast kr. 125.00, auk 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest.
  - Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 38. gr., greiða krónur 50 í hafnsögusjóð.

## 7. Vörugjald.

## 41. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 42. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Kópavogs, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 43. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Kópavogi.
- Innlend nýmjólk, sem flytzt til hafnarinnar.
- Umbúðir, sem endursendar eru.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

## 44. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Sama máli gegnir um afla skips, sem settur er á land eða fluttur á milli skipa, en ætlaður til vinnslu utan Kópavogs.

## 45. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagn á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

## 46. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 2 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skulu telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 47. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hver 100 kg:  
Alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, girðingavír, leir, kalk, kol, koks, salt, sement, vikur.
2. flokkur. Gjald kr. 1.55 fyrir hver 100 kg:  
Alls konar oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín og annað brennsluefni.
3. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hver 100 kg:  
Áburðaroliur, áburður, akkeri, asfalt, baðlyf, eldavélar, feiti, fiskur, annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, gólfúkur og gólfplötur, aðrar en úr steini, gærur, hráefni til efna-gerðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, brennisteinn, kalcium, carbid, plast, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt, annað en niðursoðið, kornvörur, leður, loft-tegundir á stálflöskum, mör, málning og efni til hennar, miðstöðvar- ofnar, nylongarn til veiðarfæra, pappír, pípur úr asbesti, aluminium, kopar eða járn, pokar úr striga eða pappír, rúðugler, segldúkur, sild, sildarmjöl, sildarlýsi, smurningsoliur, strigi, tjara, tvistur, vir óein- angraður úr stáli, kopar eða aluminium, þakpappi og gólfpappi, þak- plötur úr asbest, aluminum eða járn eða kopar, þvottaefni.
4. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:  
Ávextir, bækur, blöð, brauðvörur, kaffi, kakaó, leirvörur, lýsi, niðursuðu- vörur, nýlenduvörur, smjör, smjörliki, smjörlikisoliur og sápugetar- vörur, sundmagi, sykur, te, ull.
5. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir hver 10 kg:  
Efni til rafmagnslagna, eldhúshöld, hjólbarðar, tengistykki til mið- stöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, varastykki í bifreiðar, mótorar og þungavinnuvélar.
6. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 10 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, gúmmívörur, klukkur, leðurvörur, leikföng, mælingatæki, þrjónavörur, sauma- og þrjónavélar, skófatnaður, súkkulaði, skrifstofuvélar, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:  
Heimilisvélar, mótorar, landbúnaðarvélar, þungavinnuvélar.
8. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:  
Bifreiðar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, útvarpstæki.
9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
10. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir rúmmetra:  
Tímur.
11. flokkur. a. Gjald kr. 12.00 fyrir hvern grip:  
Hestar, nautgripir, svín.  
b. Gjald kr. 3.00 fyrir hvern grip:  
Sauðfé.  
c. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur.

12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Allt annað.

### 8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

#### 48. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

#### 49. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

#### 50. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

## VIII. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

#### 51. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofnu hafnarinnar.

#### 52. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll sín gjöld til hafnarinnar.

#### 53. gr.

Vörugjald og leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 48. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

#### 54. gr.

Leiga af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 49. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 50. gr., greiðir samningsaðili.

#### 55. gr.

Öll gjöld samkv. þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulíð 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipa-

gjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í 2 ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsöugugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 56. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða látið í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

#### 57. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

#### 58. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra

#### 59. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

#### 60. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 15. gr. Ef stýrimaður fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

#### 61. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

#### 62. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

## 63. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000.00 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Kópavogs.

## 64. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948 og lög nr. 95 17. desember 1952, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja,  
nr. 273 30. desember 1950.**

## 1. gr.

41. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjúklingum sínum lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til notkunar útvortis.

## 2. gr.

42. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjálfum sér til þess að nota við störf sín:

- a) staðdeyfilyfjum, sem skráð eru í gildandi lyfjaverðskrár, til þess að deyfja með tennur, tannhold eða kjálka,
- b) svæfingarlyfjum, sem skráð eru í gildandi lyfjaverðskrár,
- c) injectabile adrenalini, injectabile nicethamidi, injectabile oxedrini, injectabile pilocarpini og vitrella amylii nitritis,
- d) topicinum og tilsvarendi sérlyfjum,
- e) þeim lyfjum, sem greind eru í 43. gr., en án takmarkana á magni, er þar ræðir,
- f) lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til útvortis notkunar.

## 3. gr.

43. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjúklingum sínum inntökulyfjum, svo sem greint er hér á eftir. Um afvegna lyfjaskammta gildir, að eigi má ávísar fleiri en 25 í senn.

Guttae nicethamidi.

Nystatinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Oxytetracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Penicillinum, samböndum þess og tilsvarendi sérlyfjum.

Pilulae atropini minores.

Solutio natrii fluoridi 0,5% til tannpenslunar.

## Tablettae allypropymali.

- cacetyli.
- carbromali.
- codamidi.
- codazoni.
- codeimagnyli.
- codeimagnyli non obsitipantes.
- codeipheni.
- codeipheni non obstipantes.
- coffazini.
- coffiplex.
- enhexymali.
- glutethimidi (Doriden 250 mg).
- hexemalcalicii.
- meprobamati.
- methylatropini.
- methylscopolamini.
- natrii fluoridi 0,55 mg.
- oxedrini.
- phenemali.
- pentymali.

Tetracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

## 4. gr.

44. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlækni er óheimilt að skipa svo fyrir á lyfseðli, að gefinn sé stærri skammtur (einstakur skammtur eða dagskammtur) af lyfjum þeim, sem greind eru í 43. gr., en nemi hámarksskammti samkvæmt gildandi lyfjaskrá.

## 5. gr.

45. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lyf þau, sem greind eru í 43., má aðeins láta úti einu sinni gegn sama lyfseðli, útgefnum af tannlækni, og skal merkja slíkan lyfseðil fullnægjandi ógildingarmerki strax og lyfið er fullbúið til afhendingar.

## 6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lyfsöslulögum, nr. 30 29. apríl 1963, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*



## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl.

#### 1. gr.

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, og fyrir mælingu skips, skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt því, er ségir í 2. gr.

#### 2. gr.

1. Útgáfa þjóðernis- og skrásetningarskírteina skipa 30 rúml. og stærri	kr.	1000.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu	—	1200.00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	—	200.00
4. Útgáfa mælibréfs eða endurnýjun þess fyrir skip undir 30 rúml.	—	600.00
5. Afrit af mælibréfi fyrir skip undir 30 rúml.	—	150.00
6. Útgáfa mælibréfs, eða endurnýjun þess fyrir opna báta	—	500.00
7. Afrit af mælibréfi fyrir opna vélbáta	—	100.00
8. Einkaleyfi á skipsnafni	—	6500.00
9. Nafnbreyting á skipum	—	1000.00
10. Fyrir mælingu á:		
a. Opnum bát	—	600.00
b. Skipum undir 30 rúmlestum brúttó	—	1200.00
c. Skipum 30—100 rúmlestir brúttó	—	2000.00
d. Skipum 100—200 rúmlestir brúttó	—	3000.00
e. Skipum 200—400 rúmlestir brúttó	—	3500.00
f. Skipum 400—1000 rúmlestir brúttó	—	5000.00
g. Skipum 1000—3000 rúmlestir brúttó	—	6500.00
h. Skipum 3000—5000 rúmlestir brúttó	—	8000.00
i. Skipum 5000 rúmlestir brúttó og stærri	—	12000.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 1961, um breytingu á lögum nr. 17 1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs og öðlast gildi þegar í stað. Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 213 28. des. 1961.

*Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1964.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Ólafur Stefánsson.*

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands, um að bærinn Grænavatn skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar.

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, háeruverðugi herra, dags. 13. janúar 1964, varðandi beiðni þess efnis, að bærinn Grænavatn í Suður-Þingeyjarprófastsdæmis, sem hingað til hefur verið í Reykjahlíðarsókn, skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggja samþykktir safnaðarfunda í báðum sóknunum á breytingunni, svo og samþykki héraðsfundar, samþykkir það framangreinda ráðstöfun með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipan prestakalla, þannig, að bærinn Grænavatn skuli framvegis teljast til Skútustaðasóknar.

Nr. 24.

### REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld fyrir Styrktarsjóð W. Fischers árið 1962.

#### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Innritunarskírteini, dags. 28. maí, 1889 Litra A, Fól. 373 d.kr. 20000.00 .....	kr.	20000.00	
b. Sérskuldabréf Siglufjarðar 4% 1943, 1000.00 kr. Litra B — 308 .....	—	1000.00	
c. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712 .....	—	38335.29	
d. Búnaðarbankainnstæða nr. 123 .....	—	33139.10	
			kr. 92474.39
2. Vextir:			
Af innritunarskírteini .....	kr.	4367.23	
— Sérskuldabréfi Siglufjarðar .....	—	40.00	
— Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	—	3066.82	
— Búnaðarbankainnstæðu .....	—	2270.98	
			— 9745.03
			Kr. 102219.42

#### Gjöld:

Styrkir til ekkna .....	kr.	8100.00	
Kostnaður .....	—	368.50	
			kr. 8468.50
Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini .....	kr.	20000.00	
b. Sérskuldabréf Siglufjarðar .....	—	1000.00	
c. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712 .....	—	38641.99	
d. Búnaðarbankainnstæða nr. 123 .....	—	34108.93	
			— 93750.92
			Kr. 102219.42

Í félagsmálaráðuneytinu, 10. september 1963.

Hjálmar Vilhjálmsson.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar  
og Sigurbjargar Guðnadóttur, 1962.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:

a. Söfnunarsjóður nr. 385 .....	kr. 1293882.12
b. Útvegsbanki nr. 9253 .....	— 252130.92
c. Sérskuldabréf Silla og Valda .....	— 234000.00
d. Sérskuldabréf Siglufjarðar .....	— 58000.00
e. Veðskuldabréf B.S.F.R. ....	— 10000.00
f. Veðskuldabréf B.S.S.R. ....	— 10000.00
g. Veðskuldabréf B.S.F.R. v. Ól. Helgas. ....	— 65623.45
h. Veðskuldabréf B.S.R. v. Kjartans Júl. ....	— 50000.00

---

 kr. 1973635.49

## Vextir:

a. Söfnunarsjóður .....	kr. 103510.57
b. Útvegsbanki .....	— 19608.73
c. Sérskuldabréf Silla og Valda .....	— 11700.00
d. Veðskuldabréf Siglufjarðar .....	— 2320.00
e. Veðskuldabréf B.S.F.R. ....	— 650.00
f. Veðskuldabréf B.S.S.R. ....	— 600.00
g. Veðskuldabréf B.S.F.R. v. Ól. Helgas. ....	— 4593.57
h. Veðskuldabréf B.S.R. v. Kjartans Júl. ....	— 3500.00

---

 — 146482.87

---

 Kr. 2120118.36

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Söfnunarsjóður nr. 385 .....	kr. 1397392.69
b. Útvegsbanki nr. 9253 .....	— 317181.81
c. Sérskuldabréf Silla og Valda .....	— 218400.00
d. Sérskuldabréf Siglufjarðar .....	— 57000.00
e. Veðskuldabréf B.S.F.R. ....	— 10000.00
f. Veðskuldabréf B.S.S.R. ....	— 10000.00
g. Veðskuldabréf B.S.S.R. v. Ól. Helgas. ....	— 60143.86
h. Veðskuldabréf B.S.R. v. Kjartans Júl. ....	— 50000.00

---

 kr. 2120118.36

---

 Kr. 2120118.36

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. september 1963.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tuliniusar árið 1962.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 .....	kr.	20246.57
Búnaðarbankainnstæða nr. 12 .....	—	15944.60
		<hr/>
	Kr.	36191.17

Vextir af:		
Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	—	1619.73
Búnaðarbankainnstæðu .....	—	1089.93
		<hr/>
	Kr.	38900.83

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 .....	kr.	20408.57
Búnaðarbankainnstæða nr. 129 .....	—	18492.26
		<hr/>
	Kr.	38900.83

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 27.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1962.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Búnaðarbanki, nr. 121 .....	kr.	101839.93
b. Veðskuldabréf Ísafjarðar .....	—	2500.00
c. Veðdeildarbréf .....	—	6300.00
d. Ríkistryggð skuldabréf .....	—	5000.00
e. Hitaveitubréf .....	—	1000.00
		<hr/>
	kr.	116639.93

2. Vextir:		
a. Af Búnaðarbankainnstæðu .....	kr.	7135.67
b. — veðskuldabréfum Ísafjarðar .....	—	150.00
c. — veðdeildarbréfum .....	—	315.00
d. — ríkistryggðum skuldabréfum .....	—	275.00
e. — hitaveitubréfi .....	—	40.00
		<hr/>
	—	7915.67

**Kr. 124555.60**

## Gjöld:

1. Styrkur:		
a. Til Búnaðarsambands Austurlands .....	kr.	1200.00
b. — Hallormsstaðaskóla .....	—	1000.00
2. Sjóður til næsta árs:		
a. Búnaðarbanki, nr. 121 .....	kr.	108805.60
b. Veðskuldabréf Ísafjarðar .....	—	1250.00
c. Veðdeildarbréf .....	—	6300.00
d. Ríkistryggð skuldabréf S.F.S. ....	—	5000.00
e. Hitaveitubréf .....	—	1000.00
		<hr/>
		— 122355.60

Kr. 124555.60

Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 28.

## TRYGGINGASJÓÐUR SPARISJÓÐA

Yfirlit yfir tekjur og gjöld árið 1963 og efnahagur 31. desember 1963.

## Tekjur:

1. Eignir 1. janúar 1963:		
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	5000.00
b. Vísitölubréf .....	—	180000.00
c. Innlánsskírteini .....	—	1000000.00
d. Innstæða í bönkum .....	—	463194.65
		<hr/>
		kr. 1648194.65
2. Tillög sparissjóða á árinu .....	kr.	236887.44
÷ Endurgreidd tillög á árinu .....	—	84341.60
		<hr/>
		— 152545.84
3. Vaxtatekjur á árinu .....	—	170385.14
		<hr/>
		Kr. 1971125.63

## Gjöld:

1. Greitt fyrir prentun .....	kr.	451.00
2. Eignir 31. desember 1963:		
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	5000.00
b. Vísitölubréf Seðlabanka Íslands .....	—	150000.00
c. Reikningar með uppsagnarfresti .....	—	1700000.00
d. Viðskiptareikningar .....	—	115674.63
		<hr/>
		— 1970674.63
		<hr/>
		Kr. 1971125.63

TRYGGINGASJÓÐUR SPARISJÓÐA VIÐ SEÐLABANKA ÍSLANDS

11. marz.

61

Nr. 29.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 4 11. marz 1961, um breyting á reglugerð nr. nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu eða flotvörpu, skal heimilt, auk þess sem segir í 1. gr., að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð nr. 3 11. marz 1961, á sömu stöðum og sömu tímum, sem þeim hefur verið heimilt að stunda veiðar frá 11. marz 1961.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 3. 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.

### I. KAFLI

#### A. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Sýslumaður Suður-Múlasýslu og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er sýslumaður formaður hennar. Þriðja nefndarmanninn kýs hreppsnefnd, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

##### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust. Skylt er og að kveðja nefndina á fundi, ef einhver nefndarmanna æskir þess.

##### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd kýs fundarritara úr sínum hópi og heldur gerðabók. Skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, sem nefndinni berast.

##### 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmælum og samþykktum heilbrigðisnefndar sé framfylgt. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að hlíta þeim úrskurði.

##### 7. gr.

Ágreiningi um heilbrigðisráðstafanir, milli heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis annars vegar og hreppsnefndar hins vegar, má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

##### 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt, að ráða sérstakan heilbrigðisfulltrúa. Skal hann þá starfa samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum í samráði við heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar.

## 9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda svo og til greiðslu kostnaðar vegna bréfaskrifta og bókhalds. Að öðru leyti skal jafnan leita samþykkis hreppsnefndar, áður en framkvæmdir eru hafnar, sem hafa útgjöld í för með sér.

Heilbrigðisnefnd getur þó á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem ekki þola bið, en leita skal þá samþykkis hreppsnefndar, svo fljótt sem við verður komið.

## B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

## 10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að haldin séu ákvæði samþykktar þessarar svo og laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hún skal yfirleitt vera á verði um allt það, er varðar heilbrigði og hollustuháttu á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum, er hlut eiga að máli, er skylt að hlíta.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er samþykkt þessi fjallar um svo og annað það, er varðar heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannaferi eða hjá einstaklingum, utan húss eða innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum. Nefndin getur krafizt lagfæringa og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum, sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum, og lætur hún taka af vatninu sýni til rannsóknar svo oft, sem þörf er á. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf.
- c. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu, almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum. Hún getur bannað notkun á skolpræsum og vatns- og skolprennum, ef henni þykir þurfa.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi þeirra, sem í þeim búa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VIII.—XXI. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf. Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa. Heimilt er nefndinni að stöðva rekstur um stundarsakir, þar til ráðin hefur verið bót á því, sem aflaga fór.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir eftir því, sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis hreppsnefndar svo fljótt sem auðið er. (Sbr. 9. gr., 2. mgr.).
- j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og holl-



ustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði. En jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún kann að setja samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar. Ályktanir og fyrirmæli nefndarinnar um umbætur eða aðrar ráðstafanir skulu tilkynnt bréflega þeim, er þau varða.

### C. Ýmis ákvæði.

#### 11. gr.

Ekk má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VIII.—XIX. og XXI. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé eftir fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.

Öllum, sem hlut eiga að máli, er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir eiga að stýra.

#### 12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X. og XII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, sem við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis, sem auðið er, ganga hreinlega til fara og þokkalega, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að hafa gengið til salernis og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzluvörubúðum skal klæðast hreinum hlífðarfötum við starf, og stúlkur skulu hafa hreina kappu á höfði.

#### 13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X. og XII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í IX., XII., XIII., XV., XVI., XVIII. og XIX. kafla samþykktarinnar, skulu gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um ræðir í XIII. kafla, 68—71. og 80. gr.

#### 14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í X. og XII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslum, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum svo og þvagstæðum., ef þurfa þykir. Einnig skal það hafa aðgang að handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

#### 15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er.

Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðunandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypra hundum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

### Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

#### 16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a og 17.—20. gr. að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

#### 17. gr.

Skylt er lóðareigendum, á sinn kostnað, að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

#### 18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfnina eða í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Sama mál gegnir um lóðir annarra manna.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur, né annað byggingarefni.

#### 19. gr.

Flutningtæki, sem fara um götur kaupsins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutning, skal þeim er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Áburð og annan úrgang, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um kaup-túnið á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

#### 20. gr.

Eigi má hengja upp eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað það, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

Ekki má heldur hrista eða berja fatnað, ábreiður eða annað þess konar á svölum eða út um glugga, sem vita út að götum.

#### 21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir mega ekki vera í kaupsinum. Skilyrðislaust er bannað að bera salernisáburð í garða.

Á tún eða í garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Hrossatað, sauðatað og kúamykja er þó undanskilið þessu ákvæði.

#### 22. gr.

Götur kaupsins, fjörur, hafnarbakka, ræsi og annað þess háttar, skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 23. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í 55. gr. lögreglusamþykktar fyrir Suður-Múla-sýslu, skal gætt ákvæða 10. gr. b, svo og 24.—29. gr., að því er varðar vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

## 24. gr.

Neyzluvatn til allra bygginga á samþykktarsvæðinu skal tekið úr vatnsveitu Eskifjarðarhrepps jafnskjótt og vatnsveitan nær til þeirra, sbr. reglugerð nr. 152 28. okt. 1961.

Vatn til skipa skal taka úr vatnsveitu hreppsins, einnig til þvotta á fiskibátum, lestum og þilfari.

## 25. gr.

Sé ný vatnsveita lögð eða vatnsveitu breytt, skal fyrst leita umsagnar og samþykkis heilbrigðisnefndar. Sama máli gegnir um lagningu holræsa.

## 26. gr.

Öllum húseigendum í kaupúninu skal skylt að leggja nægilega víð og hallandi holræsi frá húsi sínu í göturæsi, þar sem til þeirra næst. Skulu þessi ræsi ekki verr gerð en aðalveitan. Eftir þeim skal leiða allt skolp frá húsinu, sömuleiðis regnvatn. eftir því sem við verður komið

Húseigandi skal á sinn kostnað sjá um hreinsun á ræsum þeim, er frá húsinu ganga, og gæta þess, að frárennsli í þeim stiflist ekki.

## 27. gr.

Þar á samþykktarsvæðinu, sem með engu móti næst til götuholræsa, skal veita skolpi eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær eða í lokaðar safngryfjur. Gerð og fyrirkomulag slíkrar fráræslu skal háð samþykki heilbrigðisnefndar.

## 28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum nefndarinnar.

## 29. gr.

Skolp skal yfirleitt leggja til sjávar í fullkomnum ræsum og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð.

## IV. KAFLI

## Um reyk og mengaðar gufur.

## 30. gr.

Húseigendum skal skylt að halda kyndingartækjum sínum í því lagi, að þau reyki ekki eða valdi sótnyndun.

Í sambandi við verksmiðjur og iðnað, þar sem reykur eða daunillar gufur myndast, getur heilbrigðisnefnd sett reglur um hæð reykháfa og annan útbúnað, til að koma í veg fyrir, að óþrifnaður hljótist af.

## V. KAFLI

## Um salerni og sorphreinsun.

## 31. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Skyllt er að leita fyrir mæla heilbrigðisnefndar um frágang og tæmingu salerna af öðrum gerðum. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað breytingar og umbætur á salernum, ef þurfa þykir, þar með talin vatnssalerni. Nefndin getur einnig fyrirskipað uppsetningu almenningsalerna og þvagstæða, ef henni þykir þurfa.

## 32. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorphlát úr málmum og ákveður heilbrigðisnefnd stærð og gerð þeirra. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Þau skulu standa á þéttri undirstöðu og jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið.

Skarnrennur má ekki leggja í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

## 33. gr.

Sorphlát skulu tæmd áður en þau fyllast og sorpið flutt burtu. Hreppsnefnd sér um brottflutninginn og ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd, tilhögun hans og hvernig sorpinu skuli eytt eða fyrir komið. Skal í því efni gætt 19. gr. þessarar samþykktar og séð svo um, að óþrifnaður og óþefur berist ekki frá sorphaugum til mannabyggða.

## VI KAFLI

## Um íbúðarhúsnæði.

## 34. gr.

Um gerð íbúða og íbúðarherbergja fer samkvæmt því er segir í fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sbr. auglýsing nr. 97 18. ágúst 1948.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllum), svo og eftir fyrrnefndri byggingarsamþykkt. Auk þess skal gætt ákvæða 10. gr. d, e og h og 34.—37. gr. samþykktar þessarar.

## 35. gr.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 4.3 fermetrar gólfplatar og 10 rúm-metrar loftrýmis komi minnst á hvern íbúa, og séu þá einungis talin sjálf íbúðarherbergin.

Það telst og of litið húsnæði, ef drengir og stúlkur, eldri en 10 ára, þurfa að sofa í sama herbergi.

Hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægum hita, ljósi og rakavörn.

## 36. gr.

Skyllt er hverjum íbúa að halda íbúð sinni hreinni og saggalausri eftir föngum.

## 37. gr.

Eigendum íbúðarhúsnæðis er skyllt að halda húsum sínum vel við, utan sem innan. Sama máli gegnir um leiguíbúðir.

## 38. gr.

Búi húseigandi ekki sjálfur í húsi sínu, skal hann ætíð hafa þar fullveðja umboðsmenn, sem heilbrigðisnefnd getur snúið sér til, ef þörf gerist.

## VII. KAFLI

## Um meindýr hvers konar.

## 39. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 1. gr. d.

## 40. gr.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala og öðrum, er taka notaðan fatnað, rúmföt eða annan skyldan varning til sölu, að láta dauðhreinsa hann á þann hátt, er heilbrigðisnefnd mælir fyrir um.

## VIII. KAFLI

## Um gripahús, búrekstur og gæzlu húsdýra.

## 41. gr.

Ekki má nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og heilbrigðisnefndar reisa búpeningshús, haughús, áburðarhús, safnhús eða safngryfjur né hefja búrekstur á skipulagssvæði Eskifjarðarkauptúns, gegnir þar sama máli um alifugla- og loðdýrarækt.

## 42. gr.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar þessarar þarf leyfi heilbrigðisnefndar til hvers konar atvinnurekstrar, sem um er rætt í VII. kafla. Undanskilinn er þó búrekstur á lögbýlum og í tilraunaskyni af opinberri hálfu, en slíkur búrekstur skal þó háður eftirliti nefndarinnar, sbr. 10. gr. f.

## 43. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð. Gripahús mega ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 metra og ekki nær vatnsbóli en 15 metra og þá því aðeins, að jafnvægi halli frá vatnsbóli.

## 44. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus innan kauptúnsins, og getur heilbrigðisnefnd bannað rekstur búpenings gegnum íbúðarhverfi.

## IX. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

## 45. gr.

Um vinnustöðvar hvers konar, þar með taldar verbúðir, skipaafgreiðslustöðvar, verkamannaskýli og fiskverkunarstöðvar fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. (Sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstaf-

anir á vinnustöðum, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með breytingum skv. reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 1. gr. f, 11. og 46.—47. gr.

#### 46. gr.

Þeir, sem hafa með höndum iðju, iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Getur þá heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringa á því, sem á skortir, að fylgt sé fyrirskipuðum reglum, og veitt til þess hæfilegan frest.

#### 47. gr.

Fyrir þær vinnustöðvar, sem um ræðir í þessum kafla, getur heilbrigðisnefnd sett frekari ákvæði um eftirfarandi atriði, ef þörf er á: loftræstingu, loftrými, næga birtu og hita eftir tegund vinnunnar, aðgang að salernum og handlaugum, ræstingu og sérstakar ráðstafanir, ef um óholla vinnu er að ræða.

### X. KAFLI

**Um skrifstofur, bókasöfn, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.**

#### 48. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal eigi vera minni en 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 rúmmetrar. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem rykmyndun er mikil, og áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af slíku tagi skal hreinsa með ryksugu öðru hverju.

#### 49. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr. samþykktar þessarar.

### XI. KAFLI

**Um geymslu söluvarnings.**

#### 50. gr.

Vörugeymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

#### 51. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11., 15. og 39. greinar samþykktar þessarar.

### XII. KAFLI

**Um skóla og kennslustaði.**

#### 52. gr.

Um skólahúsnaði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem í gildi eru á hverjum tíma. Sbr. lög nr. 61 8. júní 1957 og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, um heilsuvernd í skólum. 9. gr. berklavarnalega, nr. 66 30. des. 1939 og 11. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. marz 1958).

Þá skal og gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. gr. og 53.—60. gr. þessarar samþykktar.

## 53. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 fermetrar. Ljósflötur glugga skal vera minnst  $\frac{1}{6}$  gólfplatar, og mega gluggar ekki vita móti norðri. Ekkert sé í nánd við þá, er dregið geti úr birtunni að öllum jafnaði. Birta skal falla inn á vinstri hönd. Í þeim kennslustundum, sem nota þarf gerviljós, skal ljósmagn á hverju skólaborði vera a. m. k. 60 Hefner-Lux og ljósgjafa þannig fyrir komið, að ekki falli skuggar á borðin.

Hiti í kennslustofum skal að jafnaði ekki vera minni en 18—19° C, og hitamælir skal vera í hverri kennslustofu.

## 54. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstöku fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og skófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum né ganga þangað inn á útiskóm.

## 55. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarilát, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig gerður, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

## 56. gr.

Greiður aðgangur sé að vatnssalernum og handlaugum. Skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 piltar og eitt á hverjar 20 stúlkur. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

## 57. gr.

Skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttar- og leikiðkana.

## 58. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota en skólahalds, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

## 59. gr.

Sé börn í heimavist, skal auk íveruherbergja sjá þeim fyrir matstofu, setustofu og lestrarstofu. Um íveruherbergin skulu gilda sömu reglur og venjulegt íbúðarhúsnæði.

## 60. gr.

Héraðslæknir gegnir skólalæknisstörfum, og hefur hann eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólum fyrir mælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Lætur hann heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfsins, er hana varðar.

## XIII. KAFLI

## Um kirkjur og almenn samkomuhús.

## 61. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. f, 11. og 13.—15. gr. samþykktar þessarar.

## 62. gr.

Ókistulögð lík má aldrei geyma í kirkju. Heilbrigðisnefnd getur og bannað geymslu kistulagðra líka í kirkju, verði líkgeymsla byggð á samþykktarsvæðinu.

## XIV. KAFLI

## Um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

## 63. gr.

Heilbrigðisnefnd aðstoðar lögreglustjóra við almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum skv. lögum nr. 24 1. febr. 1936. Skal í því sambandi gætt ákvæða almennra laga og reglugerða, sem hverju sinni gilda um það efni. (Sbr. áður nefnd lög nr. 24 1. febr. 1936 og reglugerðir skv. þeim lögum, svo sem reglugerð nr. 49 15. júlí 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um sama efni).

Þá skal og gætt ákvæða 10. gr. f, d, 11.—15. gr. og 64.—80. gr. þessarar samþykktar.

## A. Almenn ákvæði.

## 64. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzlu- og nauðsynjavörubúða eða geymslna og íbúðarherbergja eða annars húsnæðis, sem rekstrinum er óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2,5 metrar. Vélknúin loftræstingataki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þess þörf.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skulu varin rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má fara höndum um óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð. Nota skal til afgreiðslu á henni þar til gerð, hentug áhöld.
- e. Til umbúða má aðeins nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.
- f. Vöru, sem seld er í neyzluvörubúðum, má aldrei neyta þar inni, nema húsa- kynni og annar búnaður sé til þess gerður og leyfi heilbrigðisnefndar til þess sé fengið.
- g. Í búðum og matvælasölustöðum skulu vera lokuð ílát undir úrgang, og séu þau tæmd daglega.

## B. Um mjólk og mjólkurvöru.

## 65. gr.

Verði starfrækt mjólkurbúð á samþykktarsvæðinu, skulu gilda um rekstur hennar ákvæði 63. gr. eftir því, sem við getur átt.

Enn fremur getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að þar megi einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

## 66. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja til neytenda ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 63. gr., svo og þeirra, er síðar kunna að gildi um sama efni. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þennan hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum.

Á veitinga- og matsöluhúsum má selja ógerilsneydda mjólk eftir sömu reglum, meðan gerilsneyðingu verður ekki við komið.

## 67. gr.

Um sölu á rjómaís fer eftir bráðabirgðareglum nr. 57 12. marz 1941 og öðrum þeim reglum, sem þar um kunna að verða settar.



*C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og heimabakstur.*

## 68. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 64. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum. Hillur skulu vera minnst 1 cm frá vegg.

## 69. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum og þar til gerðum vélum.

## 70. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða á torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni. Flytja skal slíkar vörur milli brauðgerðarhúsa og búða í lokuðum og rykheldum kössum.

## 71. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

*D. Um meðferð og sölu kjötvöru.*

## 72. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum eða deildum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði um stundarsakir, ef nauðsyn ber til.

Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk og frystan fisk í umbúðum, nýjam og reyktan lax og silung, síld, fiskfars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, ost, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðrar matvörur, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar. Jafnan skal þess gætt, að vörurnar snerti ekki aðrar óvarðar vörur.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi. Rás skal vera úr gólfi niður í skolpræsi. Veggir skulu lagðir flisum eða glerjaðir a. m. k. 1.8 m frá gólfi, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skulu vera úr gljáðum málm eða öðru hreinlegu efni og ekki vera nær vegg en svo, að kjöt það, sem þar hangir, snerti ekki vegginn.
- d. Umbúðalausar vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skulu geymdar í luktum glerskápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

*E. Um meðferð og sölu á neyzlufiski.*

## 73. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallast gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Staðsetning fiskhjalla til þurrkunar á skreið skal háð samþykki heilbrigðisnefndar.

## 74. gr.

Með þeim undantekningum, er um getur í 75. og 76. gr., skal selja unninn og óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskubúðum. Þar má einnig selja niðursuðuvörur, sjófugl, hval, sel, hákarl, og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið sé þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu vera skúffalaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Fiskbúð sé ekki upphituð, en sjá skal starfsfólki fyrir upphituðum klefa eða herbergi til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvotta. Einnig skal vera þar lokað ilát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Trog skulu vera græn máluð utan en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, græn málaðir utan en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

## 75. gr.

Heilbrigðisnefnd getur til bráðabirgða leyft sölu á neyzlufiski annars staðar en í sérstökum fiskbúðum. Slik starfsemi skal að sjálfsgöðu háð eftirliti nefndarinnar sem annað það, er að meðferð og sölu neyzluvarnings lýtur, og skal hún háð ákvæðum 11.—15. gr., svo og 74. gr., eftir því, sem við verður komið.

## 76. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað eða á götu. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ilát undir úrgang.

## 77. gr.

Frá 1. maí til septemberloka, má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður innan sólarhrings frá því að hann veiddist.

## 78. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

## 79. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Sama gildir, ef fiskur er lagður frá sér úti við.

*F. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.*

## 80. gr.

Kornvara, kex, sykur og önnur neytluværa, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari, og vegin er eða mæld, jafnóðum og sala fer fram, skal geymd í vel luktum skúffum eða ilátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

## XV. KAFLI

## Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 81. gr.

Hver sá, er rekur eða hyggst reka á samþykktarsvæðinu gistihús, matsölu eða veitingahús hvers konar, skal gæta fyrir mæla laga nr. 53 20. apríl 1963, um veitingasölu, gististaðhald o. fl. Einnig skal gæta ákvæða III. kafla lögreglusamþykktar fyrir Suður-Múlasýslu og fyrir mæla 10. gr. f, 11.—15. og 82.—86. gr. þessarar samþykktar.

## 82. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Herbergi, sem leigt er til næturgistingar, skal ekki vera minna en svo, að 8 rúmmetrar loftrýmis og 3.4 fermetrar gólfplatar komi á hvern gest. Skulu þau að öðru leyti fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Rúmfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Skipta skal líni við hvern gest og minnst vikulega.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

## 83. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, er hinn sjúki hefur notað.

## 84. gr.

Veitingastofa er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn geta fengið neyzluvörur til neyzlu á staðnum gegn borgun, þar með taldar ölstofur.

Lágmarkslofthæð í veitingastofu skal vera 2.5 m og gólfplatar minnst 30 fermetrar. Inngangur skal vera um anddyri.

## 85. gr.

Um meðferð og geymslu matar og annarrar neyzluvöru, sem framreidd er á matsölu- og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er hverju sinni gilda um það efni, svo og ákvæðum þessarar samþykktar.

Öll matar- og drykkjaráhöld, sem gestum eru borin, skulu vera heil og hrein og þola suðu eða aðra sótthreinsun hverju sinni eftir notkun.

## 86. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu og uppþvotta.

Réttir, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skulu geymdir í kælikápi, þar sem hitastig er undir 5° C. Heita rétti skal hins vegar geyma í minnst 60° C. hita, unz þeirra er neytt.

## XVI. KAFLI

## Um rakarastofur, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

## 87. gr.

Verði stofnsett og rekið á samþykktarsvæðinu eitthvert þeirra fyrirtækja, sem í kafla þessum greinir, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. gr. og 88.—89. gr. samþykktar þessarar.

## 88. gr.

Ekki má veita þjónustu því fólki, sem grunur leikur á eða vissa er fyrir, að haldið sé næmum sjúkdómum, sem máli gegnir um fólk með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Öll áhöld skal sótthreinsa vandlega eftir hverja notkun.

## 89. gr.

Heilbrigðisnefnd getur síðar, ef þurfa þykir, sett frekari ákvæði um fyrirtæki þessi og stofnanir skv. j-lið 10. gr.

## XVII. KAFLI

## Um íþróttastöðvar og fleira.

## 90. gr.

Um starfsemi þá og stofnanir, er þessi kafli fjallar um, skal fara eftir ákvæðum íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956 og reglugerða samkvæmt þeim lögum. Gæta skal einnig ákvæða lögreglusamþykktar fyrir Suður-Múlasýslu, og 10. gr. b og f, 11.—15. gr. og 91.—103. gr. þessarar samþykktar, eftir því, sem við getur átt.

## A. Um sundlaugar og baðstaði.

## 91. gr.

Gólf baðherbergja og baðklefa skulu vera flísalögð og veggir flísalagðir, glerj-aðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

## 92. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vaggi. Barmar skulu hærri en gólf eða jarðvegur í kring og ekki hálrir að ofan. Meðfram innanverðum laugarhörnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatns-heldar rennur eða ílát, er laugargestir geti hrækt í.

## 93. gr.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum eða öðru slíku en 200 metra.

Svo skal um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast fyrir í kringum hana.

## 94. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint, enda má gerla-fjöldi ekki vera meiri en 1000 í hverjum  $\text{cm}^3$  og saurgerlar (*Escherichia coli*) mega ekki finnast í  $10 \text{ cm}^3$ .

Tæma skal og hreinsa sundlaug svo oft, er heilbrigðisnefnd telur þörf á. Yfir-borðsóhreinindi skal fjarlægja strax, er þeirra verður vart og sýnileg óhreinindi á botni daglega.

Sundlaugavatn sé  $15\text{--}25^\circ \text{C}$ . og lofthiti í yfirbyggðum sundlaugum sé  $3\text{--}4^\circ$  hærri.

## 95. gr.

Sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypi-böðum, salerni og þvagstæði. Skal svo til hagað, að einungis verði gengið úr bún-ingsklefum og salernum í laugina gegnum baðklefa.

Skylt er að hafa björgunartæki við sundlaugina.

## 96. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

## 97. gr.

Takmarka má fjölda sundlaugargesta hverju sinni við það, að minnst 3 fermetrar af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

## 98. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgang að sundlaug.

Ef sundgestur er grunaður um að hafa einhvern slíkan kvilla, skal synja honum aðgang, nema læknisvottorð komi til.

## 99. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóma, t. d. fótamyglu (Epidermophytosis interdigitalis plantarum) megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

## 100. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóttþreinsunarlög, eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

## 101. gr.

Útibaðstaðir aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætta á að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða þvilkku.

Um slíka staði skulu og gilda ákvæði 10. gr. b, 95. gr. 2. mgr. og 98. gr.

*B. Um íþróttahús.*

## 102. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttasala og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en  $\frac{1}{5}$  gólfplatlar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Áhöld og dýnur skulu þannig úr garði gerð, að þau safni í sig sem minnstu ryki og auðvelt sé að hreinsa þau.

## 103. gr.

Í íþróttahúsum eða í sambandi við leikfimisali skulu vera búningsklefar, baðklefar með heitu og köldu vatni, salerni og áhaldageymsla.

Úr búningsklefa sé gengið beint í leikfimisal og jafnan á hreinum skóm.

## 104. gr.

Íþróttahús má aldrei nota örar en svo, að nægur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum til annarra nota gilda ákvæði 58. gr.

*C. Um íþróttavelli og útiskemmtistaði.*

105. gr.

Íþróttavellir skulu þannig gerðir, að þrífalegir séu og frá þeim leggi sem minnst ryk. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að slíkum völlum fylgi salerni, búningsklefar og böð.

106. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmtunum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að gæta hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæðinu, eftir nánari fyrirætlum nefndarinnar.

*D. Um útileikvelli barna.*

107. gr.

Heilbrigðisnefnd setur sérstakar reglur um útileikvelli barna og hefur eftirlit með þeim. Ekki skulu fleiri börn um hvern völl en svo, að minnst 7 fermetrar komi á hvert barn. Af leikvelli skal vera gengt beint á salerni og séu mest 40 börn um hvert. Á leiksvæðinu skal vera aðgangur að drykkjarvatni og skal um það atriði gætt sambærilegra ákvæða um drykkjarvatn í skólum (sbr. 55. gr.).

## XVIII. KAFLI

**Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og tilsvarendi heilbrigðisstofnanir.**

108. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem um það gilda á hverjum tíma. (Sbr. sjúkrahúsalög nr. 93 31. des. 1953 og reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem þar er fyrir mælt, skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr. þessarar samþykktar.

## XIX. KAFLI

**Um vistarverur handtekinna manna.**

109. gr.

Verði komið upp fangageymslu á samþykktarsvæðinu, skal gætt ákvæða laga og reglugerða um slíkar stofnanir, sem þá verða í gildi, sömuleiðis ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 13.—15. gr. þessarar samþykktar, eftir því sem við getur átt.

## XX. KAFLI

**Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.**

110. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglugerðum (sbr. lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, og síðari breytingar á þeim lögum. Enn fremur reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. jan. 1953, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og farsóttalög nr. 10 19. marz 1958).

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10 gr. f og 111.—120. gr. þessarar samþykktar.

111. gr.

Öll skip og bátar, sem skrásett eru á samþykktarsvæðinu eða gerð eru út þaðan, þó skrásett séu annars staðar, skulu háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Slíkt eftirlit skal

fyrst og fremst beinast að íbúðum og öðrum vistarverum skipshafna og farþega og öllu öðru, er að hollustuháttum þeirra lýtur, svo og allri umgengi og þrífnaði.

#### 112. gr.

Allar bifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga gegn greiðslu ökugjalds og skrásettar eru á samþykktarsvæðinu, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar um allt, er að hollustuháttum farþega lýtur.

Sama máli gegnir um bifreiðar, sem eru í notkun á samþykktarsvæðinu, þó að skrásettar séu annars staðar.

#### 113. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega svo og bifreiðum til mannflutninga, skal ávallt haldið eins hreinum og auðið er.

Um meðferð matvæla á skipum og bátum gilda sömu reglur og á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

#### 114. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum eða bifreiðum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema leyfi héraðslæknis komi til, en hann hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

#### 115. gr.

Verði vart við næman sjúkdóm eða óþrífakvilla svo sem kláða eða lús meðal áhafnar á skipi eða bát, skal skipstjóri eða formaður tilkynna það héraðslækni þegar í stað, enda sé fyrirmælum hans um sóttvarnir eða útrýmingu tafarlaust fylgt.

#### 116. gr.

Um meindýr í skipum eða bátum gilda hliðstæðar reglur þeim, sem í 38. gr. samþykktar þessarar greinir.

#### 117. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, ef þurfa þykir, að skipverji leggi fram, áður en hann er skráður í skiprúm, eigi eldra læknisvottorðs en tveggja mánaða, um að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða óþrífakvilla.

#### 118. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn, skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja brjóta í bága við samþykkt þessa.

#### 119. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, sé framfylgt.

#### 120. gr.

Kyrrsetja má skip eða bát og taka bifreið úr umferð, þar til fyrirskipunum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis hefur verið fullnægt.

## XXI. KAFLI

## Um kirkjugarða, geymslu og meðferð líka.

## 121 gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. (Sbr. lög nr. 21 23. apríl 1963, um kirkjugarða, og gildandi reglugerðir skv. þeim lögum, enn fremur lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir 6. gr. farsóttalaga nr. 10 19. marz 1958 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 122.—129. gr. þessarar samþykktar.

## 122. gr.

Þá, er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um garðstæðið. Getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að garðstæðið sé þurrkað með lokræsum.

## 123. gr.

Jarðvegsvatn má ekki standa ofar í kirkjugarði en sem svarar  $\frac{1}{2}$  m neðan grafarbotns, og skulu grafir vera minnst 2 metra djúpar.

Fjarlægð frá kistuloki að grafarbarmi sé minnst 1.25 m og a. m. k. 30 cm þykkt moldarlag sé á milli grafa.

## 124. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

Matjurtagarðar mega aldrei vera nær kirkjugarði en 50 m og ekki nær en 200 m, halli frá kirkjugarði að þeim.

## 125. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft steinsteyptar grafir neðanjarðar og setur þá um þær nánari fyrirmæli. Slikar grafir má ekki opna, nema undir eftirliti héraðslæknis. Ef lík er grafið upp, hefur héraðslæknir eftirlit með uppgræftinum.

## 126. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en 2 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáðið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð.

## 127. gr.

Fundin og sjórekin lík skal kistuleggja strax, að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn

## 128. gr.

Verði komið upp sérstakri líkgeymslu eða líkhúsi á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd um það nánari fyrirmæli. Skulu þá þau lík, sem um ræðir í 126. gr., 2. mgr., og 127. gr., flutt í líkhús strax.

## 129. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.



## XXII. KAFLI

## Um aðstoð við sóttvarnir.

## 130. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök fyrir-  
mæli um hreinlæti, utan húss og innan, meðferð og dreifingu matvæla og annað,  
er að heilusvernd lýtur.

Gæta skal að öðru leyti ákvæða 10. gr. i.

## XXIII. KAFLI

## Lokaákvæði.

## 131. gr.

Hreppsnefnd skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar  
ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

## 132. gr.

Heilbrigðisnefnd getur látið sérprenta samþykkt þessa, enn fremur einstaka  
kafla eða greinar hennar og önnur fyrir-  
mæli sín, er almenning varða.

## 133. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrir-  
skipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er nefndinni heimilt að láta  
vinna það á kostnað hans. Kostnaðinn skal þá greiða til bráðabirgða úr sveitar-  
sjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi, með lögtaki, ef þörf gerist.

## 134. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða óhlýðni við löglegar fyrirskip-  
anir heilbrigðisnefndar varða sektum, allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing  
liggi við að lögum. Sektarféð rennur til sveitarsjóðs. Ef aðili sinnir ekki innan  
tiltekens frests fyrir-  
mælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir,  
allt að 1000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

## 135. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opin-  
berra mála.

## 136. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í  
Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðissamþykktir, er hér  
með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Eski-  
fjarðarhrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. febrúar 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## REGLUR

**um greiðslur bóta fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys eða bruna.**

### 1. gr.

Útgerðarmanni ber að greiða bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa eða eyðilagzt við sjóslys eða bruna, og greiðast bæturnar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

### 2. gr.

Bæturnar skulu nema sannvirði eigna þeirra, er fórust eða eyðilögðust, og þó aldrei fara fram úr þeirri upphæð, sem hér á eftir greinir, nema samið hafi verið um hærri bætur.

- A. Á skipum í utanlandssiglingum, á flutninga- og farþegaskipum, 50 brúttórúmllestir eða stærri, í innanlandssiglingum, svo og varðskipum ríkisins, björgunarskipum, dæluskipum og dýpkunarskipum:
- |  |              |
|--|--------------|
| I. Til skipstjóra .....  | kr. 28000.00 |
| II. Til annarra yfirmanna, að meðtöldum brytum og loftskeytamönnum ..... | — 26500.00   |
| III. Til annarra skipverja .....   | — 25000.00   |
- B. Á togurum og öðrum fiskiskipum, 50 rúmlestar eða stærri, í innanlandssiglingum og á veiðum:
- |  |              |
|--|--------------|
| I. Til skipstjóra .....  | kr. 24600.00 |
| II. Til annarra yfirmanna, að meðtöldum brytum og loftskeytamönnum ..... | — 23300.00   |
| III. Til annarra skipverja .....   | — 22000.00   |
- C. Á fiskiskipum 12—50 rúmllestir, í innanlandssiglingum og á veiðum:
- |   |              |
|---|--------------|
| I. Til yfirmanna .....  | kr. 17000.00 |
| II. Til annarra skipverja .....   | — 16000.00   |
| III. Á skipum 12 rúmllestir eða stærri, er skipverjar búa ekki í, til skipverja ..... | — 8500.00    |

Upphæðir, sem um getur í A-, B- og C-liðum, skulu breytast samkvæmt fatnadarlið visitölu framfærslukostnaðar. Grunnupphæðir miðast við 150 stig.

### 3. gr.

Nú hefur skipverji misst bækur, sjófræðihöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi til þess að geta innt þar af hendi starf sitt, og hann átti sjálfur að leggja sér til, og skal þá útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, umfram bætur þær er um ræðir í 2. gr.

### 4. gr.

Nú er sá maður látinn, er átti eignir þær, sem bæta skal, og ganga þá bæturnar til bús hans eða erfingja. Skal, er þannig stendur á, greiða hámark bóta samkvæmt 2. gr.

Sé sá, sem eignirnar átti, hins vegar á lífi, skal honum skylt að gefa, að viðlögðu drengskaparvottorði, skýrslu um muni þá, er hann hefur misst og sennilegt verð þeirra.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaga nr. 67 31. desember 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 13 30. janúar 1945.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu.**

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu. Heimili þess og varnarþing er að Stóra Lambhaga.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá og ósum hennar, en þær eru:

- |                    |                       |                         |
|--------------------|-----------------------|-------------------------|
| 1. Vestra Súlunes. | 14. Hliðarfótur.      | 27. Stóri Lambhagi II.  |
| 2. Eystra Súlunes. | 15. Eyri.             | 28. Stóri Lambhagi III. |
| 3. Bakki.          | 16. Kambshóll.        | 29. Lambhagi.           |
| 4. Skorholt.       | 17. Glammastaðir.     | 30. Litli Lambhagi.     |
| 5. Skipanes.       | 18. Dragháls.         | 31. Fellsaxlarkot.      |
| 6. Lækur.          | 19. Geitaberg.        | 32. Litla Fellsöxl.     |
| 7. Beitistaðir.    | 20. Þórisstaðir.      | 33. Kjalardalur.        |
| 8. Vogatunga.      | 21. Saurbær.          | 34. Arkarlækur.         |
| 9. Melkot.         | 22. Svarfhóll.        | 35. Bekansstaðir.       |
| 10. Leirá.         | 23. Hurðarbak.        | 36. Hvítanes I.         |
| 11. Steinsholt.    | 24. Vestra-Miðfell.   | 37. Hvítanes II.        |
| 12. Tunga.         | 25. Hlið.             | 38. Vallarnes.          |
| 13. Hóll.          | 26. Stóri Lambhagi I. |                         |

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangaveiði.

Aðalfundi er heimilt að leyfa takmarkaða netaveiði á ósasvæði Laxár, enda sé þá tekið tillit til þeirrar veiði við úthlutun arðs.

Félagið getur látið stunda sameiginlega veiði á einum eða fleiri stöðum ef svo ber undir.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn. Formaður og fjórir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ganga þeir úr stjórn á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram.

Kjósa skal varaformann og tvo varamenn, skulu þeir ganga úr stjórn eftir sömu reglum og aðalmenn, enn fremur skal kjósa tvo endurskoðendur til tveggja ár í senn og skulu þeir ganga út sitt árið hvor.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema að sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

#### 5. gr.

Stjórn hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum þess.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

#### 7. gr.

Reikningsárið er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrár, arðskrá, fundargerðir og bréf.

#### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

#### 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu frá 7. júní 1934.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## REGLUR

um uppgjör lífeyrissjóða við lífeyristryggingar samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 40 1963, um almannatryggingar.

### 1. gr.

Lífeyrissjóðir, sem til ársloka 1963 hafa skuldbundið sig til að veita elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri í stað tilsvarendi bóta almannatrygginga, sbr. 85. gr. laga nr. 24 1956, skulu greiða lífeyristryggingunum með vöxtum iðgjöld þau, er sjóðfélagararnir hafa fengið undanþágu frá að greiða, en að frádregnum þeim lífeyri, sem sjóðirnar hafa sparað tryggingunum að greiða.

### 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal gera yfirlit um iðgjöld þau vegna árána 1947—1963, sem hverjum sjóði ber að standa skil á samkvæmt 1. gr., svo og lífeyri þann, sem til frádráttar kemur. Skulu greiðslur vegna hvers einstaks sjóðfélaga tilgreindar, sundurliðaðar eftir árum. Þó er Tryggingastofnuninni heimilt að semja við hvern einstakan sjóð um einfaldari reikningsaðferð við ákvörðun lífeyris, sem gera má ráð fyrir, að úrskurðaður hefði verið til ársloka 1960.

Lífeyrissjóðir þeir, sem hlut eiga að máli, skulu veita Tryggingastofnuninni þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að fullnægja ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar um yfirlitsskýrslu. Gerð yfirlitsskýrslunnar skal lokið eigi síðar en í árslok 1964.

### 3. gr.

Reikna skal 5% ársvexti af iðgjöldum og lífeyri samkvæmt yfirlitsskýrslu, frá lokum þess árs, er inna hefði átt greiðslurnar af hendi, til greiðsludags, þó eigi lengur en til ársloka 1964. Dragist endanlegt uppgjör lífeyrissjóðs fram yfir þann tíma, skal frá 1. janúar 1965 reikna vixilvexti af skuld hans, sbr. þó næstu málsg.

Heimilt er lífeyrissjóði að greiða skuld sína með jöfnum ársgreiðslum á allt að 10 árum, þannig að greiðslum sé að fullu lokið eigi síðar en 31. desember 1973. Skal sjóðurinn þá gefa út skuldabréf fyrir greiðslufjárhæðinni, er miðist við sömu vexti og á hverjum tíma eru greiddar af innstæðufé á 6 mánaða sparissjóðsbókum, reiknaða frá 1. janúar 1965.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

### um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

#### 1. gr.

Allir lækna- og þeir aðrir, sem lækningaleyfi hafa, skulu skyldir til að halda spjaldskrá yfir sjúklinga þá, sem þeir taka til meðferðar, og skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, skoðunardag, helztu rannsóknir, sjúkdómsgreiningu, meðferð og afdrif, þegar þau eru kunn.

#### 2. gr.

Við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða aðra heilbrigðisstofnun skal halda dagbók (journal) yfir alla sjúklinga, er þar dveljast eða þangað leita, og skal skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, komudag og brottfarardag, heilsufars- og sjúkrasögu, niðurstöður lækni- og rannsóknna, sjúkdómsgreiningu, meðferð, bæði lyflækni- og handlækni-meðferð, og afdrif við burtför.

#### 3. gr.

Yfirlækna- (sjúkrahúslækna-) sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda, svo og, eftir því sem um er að ræða, yfirlækna, forstöðumenn eða stjórnir annarra heilbrigðisstofnana, skulu gera skýrslur um starfsemi stofnana sinna samkvæmt fyrir- mælum landlækni og, ef með þarf, eftir nánari leiðbeiningum hlutaðeigandi héraðslækni. Tilkildum ársskýrslum skulu þessir aðilar hafa skilað í tvíriti til hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

#### 4. gr.

Lyfsalar, ljósmæður, bólusetjarar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu halda þær bækur og gera þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrir- mælum landlækni. Tilkildum ársskýrslum skulu þessir aðilar hafa skilað í tvíriti til hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

#### 5. gr.

Starfandi lækna- og þeir aðrir, sem lækningaleyfi hafa, skulu gera þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrir- mælum landlækni. Skulu þessir aðilar senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) skýrslurnar, nema öðruvísi sé fyrir mælt, og hafa skilað tilkildum ársskýrslum í tvíriti eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

#### 6. gr.

Starfandi lækna- og kaupstöðum skulu jafnan, þegar eftir hver vikulok, semja vikuskýrslu yfir farsóttir o. fl. á þar til gerð eyðublöð og skila henni tafarlaust til hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni).

Starfandi lækna- og kaupstaða skulu semja tilvarandi mánaðarskýrslu þegar eftir lok hvers mánaðar og skila henni tafarlaust til hlutaðeigandi héraðslækni.

#### 7. gr.

Starfandi lækna- og þeir aðrir, sem hafa lækningaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, skulu, auk þess sem segir í 3.—6. grein þessarar reglu-

gerðar, veita umbeðnar upplýsingar landlækni og hlutaðeigandi héraðslækni um allt það, er varðar starf þeirra og stofnanir, enda sé þeim ekki óskýlt að láta þær í té.

## 8. gr.

Nú vanrækir sá, sem til þess er skyldur samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis, að skila tilskildum skýrslum eða veita umbeðnar upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð, og er þá ráðherra heimilt, eftir tillögum landlæknis, að láta hlutaðeiganda sæta dagsektum, 100 krónum fyrir hvern dag, sem liður fram yfir settan frest, svo og, ef í hlut á starfsmaður, sem tekur laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, að stöðva launagreiðslur til hans, unz skil eru gerð. Sektirnar má taka lögtaki.

## 9. gr.

Sektir lækna samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna. Sektir annarra renna í ríkissjóð.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 47 frá 1932, gengur í gildi þegar í stað. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 94 frá 1932, um skýrslugerðir lækna og þeirra, sem lækningaleyfi hafa, annarra heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. marz 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

um staðfesting ráðuneytis á erindisbréfi fyrir héraðslækna.

Samkvæmt 8. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 16, frá 9. apríl 1955, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf.

### Erindisbréf héraðslækna.

#### I. KAFLI

**Embættisstörf héraðslækna varðandi sjúkdómavarnir, aðra heilsuvernd og heilbrigðiseftirlit.**

## 1. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis. Þeir skulu hafa vakandi auga á hverju því, er miðar til eflingar almennri heilbrigði héraðsbúa, og gera sér far um að leiðbeina þeim um allt þar að lútandi.

## 2. gr.

Héraðslæknir hefur með höndum í héraði sínu hvers konar sjúkdómavarnir í samræmi við lög og reglur og önnur opinber fyrirmæli, er um það gilda á hverjum tíma.

Til sjúkdómavarna teljast:

- 1) farsóttavarnir samkvæmt farsóttalögum, sóttvarnarlögum og reglugerðum samkvæmt þeim lögum,
- 2) berklavarnir samkvæmt berklavarnalögum,
- 3) kynsjúkdómavarnir samkvæmt lögum um varnir gegn kynsjúkdómum,
- 4) sullaveikivarnir samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki og reglugerð samkvæmt þeim lögum,
- 5) holdsveikivarnir samkvæmt lögum og reglum, er um þá veiki gilda,
- 6) varnir gegn dýrasjúkdómum, sem mönnum getur stafað hættu af, í samvinnu við dýralækna, samkvæmt lögum og reglum, er um þá sjúkdóma gilda,
- 7) varnir gegn öðrum og ótöldum sjúkdómum samkvæmt lögum og reglum, er um þá gilda eða settar kunna að verða.

## 3. gr.

Héraðslæknir sér um framkvæmd hvers konar ónæmisaðgerða í héraði sínu í samræmi við lög og reglur og önnur opinber fyrirmæli, er um þær gilda á hverjum tíma. Hann skal eftir megni hvetja héraðsbúa til að sinna lögskipuðum ónæmisaðgerðum, svo og viðurkenndum og venjulegum ónæmisaðgerðum, þótt ekki séu lögskipaðar.

## 4. gr.

Héraðslæknir skal hafa eftirlit með hvers konar heilsuverndarstarfsemi í héraði sínu eða rækja hana sjálfur, ef þannig er fyrir mælt í lögum og reglugerðum, svo sem í lögum um heilsuvernd í skólum.

## 5. gr.

Héraðslæknir hefur með höndum í héraði sínu eða á þátt í hvers konar heilbrigðiseftirliti í samræmi við lög og reglur og önnur opinber fyrirmæli, er um það gilda á hverjum tíma, svo sem lög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir og heilbrigðissamþykkt hvers staðar.

Helztu atriði, sem afskipti héraðslækna taka til samkvæmt þessari grein, eru eftirtalin:

- 1) Hreinlæti og þrifnaður úti og inni,
- 2) vatn og frárennsli.
- 3) sorphirðing, salerni og þess háttar,
- 4) húsakynni, hvort sem notuð eru til íbúðar eða atvinnurekstrar,
- 5) vinnustöðvar hvers konar úti og inni,
- 6) skólar og aðrir kennslustaðir,
- 7) kirkjur og hvers konar almenn samkomuhús,
- 8) matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur,
- 9) almenn gistihús, matsöluhús og aðrir veitingastaðir,
- 10) almenn baðhús, þvottahús, rakarastofur og hvers konar snyrtistofur,
- 11) íþróttastöðvar, íþróttahús, sundlaugar og aðrir sundstaðir,
- 12) kirkjugarðar og bálstofur,
- 13) sjúkrahús og hvers konar aðrar heilbrigðisstofnanir og lækningastofur,
- 14) bátar og skip, sem gerð eru út í héraðinu, bifreiðar, flugvélar og önnur flutningatæki.



## II. KAFLI

## Um embættisfærslu og skýrslugerð héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis).

## 6. gr.

Héraðslæknir skal halda þær bækur, er varða embætti hans, eftir lögum og reglugerðum og fyrirmælum landlæknis.

Héraðslæknir skal halda saman öllum embættisbréfum og skeytum, sem honum kunna að berast, svo og afritum af öllum embættisbréfum, skeytum og skýrslum, er hann sendir frá sér, enn fremur Stjórnartíðindum, Lögbirtingablaði, Heilbrigðis-skýrslum og öðrum opinberum skýrslum og tilkynningum, sem embættinu kunna að berast, og vera jafnan við því búinn að skila öllu í góðu ástandi í hendur eftirmanni sínum. Það, sem á kann að vanta, skal fráfarandi lækni skylt að útvega á sinn kostnað.

## 7. gr.

Héraðslæknir skal gera skýrslur um heilbrigðismál í héraði sínu og nota til þeirrar skýrslugerðar eyðublöð, er landlæknir lætur í té. Skulu skýrslurnar gerðar úr garði eins og fyrir er mælt á hverju eyðublaði, og má aldrei breyta eyðublaði. Skýrslugerðina sjálfa, svo og söfnun gagna til hennar, skal héraðslæknir vanda eftir föngum og skrifa eða vélrita greinilega. Hverja skýrslu skal gera í tvíriti, nema gera eigi fleiri samrit samkvæmt sérstökum fyrirmælum, og skal senda landlækni annað eintakið, en hitt skal vera eign læknishéraðsins.

## 8. gr.

Skýrslu um farsóttir og fleira skal gera sem hér segir:

Borgarlæknir í Reykjavík semur upp úr vikuskýrslum starfandi lækna eina vikuskýrslu fyrir hérað sitt og skal skila henni til landlæknis eða á póst eins fljótt og unnt er eftir hver vikulok. Á sama hátt skal hann gera mánaðarskýrslu og skila henni til landlæknis eins fljótt og unnt er eftir hver mánaðamót.

Héraðslæknir semur upp úr gögnum sínum og skýrslum starfandi lækna, þar sem slíkir eru í héraði, eina mánaðarskýrslu og skal skila henni til landlæknis eða á póst eins fljótt og unnt er eftir hver mánaðamót.

## 9. gr.

Eftirtaldar skýrslur skal héraðslæknir gera árlega:

- A. Ársskýrsla. Yfirlit um heilsufar og heilbrigðismál.
- B. Skýrsla um heilbrigðisstarfsmenn.
- D. Skýrsla um sárásótt, berklaveiki, holdsveiki, sullaveiki, ígulmyglu, geitur og krabbamein.
- DA. Skýrsla um berklaveika.
- DB. Skýrsla um berklavarnir.
- E. Skýrsla um geðveika, fávita, daufdumba, málhalta, heyrnarlausla og blinda, svo og um atvinnusjúkdóma og áfengis- og deyfilyfjanautn.
- F. Skýrsla um sjúkrahús og fleira.
- FA. Skýrsla um sjúkrahús: Sjúkdómaskrá.
- FB. Skýrsla um sjúkrahús: Handlæknisaðgerðir.
- G. Skýrsla um barnsfarir.
- GA. Skýrsla um læknishjálp við barnsfæðingar.
- HA. Yfirlitsskýrsla um skólaeftirlit.
- HB. Skýrsla um skólaeftirlit.
- I. Skýrsla um ónæmisaðgerðir.

Framantaldar skýrslur gerir héraðslæknir upp úr gögnum sínum, skýrslum starfandi lækna, þar sem slíkir eru í héraði, skýrslum annarra, er lækningaleyfi hafa, svo og skýrslum annarra heilbrigðisstarfsmanna og skýrslum sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Ársskýrslum fyrir liðið ár skal hann hafa lokið og skilað landlækni eigi síðar en í apríllök næsta ár. Um skil á skýrslum um skólaeftirlit gilda þó ákvæði 30. gr. reglugerðar um heilsuvernd í skólum, nr. 214/1958.

#### 10. gr.

Landlækni er heimilt að krefja héraðslækna um fleiri skýrslur en upp eru taldar í 9. gr. þessa erindisbréfs, svo og að breyta þeim eyðublöðum, sem í notkun eru við gildistöku þess.

#### 11. gr.

Umfram það, sem segir í þessum kafla, gilda fyrir héraðslækna, eftir því sem við eiga, ákvæði reglugerðar nr. 34/1964, um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

### III. KAFLI

#### Um gegningarskyldu og lækningastarfsemi héraðslækna.

#### 12. gr.

Héraðslæknir stundar almennar lækningar í héraði sínu og gegnir hverjum þeim, sem leitar hans í lækniserindum. Aðkallandi sjúkravitjunum er hann skyldur til að sinna, hvenær sem þess er leitað, hvort heldur að nóttu eða degi, nema hann sé hindraður af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfur sjúkur. Með þátttöku í læknaverði er héraðslækni þó heimilt að undanþiggja sig gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum, þar sem fleiri lækna eru starfandi í héraði.

#### 13. gr.

Héraðslæknum í fjölmönnum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, er heimilt, með leyfi ráðherra, að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

#### 14. gr.

Héraðslækni er ekki skylt að vitja sjúklings, sem annar lækni hefur til meðferðar, nema eftir ósk þess læknis eða í brýnni nauðsyn, ef ekki næst til læknis sjúklingsins.

#### 15. gr.

Héraðslækni er heimilt að auglýsa viðtalstíma, þó eigi styttri en 1½ klukkustund á degi hverjum, og eiga þá þeir, sem búsettir eru á sama stað og héraðslæknirinn (í sama kaupstað eða kaupsýni eða í næsta nágrenni) ekki heimtingu á afgreiðslu á lækningastofu hans utan þess tíma nema í aðkallandi nauðsyn.

Á helgidögum og almennum fridögum eiga aðkomumenn ekki heldur heimtingu á afgreiðslu á lækningastofu héraðslæknis utan hins auglýsta viðtalstíma nema í aðkallandi nauðsyn.

#### 16. gr.

Á sama hátt er héraðslækni heimilt að auglýsa, að beðið skuli um sjúkravitjanir í nágrennið fyrir tiltekinn tíma dags, er þó sé eigi fyrr en klukkan 16 síðdegis. Nú æskja þeir, sem auglýsingin nær til, síðar á degi læknisvitjunar, og eiga þeir þá ekki heimtingu á henni fyrr en næsta dag, nema í aðkallandi nauðsyn.

#### 17. gr.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnaud eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans

en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Nú vitjar sjúklingur, búsettur utanhéraðs, héraðslæknis á lækningastofu hans eða annars staðar, þar sem hann er staddur innanhéraðs, og hefur hann þá sömu skyldu að sinna honum sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

#### 18. gr.

Ef tveir eða fleiri vitja héraðslæknis í senn eða annað embættisstarf kallar að á sama tíma, sem hans er vitjað, metur hann, að fengnum upplýsingum, hver nauðsyn kallar að í hverju tilfalli, og gegnir jafnan fyrst því erindinu, sem bráðastrar afgreiðslu þarfnað.

#### 19. gr.

Héraðslæknir skal jafnan sjá til þess, að sem auðveldast sé að komast að því, hvar hann er staddur hverju sinni, fyrir þá, sem þurfa að leita hans í lækniserindum.

#### 20. gr.

Héraðslæknir má ekki án leyfis landlæknis eða ráðherra vera fjarverandi úr héraði sínu lengur en 2 sólarhringa í senn nema í embættiserindum (sbr. 17. gr.).

#### 21. gr.

Héraðslæknir, sem forfallast á einhvern hátt um stundarsakir, skal sjá héraðinu fyrir viðunandi lækniþjónustu á meðan, ef unnt er, en láta tilkynna landlækni forföllin ella. Alvarleg forföll héraðslæknis skal tafarlaust tilkynna landlækni.

#### 22. gr.

Héraðslæknir hefur samráð við landlækni um það, hvenær hann tekur sér lögmætt orlof.

#### 23. gr.

Héraðslæknir, sem óskar að víkja frá héraði sínu, án þess að um lögmætt orlof sé að ræða, skal leita samþykkis landlæknis, ef um er að ræða skemmri fjarveru en 1 mánuð, en samþykkis ráðherra, ef um lengri fjarveru er að ræða. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt, að héraðslæknir sjái héraðinu fyrir lækniþjónustu, er landlæknir metur fullnægjandi.

### IV. KAFLI

#### Um lyfjasölu héraðslækna.

#### 24. gr.

Í héruðum, þar sem ekki eru sérstakar lyfjabúðir, hafa héraðslæknar á hendi lyfjasölu og sinna afgreiðslu lyfja á sama hátt og segir um aðra læknishjálp í III. kafla þessa erindisbréfs.

#### 25. gr.

Lyfjaverð fer eftir lyfjaverðskrá, sem í gildi er á hverjum tíma.

#### 26. gr.

Héraðslæknar, sem hafa á hendi lyfjasölu, skulu hafa til hennar viðunandi húsakynni og áhöld eftir stærð héraðsins og samkvæmt nánari fyrirmælum landlæknis.

#### 27. gr.

Héraðslækni er skylt að hafa í lyfjabúð sinni nægar birgðir af fyrirskipuðum lyfjum og að endurnýja þær eftir þörfum, svo og nægar birgðir nauðsynlegs hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna.

## 28. gr.

Héraðslækni er skylt að láta úti fyrirskipuð lyf einnig eftir ávísunum annarra lækna.

Nú sezt starfandi læknir að í héraði, þar sem ekki er lyfjabúð, og fer þá um afgreiðslu á lyfseðlum hans eftir samkomulagi milli hans og héraðslæknis.

## 29. gr.

Lyf og lyfjavarning, sem afgreiða má án læknisávísana, lætur héraðslæknir úti eftir sömu reglum, sem gilda þar um, er í hlut eiga lyfjabúðir.

## 30. gr.

Héraðslækni er ekki skylt að afgreiða lyf og lyfjavarning utan auglýsts viðtalstíma nema í nauðsyn.

## 31. gr.

Héraðslæknir má ekki fela aðstoðarmanni lyfjaafgreiðslu fyrir sig nema með samþykki landlæknis og þá innan þeirra takmarka, er landlæknir setur.

## 32. gr.

Þar sem eru lyfjabúðir, skulu héraðslæknar gera sér far um að fylgjast sem bezt með daglegum störfum þeirra og rekstri, og ef þeir verða þess varir, að starfsemi eða rekstri er á einhvern hátt ábótavant, skulu þeir tafarlaust gera landlækni viðvart.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 33. gr.

Héraðslæknir skal hafa öll áhöld og viðunandi húsakynni til almennra læknisstarfa, allt eftir nánari fyrirmælum landlæknis.

Áhöld sín skal héraðslæknir geyma í snyrtilegum verkfæraskáp og halda þeim svo við, að þau séu jafnan í nothæfu ástandi.

## 34. gr.

Héraðslæknir má ekki synja sjúklingi um nauðsynlega læknishjálp, þó að greiðsla geti ekki farið fram samstundis, né heldur þó að fullnægjandi trygging fyrir greiðslu sé ekki fyrir hendi.

Héraðslæknir, sem annast lyfjasölu, má ekki skorast undan að lána til bráðabirgða lyf handa sjúklingi í brýnni nauðsyn.

Slík bráðabirgðalán eru þegar gjaldkræf.

## 35. gr.

Héraðslæknir lætur starfandi ljósmæðrum í héraði sínu ókeypís í té nauðsynlegar ávísanir á fyrirskipuð ljósmæðralyf.

## 36. gr.

Héraðslækni er heimilt á sinn kostnað og sína ábyrgð að ráða sér aðstoðarlækni um lengri eða skemmri tíma til að gegna læknisstörfum ásamt sér. Samþykki landlæknis þarf þó til þess, að slíkur aðstoðarlæknir megi gegna embættisstörfum með héraðslækni.

## 37. gr.

Nú er héraðslæknir fyrir ellisakir eða vanheilsu orðinn ófær til að gegna héraðslæknisstörfum á viðunandi hátt, og verður honum þá ekki heimilað að fela aðstoðarlækni að gegna embættinu, án samþykkis ráðherra, nema um stundarsakir.

## 38. gr.

Héraðslækni er óheimilt nema með sérstöku leyfi ráðherra að takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma embættisstarfi hans.

## 39. gr.

Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns í samræmi við lög og reglur, er um það gilda á hverjum tíma.

## 40. gr.

Héraðslækni er skylt að taka við skipun um að annast þjónustu nágranna-héraðs gegn hálfum launum þess héraðs.

## 41. gr.

Embættisstörf héraðslækna samkvæmt lögum nr. 45/1962, um breyting á lækna-skipunarlögum nr. 16/1955, teljast, auk samfelldrar gegningarskyldu í héraði, öll þau störf, sem um er fjallað í I. og II. kafla þessa erindisbréfs, að undanskilinni skoðun á skólanemendum, læknisstörfum á heilsuverndarstöðvum, svo og ónæmis-aðgerðum, sem ekki eru lögskipaðar. Fyrir embættisstörf samkvæmt þessari grein kemur ekki sérstök greiðsla.

## 42. gr.

Erindisbréf þetta gengur í gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numið erindisbréf héraðslækna nr. 84/1934.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. marz 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá um Norðmannsgjöf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. marz 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### um Norðmannsgjöf.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Norðmannsgjöf og er eign Háskóla Íslands. Stofnandi sjóðsins er norskur Íslandsvinur, sem styrkja vill norræna menningarsamvinnu. Hann óskar að nafns síns verði ekki getið hvorki nú né síðar. Sjóðurinn er gefinn í tilefni af 50 ára afmæli Háskóla Íslands, og skal skýrt frá gjöfinni á háskólahátíð 1961. Til sjóðsins er einnig stofnað í tilefni af þeirri ákvörðun Dana að afhenda Íslendingum handrit í Danmörku.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2 millj. íslenzkar krónur, og hefur það þegar verið afhent rektor Háskóla Íslands. Ávöxtun sjóðsins og varzla hans er í höndum rektors og háskólaráðs. Fé sjóðsins má ekki leggja í áhættusöm fyrirtæki, en ávaxta má það í tryggu verðbréfum með öruggum vaxtatekjum.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti í höndum stjórnarnefndar, sem háskólaráð kys og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kys sér formann og ritara.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók, er löggilt sé af rektor Háskóla Íslands, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlegum tekjum skal verja annað tveggja til þess að verðlauna íslenzkan vísindamann, sem fjallar um málvísindi, sagnfræði, *félagsvísindi* eða *önnur hugvísindi (húmanísk vísindi)* eða til útgáfu íslenzkra handrita eða handritafræða eftir ákvörðun stjórnarnefndar. Deila má fé því, sem til úthlutunar kemur, í tvo hluta. Nú telur stjórnarnefndin, að enginn maður sé verður að hljóta verðlaun tiltekið ár og ekki sé heldur vert að styrkja útgáfu handrita, og ber þá að leggja tekjur sjóðsins það ár við höfuðstólinn *nema stjórnarnefnd samþykki að leggja þær við fé það, sem til úthlutunar kemur á næsta ári.*

## 4. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum frá Noregi eða Norðmönnum, sem dveljast utan Noregs, ef stofnandi sjóðsins fellst á það.

## 5. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin eldri skipulagsskrá, nr. 141 frá 6 október 1961.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 4 20 janúar 1962.

## 1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

## I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

## A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 400 aura hverja kwst.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar, þannig reiknað:
 

Fyrir notkun um ljósamælinn .....	400 aura á kwst.
Fyrir notkun um suðumælinn .....	110 — — —

 Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 Amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárn o. þ. h.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu þannig reiknað:
  - a. Fastagjald af gólfleti íbúðar .....
  - b. Orkugjald .....

75 aurar á m <sup>2</sup> á mán.	85 — — klst.
----------------------------------	--------------

 Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli á 200 aura hverja kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:
 

Fyrir fyrstu 20000 kwst. ársnotkun .....	93 aurar á kwst.
Fyrir næstu 30000 kwst. ársnotkun .....	88 — — —
Fyrir næstu 50000 kwst. ársnotkun .....	79 — — —
Fyrir næstu 100000 kwst. ársnotkun .....	66 — — —
Fyrir umfram 200000 kwst. ársnotkun .....	56 — — —

 Verð þetta miðast við að útsöluverð á díselolíu á Siglufirði sé 155 aurar lítrinn heimkeyrt, en fyrir hver full 10%, sem olíuverðið lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

**D. Hitun.**

Um kwst.mæli (séræli fyrir hitalögnina) á:

1. 45 aura hverja kwst.
2. 40 aura hverja kwst. gegn því skilyrði, að straumurinn sé rofinn með klukkurofa í allt að 3 klukkustundum hvern sólarhring, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra. Notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald rofans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til klukkurofa og kosti viðhald hans, og kostar þá notandinn tengingu rofans og greiðir leigu af honum samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
3. Rafveitunni er heimilt að selja raforku til hitunar yfir mánuðina maí—nóv., eða meðan vatn er yfirfljótanlegt á 30 aura kwst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að tæki, lagnir og allar búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrimælum rafveitunnar.

**E. Önnur raforkunotkun.**

1. Rafveitustjóri getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.

2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
3. Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sundlaugar, sjúkrahúsa og kirkna um kwst.-mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
4. Til fiskþurrkunarhúsa selst raforkan til hreyfla eftir gjaldskrárlið C 2, en fyrir hita til þurrkunar eftir D 2.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## 2. gr.

Á eftir 3. mgr. í III. kafla komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ný lögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, nýrra loftlína eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjóra í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 51 16. marz 1963.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir leiðsögu við Ísland.

#### I. KAFLI

Sumargjaldskrá (gildir á tímabilinu 1. apríl til 30. sept.).

#### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skipa er miðað við djúpristu skipsins, brúttóstærð þess og leið þá, sem skipið siglir með aðstoð leiðsögumanns.

#### 2. gr.

Fyrir hvern desimetra allt að 3 metrum, sem skipið ristir (þar sem það liggur dýpst), greiðast kr. 1.50. Fyrir hvern dm, sem er fram yfir 3 metra, allt að 4 m, greiðast kr. 4.50; fyrir hvern dm fram yfir 4 m, allt að 5 m, greiðast kr. 9.00; frá 5—6 m, kr. 15.00, en fyrir hvern dm fram yfir 6 m greiðast kr. 22.50. Brot úr dm telst sem heill dm.

#### 3. gr.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, sem leiðsögumaður leiðbeinir skipum, skulu greiddar:



Fyrir skip allt 100 rúmlestir brúttó .....		kr.	9.00
— — 100 rúml. og þar yfir, allt að 200 .....		—	11.25
— — 200 — — — — — 300 .....		—	13.50
— — 300 — — — — — 400 .....		—	15.75
— — 400 — — — — — 500 .....		—	18.00
— — 500 — — — — — 600 .....		—	20.25
— — 600 — — — — — 700 .....		—	22.50
— — 700 — — — — — 800 .....		—	24.75
— — 800 — — — — — 900 .....		—	27.00
— — 900 — — — — — 1000 .....		—	29.25
— — 1000 — — — — — 1100 .....		—	30.50
— — 1100 — — — — — 1200 .....		—	33.75
— — 1200 — — — — — 1300 .....		—	35.25
— — 1300 — — — — — 1400 .....		—	36.75
— — 1400 — — — — — 1500 .....		—	38.25
— — 1500 — — — — — 1600 .....		—	39.00
— — 1600 — — — — — 1700 .....		—	39.75
— — 1700 — — — — — 1800 .....		—	40.50
— — 1800 — og meira .....		—	41.25

Minnsta leiðsögugjald skal vera 300 kr. Fyrir skip sem fara eftir fastri áætlun lækka gjöldin um 25%.

Noti skip sama leiðsögumann fram og aftur, greiðast aðeins  $\frac{2}{5}$  af vegalengdar-gjöldunum samkv. þessari gr. fyrir heimleiðina, en heimleið er talin frá síðasta viðkomustað til heimilisstaðar leiðsögumanns.

#### 4. gr.

Nú fer skipið ekki beina leið, heldur stendur það við til þess að fá afgreiðslu, og sé viðstaðan lengri en 6 klst., á leiðsögumaður tilkall til dagpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað, og séu dagpeningar miðaðir við 30 kr. á klst. Auk þess ber honum fæði fyrir sjálfan sig og hjálparmann, er hann kann að hafa með sér.

#### 5. gr.

Nú fer leiðsögumaður ekki með skipinu heim til sín, heldur fer hann heim í eigin bát. Bera honum þá heimferðarpeningar, sem eru 130 kr. fyrir hverja sjómílu, en hafi hann engan bát og þurfi að fara landveg eða með skipi frá þeirri höfn, þar sem hann yfirgefur skipið, skulu heimferðarpeningar ákveðnir eftir vegalengd og ástæðum og eftir samkomulagi milli skipstjóra og leiðsögumanns. Náist ekki samkomulag, ákveður ráðherra gjaldið, en skipstjóri setur tryggingu fyrir greiðslu þess.

#### 6. gr.

Fyrir leiðsögu um Hvammsfjarðarröst greiðast þessi gjöld:  
Fyrir eina ferð um röstina:

Skip minni en 500 rúmlestir .....		kr.	375.00
— 500 rúml. og meira, allt að 700 .....		—	525.00
— 700 — — — — — 900 .....		—	675.00
— 900 — — — — — 1100 .....		—	825.00
— 1100 — — — — — 1300 .....		—	975.00
— 1300 — — — — — 1500 .....		—	1125.00
— 1500 — — — — — 1800 .....		—	1275.00
— 1800 — — stærri .....		—	1425.00

Fyrir leiðbeiningar fram og aftur um röstina, enda dvelji leiðsögumaður á skipinu meðan það er í Hvammsfirði:

Skip minni en 500 rúmlestir .....	kr.	570.00
— 500 rúml. og meira, allt að 700 .....	—	795.00
— 700 — — — — 900 .....	—	1020.00
— 900 — — — — 1100 .....	—	1245.00
— 1100 — — — — 1300 .....	—	1470.00
— 1300 — — — — 1500 .....	—	1695.00
— 1500 — — — — 1800 .....	—	1920.00
— 1800 — — stærri .....	—	2145.00

Auk þessara gjalda greiðist djúpristugjald samkvæmt 2. gr. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

Dvelji leiðsögumaður á skipinu samkvæmt beiðni skipstjóra eða verði hann veðurtepptur á því meðan skipið er á Hvammsfirði, fær hann 300 kr. dagpeninga.

## II. KAFLI

Vetrargjaldskrá (gildir á tímabilinu 1. apríl til 30. september).

### 7. gr.

Gjöldin samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. hækka um einn þriðjung, en samkvæmt 4. gr. haldast þau óbreytt.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 12 12. janúar 1934.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Akureyri.

### 1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akureyri, á lóð eða leigir lóð í bæn-um við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða til bæjarsjóðs Akureyrar árlega holræsagjald, 0.6% — 0.6 af hundraði — af fasteignamatsverði húss eða íbúðar og 1% — 1 af hundraði — af fasteignamatsverði lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að hækka holræsagjald þetta um allt að helming án þess að leita þurfi til þess samþykkis ráðuneytisins.

### 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- eða íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðiljar ábyrgð

á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 3. gr.

Holræsagjald skal reiknað í heilum og hálfum tug króna. Minna en hálfum tug skal sleppt.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66 14. nóvember 1917, um holræsagjöld á Akureyri og vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri, nr. 48 frá 15. apríl 1925.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1964.

Í stað þeirra iðgjalda, sem ákveðin voru með reglugerð nr. 243 31. desember 1963, skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga, nr. 40/1963, vera árið 1964 sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:
 

a. Hjón .....	kr. 3135.00
b. Karlar .....	— 2850.00
c. Konur .....	— 2140.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:
 

Fyrir hverja vinnuviku .....	— 28.50
------------------------------	---------

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 2 28. febrúar 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði reglugerðar nr. 243 31. desember 1963 um upphæð gjalda þessara.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUR

um breytingu á starfsreglum fyrir öryggiseftirlit ríkisins, nr. 21 18. febrúar 1953.

### 1. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðist þannig:

Fyrir starf sitt fá umdæmisskoðunarmenn hluta eftirlitsgjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum öryggismálastjóra, hver hlutur umdæmisskoðunarmanna skuli vera. Feli öryggismálastjóri umdæmisskoðunarmanni rannsókn slyss eða framkvæmd aukaskoðunar vegna umbóta, sem kann að hafa verið krafizt við fyrri skoðun, ber honum fyrir það þóknun, sem öryggismálastjóri ákveður hverju sinni.

Umdæmisskoðunarmenn láta öryggismálastjóra í lok hvers árs í té skýrslu um störf sín í þágu eftirlitsins.

### 2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 10. marz 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Brynjólfr Ingólfsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Akureyrarkaupstað.

### I. KAFLI

**Takmörk hafnarinnar.**

#### 1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Enn fremur nær höfnin yfir svæðið frá nefndri línu norður að beinni línu, sem hugsast dregin beint til austurs frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar. Austur-takmörk þessa svæðis, sem liggur norðan við ofanefnda línu úr Glerárós í Geldingsá, eru í miðjum Eyjafirði, en að vestan takmarkast það af landinu.

### II. KAFLI

**Stjórn hafnarinnar.**

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hafnarnefnd er skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Bæjarstjórn Akureyrar kys á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar tvo menn úr hópi bæjarfulltrúa og tvo menn utan bæjarstjórnar í hafnarnefnd. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.

Kjörtímabil hafnarnefndar er það sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri boðar fundi hafnarnefndar og stýrir þeim.

Hann er framsögumaður nefndarinnar í bæjarstjórn.

Hafnarvörður á sæti á fundum hafnarnefndar og hefur þar málfrelsi og tilögurétt.

### 3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður og verkstj. hafnarinnar í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar hafnarvörð og aðra fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

## III. KAFLI

### Um almenna reglu.

#### 4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sé óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir bæjarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

#### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum sem þar eru unnin.

#### 6. gr.

Böð nálægt landi eða við bryggju hafnarinnar eru bönnuð, nema með leyfi lögreglustjóra. Öll skot að óþörfu eru bönnuð innan hafnarinnar. Með sérstöku leyfi lögreglustjóra er heimilt að skjóta svartbak á Leirunni við ósa Eyjafjarðarár.

#### 7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu.

Áliti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

## 8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

## 9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi í höfnina.

Ekki má gera nein mannvirki við höfnina né breyta þeim, sem nú eru, s. s. fylla eða dýpka í höfninni, leggja akkerum eða festa múrningum, nema með leyfi hafnarnefndar.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

## 10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja og leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

## 11. gr.

Í sérhverju skipi eða fari (að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlous í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða við festarstólpa. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þykir þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

## 13. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

## 14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## V. KAFLI

## Notkun hafnarbryggjana.

## 15. gr.

Skip hafa að jafnaði rétt til að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfnu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

## 16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

## 17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem hafnarvörður vísar til.

## 18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

## 19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur, jafnskjótt sem hafnarvörður krefst þess.

Sé það eigi gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

## VI. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarvarðar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi taka það upp eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, þá getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu, hvað legu snertir, þó að það sé mannlaut, þá er honum leyfi-

legt að leggja skipinu og láta það liggja án þess menn séu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós í skipum utan þess svæðis.

Ljós skal tendra á skipum þessum og hljóðbendingar skulu gerðar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðarreglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

#### 21. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það, svo fljótt sem auðið er. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

### VII. KAFLI

#### Um hafnargjöld.

#### 22. gr.

##### Um lestagjald.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvisi ákveðið, greiðist lestagjald af brúttóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

#### 23. gr.

- a. Af skipum, sem eru stærri en 10 brúttórúmllestir og eru eign Akureyringa og skrásett þar, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 10.00 fyrir hverja rúmllest. Gjald dagi er 2. janúar.
- b. Innlend fiskiskip skulu greiða lestagjald kr. 1.00 fyrir hverja rúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.

Strandferðaskip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, skulu greiða kr. 0.50 fyrir hverja rúmllest, þó ekki meira en kr. 10.00 á ári hverja hverja rúmllest.

- c. Öll önnur skip, sem hafnar koma, skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja rúmllest í lestagjald. Undanþegin lestagjaldi eru þó herskip, varðskip og björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

#### 24. gr.

Hafi skip legið á höfninni 30 daga, skal greiða lestagjaldið að nýju fyrir hverja 30 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

#### 25. gr.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs: Hvert skip, stærra en 10 brúttórúmllestir, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllestatölu skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum skal sleppa. Bryggjugjaldið er kr. 0.40 af brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en kr. 50.00 í hvert sinn.

Undanþegin bryggjugjaldi eru björgunar- og varðskip og herskip.

- b. Gjald af bryggjum einstakra manna: Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá



Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, greiði samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs  $\frac{1}{2}$  bryggjugjald.

Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

26. gr.

Bátar minni en 10 brúttórúmllestir eru undanþegnir lesta- og bryggjugjaldi, en greiða skulu þeir, einu sinni á ári, kr. 300.00 í skipakvíargjald. Gjald dagi þess er 2. janúar ár hvert.

VIII. KAFLI  
Um vörugjald.

27. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

28. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskrá, greiðist ekkert gjald.

Ekkert vörugjald greiðist af vörum fluttum til og frá Akureyri með pósthátum Drang, frá og til hafna á Norðurlandi.

29. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþagnar vörugjaldi:

- a. Afli skipa, sem lagður er á land til neyzlu, verkunar eða vinnslu á Akureyri.
- b. Nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Olía, salt, ís, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til notkunar, þegar þær eru fluttar á skipsfjöl.
- e. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

30. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikninga vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnargjaldkera í té endurrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts, gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarverði ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

31. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 2.00.

Þó skal heimilt að fella niður vörugjald, sem ekki nær kr. 5.00.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, skal hafnarvörður úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 32. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 pr. 100 kg:  
Kol, koks, salt, sement, leir, kalk, vörur úr ódýrum steinefnum, s. s. legsteinar, hleðslusteinar, gólf- og veggflísar úr steinefnum, vikur.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 pr. 100 kg:  
Kornvörur, mjölvörur, garðávextir, fóðurbætir, tilbúinn áburður, sjávar-  
afurðir til útflutnings, landbúnaðarafurðir til útflutnings og iðnaðar-  
vörur til útflutnings.
3. flokkur. Gjald kr. 3.50 pr. 100 kg:  
Benzín og oliur, sykur, ull, kjöt, kaffi, kaffibætir og hráefni til þess, feiti og oliur til smjörlikis-, sápu- og málningarframleiðslu, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hreinlætistæki, gler, óunnið járn, bárujárn og saumur.
4. flokkur. Gjald kr. 10.00 pr. 100 kg:  
Hráefni til iðnaðar ót. a., útgerðarvörur, vélar og mótórar ót. a., þunga-  
vinnuvélar, landbúnaðarvélar og tæki, bifreiðar, bifhjól og hjólhestar og varahlutir til þeirra, tjara, bik, asfalt, byggingarefni ót. a., þ. á m. gólfdukar úr línoleum, pappa, plasti og asbesti.
5. flokkur. Gjald kr. 20.00 pr. 100 kg:  
Pappírsvörur, nýlendu- og hreinlætisvörur, leirvörur, glervörur og bú-  
áhöld, ávextir, leðurvörur, brauðvörur, gúmmívörur, plastvörur, kál-  
meti og plöntur, jarðstrengir og vír alls konar og allar aðrar vörur, sem ekki eru annars staðar taldar og gjald er reiknað eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald kr. 30.00 pr. 100 kg:  
Lyfjavörur, vefnaðarvörur, snyrtivörur, rafmangsvörur, niðursuðuvörur ót. a., kryddvörur, sportvörur s. s. ljósmyndavörur, áttavitar, klukkur, mælitæki, símataeki, útvarpstæki og upptökutæki, leikföng, skot og skot-  
færi, húsgögn.
7. flokkur. Gjald kr. 40.00 pr. 100 kg:  
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus, eldspýtur.
8. flokkur. a. Gjald kr. 20.00 fyrir hvern grip:  
Hestar, nautgripir, svín.  
b. Gjald kr. 5.00 fyrir grip:  
Sauðfé.  
c. Gjald kr. 1.00 fyrir stykki:  
Tómar tunnur.  
d. Gjald kr. 3.00 fyrir stykki:  
Síld og lýsi í tunnum.
9. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir teningsfet:  
Trjáviður.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir teningsfet.  
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

## IX. KAFLI

## Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

## 33. gr.

Fyrir geymslu á vörum á lóðum og í húsum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

## 34. gr.

Fyrir lóðir og lönd hafnarinnar, geymsluhús, verbúðir og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða fyrirtækjum um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald samkvæmt ákvörðun hafnarnefndar.

## X. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 35. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

## 36. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, bryggjugjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 2. janúar.

## 37. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur í 32. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Leigu samkvæmt 34. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðann, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

## 38. gr.

Öll skipagjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi, og gengur það í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XI. KAFLI

## Ýmis gjöld.

## 39. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemi 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

## 41. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá bæjarstjórninni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

## 42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 2. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

## 44. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 80 20. júní 1958 ásamt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 80 16. október 1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kWh-mæli á 465 auru hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á 130 auru hverja kWh, auk fastagjalds, er nemi kr. 704.00 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 22 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetragjaldið með 3.5.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasílfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjaldið skv. 1.—2. tölulið við kilovoltamperstundir í stað kilóvattstunda.

### B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kWh-mæli á 100 aura hverja kWh og auk þess fastagjald, kr. 90.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

### C. Vélanotkun.

1. Um kWh-mæli á 245 aura hverja kWh.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW: Aflgjald skv. kWh-mæli á kr. 975.00 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWh-mæli á 38 aura hver kWh. Minnsta aflgjald er kr. 4880.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8, er heimilt að miða afgjaldið við 80% af mestu kVA-notkun í stað kW-noktunar.

### D. Hitun.

1. Um kWh-mæli á 85 aura hverja kWh.
2. Um kWh-mæli á 38 aura hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
3. Um kWh-mæli á 19 aura hverja kWh, enda megi rjúfa strauminn frá kl. 9 til kl. 21.  
Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímabilinu frá kl. 12.30 til kl. 15.30.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastíllar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem Rafveitan kann að setja.
- e. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

### E. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað sé aflnotkun minnst 200 kW:  
Aflgjald 1400.00 kr. hvert árskW.  
Orkugjald: 14 aura hver kWh.

### F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
  - a. Um kWh-mæli á 235 aura hverja kWh.
  - b. Um mestastraumsrofa á 30 kr. hvert Ampér á mánuði. Rafveitustjóri ákveður, hvort settur skuli upp kWh-mælir eða mestastraumsrofi.

3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: 140 aurar hver kWh.  
 4. Þegar sértsaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

## II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
220 V kerfi.				
60 A 1-fasa .....	4 200	280	3 600	4 000
100 A 1-fasa .....	5 300	300	4 700	5 000
60 A 3-fasa .....	5 500	300	4 700	5 000
100 A 3-fasa .....	8 400	350	6 600	6 500
125 A 3-fasa .....	10 400	400	8 300	7 000
200 A 3-fasa .....	16 500	500	13 300	8 500
350 A 3-fasa .....	28 900	700		
380 V kerfi.				
60 A 1-fasa .....	4 200	280	3 600	4 000
60 A 2-fasa .....	6 100	300	5 800	5 000
60 A 3-fasa .....	8 900	300	8 300	5 400
100 A 3-fasa .....	14 400	350	11 500	7 400
125 A 3-fasa .....	17 900	400	14 300	8 000
200 A 3-fasa .....	28 800	500	23 200	9 800
350 A 3-fasa .....	48 200	700		

Fyrir heimtaugar með flutningsgetu 150 kVA og þar yfir (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 217.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 350, 430, 500 og 600 A. Yfirlengdargjald 350 ampera skv. töflu.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 60—200 A í 220 V kerfi og 60—125 A í 380 V kerfi, reiknast frá varkassa stytztu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar reiknast frá varkassa að rofalíndreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er yfir 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar, 60—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug, nær húsi en 40 m, svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umfrangjald kr. 2000.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna

samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá. Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, vegna breytingar á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á jarðstrengsheimtaug og loftlínuheimtaug skv. gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða annan kostnað, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við breytinguna, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breyting stofntaugarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda, eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

### III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 100 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með viðauka og breytingu frá janúar 1964, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 135 2. október 1961, ásamt síðari breytingu.

*Atvinnumálaráðuneytið, 17. marz 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUR

fyrir Norræna búsysluháskólann.

1. Norræni búsysluháskólinn er stofnaður af Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð í sameiningu í þeim tilgangi að efla og skipuleggja kennslu og rannsóknir í búsyslufraeðum á Norðurlöndum á vísindalegum grundvelli, er fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til annarrar háskólakennslu.
2. Fyrir skólanum er stjórn, skipuð tveimur fulltrúum frá hverju þessara landa: Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ásamt einum fulltrúa frá Íslandi.

Fulltrúarnir skulu skipaðir af hlutaðeigandi stjórnvaldi í hverju landi fyrir sig.

Formaður skal skipaður sérstaklega af viðkomandi stjórnvaldi í heimalandi sínu eftir samkomulagi menntamálaráðherra aðildarlandanna.

**Skipunartímabil stjórnarmanna er þrjú ár.**

3. Kennslan fer fram í deildum, og annast hana stofnanir, er stjórnin samþykkir og tengdar eru norrænum háskólum.

Í fyrstu er miðað við þessar deildir og stofnanir:

- a. Næringarefnadeild við Háskólann í Ósló.
- b. Hagfræðideild við Háskólann í Árósum.
- c. Veftadeild (tekstillinje) við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg.

Stjórnin getur viðurkennt aðrar deildir við hæfar stofnanir, að fengnu samþykki viðkomandi stjórnvalds í hverju landi.

Stjórnin getur einnig viðurkennt kennslu í þeim deildum, sem þegar eru fyrir hendi, við aðrar stofnanir, svo fremi, að námsskrá svari til þeirrar, sem þegar hefur verið samþykkt.

Leggja skal fyrir stjórnina til samþykktar námsskrá og prófreglur í hinum ýmsu deildum.

Stjórnin velur forstöðumann hvernar deildar í samráði við hlutaðeigandi háskóla.

4. Umsækjendur frá hverju aðildarlandanna fimm eiga jafnan rétt til inngöngu í háskólann, enda fullnægi þeir skilyrðum um undirbúningsmenntun.
5. Til að fá inngöngu í búsysluháskólann skulu umsækjendur að öðru jöfnu hafa lokið stúdentsprófi og húsmæðrakennaranámi eða sambærilegu námi.

Stjórnin getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi menntastofnun, sett sérstakar reglur um skilyrði til inngöngu í einstakar deildir. Þá getur og stjórnin, einnig í samráði við hlutaðeigandi menntastofnun, veitt undanþágu frá inn-gönguskilyrðum, ef sérstaklega stendur á.

6. Ef takmarka verður aðgang, getur stjórnin eftir tillögu frá og í samráði við hlutaðeigandi menntastofnun, ákveðið, hverjir umsækjenda skuli hljóta skólavist.
7. Að fengnu vottorði frá hlutaðeigandi menntastofnun(-stofnunum) um, að nemandi hafi stundað nám og staðizt próf, gefur stjórnin út prófskírteini honum til handa.
8. Stjórnin heldur fundi eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, og boðar formaður fundi.

Skylt er að halda fund, ef fjórir stjórnarmenn óska eftir því.

Stjórnin er ákvörðunarbær, þegar sex stjórnarmenn hið fæsta eru viðstaddir og þeirra á meðal eru fulltrúar allra þeirra landa, þar sem deildir háskólans starfa eða eru ráðgerðar í náinni framtíð.

Stjórnin getur, ef henni þykir henta, skipað framkvæmdanefnd til að annast ákveðin verkefni.

9. Stjórninni er heimilt að ráða ritara og afla sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem henni þurfa þykir.
10. Kostnaður við kennslu greiðist af því landi, sem hlutaðeigandi stofnun er staðsett í.
11. Útgjöld stjórnarinnar greiðast að jöfnu af Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.
12. Fjárhagsár stjórnarinnar er 1. júlí—30. júní.

Áætlun um útgjöld sín skal stjórnin eigi síðar en 1. marz árið áður leggja fyrir ríkisstjórn í heimalandi formanns. Ríkisstjórn sú, sem tekið hefur við



- fjárhagsáætluninni, tilkynnir, að fenginni umsögn frá ríkisstjórnnum hinna aðildarlandanna, að fjárhagsáætlunin sé samþykkt.
13. Fyrir lok marzmánaðar ár hvert skal stjórnin leggja fram reikninga næsta fjárhagsárs á undan, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda í heimalandi formanns. Reikningar og skýrsla endurskoðanda skulu send menntamálaráðuneytunum öllum.
  14. Þóknun formanns skal ákveðin af viðkomandi stjórnvaldi í heimalandi hans. Þóknun stjórnar og sérfræðinga hennar greiðist samkvæmt hagstæðustu norrænum reglum um greiðslu fyrir nefndarstörf.
  15. Stjórnin getur gert tillögu um breytingar á reglum þessum, þegar átta stjórnarmenn hið fæsta eru því samþykkir. Til þess að breytingar öðlist gildi, verða þær að hafa hlotið samþykki viðkomandi stjórnvalds í hverju aðildarlandi.
  16. Reglur þessar taka gildi hinn 1. júlí 1963, og telst sá dagur stofndagur búsysluháskólans.

## S T A T U T T E R

### for Nordisk husholdshøgskole.

1. Nordisk husholdshøgskole er opprettet av Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige i fellesskap, med det formål å fremme og organisere undervisning og forskning i husstellfag i Norden på vitenskapelig basis på samme nivå som undervisningen ved universiteter og høgskoler iøvrigt.
2. Skolen ledes av et styre bestående av to representanter for hvert av landene Danmark, Finland, Norge og Sverige samt en representant for Island.  
Representantene blir oppnevnt av vedkommende myndighet i hvert enkelt land.  
Formannen oppnevnes særskilt ved overenskomst mellom landenes undervisningsministre av vedkommende myndighet i formannens domicil-land.  
Medlemmenes funksjonstid bør være tre år.
3. Undervisningen deles i linjer og foregår ved av Styret godkjente institusjoner, knyttet til nordiske universiteter og høgskoler.  
Følgende linjer og institusjoner er i første omgang forutsatt:
  - a. ernæringslinje ved Universitetet i Oslo
  - b. økonomilinjje ved Århus Universitet
  - c. tekstillinje ved Chalmers tekniska högskola i Göteborg.
 Styret kan godkjenne ytterligere linjer ved dertil egnete institusjoner med samtykke av vedkommende myndighet i hvert enkelt land.  
Styret kan likeledes godkjenne undervisning på de opprettede linjer ved andre institusjoner under forutsetning av at undervisningsplanen svarer til den allerede godkjente.  
Styret skal få seg forelagt og godkjenne undervisningsplanene og eksamensordningene for de forskjellige linjer.  
Styret utpeker i samråd med vedkommende universitet eller høgskole en leder for de respektive linjer.
4. Som studerende ved Høgskolen kan på like linje opptas søkere fra de fem land, så fremt de oppfyller kravene til forkunnskaper.
5. For å bli opptatt ved Høgskolen skal søkerne normalt ha studenteksamen (examen artium) og husstellærerutdannelse eller tilsvarende utdannelse.

Styret kan etter samråd med vedkommende undervisningsanstalt etablere særregler for opptakelse ved de respektive linjer. For øvrig kan Styret — likeledes i samråd med vedkommende undervisningsanstalt — i særlige tilfelle dispensere fra opptakelsesreglene.

6. Skulle en begrensning av tilgangen vise seg nødvendig, kan Styret, etter innstilling fra og i samarbeid med vedkommende undervisningsanstalt, avgjøre rekkefølgen av søkerne.
7. På grunnlag av bevis fra undervisningsanstalten(e) for gjennomgatte kurs og beståtte prøver tildeler Styret kandidatene diplom.
8. Styret holder møte så ofte som nødvendig etter innkalling fra formannen, dog minst to ganger pr. år.

Fire styremedlemmer kan begjære møte avholdt.

Styret er beslutningsdyktig når minst seks medlemmer er til stede og alle de land hvor det er, eller i første omgang forutsettes å bli, opprettet utdanningslinjer, er representert.

Styret kan, om det finner det hensigtsmessig, nedsette arbeidsutvalg til å ivareta begrensede oppgaver.

9. Styret kan engasjere den sekretærhjelp og sakkyndige bistand som det finner påskrevet.
10. Utgiftene ved undervisningen bæres av det land hvor vedkommende institusjon ligger.
11. Styrets utgifter fordeles likelig mellom Danmark, Finland, Norge og Sverige.
12. Styrets budsjettår er 1. juli—30. juni.
 

Budsjett for styrets utgifter fremlegges av Styret seinest 1. mars i det foregående år for Regjeringen i det land som har oppnevnt formannen. Den Regjering som har mottatt budsjettet, meddeler — etter å ha innhentet uttalelse fra de øvrige deltakende lands regjeringer — godkjennelse av budsjettet.
13. Innen utgangen av mars hvert år avgir Styret regnskap for foregående budsjettår, revidert av revisor godkjent av vedkommende myndighet i det land som har oppnevnt formannen. Regnskap og revisjonsberetning innsendes til samtlige undervisningsministerier.
14. Godtgjørelse for formannen fastsettes av vedkommende myndighet i det land hvor han er oppnevnt. Godtgjørelse til Styret og dets eksperter skjer etter det gunstigste nordiske regulativ for komitearbeid.
15. Endringer i disse statutter kan foreslås av Styret når minst åtte medlemmer er enige. Endringer må, for å bli gjeldende, godkjennes av vedkommende myndighet i hvert enkelt land.
16. Disse statutter trer i kraft den 1. juli 1963, fra hvilket tidspunkt institusjonen anses for opprettet.

Framangreindar reglur fyrir Norræna búsysluháskólann voru samþykktar á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda í Reykjavík 2. júlí 1963.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. marz 7964.*

Gylfi P. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélagið Straumar í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Straumar. Heimili þess og varnarþing er í Leirár- og Melahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hverri jarðanna Skipanesi, Lyngholti og Læk.

Hver stofnandi greiðir stofngjald, fimm þúsund krónur, og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt. Allt vatn til daglegra nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

### 4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu, má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

### 5. gr.

Stofnkostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar, skal að jöfnum hluta greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, svo sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Félagisstjórnin ákveður upphæð hans þannig, fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkv. 2. málsgrein þessarar greinar, má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

### 6. gr.

Félagisstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnar- nefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

### 7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni

er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta. Verði hann ekki lögmætur, er boðið er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur og er hann þá lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, ber að geta þess í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

#### 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnaður í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

#### 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Straumar í Leirár- og Melahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Vatnsveitufélag Bæjarhverfis, Andakílshreppi.

**1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bæjarhverfis. Heimili þess og varnarþing er í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Laugarholt, Langholt, Jaðar, Nýi-Bær 1, Nýi-Bær 2, Bær 1, Bær 2, Laugabær, Laugateigur, Hellur, svo og Félagshimilið Brún.

Hver stofnandi greiði tvö þúsund og fimm hundruð krónur sem stofngjald og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

Félagshimilið hefur sömu réttindi og skyldur, sem hvert býli um sig.

**4. gr.**

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu, má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögsmæts félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvila til jafns við aðra félagsmenn, frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

**5. gr.**

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatnsnýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

**6. gr.**

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, er fjórir félagar, eða tveir stjórnarfélagar krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

**7. gr.**

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni

er tilkynnt fundarboðið bréflega, eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsóknin er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrjú menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggja önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

#### 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu vatnsveitu.

#### 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og sé að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Bæjarhverfis, Andakílshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Rafveitu Akureyrar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.10 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.13 hverja kwst., auk fastagjald er nemi kr. 564.00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> eða minna af gólfleti af rúmi því er lýsa skal, og kr. 17.40 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt flatarmál skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga má deila í fermetra-gjaldið með 3.5. Þennan gjaldskrárlíð má nota í verzlunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kw. og greiði notendur aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 15 fermetra gólfplatarmáls á ári.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósmælinn reiknast ljósgjald á kr. 4.10 á kwst., en á hinn mælinn kr. 1.08 á kwst.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.82 hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 0.82 á mánuði af hverjum fermetra gólfplatar íbúðarherbergja.

Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þvílíkt er að ræða.

##### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.05 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 348.00 á hvert kw. í málaun vélanna.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 5 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 500 klst. á ári, þannig:
  - Kr. 661.00 fyrir fyrstu 50 kw.
  - Kr. 543.00 fyrir næstu 50 kw.
  - Kr. 436.00 fyrir umfram 100 kw.Auk þess skal greiða kr. 0.34 fyrir fyrstu 200000 kwst. ársnotkun og kr. 0.25 fyrir umfram 200000 kwst.
3. Ef um meira en 5 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 500 klst. á ári, um kwst.mæli, þannig:
  - Fyrstu 50000 kwst. ársnotkun kr. 1.28 á kwst.
  - Notkun umfram það kr. 1.00 á kwst.
4. Rafmagn til súðurrkunar á kr. 0.31 fyrir hverja kwst.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.35 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur 1½ klst. í senn.

2. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.23 á kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og á kr. 0.46 á kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.185 hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.
4. Til hitunar í iðnaði:
  - a. Á kr. 0.47 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
  - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.28 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og á kr. 0.60 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði fyrir hann samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

**E. Önnur notkun.**

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

**II. MÆLALEIGUR**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árlega af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis	Upp að 30 Amp kr.	35—50 Amp kr.	55—110 Amp kr.	100—500 Amp kr.	Yfir 500 Amp kr.
1-fasa kwst.mælar .....	54.00	66.00	72.00		
3-fasa kwst.mælar .....	90.00	132.00	180.00	300.00	660.00
Tvígjalds- og mestastraumsælar	132.00	180.00	300.00	480.00	960.00
Klukkurofar og skiptiklukkur ..	228.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. OPNUN ARGJALD**

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 50.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.



3. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, sem reiknast þannig:

a. Nýjar veitur:

Fast gjald .....	kr. 15.00
Auk þess á hverja grein .....	— 5.00

b. Breyttar veitur:

Fast gjald .....	kr. 10.00
Auk þess á nýja grein .....	— 5.00

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

#### IV. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu um byggingar utan skipulagðra byggingasvæða.

Liður	A.	Málstraumur	Jarðstrengur		Loftlína	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25	1-fasa			1200.00	1600.00
2.	60	3-fasa			2400.00	2800.00
3.	60	3-fasa	3800.00	220.00		
4.	100	3-fasa	4900.00	250.00		
5.	200	3-fasa	9900.00	410.00		
6.	350	3-fasa	17400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur samkv. lögum nr. 10 1960, um söluskatt, og samkvæmt lögum frá febr. 1964, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 15 21. febrúar 1962.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. marz 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um skráningu sérlyfja.

#### 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á eyðublaði í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 1 með reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Umsóknin sendist í fjórriti. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð.

Umsækjandi fær síðan eitt eintakið.

#### 3. gr.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt sérlyf í ýmsum formum (töflur, hylki, stíla, smyrslí, augnsmyrslí, stungulyf o. s. frv., sbr. 10. gr.), enda verði þau skráð einu heiti á sérlyfjaskrá. Ef tvö eða fleiri form sérlyfs innihalda ekki sömu virk efni, ber að sækja um skráningu hvers fyrir sig.

Komi sérlyf á markað í nýju formi, skal sækja um skráningu þess, en vísa til eldra umsóknarnúmers.

#### 4. gr.

Umsókn fylgi:

1. Fjögur eintök af merkimiðum, eða sýnishornum af fyrirhuguðum merkimiðum eða umbúðum, sem auðkenna hvert form sérlyfs. Fylgi aðrar upplýsingar sérlyfi (pésar, blöð o. s. frv.), skulu fjögur eintök af þeim einnig fylgja umsókninni. Á merkimiða má ekki geta þess við hverju lyfið skuli notað, sbr. þó 59. gr. lyfsölulaga.
2. Tvö eintök af prentuðum ritgerðum (helzt sérprentunum), birtum eða óbirtum, er fjalli um framleiðslu, gerð, geymsluþol, lyfhrif, eiturverkanir og lækningagildi sérlyfs (sbr. 55. gr. lyfsölulaga). Nefndar ritgerðir skulu ritaðar á íslenzku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku eða þýzku. Ljósprentanir af ritgerðum má því aðeins senda með umsókn, að sérprentanir séu ófánlegar.
3. Upplýsingar um, að svo miklu leyti sem unnt er:
  - a) Hver hafi fundið upp virk efni lyfsins, svo framarlega sem þau eru ekki fánleg á frjáslum markaði, og hver hafi fyrstur sýnt fram á lækningagildi þess.
  - b) Leiguréttindi til að framleiða lyfið eða virk efni, ef umsækjandi hefur þau frá öðrum fyrirtækjum, uppfinningamanni, eða þeim, sem hefur sýnt fram á lækningagildi lyfsins eða virkra efna þess.
  - c) Hvort virk efni sérlyfs eru fánleg á frjálsum markaði.
  - d) Hvort aðrir framleiðendur selja sams konar sérlyf eða efni héraðs eða í nágrannalöndunum og hvenær sala þess hófst.
  - e) Önnur atriði, er máli skipta fyrir skráningu á sérlyfjaskrá samkvæmt lyfsölulögum.
4. Aðferðir til rannsóknar og efnagreiningar á lyfinu og upplýsingar um hreinleika, eðlisfræði- og efnafræðieiginleika virkra efna.
5. Ýtarleg greinargerð um uppruna og framleiðslu virkra efna sérlyfs, ef bygging þeirra er óljós (t. d. efni úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu). Enn fremur nákvæmar upplýsingar um, hvernig lyfhrif þeirra eru ákveðin (t. d. lífræðileg kvörðun og stöðlun).

6. Upplýsingar um verð sérlyfs til innflytjanda og lyfjabúða. Greina skal verð allra forma sérlyfsins í hvers konar umbúðum, að svo miklu leyti sem unnt er, þegar sótt er um skráningu.

Upplýsingar, sbr. 3.—6. lið, skal senda í tveim eintökum. Í erindum, sem varða áður sendar umsóknir, en ekki breytingar eða ný form, skal ekki senda nýja umsókn, heldur visa til fyrsta umsóknarnúmers.

5. gr.

Sérlyf, sem skráð er, skal tölusett í sérlyfjaskrá og skal á umbúðum sérlyfs, auk þess sem greinir í 59. gr. lyfsölulaga, greina skráningarnúmer lyfsins í sérlyfjaskrá þannig: Sérlyf nr. ....

6. gr.

Innflytjandi skal gæta þess, að sérlyf sé merkt skráningarnúmeri og auðkennt honum áður en sala hefst.

7. gr.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 500.00.

Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um önnur form eða breytingar á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn, en skráningargjald er þá eigi greitt.

8. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 350.00, er greiðist skrifstofu landlæknis fyrir 1. febr. ár hvert.

9. gr.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða. Mismunandi stórar söluumbúðir af sama sérlyfi teljast eitt form.

10. gr.

Með formi sérlyfs er átt við t. d. töflur, hylki, stíla, smyrslu, stungulyf o. s. frv.

11. gr.

Gjöld samkvæmt 7. og 8. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga og eru lögtakskræf.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 68. gr. lyfsölulaga.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. og 62. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

Fylgiskjal nr. 1.

Umsókn um skráningu sérlyfs samkvæmt X. kafla lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

Umsóknarnúmer	Greitt hinn
	Áður greitt samkv. umsókn nr.
Skráningarnúmer	Hér ritar lyfjaskrárnefnd
Gjald kr.	

1. Ef sótt er um breytingar eða ný form á sérlyfi, sem áður hefur verið sótt um skráningu á, skal geta fyrsta umsóknarnúmers.	
2. Nafn sérlyfs.	
3. Nafn framleiðanda og heimilisfang.	
4. Nafn viðurkennds umboðsmanns framleiðanda og heimilisfang.	
5. Framleiðslustaður, nafn og heimilisfang innlends fyrirtækis, ef það býr um erlend sérlyf í söluumbúðum.	
6. Framleiðslustaður virkra efna, ef ekki er hægt að kaupa þau á frjálsum markaði.	
7. Virk efni. Greina skal efnafræðihætti og byggingarformúlur að svo miklu leyti sem hægt er.	
8. Form sérlyfs.	
9. Upplýsingar um einkaleyfi og leiguréttindi (licence) er varða framleiðslu sérlyfs.	
10. Nákvæmt magn virkra efna í sérhverju formi sérlyfs. Auk þess skal greina öll burðarefni.	
Dagsetning	Umsókn veitt móttaka Skráningargjald greitt
Undirskrift framleiðanda eða viðurkennds umboðsmanns	Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,  (Dagsetning og undirskrift)

**A R Ð S K R Á**

fyrir Veiðifélag Bakkaár í Bæjarhreppi í Strandasýslu.

1. Prestsbakki .....	24.00
2. Hrafnadalur .....	15.00
3. Bakkasel .....	11.00
4. Bær .....	5.00
5. Jónssel .....	6.00
6. Ljótunnarstaðir .....	39.00

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## F Y R I R M Æ L I

### um dragnótaveiðar.

#### 1. gr.

Gerð dragnóta, sem leyfðar eru til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, skal vera sem hér segir:

Nótin er samsett úr tiltölulega stuttum poka og tveimur löngum vængjum. Á efra teini eru flár til að halda nótinni opinni, en blý á neðra teini. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest við vængina með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum hanafótum. Hlera er alls óheimilt að nota og hvað eina annað, sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

#### 2. gr.

Möskvastærð dragnóta skal minnst vera 110 mm. Þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

Óheimilt er að klæða nótina með nokkrum hætti.

#### 3. gr.

Um meðferð afla um borð í fiskiskipi gilda ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

#### 4. gr.

Um lágmarksstærð fisks, sem flytja má að landi, gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 166/1963, um það efni.

#### 5. gr.

Skipstjóra fiskiskips, sem stundar dragnótaveiðar, ber að halda nákvæmar skýrslur um afla og veiðistaði á eyðublöðum, sem Fiskifélag Íslands leggur til. Skýrslurnar skulu sendar félaginu hálfmánaðarlega.

#### 6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum fyrirmæla þessara, svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréf til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 40 9. júní 1960.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi fyrirmæli nr. 57 14. júní 1961, um dragnótaveiðar.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. júní 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## REGLUGERÐ um gerð og búnað ökutækja o. fl.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hættu á skemmdum á vegi.

Eigandi og/eða umráðamaður, svo og ökumaður, bera ábyrgð á, að ökutæki sé í lögumæltu ástandi.

Stjórnækjum og merkjatakjum skal þannig komið fyrir í ökutæki, að auðvelt sé að nota þau. Skal ökumaður geta beitt þeim án þess að flytja sig til í sæti eða beina athygli frá akbrautinni.

##### 2. gr.

Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2.35 m. Vegamálastjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði og leyft allt að 2.50 m breidd. Vegamálastjóri má binda undanþágu þessa við ákveðna vegi utan kaupstaða, en lögreglustjóri í kaupstöðum.

Baksýnispegill, stefnumerki og snjókeðjur teljast ekki með breidd ökutækis.

Hæð ökutækis má aldrei vera meiri en 3.8 m.

Heimilt er að aka landbúnaðartæki og vinnuvél, enda þótt breiðara sé en segir í 1. og 2. mgr. Þó má breidd ekki fara fram úr 3.5 m, nema að fengnu leyfi vegamálastjóra.

Ákvæðin hér að framan um breidd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Þó skal samþykki vegamálastjóra koma til, ef aka þarf á vegum utan kaupstaða.

##### 3. gr.

Leyfileg hámarksþyngd vélknúins ökutækis á gúmhjólum, svo og tengivagns og festivagns með eða án farms, miðast við öxulþunga ökutækis, þannig:

a. Hámarksþungi á öxli er 6000 kg.

b. Hámarksþungi í tveim öxlum, sem eru nær hvor öðrum en 2.0 m, er 8000 kg.

Leyfileg heildarþyngd vélknúins ökutækis á beltum er 12000 kg.

Vegamálastjóri getur þó bæði leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækis á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúa eða vega.

Þá getur vegamálastjóri og veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

## II. KAFLI

## Bifreiðir.

## 4. gr.

Stýrisbúnaður bifreiðar skal þannig gerður, að unnt sé að stýra henni á auðveldan og öruggan hátt.

Bifreið skal þannig gerð, að a. m. k. fimmti hluti leyfðrar heildarþyngdar hennar hvíli á hjólum þeim, sem tengd eru stýrisbúnaði.

## 5. gr.

Í hverri bifreið skal vera hemlabúnaður til þess að stöðva hana á virkan, öruggan og skjótan hátt. Skal honum ávallt haldið í fullkomnu lagi.

Hemlabúnaður skal vera tvenns konar: Aksturshemill og stöðuhemill. Aksturs- og stöðuhemlar skulu verka óháðir hvor öðrum. Vökva- eða loftbúnaður á stöðuhemli er óheimill.

Aksturshemlar skulu verka á öll hjól bifreiðar og jafnt á þau hjól, sem á sama öxli eru.

Stöðuhemlar skulu verka beint eða óbeint á a. m. k. tvö gagnstæð hjól bifreiðar. Með stöðuhemli skal vera unnt að stöðva bifreið og halda henni í hemlunarstöðu, þótt ökumaður yfirgefi hana.

Nú verður aksturshemlum aðeins beitt með þrýstilofti, soglofti eða rafmagni, og skal þá vera tæki í mælaborði, sem sýni ökumanni greinilega, hvort hemlabúnaðurinn sé hæfur til tafarlausrar notkunar.

Með aksturshemli skal vera unnt að stöðva bifreið á 15 m vegalengd á láréttum malarvegi, ef bifreiðin er á 40 km hraða miðað við klukkustund.

## 6. gr.

Á hverri bifreið skal vera ljósabúnaður sem hér segir:

## 1. Aðalljósker.

## A. Háljós.

Ljósker skulu vera tvö framan á bifreið. Þau skulu vera jafnhátt yfir akbraut, nálægt hliðum bifreiðar og jafnlangt frá miðju hennar. Miðja ljósakers má ekki vera hærra yfir akbraut en 125 cm, nema leyfi bifreiðaeftirlits ríkisins komi til. Háljós skulu lýsa akbraut vel með hvítu eða daufgulu ljósi a. m. k. 100 m fram fyrir bifreið. Ljósið skal dreifast hæfilega til beggja hliða. Ljósker skulu þannig stillt, eða aðalljós magninu sé beint nokkuð niður á við. Hvor lampi má eigi vera yfir 50 vött.

## B. Lágljós.

Ljósker skulu vera tvö framan á bifreið. Þau skulu vera jafnhátt yfir akbraut, nálægt hliðum bifreiðar og jafnlangt frá miðju hennar. Miðja ljósakers má eigi vera hærra yfir akbraut en 110 cm, nema leyfi bifreiðaeftirlits ríkisins komi til. Lágljós skulu lýsa akbraut með hvítu eða daufgulu ljósi, þannig að hún sé næjanlega lýst 30 m fram fyrir bifreiðina, án þess að valda öðrum vegfarendum glýju. Hvor lampi má ekki vera yfir 40 vött. Lágljós mega vera sambyggð háljósam.

Lágljósabúnaður skal vera af annarri hvorri þeirri gerð, sem hér segir:

a. Samhverf (symmetrisk) lágljós, sem er þannig komið fyrir, að aðalljós magninu er beint til vinstri hliðar og niður á við, enda nái það ekki hærra upp en 10 cm fyrir neðan ljóskerin í 10 m fjarlægð á sléttum, láréttum vegi.

b. Mishverf (asymmetrisk) lágljós af gerð, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir. Ljósker og lampar skulu stilltir þannig, að sá hluti ljósgeislanna frá hvoru



ljóskeri, sem lendir hægra megin við hugsaðan, lóðréttan flöt (plan) um miðju ljóskersins samhliða lengdarás bifreiðar, uppfylli skilyrði a-liðs hér að framan.

2. Ljósker fyrir tvö hvít eða rauðgul stöðuljós framan á bifreið, sýnileg a. m. k. 150 m fjarlægð án þess að valda glýju. Stöðuljósker skulu vera jafnhátt yfir akbraut, sitt hvoru megin á bifreiðinni, jafnlangt frá miðju hennar og eins utarlega og unnt er. Ytri brún ljósflatar stöðuljóska má eigi vera fjær yztu brún bifreiðar en 40 cm. Stöðuljós skulu lýsa samtímis aðalljósum, ef ytri brún ljósflatar aðalljósa er fjær yztu brún bifreiðar en 40 cm. Stöðuljós mega vera sambyggð aðaljósum.

3. Ljósker, er lýsi aftara skráningarmarki með hvítu ljósi, þannig að merkið sé læsilegt í a. m. k. 20 m fjarlægð.

4. Ljósker, tvö eða fleiri, fyrir rauð afturljós, er séu sýnileg í a. m. k. 150 m fjarlægð án þess að valda þeim, sem á eftir koma, glýju. Á ljóskerum skal vera hlíf úr rauðu gleri eða öðru viðurkenndu efni. Þau skulu vera jafnhátt yfir akbraut og jafnlangt frá miðju bifreiðarinnar. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur leyft notkun bifreiðar með einu afturljóskeru, ef hún hefur verið notuð þannig fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Ekki má vera unnt að slökkva á ljósum samkv. 3. og 4. tölulið, ef ljós loga framan á bifreið.

5. Ljósker fyrir hemlaljós, sem skal vera rautt eða rauðgult og lýsa aftur fyrir bifreið, þegar aksturshemli er beitt. Lampi má eigi vera yfir 20 vött og eigi má ljósið valda þeim, sem á eftir koma, glýju. Ef hemlaljós er rautt og sameiginlegt eða tengt afturljósi samkv. 4. tölulið, skal ljósstyrkur þess vera meiri en afturljóssins. Hemlaljós má eigi vera hærra yfir akbraut en 175 cm. Ef hemlaljós eru fleiri en eitt, gilda reglur 4. töluliðs um staðsetningu þeirra.

6. Stefnuljós af einhverri eftirtaldrá gerða:

a. Ljósker sitt hvoru megin framan og aftan á bifreið. Skulu þau lýsa með hvítu eða rauðgulu ljósi með vissu millibili fram fyrir og rauðu eða rauðgulu ljósi aftur fyrir bifreiðina.

b. Ljósker, eitt eða fleiri, á hvorri hlið bifreiðar, er lýsi fram og aftur, eins segir í a-lið.

c. Hreyfanlegur armur á hvorri hlið bifreiðar. Armarnir skulu vera með rauðgulu ljósi, þegar þeir eru í láréttri stöðu eða sveiflast upp og niður.

Tíðni ljósa samkv. a- og b-lið skal vera 60—120 rið á mínútu. Stefnuljósker skulu staðsett þannig, að ljósin sjáist greinilega frá stöðum á framlengdri miðlengdarlínu bifreiðar, 10 m fyrir framan og 10 m fyrir aftan hana. Á vörubifreið með opnum palli skal miða við, að hann sé hlaðinn að yztu brún. Ljós frá stefnuljóskerum samkv. a- og b-lið, skal vera sýnilegt, einnig í sólskini, í 30 m fjarlægð. Ef nauðsynlegt er, má nota saman stefnuljós samkv. a—c-liðum. Skal það m. a. gert, ef ljós samkv. a-lið sést ekki nægjanlega frá hlið. Stefnuljós samkv. a- og b-lið mega ekki vera hærra yfir akbraut en 175 cm. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Ef stefnuljós eru ekki tengd stýrisbúnaði eða timarofi stöðvar ekki merkjagjöf, skulu þau tengd sérstökum ljósa- eða hljóðmerkjabúnaði, er gefi öikumanni til kynna, hvenær þau eru í notkun.

7. Rauð glitaugu aftan á bifreið. Glitaugu mega vera sambyggð afturljóskerum. Þeim skal komið fyrir með þeim hætti, sem í 4. tölulið segir um afturljós, þó eigi hærra yfir akbraut en 120 cm. Á vörubifreið skulu vera glitaugu, eigi minni en 15 cm<sup>2</sup> hvort, aftan á báðum pallhornum, þó hærra sé en 120 cm. Sama gildir, þótt pallur sé yfirbyggður.

8. Mælaljós. Í mælaborði skal vera ljósabúnaður til lýsingar hraðamælis. Enn fremur merkiljós, er lýsi, þegar háljós loga.

9. Á öllum bifreiðum, sem eru að breidd 2.35 m eða þar yfir, skulu vera tvö rauð ljós að aftan og tvö daufgul ljós að framan, sitt til hvorrar hliðar og í sömu hæð á yfirbyggingu bifreiðarinnar, er sýni breidd hennar, og séu ljósin ekki fjær yztu hliðarbrún yfirbyggingar en 0.15 m, miðað við miðju ljóskersins.

#### 7. gr.

Auk þess, sem segir í 6. gr., má hafa eftirtalinn ljósabúnað á bifreið:

1. Ljósker fyrir þokuljós, gul eða hvít, framan á bifreið. Ljósker skal vera fast og ekki í meiri hæð en ljósker lágkjósa. Gler ljóskers skal dreifa ljósi vel til hliða. Ljósker skal þannig stillt, að ljósið valdi ekki þeim, sem á móti koma, verulegri glýju. Lampi má eigi vera yfir 35 vött. Tenging þokuljósa skal vera þannig, að þau verði ekki tendruð, nema stöðuljós logi. Ljósin má aðeins nota í þoku, úrkomu eða skafrenningi.

2. Hliðarstöðuljós. Á hliðum bifreiðar má hafa ljósker, er lýsi með hvítu, gulu eða rauðgulu ljósi fram á við og rauðgulu eða rauðu ljósi aftur á við, enda sé umbúnaður ljósanna þannig, að þau valdi ekki glýju. Ljós þessi mega ekki loga samtímis öðrum ljósum utan á bifreið.

3. Ljósker fyrir akstur aftur á bak. Ljósið skal vera hvítt eða gult og beinast niður á við. Ljós þessi má ekki vera unnt að nota nema með timarofa eða þegar gir er í afturábakstöðu.

4. Hreyfanlegt leitarljósker fyrir hvítt eða daufgult ljós. Ljósferið má ekki nota við akstur né beina því þannig, að ljósið valdi öðrum vegfarendum glýju.

5. Innljós. Ljós þessi má því aðeins nota í akstri, að búnaður sé í ökutækinu til að koma í veg fyrir, að þau dragi verulega úr sjónhæfi ökumanns.

6. Á dráttarbifreiðum og kranabifreiðum má vera lýsandi aðvörunarmerki. Merkið skal vera vel sýnilegt framan frá í a. m. k. 150 m fjarlægð. Lögum merkis skal vera jafnhliða þríhyrningur og hver hlið ljósflatar hans a. m. k. 17 cm löng. Þríhyrningurinn skal vera gulur á dökkbrúnum grunni fyrir miðju framan á þaki ökumannshúss og vísi eitt hornið beint upp. Úr ökumannssæti skal vera unnt að fylgjast með því, hvort ljós logar.

7. Heimilt er að nota fleiri en tvö rauð glitaugu aftan á bifreið, enda valdi það vegfarendum ekki óþægindum.

8. Vinnuljós. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, og með þeim skilyrðum, er þurfa þykir, leyft sérstök vinnuljósker á bifreið. Þau skulu gefa frá sér gult eða hvítt ljós. Ekki má vera mögulegt að tendra þau, nema stöðuljós logi.

9. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur heimilað notkun dauft lýstra merkja á bifreið til auglýsinga eða upplýsinga. Ljósið má ekki kvikna og slokkna á víxl. Það má ekki vera grænt að lit, rautt eða blátt.

#### 8. gr.

Öll ljósker og önnur ljósatæki utan á bifreið skulu vera af vandaðri gerð, ryk- og vatnsþétt eftir því sem unnt er. Þeim skal ávallt haldið vel við og hreinum.

Glitauga skal vera úr varanlegu efni og vandað að gerð. Það skal sjást í a. m. k. 100 m fjarlægð, þegar háljósi bifreiðar er beint að því. Glitauga skal vera greinilegt, þó að stefna ljósgeisla, sem beint er að því, sé 30° frá hornrétttri stefnu á endurskinsflöt þess.

Glitauga skal þannig komið fyrir á ökutæki, að endurskinsflötur þess sé lóðréttur og hornréttur á lengdarás þess.

Rautt glitauga skal hafa a. m. k. 7 cm<sup>2</sup> endurskinsflöt.

## 9. gr.

Bifreið skal vera þannig gerð, að ökumaður hafi góða útsýn úr sæti sínu fram fyrir hana og til beggja hliða.

Framrúður skulu vera úr traustu og gallalausum efni, þannig að rétt mynd af umhverfinu sjáist í gegnum þær.

Efni í rúðum bifreiðar skal vera þannig, að oddhvöss eða hættuleg brot myndist ekki, ef rúða brotnar. Hliðargluggum skal komið þannig fyrir, að ökumaður sjái vel til hliða og skáhallt fram á við.

Á framrúðum skulu vera sjálfvirkar þurrkur, er hreinsi rúðurnar bæði vinstra og hægra megin á hæfilega stóru svæði.

Í bifreið skal vera einn eða fleiri hæfilega stórir baksýnispeglar, þannig komið fyrir, að ökumaður geti séð veginn fyrir aftan bifreiðina úr sæti sínu. Á fólksbifreiðum fyrir 10 farþega eða fleiri og vöruflutningabifreiðum skulu vera speglar á báðum hliðum, festir utan á stýrishús, þannig að ökumaður geti úr sæti sínu séð aftur með báðum hliðum bifreiðar.

## 10. gr.

Í hverri bifreið skal vera búnaður til að fyrirbyggja, að óviðkomandi maður geti ekið henni.

Hurðir allar og læsingar á þeim skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að opna þær og loka þeim, bæði að utan og innan, en eigi mega þær vera kviklæstar.

Í bifreið skal vera tæki til að gefa með hljóðmerki, er sé hæfilega hljómmikið og með jafnri tónhæð. Séu tækin fleiri en eitt, skulu þau hljóma samtímis.

Lögreglu-, slökkviliðs-, sjúkra- og viðurkenndar björgunarbifreiðir mega auk þess hafa sérstök hljóð- og ljósmerkjataeki.

## 11. gr.

Í bifreið skal vera mælir, er sýnir, hversu hratt henni er ekið. Mælinum skal þannig komið fyrir, að ökumaður geti auðveldlega séð á hann.

## 12. gr.

Á bifreið skulu vera hjólhlifar og/eða annar búnaður, t. d. aurhlifar, til varnar því, að vegfarendur verði fyrir aurslettum og grjótkasti.

## 13. gr.

Nú er eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg og skal þá vera í henni búnaður, sem stjórnari má úr ökumannssæti, til aksturs aftur á bak.

## 14. gr.

Hreyfill bifreiðar skal þannig gerður og við haldið, að ekki stafi frá honum ónaúðsynlegur reykur eða hávaði.

Hreyfill, eldsneytisgeymir og leiðslur skulu varðar eftir því sem unnt er fyrir utanaðkomandi skemmdum og þannig gerðar, að hætta á íkviknun sé sem minnst.

Á útblásturspípu hreyfils skal vera tæki, er dragi úr hávaða. Skal endi pípunnar koma aftan undan bifreiðinni eða upp í loftið ofan við hana.

## 15. gr.

Hitunartæki bifreiðar mega ekki vera þannig, að kolsýrlingur komist inn í hús hennar. Verja skal þá hitafleti, sem hitnað geta upp í 70° C., þannig að eigi sé unnt að snerta þá.

Óheimilt er að leiða útblástursloft vélar um farþegahús bifreiðar.

Bifreiðæftirlit ríkisins má banna notkun hitunartækja, sem hættuleg geta talizt lífi eða heilbrigði manna.

## 16. gr.

Óheimil er notkun bifreiðar, ef framan á henni er skraut eða annað, sem líklegt má telja, að valdi sérstöku eða auknu tjóni, ef umferðarslys verður af notkun bifreiðarinnar.

Hurðarhandföng, lamir og annar búnaður á bifreið skal þannig gerður, að vegfarendum stafi ekki hættu af.

## 17. gr.

Á hjólum bifreiðar skulu vera gúmbarðar, hæfilega loftfylltir.

Slitflötur gúmbarða skal vera mynztraður og skulu raufar í mynztrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.

Þegar snjór eða ísing er á vegi, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað (t. d. gúmbarða með grófum mynztrum eða með nöglum), sem veitt getur viðnám. Eigi leysir notkun þessa búnaðar ökumann undan því að sýna ýtrustu varúð í akstri.

Keðjur skulu þannig búnar, að fjarlægð milli þverbanda sé ekki meiri en svo, að eitt faststrengt band snerti akbrautina.

## 18. gr.

Í hverri bifreið skal vera greinilega greypt nafn framleiðanda eða vörumerki. Skal það vera á stað, þar sem það sést auðveldlega. Á grind bifreiðar eða undirvagn skal letra tegundarheiti og númer og á hreyfil númer hans. Merki á plötu, festri með skrúfum, er ekki fullnægjandi. Óheimilt er að breyta framangreindum áletrunum.

## III. KAFLI

## Sérreglur um stórar fólksbifreiðir og vörubifreiðir.

## 19. gr.

Um fólksbifreiðir, sem ætlaðar eru til flutnings 16 farþega eða fleiri, gilda eftirfarandi reglur:

Farþegabyrgi skal vera úr traustu, gallalausum efni og vandað að gerð.

Sérstakur búnaður skal vera til þess að eyða móðu og hrími af framrúðu og fremstu hliðarrúðum.

Á bifreiðunum skulu aðaldyr vera á vinstri hlið. Bifreiðaeftirliti ríkisins er heimilt að krefjast aukadyra, svo og ljóra, sem unnt er að draga til hliðar eða losa og nota sem neyðardyr. Dyrabúnaður og þrep skulu vera þannig, að auðvelt sé að komast inn í bifreiðina og úr henni.

Farþegasæti mega ekki vera frammar en ökumannssæti. Lofthæð frá sæti skal vera a. m. k. 95 cm, breidd farþegasæta 43 cm, en breidd milli sætaraða 75 cm. Miðgangur milli sæta má eigi vera undir 30 cm.

Séð skal fyrir hæfilegri loftræstingu í bifreiðinni.

Nálægt ökumannssæti skal komið fyrir slökkvitæki, sjúkrakassa og hamri eða öxi, samkvæmt nánari fyrirætlunum bifreiðaeftirlits ríkisins.

Senda skal bifreiðaeftirliti ríkisins til samþykktar uppdrætti af yfirbyggingum, áður en smíði þeirra er hafin, hvort sem um nýbyggingu eða breytingu er að ræða. Uppdráttur skal sýna útlit bifreiðar og grunnmynd með sætafyrirkomulagi ásamt einum þverskurði um miðju bifreiðarinnar. Stærð uppdráttar skal vera  $420 \times 594$  mm, en mælikvarði 1:25, 1:20 eða 1:10 eftir stærð bifreiðar.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár og er skylt að sýna þau lögreglumönnum,

ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Auk framangreindra ákvæða gilda reglur laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum um sérleyfis- og hóperðabifreiðir.

#### 20. gr.

Á vörubifreið má fjarlægð frá miðju afturöxuls til afturenda palls eigi vera meiri en 50% af bili milli öxla, nema á frambyggðri bifreið, þar má hún vera allt að 60%. Sama gildir, ef afturöxlar eru tveir, en þá skal miða við miðju bilsins milli þeirra. Eigi má pallur ná nema 30 cm aftur fyrir grind.

Auk þessa skal eftirfarandi skilyrða gætt:

1. Miðja palls vörubifreiðar með einföldu stýrishúsi (einni röð sæta) má eigi vera fyrir aftan afturöxul, nema leyfi bifreiðaeftirlits ríkisins komi til.

2. Nú er bifreið ætluð til fólksflutninga jafnframt vöruflutningum (bifreið með farmrými og meira en einni röð sæta), og má þá lengd farmrýmis eigi vera meiri en svo, að a. m. k. 25% af heildarþyngd bifreiðarinnar, fullhlaðinnar, komi á framöxul.

3. Á vörubifreið, sem skráð er fyrir 1000 kg farm eða minna, má miðja farmrýmis eigi vera lengra fyrir aftan afturöxul en nemi  $\frac{1}{20}$  hluta af bili milli öxla.

#### 21. gr.

Óheimilt er að nota vörubifreið til flutnings farþega á palli, nema í vönduðu skýli, örugglega festu á pallinn. Bifreiðaeftirlit ríkisins metur, hvort skýlið fullnægir öryggisreglum. Flytja má aðstoðarmenn um stuttan veg á palli, enda þótt þar sé ekki skýli. Skal þá vera traust handfang á efri brún stýrishúss eða fremst á vörupallinum og mega þar ekki fleiri vera en haft geta öruggt hald á handfanginu.

#### 22. gr.

Nú nær farmur fram eða aftur fyrir eða út fyrir bifreið og skal þá til viðvörunar festa á yztu brún hans gulri, þríhyrndri veifu með tveimur 65 cm hliðum og einni 40 cm hlið.

### IV. KAFLI

#### Bifhjól.

#### 23. gr.

Á bifhjóli skal vera traustur stýrisbúnaður, tvenns konar hemlabúnaður, fóthemill, er verki á afturhjól, og handhemill, er verki á framhjól. Hemlarnir skulu verka óháðir hvor öðrum. Handhemilsfang skal vera hægra megin á stýrisstöng. Stöðuhemill skal vera á þríhjóli.

Á bifhjóli skal vera búnaður til að gefa með hljóðmerki, sbr. 10. gr., hjólhliðar til hindrunar aurslettum og grjótkasti, læsingarbúnaður í stýrisgangi eða í sambandi við hjólgjarðir og a. m. k. einn hliðarspegill hægra megin á hjólinu.

Ákvæði 11., 14., 16., 17. og 18. gr. gilda um bifhjól eftir því sem við á.

Ef bifhjól er búið framrúðu, skal hún vera úr vel gagnsæju og hættulausu efni. Sé rúðan svo há, að stjórnandi bifhjólsins sjái ekki akbrautina yfir hana í 10 m fjarlægð, skal vera sjálfvirk þurka á rúðunni, enda sé rúðan úr efni, sem ekki rispast.

#### 24. gr.

Á bifhjóli skal vera eitt framljósker með innbyggðum búnaði fyrir háljós og lág-ljós. Ljósaskipti skal komið fyrir á stýrisstöng vinstra megin. Stilling ljósa skal vera í samræmi við ákvæði 6. gr. Aftan á hjóli skal vera ljósker fyrir rautt afturljós, rautt eða rauðgult hemlaljós og hvítt ljós, er lýsi aftara skráningarmarki, og rautt glitauga, er má vera sambyggt afturljóskeri.

Ljósabúnaður bifhjóls með þremur hjólum skal vera eins og segir í 1. mgr. Þó skulu vera tvö rauð glitaugu aftan á hjólinu, ef hjólasamstæða er aftan á því, en tvö stöðuljósker framan á hjólinu, eigi fjær yztu brún en 40 cm, auk aðal-ljóskers, ef hjólasamstæðan er framan á því.

Ljósabúnaður bifhjóls skal fullnægja ákvæðum 8. gr.

## V. KAFLI

### Dráttarvélar.

#### 25. gr.

Dráttarvél skal búin stýristækjum og a. m. k. einum hemli (aksturshemli), þannig gerðum, að skilja megi dráttarvélina eftir í hemlunarstöðu. Eigi má nota dráttarvél, nema hemill verki jafnt á a. m. k. tvö hjól. Á dráttarvél skal vera traustur tengibúnaður. Unnt skal vera að aka vélinni aftur á bak. Ákvæði 4. og 14. gr. gilda um dráttarvélar eftir því, sem við á.

Dráttarvél skal búin a. m. k. tveimur ljóskerum, er lýsi fram fyrir hana allt að 30 m. Aftan á vélinni skulu vera a. m. k. tvö rauð glitaugu, eigi fjær yztu brúnum en 60 cm, jafnlangt frá hvorri hlið. Heimilt er að hafa á dráttarvél eitt vinnu-ljósker. Vinnuljosið má eigi nota við akstur á alfaraleið.

#### 26. gr.

Ekki er heimilt að flytja farþega á dráttarvél, nema fyrir þá séu sæti og auk þess örugg handfesta. Á dráttarvél, sem ekki er með húsi, má því aðeins koma fyrir farþegasætum, að hjólhlífar séu innan við afturhjól og yfir þeim við venjulega sporvidd og sætin séu yfir eða aftan við afturás. Farþegasæti utan stýris-húss eða öryggisgrindar má ekki nota, ef dráttarvél dregur festivagn, tengivagn eða tengitæki.

Ef farmur er fluttur á dráttarvél, skal tryggilega um hann búið og honum þannig komið fyrir, að a. m. k. fimmti hluti heildarþunga dráttarvélarinnar hvíli á framhjólunum.

#### 27. gr.

Óheimilt er að aka dráttarvél um veg, ef málmhringir á hjólum, málmbelti eða því um líkt geta valdið skemmdum á yfirborði hans.

#### 28. gr.

Eftir 1. janúar 1966 er innflytjendum óheimilt að selja dráttarvélar eða afhenda, nema á þeim séu öryggisgrindur eða hús, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viður-kennt.

Öryggisgrind eða hús á dráttarvél skal vera svo traust og svo vel fyrir komið, að hlífi ökumanni og farþegum, ef vélin veltur.

Hurðir skulu að jafnaði vera á báðum hliðum dráttarvélarhúss. Ef hurð verður aðeins komið við á annarri hlið húss, skal auk hennar vera útgönguleið aftur úr húsinu eða gegnum ljóra á þaki.

Húsi dráttarvélar skal þannig fyrir komið, að það hindri á engan hátt, að við vélina séu tengd þau tæki, sem venjulegt er, að tengd séu henni. Það skal vera svo rúmgótt, að ökumaður hafi nægilegt svigrúm til að stjórna vélinni og þeim tækjum, sem hún dregur. Heildarbreidd húss þvert yfir má ekki vera minni en 80 cm. Minnsta fjarlægð stýrishjóls frá húsi fram á við má ekki vera minni en 6 cm og annars staðar 8 cm.

Hús dráttarvélar skal þannig gert, að ökumaður hafi góða útsýn fram og aftur og til beggja hliða. Um rúður í húsi dráttarvélar gilda ákvæði 9. gr. Rúðupurrka

þarf þó eigi að vera sjálfvirk. Baksýnispegill skal vera í stýrishúsi eða til hliðar við það. Ef dráttarvél er með húsi, skal hún búin stefnuljósum samkv. 6. tölulið 6. gr.

Ef dráttarvél er með öryggisgrind, en ekki húsi, gilda ákvæði þessarar greinar, að svo miklu leyti sem við á.

### 29. gr.

Ef dráttarvél knýr vél eða tæki, sem hún dregur, skal um afltengiásinn vera hlíf að endilöngu. Skal hlífin vera það traust, að hún þoli, að maður standi á henni.

Nú er framlengingarás á tengitæki og skal þá vera pípuhlíf um hann, þannig fest, að hún geti ekki snúizt með ásnum. Ef hverfiliðir eru á framlengingarás tengitækis, skulu um þá vera hlífar að ofan og beggja vegna niður á móts við neðstu hluta hverfiliðar.

Nú er vél, sem dráttarvél dregur, knúin frá reimhjóli dráttarvélarinnar, og skal þá vera hlíf um reimina, þannig að hún sé með öllu innilokuð.

Búnaður afltengiáss skal vera traustur og þannig gerður, að ekki stafi hætta af að mati bifreiðaeftirlits ríkisins.

### 30. gr.

Óheimilt er að aka dráttarvél með sláttuvél eða önnur tæki um alfaraveg án hlífa um greiðu eða annan oddhvassan búnað.

## VI. KAFLI

### Vinnuvélar.

#### 31. gr.

Vinnuvél skal þannig gerð og hlaðin, að stjórnandi hennar geti frá sæti sínu séð veginn a. m. k. niður í 10 m fjarlægð frá vinnuvélinni. Hún skal vera búin stýristækjum samkv. 4. gr. og þannig gerð, að stöðva megí hana nægilega fljótt og halda í kyrrstöðu í halla, þótt stjórnandi yfirgefi hana.

Vinnuvél, sem stjórnað er af gangandi manni, skal þannig gerð, að hún stöðvist sjálfkrafa um leið og stjórnandi sleppir höndum af henni.

Á vinnuvél skulu vera a. m. k. tvö rauð glitaugu að aftan, sbr. 7. tölulið 6. gr. Þó mega þau vera allt að 60 cm frá yztu brúnum vinnuvélar. Vinnuvél, sem notuð er á ljósátíma, skal búin tveimur ljóskerum, er lýsi fram á við, og a. m. k. einu rauðu afturljóskeri. Skulu ljósín sýnileg í a. m. k. 150 m fjarlægð og mega ekki valda þeim, sem á móti koma, glýju. Á vinnuvél skal vera vinnuljós, er lýst geti vel upp allt athafnasvæði hennar eftir því sem við á. Ákvæði málgreinar þessarar gilda ekki um vinnuvél, sem stjórnað er af gangandi manni.

Á vegheflum og snjóplógum skulu vera lýsandi aðvörunarmerki, eitt til hvorrar hliðar á tækinu. Lögum merkisins og litur skulu vera í samræmi við aðvörunarmerki A 10 samkv. reglugerð nr. 61 24. marz 1959, um umferðarmerki og notkun þeirra. Ljós merkjanna skulu sýnileg í a. m. k. 150 m fjarlægð og mega ekki valda þeim, sem á móti koma, glýju. Við notkun tækja þessara skal eftirfarandi reglna gætt:

1. Við heflun á vegum skal nota leiftrandi ljós, en við akstur án heflunar stöðugt ljós.

2. Snjóplógar: Við plægingu skal nota leiftrandi ljós, en stöðugt ljós við akstur án plægingar. Reglur þessar gilda einnig um vörubifreið með snjóplóg, en byrgja skal merkið, ef bifreiðin er notuð án snjóplógsins.

Nú er vinnuvél þannig gerð, að ökumaður geti ekki með handarhreyfingu gefið

greinilegt merki um stefnubreytingu, og skal hún þá búin stefnumerkjatakjum, hemlaljóskeri og baksýnispegli.

Ákvæði 27. gr. gilda um vinnuvélar.

### 32. gr.

Tannhjól, keðjuhjól ásamt drifkeðju, reimhjól og ásar í búnaði vinnuvéla skulu vera undir hlífum, að svo miklu leyti, sem við verður komið. Á hverfihlutum véla mega hvergi vera útstandandi skrufuhausar eða annað, sem gripið getur í fót manna.

### 33. gr.

Bifreiðaeftirliti ríkisins er heimilt, að fenginni umsögn öryggismálastjóra, að gera auknar kröfur til öryggisbúnaðar ákveðinna gerða vinnuvéla, svo og að veita undanþágu frá ákvæðum þessa kafla.

## VII. KAFLI

### Tengivagnar o. fl.

#### A. Teng- og festivagnar bifreiða.

### 34. gr.

Við bifreið má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða. Á bifreið, sem notuð er til að draga tengi- eða festivagn, skal vera traustur tengibúnaður.

Heildarþyngd tengivagns eða samanlagður öxulþungi festivagns má ekki vera meiri en nemur hálfri annarri leyfðri heildarþyngd dráttar bifreiðar. Fólksbifreið má þó eigi draga þyngri tengivagn en eigin þyngd hennar nemur. Óheimilt er að draga tengivagn með fólksbifreið fyrir 16 farþega eða þar yfir, nema leyfi dómsmálaráðherra komi til. A. m. k. fimmti hluti af heildarþyngd beggja ökutækja skal hvíla á drifhjólum bifreiðarinnar.

Tengivagnar og festivagnar mega ekki vera breiðari en sem nemur 10 cm út fyrir hvora hlið dráttar bifreiðar, ef þeim er ekið á þjóðvegi eða götu í kaupstað.

### 35. gr.

Á tengi- og festivagni skal vera traustur tengibúnaður. Búnaðurinn skal þannig gerður, að fjarlægð hjóla vagns og bifreiðar í akstri beint áfram sé sem jöfnust. Hjól vagns skulu fylgja hjólförum bifreiðar á beygjum eftir því sem unnt er. Tengibúnaður tengivagns skal að jafnaði vera stangartengsli eða þrihyrningstengsli, sem veita svigrúm til hreyfinga til hliða og upp og niður.

### 36. gr.

Tengi- og festivagnar skulu búnir a. m. k. einu nægjanlega traustu hemlakerfi, er verki þannig, að unnt sé að stöðva á 15 m vegalengd á láréttum malarvegi, miðað við 40 km hraða á klukkustund. Þetta gildir þó ekki, ef heildarþyngd vagnsins er 1500 kg eða minni og unnt er að stöðva hann, svo sem að framan greinir, án sérstaks hemlakerfis.

Hemlar skulu geta staðið í hemlunarstöðu, þótt vagn hafi verið leystur úr tengslum við dráttartæki.

Hemlar skulu þannig gerðir, að þeir hemli sjálfkrafa, ef tenging við dráttartæki losnar í akstri. Þessa er þó ekki krafizt um tvíhjóla festivagna fyrir útilegur eða farangursvagna, sem eigi eru meira en 1500 kg að heildarþyngd, ef þeir hafa auka-tengingu með keðju eða vírum.



Á tengi- eða festivögnum, sem notaðir eru til farþegaflutnings, eða eru yfir 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, skulu hemlar tengdir aksturshemlum bifreiðar, þannig að þeim megi beita með sama átaki. Á öðrum tengi- og festivögnum má nota sjálfvirka hemla.

## 37. gr.

Á skráningarskyldum tengivagni og festivagni skal vera afturljósker, ljósker fyrir ljós, er lýsi skráningarmerki, og ljósker fyrir hemlaljós í samræmi við ákvæði 3., 4. og 5. töluliðs 6. gr., sbr. 8. gr.

Aftan á tengi- og festivagni, sem notaður er á alfaravegi, skulu vera tvö rauð glitaugu, þrihyrnd að lögun með eitt horn upp. Glitaugu þessi fullnægi kröfum 8. gr. og skulu eigi vera meira en 120 cm yfir yfirborði vegar. Hliðar þrihyrningsins skulu eigi vera minni en 15 cm. Nú er dráttarbifreið ekki búin hreyfanlegum stefnuljósarmi samkv. staflíð c. í 6. tölulið 6. gr. og skal skráningarskyldur tengi- og festivagn þá vera búinn stefnuljóskerum að aftan, sbr. staflíð a. í 6. tölulið 6. gr. Nú er tengi- eða festivagn breiðari en bifreiðin, og skal hann þá búinn slíkum ljósum, þótt bifreiðin sé búin hreyfanlegum stefnuljósarmum. Ef tengi- eða festivagn er stöðvaður eða honum lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal hann greinilega auðkenndur með hvítum glitaugum að framan og rauðum að aftan.

## 38. gr.

Um tengi- og festivagna gilda ákvæði 12., 16. og 17. gr. eftir því sem við á.

## B. Hliðarvagnar bifhjóla.

## 39. gr.

Hliðarvagn má aðeins vera vinstra megin við bifhjól og skal festa hann örugglega við hjólið.

Á hliðarvagni skal vera búnaður sem hér segir:

a. Ljósker, sem lýsi fram á við, og skal því komið fyrir svo nálægt ytri brún, sem unnt er.

b. Ljósker fyrir rautt afturljós, svo nálægt ytri brún, sem unnt er.

c. Rautt glitauga af viðurkenndri gerð. Glitaugað má ekki vera þrihyrnt. Því skal komið fyrir aftan á hliðarvagninum svo nálægt yztu brún, sem unnt er. Afturljós og glitauga mega vera sambyggð.

Ljósín skulu sýnileg í a. m. k. 150 m fjarlægð. Þau má ekki vera hægt að slökkva meðan ljós bifhjólsins eru tendruð.

Um hliðarvagna gilda ákvæði 12., 16. og 17. gr. eftir því sem við á.

## C. Tengi- og festivagnar dráttarvéla o.fl.

## 40. gr.

Við dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Eigi má draga tengi- eða festivagn, nema a. m. k. fimmti hluti af heildarþyngd beggja ökutækjanna komi á drifhjól.

Nú er tengi- eða festivagn ekki með hemlabúnaði og má heildarþungi hans þá ekki vera meiri en tvöföld heildarþyngd dráttarvélar. Nú er heildarþyngd tengi- eða festivagns meiri en heildarþyngd dráttarvélar og má þá eigi aka hraðar en 15 km á klukkustund.

Tengibúnaður skal vera í samræmi við ákvæði 35. gr.

Nú er tengivagn eða festivagn búinn hemlum og skulu þeir þá annað hvort vera sjálfvirkir eða þannig gerðir, að ökumaður geti beitt þeim, án þess að beina athygli

frá akbrautinni. Með hemlum skal vera unnt að stöðva tengi- eða festivagn nægjanlega skjótt og halda honum í hemlunarstöðu í halla. Nú eru sjálfvirkir hemlar í vagninum og skulu þeir þá stilltir í samræmi við þyngd hans og dráttarvélarnar.

## 41. gr.

Ef dráttarvél með tengivagni er notuð á vegi, gilda ákvæði 16. og 17. gr. eftir því sem við á, svo og ákvæði 37. gr.

## 42. gr.

Um tengivagna og festivagna vinnuvéla gilda ákvæði um tengi- og festivagna dráttarvéla eftir því sem við á.

## D. Tengitæki.

## 43. gr.

Til dráttar tengitækis má nota dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki í senn.

Ef tengitæki er ekki búið nægilega öflugum hemli, sem stjórná má úr öku-mannssæti, má þyngd þess ekki vera meiri en tvöföld heildarþyngd dráttartækis. Tenging skal vera örugg, sbr. 35. gr. Fjarlægð milli ökutækjanna má ekki vera meiri en 4 m. Ef fjarlægð er meiri en 2 m, skulu tengslin merkt greinilega.

Ef tengitæki er notað á vegi á ljósátíma, skal það búið rauðum glitaugum, eins og segir í 2. mgr. 37. gr.

Bifreiðaeftirliti ríkisins er heimilt að kveða á um ljósabúnað ákveðinna tegunda vinnutækja, ef nauðsynlegt þykir vegna gerðar eða fyrirhugaðrar notkunar þeirra. Ákvæði 27. gr. gilda og um tengitæki.

## VIII. KAFLI

## Reiðhjól.

## 44. gr.

Reiðhjól skal búið a. m. k. einum traustum hemli. Stýri reiðhjóls má eigi vera breiðara en 70 cm.

Á ljósátíma skal reiðhjól búið einu framljóskeri, er lýsi með hvítu eða daufgulu ljósi fram á við, sýnilegu í hæfilegri fjarlægð, bæði framan frá og frá hlið. Eigi nægir, að ökumaður haldi á ljóskeri. Ef ljósið getur valdið glýju, skal ljóskerið þannig gert, að lækka megí ljósgeislann.

Aftan á reiðhjóli skal vera rauðlitað glitauga eða ljósker. Á báðum hliðum fótstiga skulu vera gul eða hvít glitaugu, er hreyfast við notkun hjólsins.

Reiðhjól skal búið hljómsterkri hjöllu og er óheimilt að nota annað hljóðmerkjatæki.

Á reiðhjóli skal vera lás.

## IX. KAFLI

## Reiðhjól með hjálparvél.

## 45. gr.

Grind reiðhjóls með hjálparvél skal vera úr traustu efni og vönduð að gerð. Breidd stýris má ekki vera meiri en 70 cm.

Reiðhjólið skal búið tvenns konar hemlum, er verki sjálfstætt, hvor um sig, og hvorugur eingöngu á hjólbarða. Ef afturhjólskemill verkar með því að spyrna

fótstigi aftur á bak, skal hemillinn þannig gerður, að hann verki til fulls, ef fótstigið fer niður fyrir lárétta stöðu.

Á reiðhjóli með hjálparvél skal vera eitt framljósker með innbyggðum búnaði fyrir háljós og lágljós. Ljósker skal tengt við rafal, en ljósaskipti komið fyrir á stýrisstöng. Stilling ljósa skal vera í samræmi við ákvæði 6. gr. Á reiðhjólinu skal enn fremur vera ljósker fyrir rautt afturljós og rautt glitauga, sem má vera sambyggt afturljóskeri.

Á reiðhjóli með hjálparvél skal vera hjalla eða eintóna horn, svo og læsingar-búnaður, er sé fastur á hjólinu.

Ákvæði 14. gr. gilda um reiðhjól með hjálparvél eftir því sem við á.

Óheimilt er að hafa á reiðhjóli með hjálparvél búnað til farþegaflutnings.

## X. KAFLI

### Hestvagnar.

#### 46. gr.

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktýgi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

## XI. KAFLI

### Lokaákvæði.

#### 47. gr.

Nú er ökutæki í notkun og fullnægir eldri reglum, þegar reglugerð þessi tekur gildi, og er bifreiðaeftirliti ríkisins þá heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

#### 48. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958.

#### 49. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi, sbr. þó upphafsákvæði 28. gr.

Falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin ákvæði:

Reglugerð nr. 72 24. júní 1937 um gerð og notkun bifreiða, með áorðnum breytingum, að undanskildum 6., sbr. 8. tölulið 1. gr. og 3. gr.

Reglugerð nr. 82 5. júlí 1955 um reiðhjól með hjálparvél, I. kafli.

Reglugerð nr. 44 24. marz 1959 um stefnuljós á bifreiðum.

Enn fremur falla úr gildi önnur ákvæði, sem brjóta í bága við reglugerð þessa.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1964

23. marz.

139

Nr. 52.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Jakobs Jakobssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jakobs Jakobssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jakobs Jakobssonar. Hann er stofnaður af Knattspyrnufélagi Akureyrar til minningar um Jakob Jakobsson, Skipagötu 1, Akureyri, er fæddur var 20. apríl 1937 og lézt af slysförum í Þýskalandi 26. janúar 1964.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Knattspyrnufélags Akureyrar, andvirði minningarspjalda, er félagið lét gera, og önnur framlög, sem borizt hafa fyrir 20. apríl 1964.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar efnilegum íþróttamönnum á Akureyri, svo sem með því að styrkja þá til náms í íþrótt sinni eða útvega þeim kennslu eða námsaðstöðu.

Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita til þessa fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 5. gr. þegar henni þykir ástæða til og er æskilegt, að þær veitingar fari fram árlega hinn 20 apríl.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af fé hans,
- b) ágóði af kappleik, sem K. A. mun gangast fyrir eða fela öðrum að sjá um að fara fram árlega til ágóða fyrir sjóðinn,
- c) andvirði minningarspjalda, sem K. A. hefur látið gera og munu verða til sölu,
- d) aðrar tekjur.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að vöxtum hans árlega, þar til höfuðstóll hans hefur náð kr. 100000.00. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, má veita úr honum, auk vaxtanna, helmingi tekna hans samkvæmt 4. gr. b), c) og d), ársins á undan.

Þegar upphæð sjóðsins hefur náð kr. 500000.00, má veita árlega allt að 10% hlutum allra tekna hans næsta almanaksár á undan úthlutun.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum Jakobs heitins, annar af Íþróttabandalagi Akureyrar og hinn þriðja af Knatt-

B 18

spyrnufélagi Akureyrar. Ef annar hvor eða báðir fyrrnefndu aðilarnir tilnefna ekki mann í stjórnina, skal Knattspyrnufélag Akureyrar tilnefna í þeirra stað. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. janúar 1966.

## 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum, er skipaðir séu af Í. B. A. og K. A. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, ef tök eru á því.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri eða annarri ríkistryggðri stofnun, með sem hagstæðustum kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda sé sjóðurinn í ábyrgð sjóðstjórnar og Knattspyrnufélags Akureyrar.

## 9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðstjórninni allri og séu samþykktar samhljóða af stjórn Knattspyrnufélags Akureyrar og nánustu ættingjum Jakobs heitins.

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Vopnafjarðarhreppi og aðgangur er seldur að.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

## I. flokkur.

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestur.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

## II. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af inngangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

## 4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi innan sveitar.

## 5. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

## 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna skrifstofu hreppsins hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Afhendir hann eða þeir hreppsnefnd aðgöngumiða, nægilega marga, sem hreppsnefnd stimplar, og skal um leið greiða fjárhæð, sem nemur skemmtanaskattinum af þessum miðum.

Þegar skemmtun er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda á hrepps-skrifstofunni eða löggæzlumanni á skemmtistað alla ónotaða aðgöngumiða og fær þá endurgreiddan skattinn af þeim.

## 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanaskatts. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 8. gr.

Skattskyldar tekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins og verja því til hvers konar menningarstarfsemi í Vopnafjarðarhreppi, svo sem til styrktar heilbrigðri félagsstarfsemi í hreppnum og til styrktar íþróttalífi og listum.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum —.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 31. marz 1964.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

***Knútur Hallsson.***

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1964.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

### **fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hildar Ólafsdóttur.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 55760.00, sem safnað var meðal skólasystkina Hildar, skátafélaga, ættmenna, vina og annarra velunnara.

**4. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að efla tónlistarlíf við Kópavogskirkju með því að greiða fyrir kaupum á orgeli til kirkjunnar og með því að styrkja tónleikahald í kirkjunni.

**5. gr.**

Höfuðstól sjóðsins skal lána til kaupa á pípuorgeli fyrir Kópavogskirkju að svo miklu leyti og svo lengi, sem safnaðarstjórn óskar, og gegn þeim vöxtum, sem um semst milli safnaðarstjórnar og sjóðsstjórnar. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn, hvernig sjóðurinn skuli ávaxtaður.

**6. gr.**

Vöxtum má verja eftir því, sem sjóðsstjórn þykir hæfilegt, til þess að styrkja tónleika í Kópavogskirkju.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Kópavogsprestakalls, formaður safnaðarstjórnar og organisti kirkjunnar.

Stjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

**8. gr.**

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundar- samþykktir og annað er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal stjórnin láta skrá í sérstaka bók.

Stjórnin leggur árlega endurskoðaðan reikning stjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund til staðfestingar.

**9. gr.**

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og samþykkt safnaðarfundar. Meðan foreldrar Hildar eða systkini eru á lífi, þarf samþykki allra þeirra til breytingar á skipulagsskránni.

**10. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Kópavogi, 31. janúar 1964.

Margrét Ólafsdóttir.

Ólafur Jenson.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Soroptimistklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, og er stofnaður af því félagi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund króunur —.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

a) vextir,

b) gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki eða námslán til drengja, sem hafa verið lengri eða skemmri tíma á Breiðuvíkurheimilinu eða hliðstæðri stofnun, svo og til annarra drengja, sem svipað stendur á um.

5. gr.

Veita skal þegar á næsta skólaári  $\frac{3}{4}$  hluta af vöxtum sjóðsins, en leggja  $\frac{1}{4}$  hluta vaxtanna við höfuðstól hans, og skal svo gert þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð þeirri upphæð, að heildarvextir hans nægi að mestu til skóla- eða námskostnaðar fyrir einn dreng vetrarlangt. Þá skal árlega veita upphæð, sem nemur öllum vöxtum höfuðstólsins.

6. gr.

Verði ekki árlega veitt úr sjóðnum, sbr. 5. gr., má geyma upphæðina til annars árs. Veita má fleirum en einum umsækjanda aðstoð samtímis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur, kostnar af Soroptimistklúbbs Reykjavíkur, og skulu þær vera félagskonur í því félagi. Verði Soroptimistklúbbs Reykjavíkur leystur upp, má gera breytingu á þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins kys sér formann. Skal stjórnin hafa forgöngu um fjársöfnun til sjóðsins og annast veitingu styrkja.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistklúbbs Reykjavíkur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn sjóðsins, 14. marz 1964.

Guðrún Stefánsdóttir.

Halldóra Eggertsdóttir.

Rannveig Þorsteinsdóttir.



**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Hjálparsjóð æskufólks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. apríl 1964.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparsjóð æskufólks.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hjálparsjóður æskufólks.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Magnúsar Sigurðssonar, skólastjóra, Reykjavíkur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er ágóði, sem verður af sýningu kvikmyndarinnar Úr dagbók lífsins og gefið er til minningar um hjónin Sigurð Magnússon, lækni, og konu hans Esther Helgu Magnússon, og enn fremur gjafafé þeirra, sem rita nöfn sín í áskriftabókina Réttið hjálparhönd.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja eða aðstoða munaðarlaus, vanrækt eða nauðstödd börn eða æskufólk. Má verja til þess árlega af fé sjóðsins fjárhæð, sem svarar tekjum hans næst liðið ár. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða, nema brýnar ástæður krefji.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af biskupnum yfir Íslandi. Annar af Sambandi ísl. barnakennara, en hinn þriðji af Barnaverndarráði Íslands. Magnús Sigurðsson, skólastjóri, skal eiga sæti í stjórn sjóðsins í stað fulltrúa Barnaverndarfélags Íslands, meðan hann óskar þess.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir.
- b) Gjafir og áheit, sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- c) Tekjur, sem stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal vinna að markmiði hans og sjá um ávöxtun hans. Fé sjóðsins skal öðru fremur lánað eða látið af hendi til að flýta fyrir byggingu heimila fyrir afvegaleitt æskufólk eða til kaupa á þeim. Ekki má festa meira af fé sjóðsins til langs tíma en svo, að jafnan séu kr. 50000.00 tiltækar.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa, svo og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn. Árlega reikninga sjóðsins skal senda ríkisendurskoðuninni til endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi eigi síðar lokið en 1. marz.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

## SAMPYKKT

### fyrir Veðifélagið Flóku í Borgarfjarðarsýslu.

1. Félagið heitir Veðifélagið Flóka.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að veiðisvæði Flóku, sem nær frá ósi að Lambafossi, en þær eru Hrísar, Eyri, Skógar, Múlastaðir, Brúsholt, Steðji, Varmalækur, Hellur, Bær, Laugarbær, Nýi-Bær, og Laugarholt.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengnd á félagssvæðinu. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. apríl 1964.

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

**ARÐSKRÁ**fyrir **Veðifélagið Flóku í Borgarfjarðarsýslu.**

Steðji .....	14.00	einingar
Brúsholt .....	13.50	—
Skógar .....	7.00	—
Hrisar .....	5.00	—
Eyri .....	9.00	—
Múlastaðir .....	15.00	—
Varmalækur .....	13.50	—
Bær .....	18.00	—
Laugarholt .....	5.00	—

---

 Samtals 100.00 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. apríl 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

Nr. 58.

13. apríl.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðjóns Gunnarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. apríl 1964.** Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**fyrir **Minningarsjóð Guðjóns Gunnarssonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðjóns Gunnarssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarkaupstaðar á aðalfundi þess 15. marz 1961, til minningar um Guðjón Gunnarsson, framfærslufulltrúa, og störf hans í þágu félagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Hafnarfjarðar, eða annarri tryggri lánastofnun.

Stjórninni skal þó heimilt að verja allt að 2% hlutum sjóðsins til kaupa á tryggum verðbréfum, er séu annað hvort vísitölutryggð eða beri hærri vexti en innláns-vexti í bönkum.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta, árlegt framlag úr félagssjóði og gjafir og áheit, sem honum kunna að áskotnast. Enn fremur skal sjóðnum aflað tekna með útgáfu og sölu minningarkorta.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega félaga í starfsmannafélaginu í veikindum þeirra og á sama hátt ekkjur og ekkla og börn þeirra.

Úthlutun styrkja fer fram á fæðingardegi Guðjóns Gunnarssonar 21. september ár hvert og skulu umsóknir um styrki sendar sjóðsstjórninni eigi síðar en 10. september.

Ef engin umsókn berst um styrk úr sjóðnum eitthvert ár, eða umsækjendur eru ekki styrkhæfir að dómi sjóðsstjórnar, getur sjóðsstjórnin gert annað tveggja, að leggja úthutunarféð við höfuðstólinn eða geymt það til úthlutunar næsta ár.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og skal kjósa þá árlega á aðalfundi félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins, umsóknir um styrki og skrá um úthlutanir úr sjóðnum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Starfsmannafélags Hafnarfjarðarkaupstaðar og lesnir upp á aðalfundi þess ár hvert.

## 7. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu lagðar við höfuðstól hans þar til hann er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —. Eftir það má úthluta úr sjóðnum árlega, sem svarar helmingi tekna hans.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — skal endurskoða reglur um úthlutunarupphæð og breyta þeim ef ástæður þykja til. Skulu hinar nýju reglur samþykktar af stjórn starfsmannafélagsins og meiri hluta félagsmanna á aðalfundi.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**SAMÞYKKT**

**um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar.**

**I. KAFLI**

**Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

## 2. gr.

Bæjarstjórn Akraness er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau við-

fangsefni, er henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, sem hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

**Meginverkefni hennar eru þessi:**

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
1. Árlega ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir hvert reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofanna og framkvæmda skuli hagað, sbr. B.-lið, enn fremur skal þar greina hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
  2. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
  3. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
  4. Bæjarstjórn skal hafa tekið ársreikninga bæjarins til meðferðar eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
  5. Bæjarstjórn kveður á um lántökur og ábyrgðir kaupstaðarins, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán, án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taki lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í samþykkt þessari eða öðrum reglugerðum, svo og endurskoðendur reikninga kaupstaðarins. Enn fremur skipar hún ásamt bæjarráði fasta starfsmenn bæjarins og setur þeim erindisbréf, sbr. 63. gr.
- D. Bæjarstjórn setur reglugerðir um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

### Fundarsköp bæjarstjórnar.

#### 3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, er hlotið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa.

Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa.

Verður sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skiptið.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

## 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar, hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarskópum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

## 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

## 6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarrítara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabóka, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Bæjarstjórn ákveður þóknun til fundarritara.

Í gerðabók skal þess geta hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Auk þess skal færa í gerðabókina tillögur og úrslit mála.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fund þriðja föstudag hvers mánaðar, og skal fundur hefjast kl. 16.00, nema bæjarráð ákveði annað. Heimilt er bæjarstjórn, að fengnu samþykki bæjarráðs, að fella niður fundi í júlí eða ágúst. Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjórnar eða ef þrjár bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

## 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. og sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmælttri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, eða flytja tillögu, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en á þriðjudegi næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00, tveimur dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjalla. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur

nauðsynlegt. Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúunum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem á dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

#### 9. gr.

Auglýsa skal venjulega fundi bæjarstjórnarinnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara á sama hátt og venja er til að birta opinberar tilkynningar á Akranesi. Greina skal í fundarlýsingu efni dagskrár í höfuðdráttum.

#### 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðtaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar og með því að fresta því. Forseti sker úr því, hvernig atkvæðigreiðslu um tillögu skal hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál fara fram tvær umræður og líði ein vika hið skemmsta milli umræðna.

#### 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð.

Nöfnum bæjarfulltrúa skal bæta á skrána, í rétttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarverandi eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti telur gilda. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

#### 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt

er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann aðaltillögu svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar geti talað á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

#### 15. gr.

Framsögumaður aðaltillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá, skal hann hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

#### 16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargjörð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu. Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

#### 17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til, að umræðum verði lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram líkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

#### 18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn bríglum, eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

#### 19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

#### 20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt föll hamli. Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum,



t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði og öðrum nefndum, skrifstofustörf o. s. frv. Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða fastanefnd, getur þó skorazt undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl kaupstaðarins.

## 22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn og nefndum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður á fundi, þegar fjárhagsáætlun er afgreidd, hver þóknunin skuli vera á næsta reikningsári fyrir störf í bæjarstjórn og nefndum kaupstaðarins.

## 23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann er kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

## IV. KAFLI

## Um kosningar, skipan og starfssvið bæjarráðs og annarra nefnda.

## 25. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtalдар nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður er getið, til þess að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir eða sérstakar samþykktir.

## A. Til eins árs á fundi sínum í júnímánuði:

1. Þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Fimm menn í hafnarnefnd og þrjú til vara.
4. 3 vélbátaformenn til eftirlits með róðrartíma skv. reglugerð nr. 20/1953 og þrjú til vara.
5. Þrjú menn í yfirkjörstjórn skv. lögum nr. 50/1959, sem jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.
6. Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú menn til vara.
7. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
8. Tvo endurskoðendur reikninga Sparisjóðs Akraness.

## B. Til eins árs á fundi sínum í febrúarmánuði:

1. Fimm menn í þjóðhátíðarnefnd.
2. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.

## C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. Fimm menn í stjórn Sparisjóðs Akraness.
2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrahúss Akraness og fjóra til vara.
3. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Akraness og fjóra til vara.
4. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
5. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
6. Þrjú menn í stjórn Rafveitu Akraness og þrjú til vara.
7. Fjóra menn í brunamálanefnd og fjóra til vara.

8. Fimm menn í menningarráð.
  9. Einn mann í heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd og einn til vara.
  10. Þrjú menn í æskulýðsráð og þrjú til vara.
  11. Þrjú menn í vinnuskólanefnd og þrjú til vara.
  12. Fimm menn í stjórn byggðasafnsins.
  13. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.
  14. Tvo menn í náttúruverndarráð og tvo til vara.
  15. Fjórir menn í bókasafnstjórn og fjórir til vara.
  16. Þrjú menn í stjórn námsflokka Akraness og þrjú til vara.
  17. Tvo menn í skólanefnd Iðnskóla Akraness og tvo til vara.
  18. Tvo menn í stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar.
  19. Einn mann í stjórn Eftirlaunasjóðs Akraness og einn til vara.
  20. Þrjú menn í íþróttanefnd og þrjú til vara.
  21. Tvo menn í sundlaugarnefnd og tvo til vara.
  22. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og sex til vara.
  23. Einn mann í fasteignamatsnefnd og einn til vara.
  24. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
  25. Tvo endurskoðendur styrktarsjóðs Ingibjargar og Ólafs Finsen.
  26. Tólf menn í sjó- og verzlunardóm.
  27. Einn forðagæzlumann.
  28. Einn mann í stjórn sjómannaheimilis.
  29. Þrjú menn á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga og þrjú til vara.
  30. Tvo sátta menn og tvo til vara.
  31. Fimm menn í stjórn vetrarhjálpur og fimm til vara.
- D. Til 4 ára á febrúarfundi árið sem aðalfund skal halda í félaginu Andakílsár-  
virkjun:
1. Þrjú menn í stjórn Andakílsárvirkjunarinnar og þrjú til vara.
  2. Einn endurskoðanda reikninga Andakílsárvirkjunarinnar og einn til vara.

#### 26. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert skulu kosnir hlutfallskosningu þrjár bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kosinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega. Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint í dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess verður óskað. Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er bæjarráði að ráða fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjólum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

#### 27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Akraneskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð tekur að jafnaði fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni,

þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum eða samkv. eðli máls. Ekki getur þó bæjarráð tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

## 28. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir. Bæjarráð ákveður, hvernig varið skulu fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

## 29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og bæjarstjóri eða bæjarráð óskar.

## 30. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið, fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.

## 31. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

## 32. gr.

Bygginganefnd skipa fjórir menn og fjórir til vara, auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir á sama hátt. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirráðum í lögum og samþykktum um þau mál.

## 33. gr.

Hafnarnefnd skipa fimm menn og þrjár til vara. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt reglugerð hafnarinnar og lögum um hafnargerðir og lendingarbætur.

## 34. gr.

Framfærslunefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála og um störf nefndarinnar fer að framfærslulögum. Formanni barnaverndarnefndar er heimilt að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn skv. lögum um barnavernd.

## 35. gr.

Stjórn Sparisjóðs Akraness er skipuð fimm mönnum. Hún sér um rekstur Sparisjóðsins samkvæmt reglugerð Sparisjóðsins og lögum um sparisjóði.

## 36. gr.

Í stjórn Sjúkrahúss Akraness kys bæjarstjórn fjóra menn og jafnmarga til vara. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Sjúkrahússtjórnin hefur á hendi stjórn Sjúkrahússins og sér um rekstur þess eftir þar um settum reglum.

## 37. gr.

Í stjórn Sjúkrasamlags Akraness kýs bæjarstjórn fjóra menn og jafnmarga til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varða lögum samkvæmt.

## 38. gr.

Fræðsluráð er skipað fimm mönnum og fimm til vara. Fræðsluráð kýs sér formann og ritara úr hópi fræðsluráðsmanna. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkvæmt lögum þar um. Fræðsluráð hefur á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins.

## 39. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð fimm mönnum og tveim til vara. Hún kýs sér formann og ritara úr hópi nefndarmanna. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglunga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.

## 40. gr.

Stjórn Rafveitu Akraness er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Rafveitustjóra er skylt að sitja fundi hennar. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kosinn í stjórnina. Rafveitustjórn hefur á hendi stjórn rafveitumála Akraness, skv. reglugerð.

## 41. gr.

Brunamálanefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, kjörnir af bæjarstjórn og jafnmargir til vara. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Nefndin hefur eftirlit með brunamálum kaupstaðarins og slökkviliði og gætir þess, að reglum um brunavarnir sé fylgt.

## 42. gr.

Meningarráð skipa fimm menn. Það gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll þau menningarmál, sem öðrum nefndum eða ráðum er ekki sérstaklega falið í samþykkt þessari. Einkum skal það láta til sína taka fegrun og snyrtingu bæjarins.

## 43. gr.

Heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum manni kosnum af bæjarstjórn. Nefndin starfar skv. lögum og heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins.

## 44. gr.

Æskulýðsráð er skipað fimm mönnum. Einum tilnefndum af bæjarstjóra, einum kjörnum af fræðsluráði og þremur kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Æskulýðsráð vinnur að menningarmálum æskulýðsins í samvinnu við skóla, bæjaryfirvöld og æskulýðsfélög. Það skipuleggur tómstundavinnu ungmenna og föndurstarfsemi, gengst fyrir heilbrigðu og þroskandi skemmtanalífi og leitar úrræða til heppilegrar hagnýtingar á starfsgetu unglunga.

## 45. gr.

Framtalsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum og reglugerðum um tekjustofna sveitarfélaga.

## 46. gr.

Umferðarnefnd skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórninni til ráðuneytis um umferðarmál í kaupstaðnum.

## 47. gr.

Vinnuskólanefnd skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndin skal annast rekstur vinnuskóla fyrir unglinga.

## 48. gr.

Hverja kjörstjórn skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndirnar starfa skv. kosningalögum.

## 49. gr.

Náttúruverndarráð skipa þrír menn. Bæjarstjórn kýs tvo menn og jafnmarga til vara, en bæjarfógeti er sjálfkjörinn formaður ráðsins. Starfssvið ráðsins markast af lögum um náttúruvernd.

## 50. gr.

Bókasafnsstjórn skipa fimm menn. Bæjarstjórn kýs fjóra menn og jafnmarga til vara, en einn er kjörinn af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir fjóra syðstu hreppa sýslunnar. Bókasafnsstjórn starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn.

## 51. gr.

Stjórn námsflokka Akraness skipa þrír menn, kjörnir af bæjarstjórn og þrír til vara. Stjórnin skipuleggur og annast rekstur kvöldnámskeiða á Akranesi.

## 52. gr.

Skólanefnd iðnskóla Akraness skipa þrír menn, þar af tveir iðnlærðir menn og jafnmargir til vara, kosnir af bæjarstjórn, en ráðherra skipar formann. Skólanefnd stjórnar iðnskólanum ásamt skólastjóra, samkvæmt lögum og reglum um iðnskóla.

## 53. gr.

Íþróttanefnd skipa fimm menn, þrír kjörnir af bæjarstjórn og þrír til vara, en tveir kjörnir af Íþróttabandalagi Akraness. Nefndin fjallar um rekstur íþróttastofnana í eigu kaupstaðarins, annarra en Bjarnalaugar, og er stjórninni til ráðuneytis um íþróttamálefni.

## 54. gr.

Sundlaugarnefnd skipa fimm menn. Skulu tveir kjörnir af bæjarstjórn, en þrír kjörnir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Skipstjórafélaginu, sjómannafélögunum og stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Sundlaugarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu starfsfólks, viðhald og endurbætur á húseigninni og annað það, sem rekstur laugarinnar varðar.

## 55. gr.

Áfengisvarnarnefnd skipa sjö menn, þar af kýs bæjarstjórn sex menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnaráðs. Starfssvið áfengisvarnarnefndar markast af lögum um áfengisvarnir.

## V. KAFLI

### Um bæjarstjóra.

#### 56. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið. Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

#### 57. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki annað ákveðið um tiltekið mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

#### 58. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

#### 59. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 27. gr.

#### 60. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má ekki greiða nema komi til samþykktar bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

#### 61. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir bæjarritari störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja menn til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en í þrjá mánuði í senn.

## VI. KAFLI

### Endurskoðendur.

#### 62. gr.

Bæjarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans. Bæjarfulltrúar eru ekki kjör-gengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum D-lið III. kafla laga nr. 58/1961. Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt.

## VII. KAFLI

### Um starfsmenn kaupstaðarins.

#### 63. gr.

Bæjarstjórn og bæjarráð skipa fasta starfsmenn kaupstaðarins og veita þeim laun, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum öðrum aðilum fengið eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinnna stofnana.

Bæjarstjórn skipar bæjarritara, aðalgjaldkera, aðalbókara, byggingarfulltrúa og forstöðumenn bæjarstofnana, en bæjarráð aðra starfsmenn skv. 1. mgr. Fastir starfsmenn teljast þeir einir, er hlotið hafa skipun skv. 1. mgr. og eru jafnframt félagar Eftirlaunasjóðs Akraneskaupstaðar og taka laun skv. launasamþykkt bæjarins eða sérsamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skulu um ákveðin störf.

Bæjarráð getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins og sett þeim erindisbréf. Skytt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í starf, á rétt á að halda starfinu, meðan hann rækir það þannig, að ekki verði að fundið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Akranesi, nr. 17 23. febrúar 1956 og fundarsköp fyrir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, nr. 18 28. febrúar 1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

#### 1. gr.

2. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettóhagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram ekki síðar en 30. nóvember ár hvert.

Reikningsskilum fyrir happdrættið 1963—1964 skal lokið ekki síðar en 30. apríl 1965, en 40% af nettótekjum þess árs renna til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

#### 2. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18 720 000.00 miðað við smásöluverð.

#### 3. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 720.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 60.00.

#### 4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 53 16. marz 1963.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur.

#### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Málfríðar Jónasdóttur.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- Safn bóka á blindralettri, er Málfríður Jónasdóttir átti, en foreldrar hennar gáfu Blindarafélaginu eftir andlát hennar.
- Eitt þúsund og fimm hundruð krónur — 1500.00 — í peningum, er Blindrafélagið leggur fram.
- Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að hafa borizt þ. 20. marz 1943.



## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að varðveita og auka bókasafn það, er um getur í 2. gr., og geyma það þannig, að allir blindir menn á Íslandi eigi sem greiðastan aðgang að því. Aukning bókasafnsins má gerast jöfnum höndum með prentuðum bókum á blindraleti og hljóðrituðum.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Blindrafélaginu (kosnir árlega á aðalfundi), en leggist það félag niður, skulu landsbókavörður og kennslumálaráðherra tilnefna sinn manninn hvor. Þriðja manninn í stjórnina skipa foreldrar og systkini Málfríðar Jónasdóttur, á meðan þeirra nýtur við, en síðan skal sýslunefnd Suður-Múlasýslu tilnefna mann í stjórnina. — Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveislu eigna hans og ávöxtun höfuðstóls á þann hátt, er hún telur best í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins, er um getur í 2. gr., má þó aldrei skerða, og enn fremur skal leggja eigi minna en  $\frac{1}{3}$  af árlegum vaxtatekjum sjóðsins við höfuðstólinn. Öðrum tekjum, svo sem gjöfum, tillögum stofnana og  $\frac{2}{3}$  af vaxtatekjum er stjórn sjóðsins heimilt að verja til bókasafnsins. En séu þær tekjur ekki notaðar til fulls til þeirra þarfa, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn um hver áramót.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

## um skiptingu framlags ríkissjóðs til sýsluvega.

## 1. gr.

Framlag ríkissjóðs til sýsluvega skiptist milli sýslna í hlutfalli við lengd, ástand og notkun sýsluvega, og ákveðst hundraðshluti hversrar sýslu af heildarframlagi ríkissjóðs til sýsluvega samkvæmt eftirgreindri reglu:

$$A = 5 \left( 4 \frac{50 + 4r + 2l}{50 + 4R + 2L} + \frac{m}{M} \right) \%$$

Merking bókstafa í reglunni er sem hér segir:

A = hundraðs hluti sýslu.

ó = óakfærir sýsluvegir í sýslu, í km.

r = ruddir sýsluvegir í sýslu, í km.

l = lagðir sýsluvegir í sýslu, í km.

Ó = óakfærir sýsluvegir alls á landinu, í km.

R = ruddir sýsluvegir alls á landinu, í km.

L = lagðir sýsluvegir alls á landinu, í km.

m = nettóíbúatala sýslu, þ. e. íbúatala sýslunnar, að frádreginni íbúatölu þeirra eyjahreppa, sem ráðherra ákveður að undanþegnir séu vegaskatti samkvæmt 24. gr., og hálfri íbúatölu þeirra kauptúna, sem fá helming sýsluvegasjóðsgjalda í sveitarsjóð samkvæmt 26. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963.

M = nettóíbúatala allra sýslna á landinu, reiknuð á sama hátt og nettóíbúatala hvernar sýslu.

Tölur um lengd og ástand sýsluvega skulu miðast við byrjun þess árs, sem skiptingin gildir fyrir, en íbúatölur við manntal Hagstofu Íslands 1. desember næstan á undan.

## 2. gr.

Ef hluti sýslu af framlagi ríkissjóðs, reiknaður eftir reglu í 1. gr., nær ekki tilskilinni lágmarksupphæð, þ. e. helmingi þess er sýslan lagði til sýsluvegasjóðs næsta ár á undan, skal sýslan fá þá lágmarksupphæð af óskiptu framlagi ríkissjóðs, en síðan sé skipt milli annarra sýslna samkvæmt reglunni í 1. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtistöðum í Suður-Þingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Suður-Þingeyjarsýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slikra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur að fengnum tillögum sýslumanns löggilt einstaka löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar, þangað til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum, fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað og samkomugestir farnir af staðnum. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlastarfið. Löggæzlumanni til aðstoðar í hverjum hreppi skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

## 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumann skemtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara.

Ef löggæzlumanni virðist ölvun á skemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað.

Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir öläði manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra menna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni og sem eigi hafa hlýtt fyrir mælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

## 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um hvernig þeir skulu haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta í té einkennishúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt.

Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

## 5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, 400.00 kr. fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða 300.00 kr. fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða eftir reikningi, sem sýslumaður úrskurðar.

## 6. gr.

Sýslumaður skal, þegar hann sér ástæðu til, eða samkv. óskum félagssamtaka í sýslunni, kalla forstöðumenn samkomustaða í sýslunni saman á fund. Á þeim fundi skal rætt um á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

## 7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir frá í 6. grein, verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja skemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skulu bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

## 8. gr.

Skal sýslumaður, er honum hefur horizt skýrsla löggæzlumanns samkvæmt 3. grein, kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. grein, á fund, og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftir-

litsmanns og skýrslu fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sé ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra, að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

#### 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr viðkomandi sveitarsjóði, að því er laun aðallöggæzlumanns snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkv. 5. grein.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafist þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni, og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugrð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 56/1963, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 101 13. júní 1960, um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. apríl 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

Baldur Möller.

21. apríl.

Nr. 64.

Staðfesting forsetans á viðaukaskipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landgræðslusjóð.

#### 1. gr.

Viðauki þessi er gerður á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 25. júní 1955 og aðalfundi 1963, samkvæmt tillögu stjórnar félagsins.

#### 2. gr.

7. gr. skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, nr. 94 18. júní 1946, hljóði þannig:

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. grein, gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna, er stjórn hans heimilt að verja allt að  $\frac{3}{4}$  vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé það, sem rennur í sjóðinn, vegna ákvæða í lögum um álag á vindlinga, má nota á eftirfarandi hátt:

1. Allt að 15% til útvegunar fræs og frækaupa.
2. Allt að 60% sem styrk til gróðrarstöðva í hlutfalli við framleiðslu þeirra, svo og til gróðursetningar, samkvæmt reglum, er stjórn sjóðsins setur.
3. Allt að 10% í tilraunaskyni vegna gróðursetningar ýmissa trjátegunda.
4. Leggja má allt að 15% við höfuðstól sjóðsins eða geyma til næsta árs, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.
5. Verja má þeim hluta, er getur í 3. og 4. lið á sama hátt og í 2. lið greinir, ef sjóðstjórnin telur mikla nauðsyn á.

## 3. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á viðaukaskipulagsskrá þessari.

Nr. 65.

**SNORRASJÓÐUR 1930****Ársreikningur 1963.****Eignir:**

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári .....	kr. 199747.72
Aukning á árinu .....	— 4103.54
	<hr/>
	Kr. 203851.26

**Skuldir:**

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar .....	kr. 53500.00
Innstæða í sparissjóðsbók, Búnaðarbanka .....	— 150351.26
	<hr/>
	Kr. 203851.26

**Tekjur:**

Vextir af skuldabréfi .....	kr. 2440.00
— — sparissjóðsbók .....	— 9463.54
	<hr/>
	Kr. 11903.54

**Gjöld:**

Styrkir til náms í Noregi:

Þór Edv. Jakobsson .....	kr. 3900.00
Þorst. Guðjónsson .....	— 3900.00
	<hr/>
	kr. 7800.00
Til höfuðstóls .....	— 4103.54
	<hr/>
	Kr. 11903.54

Reykjavík, 17. marz 1964.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Haukur Þorleifsson.

G. Thordarson.

**REIKNINGUR****Bjargráðasjóðs Íslands 1963.****Tekjur:**

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga .....	kr. 2092645.00
2. Vaxtatekjur:	
a. Af óþurrkalanum .....	kr. 111698.97
b. Af innstæðum séreignarsjóðs .....	— 502959.43
c. Af innstæðum sameignarsjóðs .....	— 186617.33
d. Af skuldabréfum .....	— 533248.20
e. Af hlaupareikningi .....	— 3222.35
	<hr/>
	— 1337746.28
3. Húsaleigutekjur .....	— 61260.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld .....	— 25341.00
	<hr/>

Kr. 3516992.28

**Gjöld:**

1. Kostnaðarreikningur .....	kr. 448287.24
2. Eftirgefin lán:	
a. 20% eftirgjafir, óþl. 1955 .....	kr. 44766.00
b. Samkvæmt stjórnarsamþykkt .....	— 12000.00
c. Fóðurlán .....	— 41380.00
	<hr/>
	— 98146.00
3. Eftirgefnir vextir af óþl. 1955 .....	— 40309.53
4. Endurgreiddir vextir af óþl. 1955 .....	— 1050.00
5. Endurgreidd 20% eftirgjöf .....	— 1600.00
6. Styrkir .....	— 235000.00
7. Viðhald fasteignar .....	— 39447.08
8. Afskriftarreikningur .....	— 34418.57
9. Tekjuafgangur .....	— 2618733.86
	<hr/>

Kr. 3516992.28

**Efnahagsreikningur 1963.****Eignir:**

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:	
a. Innstæða frá fyrra ári .....	kr. 6105259.69
b. Viðbót á árinu .....	— 1091781.93
	<hr/>
	kr. 7197041.62
2. Sameignasjóður:	
a. Fasteignareikningur .....	kr. 210371.80
b. Innbú og lausafé .....	— 309767.12
c. Skuldabréfaeign .....	— 14517955.51
d. Bankainnstæður .....	— 1707496.16
e. Hlaupareikningur .....	— 124214.25
f. Sjóðsreikningur .....	— 78.13
g. Ógreiddir vextir í árslok .....	— 190901.00
h. Sjóðsmismunur frá 1961 .....	— 3046.00
	<hr/>
	— 17063829.97

Kr. 24260871.59

## Skuldir:

1. Skuldabréf rikissjóðs .....	kr.	1500000.00
2. Geymslufjárreikningur .....	—	2735.00
3. Lán v/húseignarinnar Laugavegur 105 hf. ....	—	20507.20
4. Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1963 .....	kr.	22332819.54
Mismunur á kostnaðar- og fasteignamatsverði fasteignar .....	—	2213924.01
		<hr/>
	Kr.	20118895.53
Rekstrarhagnaður .....	—	2618733.86
		<hr/>
		— 22737629.39
		<hr/>
	Kr.	24260871.59

Reykjavík í janúar 1964.

Jónas Guðmundsson.

Nr. 67.

## VÍSINDASJÓÐUR

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1961.

## Gjöld:

Greitt Raunvísindadeild .....	kr.	847000.00
— Hugvísindadeild .....	—	363000.00
		<hr/>
		kr. 1210000.00
Kaup ritara Raunvísindadeildar .....	kr.	18000.00
— — Hugvísindadeildar .....	—	12000.00
		<hr/>
		30000.00
Ýmislegur kostnaður .....	—	850.00
Hreinar tekjur .....	—	185213.28
		<hr/>
	Kr.	1426063.28

## Tekjur:

Framlag úr Menningarsjóði .....	kr.	800000.00
— — rikissjóði .....	—	200000.00
— frá Seðlabanka Íslands .....	—	500000.00
		<hr/>
	Kr.	1500000.00
÷ Framlag til stofndeildar Vísindasjóðs .....	—	75000.00
		<hr/>
	kr.	1425000.00
Vextir .....	—	1063.28
		<hr/>
	Kr.	1426063.28

Efnahagsreikningur 31. desember 1961.

## Tekjur:

Innstæða á spb. nr. 7615 í Landsbanka Íslands .....	kr.	5727.53
Menningarsjóður, ógreitt framlag .....	kr.	200000.00
÷ Hluti stofndeildar .....	—	10000.00
		<hr/>
		— 190000.00
		<hr/>
	Kr.	195727.53

## Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1961 .....	kr. 10514.25	
Hreinar tekjur .....	— 185213.28	
		kr. 195727.53
		<u>Kr. 195727.53</u>

Reykjavík, 12. janúar 1962

Snorri Hallgrímsson,  
form.Þorbjörn Sigurgeirsson,  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 9. febr. 1962.

Snorri Hallgrímsson.

## Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1961.

## Gjöld:

Hreinar tekjur .....	kr. 89731.02
	<u>Kr. 89731.02</u>

## Tekjur:

Framlag frá Vísindasjóði .....	kr. 75000.00
Vextir .....	— 14731.02
	<u>Kr. 89731.02</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 1961.

## Eignir:

Innstæða á spb. nr. 5003 í Landsbanka Íslands .....	kr. 235131.18
Memningarsjóður, ógreitt framlag .....	— 10000.00
	<u>Kr. 245131.18</u>

## Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1961 .....	kr. 155400.16
Hreinar tekjur .....	— 89731.02
	<u>kr. 245131.18</u>
	<u>Kr. 245131.18</u>

Reykjavík, 12. janúar 1962.

Snorri Hallgrímsson,  
form.Þorbjörn Sigurgeirsson,  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 9. febr. 1962.

Snorri Hallgrímsson.



**Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1962.****Gjöld:**

Greitt Raunvísindadeild .....	kr. 1876000.00	
— Hugvísindadeild .....	— 804000.00	
		kr. 2680000.00
Kaup ritara Raunvísindaeildar .....	— 30000.00	
— — Hugvísindaeildar .....	— 20000.00	
Ýmislegur kostnaður .....	— 1004.00	
Hreinar tekjur .....	— 172347.64	
		<u>kr. 2903351.64</u>

**Tekjur:**

Framlag úr Menningarsjóði .....	kr. 800000.00	
— — rikissjóði .....	— 200000.00	
— frá Seðlabanka Íslands .....	— 2000000.00	
		kr. 3000000.00
÷ Framlag til Stofnlánadeildar Vísindasjóðs .....	— 150000.00	
		kr. 2850000.00
Vextir .....	— 53351.64	
		<u>kr. 2903351.64</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 1962.****Eignir:**

Innstæða á spáv. nr. 7615 í Landsbanka Íslands .....	kr. 33783.52
— — hlr. — 4015 í Seðlabanka Íslands .....	— 49291.65
Menningarsjóður, ógreitt framlag .....	kr. 300000.00
÷ Hluti stofndeildar .....	— 15000.00
	<u>— 285000.00</u>
	kr. 368075.17

**Skuldir:**

Hrein eign 1. jan. 1962 .....	kr. 195727.53
Hreinar tekjur .....	— 172347.64
	<u>kr. 368075.17</u>
	kr. 368075.17

Reykjavík, 16. janúar 1963.

Snorri Hallgrímsson,  
form.Þorbjörn Sigurgeirsson,  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 4. febr. 1963.

Snorri Hallgrímsson.

**Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1962.**

<b>Gjöld:</b>	
Hreinar tekjur .....	kr. 176434.29
	<u>Kr. 176434.29</u>

<b>Tekjur:</b>	
Framlag frá Vísindasjóði .....	kr. 150000.00
Vextir .....	— 26434.29
	<u>Kr. 176434.29</u>

**Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1962.**

<b>Eignir:</b>	
Innstæða á spb. nr. 5003 í Landsbanka Íslands .....	kr. 406565.47
Menningarsjóður, ógreitt framlag .....	— 15000.00
	<u>Kr. 421565.47</u>

<b>Skuldir:</b>	
Hrein eign 1. jan. 1962 .....	kr. 245131.18
Hreinar tekjur .....	— 176434.29
	<u>Kr. 421565.47</u>

Reykjavík, 16. janúar 1963.

**Snorri Hallgrímsson,**  
form.

**Þorbjörn Sigurgeirsson,**  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 4. febr. 1963.

**Snorri Hallgrímsson.**

**Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1963.**

<b>Gjöld:</b>	
Greitt Raunvísindadeild .....	kr. 2450000.00
— Hugvísindadeild .....	— 1050000.00
	<u>kr. 3500000.00</u>
Kaup ritara Raunvísindadeildar .....	kr. 30000.00
— — Hugvísindadeildar .....	— 20000.00
	<u>— 50000.00</u>
Ýmislegur kostnaður .....	— 1131.00
	<u>Kr. 3551131.00</u>

**Tekjur:**

Framlag úr Menningarsjóði .....	kr. 800000.00	
— — ríkissjóði .....	— 250000.00	
— frá Seðlabanka Íslands .....	— 2576562.50	
		<b>Kr. 3626562.50</b>
÷ Framlag til Stofnlánadeildar Vísindasjóðs .....	— 181328.00	
		<b>kr. 3445234.50</b>
Vextir .....	— 81701.87	
Úthlutað umfram tekjur árið 1963 .....	— 24194.63	
		<b>Kr. 3551131.00</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 1963.****Eignir:**

Innstæða á hlr. 4015 í Seðlabanka Íslands .....	kr. 248880.54
Menningarsjóður, ógreitt framlag 1963 .....	kr. 100000.00
÷ Hluti stofnlánadeildar .....	— 5000.00
	<b>— 95000.00</b>
	<b>Kr. 343880.54</b>

**Skuldir:**

Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1963 .....	kr. 368075.17
Úthlutað umfram tekjur skv. rekstrarreikningi .....	— 24194.63
	<b>kr. 343880.54</b>
	<b>Kr. 343880.54</b>

Reykjavík, 7. janúar 1964.

Snorri Hallgrímsson,  
form.Þorbjörn Sigurgeirsson,  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 30. jan. 1964.

Snorri Hallgrímsson.

**Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1963.****Gjöld:**

Hreinar tekjur .....	kr. 217918.85
	<b>Kr. 217918.85</b>

**Tekjur:**

Framlag frá Vísindasjóði .....	kr. 181328.00
Vextir .....	— 36590.85
	<b>Kr. 217918.85</b>

## Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1963.

## Eignir:

Innstæða á spb. 5003 í Landsbanka Íslands .....	kr. 443156.32	
— - hlr. 3105 í Seðlabanka Íslands .....	— 191328.00	
		kr. 634484.32
Menningarsjóður, ógreitt framlag .....	— 5000.00	
		<u>Kr. 639484.32</u>

## Skuldir:

Höfuðstóll 1. jan. 1963 .....	kr. 421565.47	
Tekjur skv. rekstrarreikningi .....	— 217918.85	
		<u>Kr. 639484.32</u>

Reykjavík, 7. janúar 1964.

Snorri Hallgrímsson,  
form.Þorbjörn Sigurgeirsson,  
gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 30. jan. 1964.

Snorri Hallgrímsson.

Nr. 68.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla J. Nikulássonar árið 1962.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 51292.04	
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 4103.36	
		<u>Kr. 55395.40</u>

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 55395.40	
		<u>Kr. 55395.40</u>

Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.

Hjálmar Vilhjálmsson.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld fyrir Styrktarsjóð sjómanna árið 1962.

**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:		
Landsbanki Íslands nr. 15383 .....	kr. 73.91	
Vextir af:		
Innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 5.11	
		<hr/>
		Kr. 79.02

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:		
Landsbanki Íslands nr. 15383 .....	kr. 79.02	
		<hr/>
		Kr. 79.02

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 70.

**REIKNINGUR**yfir tekjur og gjöld fyrir Minningarsjóð Steinunnar Sighvatsdóttur  
og Magnúsar Ólafssonar árið 1962.**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487 .....	kr. 11549.55	
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 955.94	
		<hr/>
		Kr. 12505.49

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487 .....	kr. 12505.49	
		<hr/>
		Kr. 12505.49

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld fyrir Grímseyjarsjóð W. Fiske árið 1962.

**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 .....	kr.	52332.29
Búnaðarbankainnstæða nr. 131 .....	—	7496.46
		<hr/>
	Kr.	59828.75

Vextir af:		
Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	4186.58
Búnaðarbankainnstæðu .....	—	517.12
		<hr/>
	Kr.	64532.45

**Gjöld:**

Styrkur til Grímseyinga .....	kr.	3591.00
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 .....	—	52541.79
Búnaðarbankainnstæða .....	—	8399.66
		<hr/>
	Kr.	64532.45

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. september 1963.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 72.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar til styrktar fátækum sjómannsekkjum í Reykjavík, 1962.

**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706 .....	kr.	44744.95
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	—	3579.60
		<hr/>
	Kr.	48324.55

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706 .....	kr.	48324.55
		<hr/>
	Kr.	48324.55

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. október 1963.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

B 22<sup>1</sup>

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1962.

**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551 .....	kr. 4264.06
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 341.12
	<hr/>
	Kr. 4605.18

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551 .....	kr. 4605.18
	<hr/>
	Kr. 4605.18

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. október 1963.***Hjálmar Vilhjálmsson.****REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld fyrir sjóðinn Stíg, 1962.

**Tekjur:**

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395 .....	kr. 9109.56
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 753.99
	<hr/>
	Kr. 9863.55

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395 .....	kr. 9863.55
	<hr/>
	Kr. 9863.55

*Í félagsmálaráðuneytinu, 11. október 1963.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1963.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tið. 1963 B., 98, bls. 237):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr.	41615.81	
b. Innstæða í Búnaðarbanka .....	—	6292.59	
			kr. 47908.40
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	3537.34	
b. — bankainnstæðu .....	—	440.44	
			— 3977.78
			<b>Kr. 51886.18</b>

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr.	45153.15	
b. Innstæða í Búnaðarbanka .....	—	6733.03	
			<b>Kr. 51886.18</b>

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. marz 1964.*

**Brynjólfur Ingólfsson.**

Nr. 76.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1963.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., 97, bls. 237):			
Innstæða í Landsbankanum .....	kr.	805.27	
2. Vextir af bankainnstæðu .....	—	56.35	
			kr. 861.62
			<b>Kr. 861.62</b>

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum .....	kr.	861.62	
			<b>Kr. 861.62</b>

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. marz 1964.*

**Brynjólfur Ingólfsson.**



**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1963.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963 B., 99, bls. 238):		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 85375.35	
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 7256.90	
		<hr/>
		kr. 92632.25
		<hr/>
		Kr. 92632.25

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 92632.25	
		<hr/>
		Kr. 92632.25

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. marz 1964.*

**Brynjólfur Ingólfsson.**

Nr. 78.

30. apríl.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af syni Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, Jóni Halldórssyni, Sólvöllum 1, Garðahreppi, Gullbringusýslu, samkvæmt arfleiðsluskrá, dagsettri 14. apríl 1961.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er andvirði allra eftirlátinna eigna Jóns Halldórssonar, og er nú kr. 565844.40.

**4. gr.**

Sjóðurinn er eign Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, en lýtur sérstakri stjórn og verður eigi ráðstafað nema samkvæmt skipulagsskrá þessari.

## 5. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að framförum og menningu í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, svo sem með því að styrkja frumbýlinga þar til bústofnskaupa, að verðlauna bændur í Holtshreppi fyrir góða umgengni og snyrtimennsku í búskap, að veita bændum þar viðurkenningu fyrir umbætur á jörðum sínum, að veita ungum mönnum í Holtshreppi styrk til náms, að styðja ungmennafélag til menningarstarfsemi og íþróttaiðkana og að styðja hvers konar aðra þá starfsemi, er stjórn sjóðsins metur til framfara og menningarauka í hreppnum.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: hreppstjóri Holtshrepps, hreppsnefndaroddvitinn og einn maður tilnefndur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til fjögurra ára í senn.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að fé hans sé jafnan ávaxtað í banka eða með öðrum tryggilegum hætti. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal hverju sinni  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna við höfuðstólinn.  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxtanna má úthluta ár hvert.

Sé eitthvert ár enginn styrkur veittur, skal vaxtafé það, sem úthluta mátti, geymast á vöxtum, unz skilyrði eru til styrkveitingar samkvæmt framangreindum fyrirráðum.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins annast ávöxtun sjóðsins og reikningshald, tekur ávarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum og hefur að öllu leyti á hendi stjórn hans.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir ásamt hreppsreikningum

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## 11. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

11. maí.

Nr. 79.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. maí 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er ávöxtun hans í höndum rektors og háskólaráðs.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af ekkju síra Rögnvalds Péturssonar D.D. og dr. phil., frú Hólmfríði Pétursson í Winnipeg, og dóttur þeirra, ungfrú Margréti Pétursson, B.A., sömuleiðis í Winnipeg, á áttatiu og þriggja ára afmæli dr. Rögnvalds Péturssonar 14. ágúst 1960.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er 15000 — fimmtán þúsund — kanadadollarar, og er sá hluti sjóðsins varðveittur í Kanada, og 100000.00 — eitt hundrað þúsund — íslenskar krónur, sem varðveittar eru á Íslandi.

Háskólaráð er jafnan heimilt að gera aðrar ráðstafanir um geymslu höfuðstóls, ef nauðsyn krefur.

**4. gr.**

Árlegum vöxtum sjóðsins má úthluta afdráttarlaust, en stjórn sjóðsins getur ákveðið að draga saman vexti fleiri ára en eins til úthlutunar í senn. Þeim vöxtum, sem myndast hafa af höfuðstól sjóðsins nú þegar, er heimilt að úthluta við fyrstu úthlutun úr sjóðnum eða síðar.

**5. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja kandiðata í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands, sem reyndir eru að áhuga, dugnaði og góðum hæfileikum, til framhaldnáms og undirbúnings frekari vísindastarfa.

Veita má sama manni oftari en einu sinni styrk úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins getur áskilið, að styrkþegi flytji fyrirlestira við Háskóla Íslands um rannsóknarefni sitt, og skulu þeir fyrirlestrar tengdir nafni dr. Rögnvalds Péturssonar.

Nú berst engin umsókn um styrk úr sjóðnum, er stjórn sjóðsins telur vert að sinna, og er þá heimilt að fresta úthlutun og úthluta síðar því fé, er til úthlutunar skyldi koma.

**6. gr.**

Stjórn sjóðsins skal eiga frumkvæði að því, að styrkir séu auglýstir til umsóknar, og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera til 1. júlí, en styrkur skal veittur hverju sinni 14. ágúst.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Rektor Háskóla Íslands er sjálfkjörinn, og skal hann vera formaður. Hina tvo kys háskólaráð til fjögurra ára í senn. Varamenn eru vararektor Háskólans og tveir varamenn, er háskólaráð kys.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um úthlutun styrkja og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

**8. gr.**

Háskólaráð lætur gera reikninga sjóðsins ár hvert, og skulu niðurstöður þeirra birtast í árbók Háskólans. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

**9. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún síðar prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.

**S A M Þ Y K K T****fyrir Húsavíkurkaupstað um eyðingu svartbaks.****1. gr.**

Innan takmarka lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar skal svartbakur vera réttdræpur hverjum sem er og skal honum útrýmt með skotum.

**2. gr.**

Skylt er hverjum umráðamanni lands að eyða öllum svartbakseggjum og ungum á landi hans, eins og kostur er. Bæjarstjórn skal hlutast til um að eftirlit sé haft með því, að menn geri skyldu sína í þessu efni og sé um vanrækslu að ræða, sér hún um, að eyðingin sé framkvæmd á kostnað þess, er vanrækti.

**3. gr.**

Bæjarstjórn skal hlutast til um eyðingu svartbaks í landi kaupstaðarins og ráða í því skyni skotmenn eftir þörfum.

**4. gr.**

Fyrir hvern skotinn svartbak skal greiðast úr bæjarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglinn, en bæjarstjóri sér um, að vængurinn sé brenndur eða eyðilagður á annan hátt, þegar er skotmaðurinn hefur fengið greidd skotlaun sín.

**5. gr.**

Bæjarstjóri sendir Atvinnumálaráðuneytinu tvíritið skrá um áramót, um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir og innheimtir hluta ríkissjóðs í skotlaunum.

**6. gr.**

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum til bæjarsjóðs skv. lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. maí 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T****fyrir Norður-Þingeyjarsýslu um eyðingu svartbaks.****1. gr.**

Innan takmarka Norður-Þingeyjarsýslu skal svartbakur vera rétttræpur og skal honum útrýmt með skotum.

Þar sem æðarvarp er eða í grennd við það, má þó ekki skjóta, nema með leyfi og í samráði við jarðarabúanda.

**2. gr.**

Skýlt er hverjum jarðarabúanda að eyða svartbakseggjum og svartbaksungum, eftir því sem kostur er, á landi ábýlisjarðar sinnar eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir. Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með, að menn geri skyldu sína í þessu efni, og sé um vanrækslu að ræða, lætur hún framkvæma eyðinguna á kostnað þess, sem skylduna á að rækja.

**3. gr.**

Sérhverri hreppsnefnd sýslunnar er skýlt að hlutast til um eyðingu svartbaks í sínum hreppi og ráða þær í því skyni skotmenn eftir þörfum.

**4. gr.**

Fyrir hvern skotinn svartbak greiðir oddviti úr sveitarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar fyrir því, að hann hafi drepit fuglinn, en oddviti brennir eða eyðileggur vængina þegar er hann hefur greitt skotmannslaun.

**5. gr.**

Oddviti hreppsnefndar sendir sýslumanni tvíritaða skrá um hver áramót um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir, en sýslumaður endurgreiðir hluta sýslusjóðs af skotmannalaunum og innheimtir þann hluta, sem greiðist úr ríkissjóði.

**6. gr.**

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sveitarsjóðs, samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. maí 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð sumarbúða Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. maí 1964. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð sumarbúða Austurlands.

### 1. gr.

Félagið heitir styrktarfélag sumarbúða Austurlands, skammstafað SSA. Félagið er sjálfseignarfélag. Heimili þess og varnarþing skal teljast þar sem það reisir mannvirki sín og rekur starfsemi sína.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að leitast við að skapa hjá æskunni hollar lífsvenjur og áhuga fyrir heilbrigðu útlífi og íþróttum.

Í þessu skyni hyggst félagið koma upp miðsvæðis á Austurlandi sumarbúðum fyrir unglina og gangast þar fyrir æskulýðsnámskeiðum og mótum, þar sem unglirnir kynnist og taki þátt í íþróttum, leikjum og öðru því, er hafa má þroskandi áhrif á sál þeirra og líkama.

### 3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því:

- a) Að efla skilning einstaklinga og stofnana í fjórðungnum fyrir þeirri nauðsyn, að upp risi hér á Austurlandi stofnun, slík sem um getur í 2. gr. hér á undan.
- b) Að afla tekna félaginu til handa með því að leitast við að fá bæjar- og sveitarfélög á Austurlandi til að leggja fram árlegt framlag till starfsemi félagsins eða með því að efna til happdrættis, merkjasölu, samkomuhalds, eða annarra almennra fjáröflunarleiða, er stjórnin telur hverju sinni happadrýgstar.

### 4. gr.

Fjárframlögum til félagsins fylgja ekki hlunnindi. Félagsmenn njóta engra sérreittinda í sambandi við starfsemi félagsins.

### 5. gr.

Fjármuni félagsins skal nota til að koma á fót nauðsynlegri aðstöðu fyrir starfsemi félagsins, svo og til sjálfrar starfseminnar.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir í bönkum eða öðrum opinberum lánastofnunum.

### 6. gr.

Endurskoðun félagsins skal falin 2 endurskoðendum, öðrum kjörnum á aðalfundi félagsins, en hinum kjörnum af sýslunefnd Suður-Múlasýslu.

### 7. gr.

Þeir, sem gerast vilja félagsmenn, skulu leggja fram skriflega inntökubeiðni, er borin skal undir atkvæði á aðalfundi félagsins. Félagsmenn skulu greiða félagsgjöld eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Gjaldldagi félagsgjalda er 1. september.

Einungis skuldlausir félagsmenn eru kjörgengir í trúnaðarstöður og hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins. Greiði félagsmaður ekki árgjald sitt tvö ár í röð, jafngildir það úrsögn úr félaginu og skal frá því skýrt á aðalfundi. Venjulegar úrsagnir skulu og birtar á aðalfundi.

8. gr.

Reikningsár félagsins skal vera frá 1. sept. til jafnlengdar næsta ár.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í septembermánuði ár hvert. Skal þar flutt skýrsla félagsins, svo og endurskoðaðir reikningar frá síðasta reikningsári.

Á aðalfundi skal fram fara kjör stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda félagsins, þess er félaginu ber að kjósa.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, sem kjörnir skulu leynilegri kosningu. Varastjórn skipa þrjú menn. Varastjórn skal kjörin á sama hátt og aðalstjórn. Endurskoðandi skal einnig kjörinn leynilegri kosningu. Stjórn félagsins stjórnar rekstri þess milli aðalfunda, er ræður starfsfólk að stofnunum félagsins.

10. gr.

Nú leggst starfsemi félagsins einhverra hluta vegna niður og aðalfundur er eigi haldinn, svo sem lög félagsins mæla fyrir um. Skulu þá sýslumenn Múlasýslna og bæjarstjórar kaupstaða á Austurlandi, í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins, koma saman til fundar og ráða til lykta hversu farið skuli með eignir félagsins, enda skal jafnan stefnt að því, að þær þjóni hinum upprunalega tilgangi sínum.

11. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra manna á aðalfundi.

12. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá forseta Íslands.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1964.

*Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1964, nr. 1.

*Lög um hækkun á bótum almannatrygginga*, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1964, nr. 2.

*Lög um laun forseta Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 6. marz 1964, nr. 3.

*Lög um þingfararkaup alþingismanna*, undirskrifuð af forsetanum 6. marz 1964, nr. 4.

*Lög um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, striðsslysatryggingu skipshafna o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 6. marz 1964, nr. 5.

*Lög um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár*, undirskrifuð af forsetanum 25. marz 1964, nr. 6.

*Lög um samkomudag reglulegs alþingis 1964*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1964, nr. 7.

*Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar*, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1964, nr. 8.

*Lög um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka*, undirskrifuð af forsetanum 19. marz 1964, nr. 9.

*Lög um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1964, nr. 10.

*Lög um ríkisborgararétt*, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1964, nr. 11.

*Lög um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963*, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1964, nr. 12.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum um breytingar á þeim*, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1964, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar*, undirskrifuð af forsetanum 15. maí 1964, nr. 14.

*Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 15.

*Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 16.

*Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga*, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 17.

*Lög um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 18.

*Skipulagslög*, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 19.

*Lög um eftirlit með opinberum sjóðum*, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 20.



*Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 21.*

*Lög um kisilgúrverksmiðju við Mývatn, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 22.*

*Lög um breyting á lögum nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur rikissjóðs, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1964, nr. 23.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi, undirskrifuð af forsetanum 15. apríl 1964, nr. 24.*

*Lög um heimild fyrir rikissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1964, nr. 25.*

*Lög um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1964, nr. 26.*

*Forsetaúrskurður um að minnispeningur Jóns Sigurðssonar skuli vera gjaldgeng mynt, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1964, nr. 27.*

*Lög um breyting á girðingalögum nr. 24. 1. febr. 1952, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1964, nr. 28.*

*Lög um ferðamál, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1964, nr. 29.*

*Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 14. maí 1964, nr. 30.*

*Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1964, nr. 31.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 23. maí 1964, nr. 32.*

*Lög um breyting á lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 33.*

*Lög um loftferðir, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1964, nr. 34.*

*Lög um Ljósmeðraskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 35.*

*Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, undirskrifuð af forsetanum 15. maí 1964, nr. 36.*

*Lög um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1964, nr. 37.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1964, nr. 38.*

*Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, undirskrifuð af forsetanum 19. maí 1964, nr. 39.*

*Lög um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 40.*

*Lög um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. des. 1953, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 41.*

*Lög um breyting á lögum nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 42.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1964, nr. 43.*

*Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 44.*

*Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 45.*

*Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 46.*

*Lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1964, nr. 47.*

*Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 1. maí 1964, nr. 48.*

*Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 4. júní 1964, nr. 49.*

*Auglýsing um vegadóttun fyrir árið 1964, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 11. júní 1964, nr. 50.*

*Lög um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 10. júní 1964, nr. 51.*

*Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 19. júní 1964, nr. 52.*

*Bráðabirgðalög um launaskatt, undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1964, nr. 53.*

25. febr.

Nr. 83.

## AUGLÝSING

frá Sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild í 4. málsgrein 2. gr. laga nr. 1 frá 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Í samræmi við þessa ákvörðun greiðist 6% viðbót við ferskfiskverð það, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins hinn 20. janúar 1964, eins og segir í tilkynningu ráðsins hinn 24. febrúar 1964. Tekur þetta til þess fisks, sem fer til vinnslu eða neyzlu innanlands.

Fiskifélagi Íslands hefur verið falin framkvæmd greiðslu á þeirri fjárhæð, sem hér um ræðir.

Greiðslur til útvegsmanna munu fara fram mánaðarlega fyrir milligöngu fiskkaupenda, þ. e. vinnslustöðva. Ber fiskkaupendum að láta Fiskifélaginu í té, um leið og afhending hinna almennu afla- og vigtarskýrsla fer fram, afrit af vigtarnótum fyrir hvert fiskiskip ásamt vottorði Ferskfiskeftirlits um gæða- og stærðarflokkun fisksins. Vigtarnótur skulu vera staðfestar af löggiltum vigtarmönnum.

Fiskifélagið getur, með samþykki ráðuneytisins, sett nánari reglur um framkvæmd á greiðslum þessum.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

13. marz.

Nr. 84.

## AUGLÝSING

um breytingar nr. 2 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. marz 1964 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. marz 1964.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias I. Eliasson.*

## AUGLÝSING

### um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 28. júní 1964.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (Vestur-Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1017 meðmælendur, en mest 2034.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 141 meðmælandi, en mest 282.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (Vestur-Húnavatnssýslu — Suður-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 240 meðmælendur, en mest 480.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (Norður-Þingeyjarsýslu — Austur-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 102 meðmælendur, en mest 204.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

*Forsætisráðuneytið, 15. marz 1964.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius*

## AUGLÝSING

### um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

#### I. flokkur:

- Gullauga (Helga).
- Rauðar íslenzkar.
- Möndlukartöflur.
- Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

#### II. flokkur:

- Rya.
- Eiginheimer.
- Alpha.
- Dir. Johannson.
- Ackersegen (Akurblessun).
- Gular íslenzkar.
- King Edward.
- Júli.
- Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í II. flokk fram til 20. september, en sem III. flokks kartöflur eftir þann tíma:

Skaan.  
Saga.  
Eva.  
Pontiac.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. marz 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

2. apríl.

Nr. 87.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 og að fengnum tillögum frá borgarstjórn Reykjavíkur, hafa verið settar eftirfarandi takmarkanir á umferð um Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og Aðalstræti:

Bönnuð er umferð vörubifreiða, sem eru yfir 1 tonn að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir, annarra en strætisvagna, á tímabilinu frá kl. 13.00, þar til almennum verzlunum er lokað á virkum dögum, nema laugardögum, en þá gildir bannið frá kl. 10.00. Enn fremur er vöruferming og afferming bönnuð á framangreindum götum á sama tíma.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. apríl 1964.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

28. apríl.

Nr. 88.

## AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum:

**Háukinn** til austurs frá Bárúkinn að Stekkjarkinn.

**Stekkjarkinn** til norðurs frá Háukinn.

**Köldukinn** til vesturs frá Stekkjarkinn að Hringbraut.

**Bröttukinn** til austurs frá Hringbraut að Stekkjarkinn.

**Grænukinn** til vesturs frá Stekkjarkinn að Hringbraut.

**Fögrukinn** til austurs frá Hringbraut að Bárubraut.

**Kirkjuvegi** til norðurs frá Reykjavíkurvegi að Hellisgötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. apríl 1964.*

**Björn Sveinbjörnsson, settur.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Eskifjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Eskifjarðarkauptúni samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

Aðalbraut er **Strandgata** frá Bleiksárbrú að Mjóeyrarvík, og er biðskylda á öllum götum, vegum og sundum, sem að henni liggja.

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

#### Á Strandgötu:

- a) Beggja megin á bilinu frá Gamla-Baukslæk að Lambeyrarárbrú.
- b) Á neðri brún vegar við aðalverzlunarhús Kaupfélagsins Bjarkar.

Á **Norðfjarðarvegi**, frá Lambeyrarárbrú að vegamótum við Hringbraut, **beggja megin**.

Á **Hringbraut**, frá vegamótum Norðfjarðarvegar og austur fyrir húsið Samtún, á neðri brún vegar.

Allur bifreiðaakstur er bannaður um **Kirkjutungustíg** frá **Brynjólfshúshorni** að vegamótum **Hringbrautar** (við **Finnshús**).

Um **Sundið** milli húsanna **Hermes I** og **Skálholts**.

Viðeigandi umferðamerki verða sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 25. maí 1964.*

**Axel V. Tuliníus.**

## REGLUGERÐ

### um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga.

#### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur árlega semja framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, sem undir það heyra. Skal áætlunin vera í tvennu lagi, a- og b-flokkur. Í a-flokki séu þær byggingar, sem þegar hafa verið gerðar af fullnaðarteikningar, verklysingar og nákvæmar kostnaðaráætlanir, en í b-flokki byggingar, sem skemmra eru komnar í undirbúningi. Fjárlagatillögur menntamálaráðuneytisins um framlög til skólabygginga skulu gerðar á grundvelli þessarar framkvæmdaáætlunar, og skal hún fylgja þeim tillögum til Alþingis.

#### 2. gr.

Alþingi ákveður í fjárlögum til hvaða skólafrankvæmda stofnkostnaðarframlög skulu veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting hefur farið fram og annar lögmæltur undirbúningur. Skulu fjárveitingar til greiðslu áætlaðs ríkisframlags þeirra skólabygginga, sem Alþingi veitir fé til 1965 og síðar, miðaðar við, að greiðslum sé lokið að fullu a. m. k. innan fimm ára.

## 3. gr.

Áður en bygging skóla hefst, þarf menntamálaráðuneytið skriflega að hafa staðfest fullnaðarteikningu, verklýsingu og kostnaðaráætlun um framkvæmdina. Að lokinni þeirri staðfestingu, má inna af hendi stofnkostnaðarframlag samkvæmt 2. gr., eftir því sem áfallinn kostnaður þeirrar framkvæmdar segir til um og samkvæmt því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## 4. gr.

Árið 1964 skal greiðsla stofnkostnaðarframlaga samkvæmt fjárlögum ársins 1964 og eldri fjárlögum til framkvæmda, er ekki hafa fullnægt ákvæðum 3. gr., áður en þessi reglugerð tekur gildi, háð því skilyrði, að þessar greiðslur nái einum fimmta af áætluðu framlagi ríkissjóðs miðað við verðlag í febrúar 1964.

## 5. gr.

Æski sveitarfélag eða aðrir aðilar, þ. á m. byggingarnefndir ríkisskóla, er ekki hafa fullnægt ákvæðum 3. gr. fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, að hefja framkvæmdir á árinu 1964 og telja sig fullnægja skilyrðum 4. gr., skal ráðuneytið láta framkvæma endurskoðun á kostnaðaráætlun þeirri, sem fjárveiting var miðuð við, og tilkynna síðan sveitarfélagi eða byggingarnefnd, er hlut á að máli, niðurstöðuna. Sker sú endurskoðun úr um, hvort framlag verður greitt árið 1964 eða ekki.

## 6. gr.

Nú ná óhafnar fjárveitingar til annars eða seinni áfanga sömu skólabygginga ekki einum fimmta af áætluðu framlagi ríkissjóðs miðað við verðlag í febrúar 1964. Má þá þrátt fyrir hin almennu ákvæði 4. gr. greiða fé á árinu 1964 til framkvæmda, sem flokkaðar eru á fjárlögum undir annan eða seinni áfanga, svo framarlega sem greiðsla slíkra framlaga að álitu menntamálaráðuneytisins sé nauðsynleg til þess að fyrri áfangar og sá húsakostur, sem fyrir er, nýtist. Sama gildir þegar um er að ræða fleiri en einn skóla og fleiri en einn byggingaráfanga á sama fræðslustigi innan eins og sama sveitarfélags.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 22. gr. laga nr. 41/1955, sbr. 2. gr. sömu laga, og með skírskotun til ákvæða í 6. gr. laga nr. 1/1964, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 8. maí 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgír Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 1. júní 1964 hækkar um 10% útsöluverð allra lyfja í Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

**AUGLÝSING**

um breytingu nr. 3 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 1. júní 1964 hækkar um 10% útsöluverð allra lyfja í Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

Nr. 93.

14. maí.

**REGLUGERÐ**

um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

**1. gr.**

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 140 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist fyrir fram í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár og bifreiðaskatturinn.

Lækka skal eða endurgreiða skoðunargjald, ef bifreið eða bifhjól er aðeins skrásett hluta úr gjaldárinu, þannig að það verði 35 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi. Krafa um endurgreiðslu skal borin fram fyrir 1. október næsta gjaldár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

**2. gr.**

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu þeir, sem greitt hafa skoðunargjald fyrir gjaldárið 1963, eiga rétt á að fá það dregið frá skoðunargjaldi, sem þeim ber að greiða fyrir gjaldárið 1964 eða fá það endurgreitt, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

**3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 187 21. október 1963, um skoðunargjald bifreiða.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## AUGLÝSING

### um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga.

Menntamálaráðuneytið vekur hér með athygli á ákvæðum reglugerðar frá 8. maí 1964, um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt á árinu 1964 að hefja byggingarframkvæmdir við skólabyggingar, sem heyra undir ráðuneytið, nema fjárveitingar í fjárlögum nemi samtals 20% af áætl-uðu framlagi ríkissjóðs, miðað við verðlag í febrúar þess árs, — og ráðuneytið hafi enn fremur staðfest teikningar og kostnaðaráætlanir mannvirkjanna með venjulegum hætti.

Umsóknir um endurskoðun á kostnaðaráætlunum, sbr. 5. gr. reglug., svo og umsóknir um heimild til að byggingarframkvæmdir falli undir 6. gr. reglug., skulu hafa horizt ráðuneytinu fyrir 15. júní n. k.

*Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1964.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um skyldusparnað, nr. 116 10. sept. 1959.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára.

#### 2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Húsnaðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr., fyrst í stað í Landsbanka Íslands (Seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berast sparimerkjabréf, sbr. 7. gr., skiptir hun fénu eftir því hvar sparimerkja-eigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingasjóðs ríkisins, en þeirra, sem búsettir eru í sveitum í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver Spari-fjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

#### 3. gr.

13. gr. 4. og 5. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnaðismála-stjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir 2% hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn



því siklyrði, að sparifjársofnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti kr. 50.000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarinnis og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildini, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.

#### 4. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar með sparimerkjakaupum hærri hluta launa sinna en 15%, byrja slíkan sparnað yngri en 16 ára og halda áfram eftir 26 ára aldur.

Hver sá, sem notar heimild þessa, skal njóta sömu réttinda og heimiluð eru samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 18 23. maí 1964 um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

**Takmörk hafnarinnar.**

#### 1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innri-básam á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

### II. KAFLI

**Stjórn hafnarinnar.**

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

#### 3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

## 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

## III. KAFLI

## Um almenna reglu.

## 5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dveljast á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

## 7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld og ljós, nema undir kötlum skipsins, í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreikingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

## 9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina oliur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða skipsþilfar.

## IV. KAFLI

## Um hafnsögu.

## 10. gr.

Ekkert skip, eða fljótandi far, sem er stærra en 30 rúmlestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns. Undanþegin eru öll fiskiskip, er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá, sem heldur uppi ferðum

um Ísafjarðardjúp með styrk úr ríkissjóði. Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sóthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

#### 11. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn á línu, sem hugsast dregin úr Arnardal í Velli, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns, og skal hafnsögumaður þá fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Hafnsögumaður má ekki yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en það er lagzt við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði meðan hann dvelst um borð. Sama gildir, ef skipið er flutt til um höfnina, eða lætur úr höfn.

#### 12. gr.

Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

### V. KAFLI

#### Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

#### 13. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um, hvar þau meggi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmönnum hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi úr höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

#### 14. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauz í lægi í höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

#### 15. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggjar hlifur milli skipa og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

#### 16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau

hleypta burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

## 17. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## 18. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

## 19. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðar-bátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

## VI. KAFLI

## Um notkun bryggja og bólvirkja.

## 20. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjóri vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

## 21. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra, er nær liggja.

## 22. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 23. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## 24. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

## 25. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

Skip, sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar, þar sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggja skip á innri höfninni án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafizt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta leggja skipinu við legufæri utan innri hafnar, eða taka það á land og ber skips-eiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

## VII. KAFLI

## Um notkun bátahafnarinnar.

## 26. gr.

Bátahöfnin á Ísafirði er fyrst og fremst ætluð til afnota fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda á Ísafirði og leggja þar upp afla sinn, eða eru í stöðugum flutningum milli Ísafjarðar og annarra hafna. Þar næst fyrir innanbæjarskip og báta, sem fiskveiðar stunda og leita þar hafnar eða hafa þar viðvöl, þótt þau leggi upp afla sinn annars staðar um stundarsakir eða að staðaldri. Þar næst fyrir utanbæjarskip og báta, sem gerð eru út frá Ísafirði og leggja þar upp afla sinn. Þar næst fyrir önnur skip, eftir því sem rúm leyfir.

Verði meiri aðsókn fiskiskipa að notkun bátahafnarinnar en rúm leyfir að við verði komið, fer um rétt skipa og báta til afnota af henni í þeirri röð, sem að framan greinir.

Þó er öllum skipum og bátum heimilt að leita skjóls í bátahöfninni í óveðrum, eftir því sem rúm frekast leyfir.

## 27. gr.

Verði hlé á veiðum einstakra fiskiskipa og báta svo að vikum skiptir, vegna bilana, viðgerða eða af öðrum ástæðum, er eigendum skylt að taka þau úr bátahöfninni til geymslu annars staðar meðan á hléinu stendur, ef hafnarvörður óskar þess.

## 28. gr.

Önnur afnot af bátahöfninni en þau, er fiskveiðar varða, svo sem ferming og afferming vara, viðlega vegna viðgerða, geymsla skipa, sem ekki eru í notkun

um stundarsakir eða til langframa o. s. frv., eru því aðeins heimil, að til komi leyfi hafnarvarðar hverju sinni. Öll slík leyfi gilda aðeins til bráðabirgða, eða þar til hafnarvörður ákveður annað.

## 29. gr.

Við alla notkun bátahafnarinnar eru notendur skyldir að hlýða fyrirmælum hafnarstjóra eða trúnaðarmanns hans, svo sem um legu skipa og báta, tilfærslu þeirra á höfninni og brottflutning úr henni, svo og hvar afli þeirra, veiðarfæri og annað er lagt á land, enn fremur um geymslu á afla, veiðarfærum og öðru á landi hafnarinnar o. s. frv.

Notendum er einnig skylt að gæta alls þrifnaðar við notkun bátahafnarinnar og ber þeim að flytja burtu allan fiskúrgang og önnur óhreinindi, er berast kunna á land hafnarinnar af þeirra völdum.

Um vanrækslu á síðastnefndu atriði gilda ákvæði 23. greinar. Á sama hátt gilda um alla notkun bátahafnarinnar öll önnur ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

## VIII. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 30. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu af hvað leka snertir, þótt það sé mannlaut, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum.

Á öðrum árstímum skulu á geymsluskipum vera að minnsta kosti tveir varðmenn, sem hafnarstjóri tekur gilda. Skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Ljós skulu tendruð á öðrum skipum, sem liggja í lægi, eftir þeim sjóferðareglum, er um slíkt gilda og enn fremur þegar hafnarstjóri krefst þess.

## 31. gr.

Meðan skip liggur mannlaut í lægi skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipi, sem lagt er í lægi, skal hann skriflega tilkynna hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á Ísafirði og tekið hefur að sér að hafa umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim verði fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

Eigendum geymsluskipa og annarra skipa, sem lagt er í lægi, skal skylt að flytja skip sin úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

## IX. KAFLI

## Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

## 32. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengjuefni, svo sem púður, dynamit, geomit, eða önnur þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

## 33. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 32. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

## 34. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

## 35. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 32. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

## X. KAFLI

## Um hafnargjöld á Ísafirði.

## 36. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

## 1. Lestagjald.

## 37. gr.

Öll skip, ferjur og hvers konar fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða kjölfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar í höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 38. gr.

- a. Fiskiskip, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði og skrásett þar, svo og Djúp- báturinn, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest.
- b. Öll önnur skip, sem koma til hafnarinnar, nema varðskip, vitaskip, björgunar- skip, rannsóknarskip, skip með skirteini sem skemmtiferðaskip, skulu greiða 2.30 kr. fyrir hverja nettó rúmlest. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 1.50 kr.
- c. Ef skip, sem siglir eftir fyrir fram auglýstri áætlun, kemur aftur áður en liðnir eru 7 dagar frá því það greiddi síðast lestagjald, ber því eigi að greiða gjaldið í það sinn.

## 2. Vitagjald.

## 39. gr.

- Öll skip, sem eiga að greiða lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald þannig:
- a. Skip, sem um getur í 38. gr. a., greiði 100 krónur á ári fyrir fyrstu 50 brúttó rúmlestir og 2 kr. á hverja brúttó rúmlest þar fram yfir.
  - b. Öll önnur skip greiði 45 aura fyrir hverja nettó rúmlest, þó aldrei minna en 20 krónur og aldrei meira en 200 krónur í hvert skipti.

### 3. Bryggjugjald og bólvirkjagjald.

#### 40. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Fiskiskip, sem eru eign búsettra manna á Ísafirði, skrásett þar, og Djúpbáturinn, og eru ekki í millilandasiglingum, greiði árlega 10 krónur af hverri brúttó rúmlest.
- b. Öll aðkomuskip greiði 70 aura af hverri nettó rúmlest fyrir hvern hálfan sól- arhring eða hluta af hálfum sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 45 krónur í hvert sinn.

Varðskip, vitaskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun, vörugeymslu o. fl. skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila.

Hafnarvörður tilkynni hafnargjaldkera jafnóðum öll slík afnot.

### 4. Bátahafnargjald.

#### 41. gr.

Sérstakt árlegt gjald skal greiða fyrir notkun bátahafnarinnar. Árgjaldið greiða öll þau skip, sem skrásett eru á Ísafirði og fiskveiðar stunda og auk þeirra þau skip önnur, sem nota bátahöfnina.

Gjöldin skulu vera:

- a. Skip skrásett á Ísafirði greiði 12 krónur af hverri brúttó rúmlest árlega, en minnst 55 krónur.
- b. Skip skrásett utan Ísafjarðar greiði 25 krónur af hverri brúttó rúmlest árlega, en minnst 115 krónur.

#### 42. gr.

Gjaldskyld notkun bátahafnarinnar telst það, að bátar eða skip leggjast við landfestar í höfninni, eða utan á önnur skip, leggi þar upp afla sinn eða flutning, eða taki um borð flutning, veiðarfæri, olíu, beitu o. s. frv. Bátar, er nota höfnina, hafa leyfi til að hafa flutning sinn eða annað það, er þeim tilheyrir, liggjandi á landi hafnarinnar allt að einum sólarhring, án þess að greiða sérstakt gjald fyrir, þó því aðeins, að hafnarstjóri eða trúnaðarmaður hans telji það eigi til ógreiða fyrir aðra notkun hafnarinnar og banni það þess vegna. Um gjald fyrir notkun bólvirkja og uppfyllingar bátahafnarinnar gildir að öðru leyti sama og um aðrar bryggjur og bólvirki hafnarinnar.

### 5. Hafnsögugjald.

#### 43. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttó rúmlestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á hverju ári, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan hafnarmerkja, sjá 1. gr.

Komi skip oftár á sama ári og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Innri höfnin er Pollurinn og sundin innan við Kaldáreyri.

Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiferðaskip og skip, sem sérstaklega eru tilgreind í 10. gr., eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.



## 44. gr.

Hafnsögugjald skal greiða samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar 290 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 80 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—3000 rúmlestir og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögn frá höfninni 290 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—3000 rúmlestir og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir færslu skipa um höfnina:  
290 krónur fyrir skip innan við 100 nettó rúmlestir, 390 krónur fyrir skip 100—500 nettó rúmlestir og 580 krónur fyrir skip stærri en 500 nettó rúmlestir

## 6. Vörugjald.

## 45. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 46. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flytzt til hafnarinnar.
- d. Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför.
- e. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

## 47. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 48. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 49. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Gjald 1 kr. fyrir hver 100 kg:  
Saumur alls konar, stál og stálvörur, stálvír.
2. flokkur. Gjald 1.35 kr. fyrir hver 100 kg:  
Fiskibein, sement, kol og koks, salt.
3. flokkur. Gjald 2 kr. fyrir hver 100 kg:  
Fiskur ísvarinn, saltfiskur óverkaður.

4. flokkur. Gjald 2.70 kr. fyrir hvr 100 kg:  
Beita alls konar, fiskimjöl, fóðurmjöl, freðsild, garðávextir, harðfiskur, hraðfrystur fiskur, kartöflur, kálmeti, korn og mjölvara, niðursoðnar fiskafurðir til útflutnings, saltfiskur verkaður, síldarmjöl, skreið.
5. flokkur. Gjald 3.40 kr. fyrir hver 100 kg:  
Áburður tilbúinn, hey, kjöt alls konar, lýsi, múrhúðunarefni, mör, mór, syk-ur alls konar, tólg, vikursteinn, þakhellur.
6. flokkur. Gjald 6.75 kr. fyrir hver 100 kg:  
Fiskilínur, fiskumbúðir, gærur garnir, gashylki, hvalfeiti, hessian, hampgarn, hrogn, járn alls konar, járnþipur, jurtafeiti, smurningsolíur, reiðingur, smjörlíkisolíur, skinn (hörð), strigapokar, tvistur, ull, ullarballar.
7. flokkur. Gjald 10 kr. fyrir hver 100 kg:  
Akkeri, bárujárn, blý, brauðvörur, bækur, heyvinnsluvélar, kaðlar, kitti, kalk, korkur, kex, krossviður, linoleum, miðstöðvarkatlar, miðstöðvarofnar, miðstöðvarvarahlutir, menja, málning alls konar, net og nætur, plógar pappír, smjör, smjörlíki, timbur (eftir þyngd), tjara, vír, vírnet, vélar alls konar, vara-hlutir til véla, þakpappi, önglar, þvottapottar með eldstó.
8. flokkur. Gjald 17 kr. fyrir hver 100 kg:  
Eldavélar og tilheyrandi, gólf- og veggflísar, gúmmí, gúmmískófatnaður, herfi, olíufatnaður, veggfóður.
9. flokkur. Gjald 1.35 kr. fyrir hvr 10 kg:  
Grænsápa, járnkeðjur, lakk, lím, leður og leðurvörur (algengar), litarvörur þungar, meðalálýsi, tin, zink, öl og gosdrykkir, ölgerðarvörur.
10. flokkur. Gjald 2 kr. fyrir hver 10 kg:  
Ávextir þurrkaðir, ávextir nýir, barnakerrur, blek, blikkvörur, baðlyf, bök-unardropar, brýni, burstavörur, essensar, eldhúsáhöld, fuglar, gips, gerduft, ger-efni, gólfklútar, glervörur alg., handkerrur, hestakerrur, hjólbörur, hverfistein- ar, iðnaðarvörur smærri, járnvörur smærri (skrár, lamir etc.), krydd alls kon- ar, kaffi og kaffibætir, kritt, leirvörur alg., lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlendu- vörur, prjónavörur, prjónavélar, rúðugler, rúsínur, sýrur, sóði og aðrar hrein- lætisvörur, saumavélar, skilvindur, sveskjur, sundmagi hertur, skó- og gólf- áburður, prentsverta, tómatar, verkfæri alls konar.
11. flokkur. Gjald 3.40 kr. fyrir hver 10 kg:  
Bólstrunarefni, eldspýtur, húsgögn, húsgagnaáburður, jólatré, rafgeymar.
12. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir hver 10 kg:  
Fatnaður alls konar, glervörur til skrauts, grammófónar, hljóðfæri smærri, hljómplötur, kakó, leirvörur til skrauts, leðurvörur til skrauts, ljósmyndavélar, ljósmyndavörur, leikföng, mælar, mjólkurduft, peningaskápar, rafmagnsvörur, rafmagnsáhöld, skrifstofuáhöld, skófatnaður (ekki gúmmí), símaáhöld, sport- vörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sýnishorn o. þ. h., te, viðtæki og hátalarar, viðtækjafæni, vefnaðarvörur, úr og klukkur.
13. flokkur. Gjald 6.75 kr. fyrir hver 10 kg:  
Dúnn, fiður, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, spíritus, tóbak og tóbaks- vörur, vínföng, ilmvötn.
14. flokkur. Benzín og olíur: a. olía (fuel) 11.25 kr. hver 1000 kg, b. hráolía, stein- olía 33.75 kr. hver 1000 kg, c. benzín 56.25 kr. hver 1000 kg.

#### Ýmislegt.

Dráttarvélar (Tractors), hver .....	kr. 200.00
Flygel (5 kr. hver 10 kg), teningsfet .....	— 1.80
Húsgögn (3.40 kr. hver 10 kg), teningsfet .....	— 1.00
Herpinótabátar, hver .....	— 200.00

Jeppar og fólksbifreiðar, hver .....	kr. 200.00
Kindur, hver .....	— 3.00
Loðdýr, hvert .....	— 17.00
Mótorhjól, hvert .....	— 17.00
Olíugeymar, teningsfet .....	— 1.00
Orgel og harmonium (5 kr. hver 10 kg), teningsfet .....	— 1.80
Píanó, teningsfet .....	— 1.80
Reiðhjól venjuleg, hvert .....	— 7.00
Stórgripir, hver .....	— 18.00
Skip (smærri bátar), hvert .....	— 150.00
Sild krydduð, söltuð ný, hver tunna .....	— 3.40
Sild til bræðslu, mál .....	— 1.80
Vinnuvélar stórvirkar:	
Jarðýtur, skurðgröfur, vegheflar, vélskóflur o. þ. h., hver .....	— 400.00
Vörubifreiðar, hver .....	— 200.00
Timbur, teningsfet .....	— 1.00

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er 5.00 kr.

#### 7. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

50. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

51. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 20 aura af hverri rúmlest af brúttóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Ísafirði.

52. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lagt er í lægi í höfninni samkvæmt 30. gr., greiði eigandi árgjald 1 kr. af brúttó rúmlest.

53. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð sem hér segir: Allt að 5 smálestum 50 krónur, 6—12 smálesta 150 krónur, 13—50 smálesta 300 krónur, stærri skip 600 krónur.

54. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

55. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

56. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

## XI. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 57. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

## 58. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

## 59. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 54. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Leigu samkvæmt 55. gr. greiðir sanningsaðili. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

## 60. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3 skiptalaganna Enn fremur skulu öll skipagjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi veð í 2 ár fyrir sanningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjöld, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

## XII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 61. gr.

Í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar má ekki gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

## 62. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fjórum óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 63. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

## 64. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

## 65. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 66. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 25000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.  
Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

## 67. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 100 10. ágúst 1955 með breytingu nr. 223 30. desember 1960.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. maí 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara 28. júní 1964, rann út laugardaginn 23. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins er aðeins einn: Ásgeir Ásgeirsson, núverandi forseti Íslands.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 39 26. apríl 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum  
og vogaráhöldum.

1. gr.

### Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g .....	kr.	3.00
—	10 g til 20 g .....	—	4.50
—	50 g .....	—	5.00
—	100 g til 200 g .....	—	6.50
—	½ kg .....	—	7.00
—	1 kg til 2 kg .....	—	10.00
—	5 kg .....	—	13.00
—	10 kg .....	—	19.50
—	20 kg .....	—	26.00
—	50 kg .....	—	72.00
—	4 Oz .....	—	6.00
—	8 Oz .....	—	6.00
—	1 lbs .....	—	7.00
—	2 lbs .....	—	10.50
—	5 lbs .....	—	12.00
—	7 lbs .....	—	14.00

2. Metaskálar:

Vogarþol	3 kg eða minna .....	kr.	80.00
—	5 kg eða minna .....	—	90.00
—	10 kg eða minna .....	—	115.00
—	20 kg eða minna .....	—	130.00
—	30 kg eða minna .....	—	155.00
—	yfir 30 kg .....	—	190.00

3. Jafnarma borðvogir:

Vogarþol	3 kg eða minna .....	kr.	100.00
—	5 kg eða minna .....	—	120.00
—	10 kg eða minna .....	—	130.00
—	20 kg eða minna .....	—	150.00
—	30 kg eða minna .....	—	160.00
—	yfir 30 kg .....	—	190.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir:

Vogarþol	100 kg eða minna .....	kr.	130.00
—	200 kg eða minna .....	—	150.00
—	300 kg eða minna .....	—	180.00
—	500 kg eða minna .....	—	210.00
—	600 kg eða minna .....	—	260.00
—	1000 kg eða minna .....	—	280.00
—	2000 kg eða minna .....	—	390.00
—	yfir 2000 kg .....	—	600.00

## 5. Reizlur án mundangs:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr. 110.00
—	10 kg eða minna	— 130.00
—	20 kg eða minna	— 135.00
—	50 kg eða minna	— 150.00
—	100 kg eða minna	— 160.00
—	300 kg eða minna	— 180.00

## 6. Visavogir:

Vogarþol	2 kg eða minna	kr. 130.00
—	5 kg eða minna	— 145.00
—	10 kg eða minna	— 160.00
—	20 kg eða minna	— 190.00
—	50 kg eða minna	— 235.00
—	100 kg eða minna	— 310.00
—	200 kg eða minna	— 360.00
—	300 kg eða minna	— 410.00
—	500 kg eða minna	— 510.00
—	1000 kg eða minna	— 600.00

Fyrir stærri visavogir en 1000 kg, bætist við kr. 60.00 að auki fyrir hver 100 kg, sem vogin sýnir á skala.

## 7. Kvarðar:

$\frac{1}{2}$ m	kr. 10.00
1 m	— 15.00

## 8. Mæliker:

Stærð 1 dl og 2 dl	kr. 12.00
— $\frac{1}{2}$ l	— 15.00
— 1 og 2 l	— 22.50
— 5 og 10 l	— 30.00
— 20 l	— 60.00
— 20 l	— 100.00

## 9. Rennslismælar og benzínsmælar:

Rennslismælar fyrir olíu og benzín	kr. 50.00
Benzínsmælar	— 30.00

## 10. Síldarmæliker:

Stærð 120 til 150 l	— 225.00
— 300 l eða minna	— 375.00
— 500 l eða minna	— 450.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 150 lítra	— 675.00
— löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 300 lítra	— 1350.00

## 2. gr.

## Eftirlitsgjöld.

## 1. Vogarlóð:

50 g eða minna	kr. 3.50
$\frac{1}{2}$ kg eða minna	— 6.00
5 kg eða minna	— 9.00
yfir 5 kg	— 14.00

2. Vogir:			
Vogarþol	5 kg eða minna	.....	kr. 25.00
—	30 kg eða minna	.....	— 40.00
—	100 kg eða minna	.....	— 50.00
—	300 kg eða minna	.....	— 60.00
—	600 kg eða minna	.....	— 70.00
—	yfir 600 kg	.....	— 140.00
3. Kvarðar:			
Lengd	½ m til 1 m	.....	kr. 6.00
4. Mæliker:			
Stærð	½ l eða minna	.....	kr. 7.50
—	1 l til 50 l	.....	— 10.50
Síldarmál	50 l til 150 l	.....	— 80.00
—	300 l eða minna	.....	— 140.00
—	500 l eða minna	.....	— 160.00
Löndunartæki	150 til 300 l hólf	.....	— 250.00
Benzínælar		.....	— 25.00
Rennslismælar		.....	— 35.00

## 3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast, auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu á hverjum tíma. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925. um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 105 26. ágúst 1958, um sama efni.

*Atvinnuáráðuneytið, 1. júní 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

1. júní.

Nr. 99.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 11 des. 1958.

## 1. gr.

14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknast í heilum krónum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1965, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1964.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

B 27



**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað  
nr. 184 12. des. 1958.

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 2. janúar, en kostnað við holræsagjaldið skal greiða til bæjargjaldkera. Gjaldið skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1965, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 101.

2. júní.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. júní 1964

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur“.

## 2. gr.

Sjóðurin er stofnaður til minningar um Luciu Kristjánsdóttur, sem var fædd 13. desember 1914 og lézt 27. janúar 1964 og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, sem var fædd 7. júlí 1936 og lézt 28. nóvember 1963.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00, sem er framlag sjúklinga í St. Jósefsspítala.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir St. Jósefsspítala, priorinna St. Jósefsspítala og Ástríður Bjarnadóttir, Höfðaborg 62, Reykjavík.

Stjórn sjóðsins skal kjósa tvo menn eða konur, sem taka skulu sæti fráfarandi eða látinna stjórnarmeðlima.

## 5. gr.

Fé sjóðsins meðan því er óráðstafað sbr. 7. gr., skal ávaxta á jafn tryggan hátt og fé ómyndugra, og skulu reikningar sjóðsins gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga St. Jósefsspítala.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit, svo og annað fé, er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

## 7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa lömuðum og fötluðum, sem dveljast í St. Jósefsspítala.

Stefnt skal að því með hjálp sjóðsins að útbúa æfingastöð fyrir lamaða og fatlaða í spítalanum, og skal æfingastöðin helguð minningu þeirra Luciu og Geirlaugar.

## 8. gr.

Verja má í samræmi við ofangreindan tilgang öllu fé sjóðsins, sbr. 3. gr., svo og tekjum sjóðsins sbr. 6. gr.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 27. apríl 1964,

Ástríður Bjarnadóttir, Bjarni Jónsson, Systir Hildegardis.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða og kristnitöku Íslendinga árið 1000, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða.  
og kristnitöku Íslendinga árið 1000.

## 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf hjónanna Kristjáns Jónssonar og Rósu Guðlaugsdóttur, Fremstafelli, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Stofnféð má aldrei skerða.

## 2. gr.

Verkefni sjóðsins er:

- a. að veita aðstoð við endurbyggingu kirkju á Ljósavatni, er verði búin til vígslu á þúsund ára afmæli kristnitökunnar.
- b. að taka eftir efnum og ástæðum þátt í hverri annarri fjárfestingu, er til sóma gæti orðið þessum stað og söfnuði.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. framlög þeirra, er vilja minnst Þorgeirs Ljósveitningagoða og kristnitökunnar og unna Ljósavatnsstað.
- b. áheit og minningargjafir.
- c. vextir af innstæðum.

## 4. gr.

Biskupsskrifstofan í Reykjavík annast vörzlu, ávöxtun og reikningshald sjóðsins, og skulu reikningar hans endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ákvörðun um ráðstöfun fjármuna hans hafa á hendi: Biskupinn yfir Íslandi, prófastur Suður-Þingeyjarprófastsdæmis og sóknarprestur Ljósavatnskirkju.

## 5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Ármanns Hallgrímssonar. Jón Ármann Hallgrímsson, nemandi í Hagaskóla, lézt af slysförum í júní 1962.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag leikflokksins Rekkjan (Gunnar Eyjólfsson, **Herdís Þorvaldsdóttir**, Klemenz Jónsson) kr. 8550.00, er var ágóði af sýningu samnefnds leikrits í Hagaskóla 21. okt. 1962, svo og kr. 5620.81, innstæða í sparissjóðsbók Jóns Á. Hallgrímssonar, er foreldrar hans afhentu sjóðnum.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. Að minnsta kosti 5% af árlegum nettótekjum alls skemmtana- og félagslífs Skólafélags Hagaskóla (er þá átt við áður en greiddir eru ferðastyrkir). 2. Gjafir og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

## 4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla félags- og menningarstarfsemi nemenda Hagaskóla, einkum á sviði leiklistar og tónlistar.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1. Skólastjóri Hagaskóla eða kennari, tilnefndur af honum. 2. Hallgrímur Jakobsson, faðir Jóns Á. Hallgrímssonar, meðan hans nýtur við og síðan sá, er nánustu ættingjar tilnefna. 3. Fulltrúi nemenda skólans, tilnefndur árlega af stjórn skólafélagsins.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins annast vörzlu hans og ávöxtun. Stjórnin ákveður, hvenær fé skuli veitt úr sjóðnum og hve miklu hverju sinni. Nú hefur verið veitt fé úr sjóðnum, og má þá eigi skerða hann að nýju, fyrr en innstæða sjóðsins er orðin a. m. k. 5% hærri en hún var við síðustu veitingu.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagskrána, samþykki sjóðsstjórnar, veitingar úr sjóðnum og annað, sem varðar rekstur hans. Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 93, 22. apríl 1960, um iðnfræðslu.

## 1. gr.

Á eftir orðinu „bifvélavirkjun“ í 2. gr. reglugerðarinnar, komi: bílamálun.

Við orðið „ljósmyndun“ í sömu grein, komi:

persónuljósmyndun,  
almenn ljósmyndun.

## 2. gr.

Á eftir orðinu „leturgrefti“ í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar, komi Ljósmyndun:

persónuljósmyndun,\*  
almenn ljósmyndun.

Orðið „ljósmyndun“ í c-lið 3. gr. reglugerðarinnar falli burt.

## 3. gr.

Á eftir orðinu „Málarar“ í 31. gr., VI. kafla reglugerðarinnar, 4. lið n, komi: og bílamálarar.

Síðasti málslíður VII. liðs, 31. gr. reglugerðarinnar, orðist þannig: Bílamálarar, leirkerasmiðir, málarar og prentarar skulu kunna undirstöðuatriði almennrar litafræði og samsetningu lita.

## 4. gr.

Á eftir orðinu „Bifreiðasmiði“ í 58. gr. reglugerðarinnar, komi bílamálun.

## 5. gr.

59. gr. 2. tölulíður reglugerðarinnar orðist þannig: Próftaki skal velja með út-drætti eitt atriði í hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsúðu, svo og logsjóða saman tvær 1 mm þykkar járnplötur, sem séu a. m. k. 50 cm á hvern veg.

## 1. flokkur:

- a. Smíða bita í þak.
- b. Smíða staf í bogna hurð.

\* tekur ekki til þeirra námssamninga, sem þegar hafa verið staðfestir.

## 2. flokkur:

- a. Kúpa 1 mm þykka járnplötu.
- b. Smíða upp og breyta aurlíf.
- c. Smíða hluta úr bílhlið úr köntuðum stálpípum.

## 3. flokkur:

- a. Líma gúmmi á sætisramma og klæða sætið með dúk.
- b. Leggja raflögn í þak bifreiðar með tilheyrandi rofa.
- c. Skera og slípa hreyfanlega rúðu.

## 6. gr.

Í stað orðsins „Málun“ í upphafi 19. töluliðs 59. gr. reglugerðarinnar komi:  
I. málaraíðn.

Aftan við síðasta málslið töluliðs greinarinnar (e) komi:

## II. Bíla málun:

- a. Próftaki skal grunnmála, slétta (spartla) og mála með loftsprautu hluta af bíl, svo sem aurbretti, hurð eða vélarlok, með einum eða fleirum litum, eftir fyrirsögn prófnefndar. Próftaki skal blanda liti þá, sem nota skal, en prófnefnd ákveður liti.
- b. Próftaki skal mála á málmflöt vörumerki (firmamerki) og sýnishorn af spjaldletri, ekki færri en 25 bók- og tölustafi. Próftaki velur leturgerð, en prófnefnd ákveður texta.
- c. Próftaki grunnmáli, slétti (spartli) og pensilmáli með syntetisku lakki málmflöt, sem sé eigi minni en  $1 \times 0.5$  m.
- d. Málmflöt af sömu stærð og í c-lið, skal próftaki grunnmála, slétta (spartla) og sprauta með nitróselluloselakki og gljáfægja síðan flötinn.

## 7. gr.

I. liður 23. töluliðs 59. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

## I. Ljósmyndagerð:

## A. Persónuljósmyndun:

Próftaki skal sýna hæfni sína í eftirtöldum atriðum:

## 1. Ljósmyndun:

- a. Framkvæma á myndastofu mannamyndatökur af körlum, konum og börnum (andlitsmyndir, brjóstmyndir, knémyndir og almyndir), svo og hópmyndir.
- b. Framkvæma utan myndastofu myndatökur af fólki innan- og utanhúss, bæði einstaklingsmyndir og hópmyndir.
- c. Framkvæma eftirtökur mynda, endurnýjun gamalla mynda, ljósmyndun skjala, teikninga og málverka, bæði í svart/hvítu og litum.
- d. Ljósmynda byggingar og önnur mannvirki utan sem innan.
- e. Sýna leikni í ljósmyndun hluta og uppstillinga.

## 2. Tækni í myrkurstofu:

- a. Sýna kunnáttu í meðferð negatívs, framköllun í svart/hvítu og lit, þynningu og þéttingu. Gera grein fyrir efnum, tækjum og tæknilegum áhöldum, sem notuð eru við vinnslu negatívsins.
- b. Sýna kunnáttu í meðferð positívs, koperingu, stækkun, framleiðslu geislamynda (diapositiv), svart/hvítra og í litum, litun (toning), þynningu og þéttingu. Ennfremur gera grein fyrir efnum, tækjum og tæknilegum áhöldum, sem notuð eru við framleiðlupositívs.

3. Notkun tækja o. fl.:
    - a. Myndavéla.
    - b. Linsa og lokara.
    - c. Tækja tilheyrandi myndavélum, s. s. litsía (filter).
    - d. Ljóstækja, leifturljósá (flash), rafeindaleifturljósá (electronic flash) o. fl.
    - e. Myrkurstofutækja, stækkunarvéla, lýsingarklukkna, tankasamstæða og lýsing myrkurstofu.
  4. Retús:
    - a. Sýna leikni í negativretús og hæfni til að dæma um ástand negatívs. Gera grein fyrir efnun og áhöldum, sem notuð eru við negativretús.
    - b. Framkvæma positívretús á pappír með ýmis konar áferð, með pensli, lit, blýanti og fixatívi.
  5. Litljósmyndun:
    - a. Sýna kunnáttu í aðferðum við litljósmyndun.
  6. Upplíming:
 

Framkvæma upplímingu með límlöðum, köldu lími, litapressu o. fl., á ýmsar gerðir kartons. Gera grein fyrir tækjum, sem notuð eru við upplímingu.
  7. Annað:
 

Gera grein fyrir myndbyggingu, litafræði og litljósmyndun, enn fremur sýna hæfni í litmyndatöku, negativ-positív-tækni og lithverfingar-tækni (omvendeteknik).
- B. A l m e n n l j ó s m y n d u n :**  
 Próftaki skal sýna hæfni sína í eftirtöldum atriðum:
1. Ljósmyndun:
    - a. Vöruljósmyndun.
    - b. Verðlistaljósmyndun.
    - c. Iðnaðarmyndatökum.
    - d. Tískumyndatökum.
  2. Tækni í myrkurstofu:
    - a. Sýna kunnáttu í meðferð negatívs, framköllun í svart/hvítu og lit, þynningu og þéttingu. Gera grein fyrir efnun, tækjum og tæknilegum áhöldum, sem notuð eru við vinnslu negatívsins.
    - b. Sýna kunnáttu í meðferð positívs, koperingu, stækkun, framleiðslu geislamynda (diaposítív) svart/hvítra og í litum, litun (toning), þynningu og þéttingu. Enn fremur gera grein fyrir efnun, tækjum og tæknilegum áhöldum, sem notuð eru við framleiðslu positívs.
  3. Notkun tækja o. fl.:
    - a. Myndavéla.
    - b. Linsa og lokara.
    - c. Tækja tilheyrandi myndavélum, s. s. litsía (filter).
    - d. Ljóstækja, leifturljósá (flash), rafeindaleifturljósá (electronic flash) o. fl.
    - e. Myrkurstofutækja og lýsing myrkurstofu.
  4. Retús:
    - a. Framkvæma positívretús á pappír með ýmis konar áferð, með pensli, lit, blýanti og fixatívi.

5. Ljósmyndun:  
a. Sýna kunnáttu í aðferðum við litljósmyndun.
6. Upplíming:  
Framkvæma upplímingu með límblöðum, köldu lími, hitapressu o. fl., á ýmsar gerðir kartons. Gera grein fyrir tækjum, sem notuð eru við upplímingu.
7. Annað:  
Gera grein fyrir myndbyggingu, litafraedi og litljósmyndun, enn fremur sýna hæfni í litmyndatöku, negativ positiv-tækni og lithverfingartækni (omvendeteknik).

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarmálaráðuneytið, 3. júní 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Nr. 105.

## REIKNINGAR

### Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1963.

#### A. Rekstrarreikningur:

##### Tekjur:

1. Söluskattur:			
a. Á árinu 1963 .....	kr.	104000000.00	
b. Eftirstöðvar f. f. á. ....	—	7598031.63	
c. Óúthlutað f. f. á. ....	—	92070.00	
		Kr. 111690101.63	
d. ÷ Óúthlutað t. n. á. ....	—	62457.63	
			kr. 111627644.00
2. Landsútsvör .....	kr.	37015021.00	
÷ Lækkun landsútsvara .....	—	30000.00	
			— 36985021.00
3. Vextir .....			— 444132.20
			K.r 149056797.20

##### Gjöld:

1. Framlög til sveitarfélaga:			
a. af söluskatti .....	kr.	108537717.20	
b. af $\frac{3}{4}$ landsútsvara .....	—	27815636.00	
			kr. 136353353.20
2. Landsútsvör sveitarfélaga .....	kr.	9199385.00	
÷ Lækkun landsútsvara .....	—	7500.00	
			— 9191885.00

3. Samband isl. sveitarfélaga (styrkur) .....	kr.	40000.00
4. Kostnaður .....	—	40.00
5. Tekjuafgangur .....	—	3471519.00
		<hr/>
		Kr. 149056797.20

**B. Efnahagsreikningur:****Eignir:**

1. Bankar:		
a. Seðlabankinn .....	kr.	4378410.38
b. Sparisjóður (L. Í. 3365) .....	—	78834.27
		<hr/>
	kr.	4457244.65
2. Landssmiðjan (landsútsvar) .....	—	693928.00
3. Skuldir sveitarfélaga .....	—	11.76
4. Skuldabréf .....	—	28000.00
5. Lán Kaldrananeshrepps .....	—	20000.00
6. Bækur .....	—	26575.57
		<hr/>
	Kr.	5225759.98

**Skuldir:**

1. Óúthlutað til sveitarfélaga til næsta árs .....	kr.	62457.63
2. Sveitarfélög .....	—	0.20
3. Höfuðstóll:		
a. Frá fyrra ári .....	kr.	1691783.15
b. Tekjuafgangur 1963 .....	—	3471519.00
		<hr/>
	—	5163302.15
		<hr/>
	Kr.	5225759.98

Reykjavík, 7. febrúar 1964.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 106.

**REIKNINGUR****Fiskveiðasjóðs Íslands.****Efnahagsreikningur 31. desember 1963.****Eignir:**

1. Lán gegn veði í skipum .....	kr.	637494757.00
2. Fasteignalán útvegsmanna (þar af gegn ríkisábyrgð kr. 13993763.30) .....	—	37361213.30
3. Lán til skipa í smíðum .....	—	9000000.00
4. PL. lán 480 .....	—	27820000.00
5. Innstæðureikningur PL. 480 .....	—	1180000.00
6. Verðbréf .....	—	1596458.00
7. Viðskiptamenn .....	—	127041.64
8. Bankainnstæða .....	—	14784633.28
		<hr/>
	Kr.	729364103.22



## Skuldir:

1. Ríkissjóður (ICA.lán) § 981966.00 (43/06) .....	kr.	42283455.96
2. Framkvæmdabanki § 1195185.08 (43/06) .....	—	51464669.50
3. Framkvæmdabanki DM. 1162538.27 (1083/66) .....	—	12597962.21
4. Framkvæmdabanki PL. 480 .....	—	29000000.00
5. Landsbanki Nkr. 4263034.00 (601.63) .....	—	25647691.45
6. Innstæður lántakenda .....	—	171625538.40
7. Viðskiptamenn .....	—	835650.03
8. Stofnsjóður .....	—	38000000.00
9. Afskriftareikningur .....	—	15000000.00
10. Yfirfært til næsta árs .....	—	909135.67

---

 Kr. 729364103.22

Reykjavík, 2. janúar 1964.

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Jóhannes Elíasson.

F. R. Valdemarsson.

Jónas G. Rafnar.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

*Sverrir Júlíusson. Einar Bjarnason.*

Nr. 107.

## G J Ö F J Ó N S S I G U R Þ S S O N A R

## Ársreikningur 1961.

## Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1961:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands .....	kr.	13000.00
Ríkisskuldabréf .....	—	1000.00
Verðbréf m/rikisábyrgð .....	—	5000.00
Sparisjóðsinnstæða .....	—	17809.98
		<hr/>
		kr. 36809.98
2. Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum .....	kr.	300.00
Af verðbréfi m/rikisábyrgð .....	—	325.00
Af sparisjóðsinnstæðu .....	—	1264.59
		<hr/>
		— 1889.59
		<hr/>
		Samtals kr. 38699.57

## Gjöld:

Eign í árslok 1961:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 190 og		
192, A nr. 1324 og 1326 .....	kr.	12000.00
Sparisjóðsinnstæða .....	—	26699.57
		<hr/>
		kr. 38699.57
		<hr/>
		Samtals kr. 38699.57

*Menntamálaráðuneytið, 8. nóvember 1962.*

F. h. r.  
Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

## G J Ö F J Ó N S S I G U R Þ S S O N A R

Ársreikningar 1962 og 1963.

Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1962:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands .....	kr. 12000.00	
Sparisjóðsinnstæða .....	— 26699.57	
		kr. 38699.57
2. Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum .....	kr. 1500.00	
Af sparisjóðsinnstæðu .....	— 3935.90	
		5435.90
		Samtals. kr. 44135.47

Gjöld:

Eign í árslok 1963:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 190 og 192, A nr. 1324 og 1326 .....	kr. 12000.00	
Sparisjóðsinnstæða .....	— 32135.47	
		kr. 44135.47
		Samtals. kr. 44135.47

*Menntamálaráðuneytið, 11. marz 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Sigurður J. Briem.*

23. janúar.

Nr. 109.

### AUGLÝSING

um breytingar á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 1. febrúar 1964 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Elias I. Eliasson.*

28. febrúar.

Nr. 110.

### AUGLÝSING

um umferð.

Bannaðar hafa verið bílastöður á eftirgreindum stöðum:

1. Á Tjarnargötu við lóð Kaupfélags Suðurnesja.
2. Á Faxabraut framan við lóðirnar nr. 25 og 27.
3. Á Víkurbraut andspænis hafnarskrifstofunum austan húss Olíusamlags Keflavíkur.

Umferðarmerkjum hefur verið komið fyrir í samræmi við auglýsingu þessa.

*28. febr. 1964.*

**Bæjarfógetinn í Keflavík.**

**MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN**

Ársreikningur 1962 og 1963.

Höfuðstóll:	
Eign frá 1961 skv. birtum reikningi .....	kr. 1019.53
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 147.63
	<hr/>
	Kr. 1167.16
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 147.63
	<hr/>
	Kr. 147.63
Gjöld:	
Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 147.63
	<hr/>
	Kr. 147.63

*Forsætisráðuneytið, 11. marz 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.***Sigurður J. Briem.*

Nr. 112.

**STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA**

Ársreikningur 1962 og 1963.

Höfuðstóll:	
Eign frá 1961 skv. birtum reikningi .....	kr. 14269.18
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 1512.72
	<hr/>
	Kr. 15781.90
Eignir sjóðsins eru:	
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands .....	kr. 4000.00
Sparisjóðsinnstæða .....	— 11781.90
	<hr/>
	Kr. 15781.90
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 1192.72
Vextir af veðdeildarbréfum .....	— 320.00
	<hr/>
	Kr. 1512.72
Gjöld:	
Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 1512.72
	<hr/>
	Kr. 1512.72

*Forsætisráðuneytið, 11. marz 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.***Sigurður J. Briem.*

**REIKNINGUR**

sjóðs Morten Hansen til stofnunar kennslubóka- og kennsluáhaldaafns  
í Reykjavík árin 1962 til 1963.

## Tekjur:

Eign 1. janúar 1962:	
Sparisjóðsinnstæða .....	kr. 13809.31
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 52624.70
	kr. 66434.01
Vextir:	
Af söfnunarsjóðsinnstæðu (aðaldeild nr. 566) árið 1962 og 1963 .....	kr. 9040.93
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 2061.34
	Kr. 77536.28

## Gjöld:

Eign 31. des. 1963:	
Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands, bók nr. 12828 .....	kr. 15870.65
Söfnunarsjóðsinnstæða, aðaldeild nr. 566 .....	— 61665.63
	Kr. 77536.28

*Forsætisráðuneytið, 11. marz 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Sigurður J. Briem.*

Nr. 114.

**REIKNINGUR**

Byggingarsjóðs Listasafns Íslands árið 1963.

## Tekjur:

Eign í ársbyrjun 1963:	
1. a. Sogsvirkjunarbréf, nafnverð .....	kr. 320000.00
b. Innstæða í hlr. 2522 í Seðlabanka Íslands ..	— 1618953.14
c. Innstæða í sparisjóðsbók nr. 104364 í Lands- banka Íslands .....	— 730114.04
	kr. 2669367.12
2. Fjárveiting í fjárlögum 1963 .....	— 500000.00
3. Fjárveiting í fjárlögum 1962 .....	— 500000.00
4. Vextir af hlr. innstæðu 1963 .....	— 249335.00
5. Vextir af sparisjóðsinnstæðu 1963 .....	— 21159.56
6. Hagnaður af sölu vísitölutryggðra verðbréfa .....	— 92480.00
	Kr. 4032341.74

## Gjöld:

Eign í árslok 1963:

Innstæða í hlr. nr. 2522 í Seðlabanka Íslands ..... kr. 4032341.74

---

Kr. 4032341.74*Menntamálaráðuneytið, 3. apríl 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

---

*Sigurður J. Briem.*

Nr. 115.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1963.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, bls. 415):

a. Söfnunarsjóðsinnstæða ..... kr. 28807.65

b. Bankainnstæða ..... — 20602.22

---

kr. 49409.87

2. Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu ..... kr. 2448.65

b. — bankainnstæðu ..... — 1391.47

---

— 3840.12

---

Kr. 53249.99

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:

a. Innstæða Söfnunarsjóði ..... kr. 29052.56

b. Innstæða í Búnaðarbankanum ..... — 24197.43

---

kr. 53249.99

---

Kr. 53249.99*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.***Gunnlaugur E. Briem.**

Nr. 116.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Níunda árið 1963.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, B., bls. 465):

a. Innritunarskírteini ..... kr. 8600.00

b. Innstæða í Söfnunarsjóði ..... — 13553.55

c. Bankainnstæða ..... — 33143.48

---

kr. 55297.03

## 2. Vextir:

a. Af innritunarskírteini .....	kr. 1876.22	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	-- 1161.10	
c. Bankainnstæða .....	-- 2301.55	
		kr. 5338.87
		<hr/> Kr. 60635.90

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini .....	kr. 8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	-- 13928.95	
c. Bankainnstæða .....	-- 38106.95	
		kr. 60635.90
		<hr/> Kr. 60635.90

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

Nr. 117.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsted og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsted árið 1963.

## T e k j u r :

1. Sjóður í ásrbyrjun (Stj.tíð. 1963, B., bls. 453) .....	kr. 12312.24
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir .....	-- 1289.42
3. Vextir árið 1963 af aðalsjóðnum .....	-- 1046.54
4. Vextir árið 1963 af sparissjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða .....	-- 90.16
	<hr/> Kr. 14738.36

## Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:	
1. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 13358.78
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfjótsvatnaskirkjugarðs .....	-- 362.74
b. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs .....	-- 356.46
c. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi .....	-- 337.51
d. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi .....	-- 322.87
	<hr/> Kr. 14738.36

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1963.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, B., bls. 454):	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 15788.53
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1342.03
	<hr/>
	Kr. 17130.56

## Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands .....	kr. 1207.80
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 15922.76
	<hr/>
	Kr. 17130.56

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.***Gunnlaugur E. Briem.**

Nr. 119.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1963.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, B., bls. 454):	
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 23174.18
b. Í Landsbankanum .....	— 5856.83
	<hr/>
	kr. 29031.01
2. Vextir:	
a. Af Söfnunarsjóði .....	kr. 1969.80
b. — bankainnstæðu .....	— 379.68
	<hr/>
	— 2349.48
	<hr/>
	Kr. 31380.49

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 23830.78
b. Í Landsbankanum .....	— 7549.71
	<hr/>
	kr. 31380.49
	<hr/>
	Kr. 31380.49

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.***Gunnlaugur E. Briem.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta  
í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1963.

**Tekjur :**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, B., bls. 453):	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 49732.77
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 4227.29
	<hr/>
	Kr. 53960.06

**Gjöld :**

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 53960.06
	<hr/>
	Kr. 53960.06

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

Nr. 121.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Giga's árið 1963.

**Tekjur :**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963, bls. 455):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 40197.35
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 3416.77
	<hr/>
	Kr. 43614.12

**Gjöld :**

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 43614.12
	<hr/>
	Kr. 43614.12

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 20. maí 1964.*

**Gunnlaugur E. Briem.**



**REIKNINGUR****Berklavarnasjóðs Ólafs Halldórssonar.****Ársreikningur 1962 og 1963.****Höfuðstóll:**

Eign frá 1961 skv. birtum reikningi .....	kr. 4045.58
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 2357.13

---

 Kr. 6402.71
**Eignir sjóðsins eru:**

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h. f. ....	kr. 2000.00
Innstæða í sparisjóði .....	— 4402.71

---

 Kr. 6402.71
**Tekjur:**

Hækkun á nafnverði hlutabréfa í Eimskipafélagi Íslands h. f. ....	kr. 1800.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	— 557.13

---

 Kr. 2357.13
**Gjöld:**

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 2357.13
-----------------------------	-------------

---

 Samtals kr. 2357.13
*Forsætisráðuneytið, 28. maí 1964.***F. h. r.****Birgir Thorlacius.****REIKNINGUR****Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Danielssonar og Sigurðar Guðmundssonar, arkitekts, tímabilið 1. janúar 1961 til 30. maí 1964.****Eignir:**

Hálft húsið Hagamelur 21, Rvík, fasteignamat .....	kr. 141250.00
Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbankanum pr. 1. jan. 1961	kr. 36627.66
Tekjur umfram gjöld á reikningstímabilinu. Innlagt í sparisjóðsbók .....	— 40804.32

---

 — 77431.98

---

 Kr. 218681.98

## Skuldir :

6% skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11/1952 (1. veðr.) .....	kr. 81062.24	
6% skuldabréf hjá Búnaðarbanka Íslands (2. veðr.) ....	— 20000.00	
		kr. 101062.24
Eignir umfram skuldir .....		— 117619.74
		<b>Kr. 218681.98</b>

## Tekjur :

Húsaleiga:		
a. Stærri íbúðin .....	kr. 72570.00	
b. Minni íbúðin .....	— 40656.00	
		kr. 113226.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....		— 11124.71
		<b>Kr. 124350.71</b>

## Gjöld :

Viðgerð á íbúðunum .....		kr. 13244.19
Fasteignagjöld .....		— 11257.50
Styrkveiting úr sjóðnum til dr. Trausta Einarssonar, prófessors ....		— 20000.00
Búnaðarbanki Íslands:		
Afborgun 1961 .....	kr. 4000.00	
— 1962 .....	— 4000.00	
— 1963 .....	— 4000.00	
		kr. 12000.00
Vextir 1961 .....	kr. 1920.00	
— 1962 .....	— 1890.00	
— 1963 .....	— 1440.00	
		— 5250.00
		<b>— 17250.00</b>
Tryggingastofnun ríkisins:		
Afborgun 1961 .....	kr. 2137.03	
— 1962 .....	— 2016.07	
— 1963 .....	— 2265.25	
		kr. 6418.35
Vextir 1961 .....	kr. 5127.87	
— 1962 .....	— 5248.83	
— 1963 .....	— 4999.65	
		— 15376.35
		<b>— 21794.70</b>
Tekjur umfram gjöld .....		— 40804.32
		<b>Kr. 124350.71</b>

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. maí 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

**IÐNLÁNASJÓÐUR****Efnahagsreikningur 31. desember 1963.****Eignir :**

1. Útlán í ársbyrjun .....	kr. 27261096.36	
Lán veitt á árinu .....	— 38847000.00	
÷ afborganir á árinu .....	— 6431452.42	
		kr. 59676643.94
2. Verðbréf .....	— 141140.00	
3. Innstæða á hlr. 111 v/ Iðnaðarbanka Íslands h/f .....	— 4527132.81	
		<b>Kr. 64344916.75</b>

**Skuldir :**

1. Stofnsjóður 1/1 1963 .....	kr. 17955629.16	
a. Framlag rikissjóðs 1963 .....	— 2000000.00	
b. Iðnlánasjóðsgjald .....	— 4200000.00	
c. Tekjuafgangur 1963 .....	— 2124287.59	
		kr. 26279916.75
2. Fyrirfram gr. vextir .....	— 2565000.00	
3. Lán hjá Framkvæmdabanka Íslands .....	— 35500000.00	
		<b>Kr. 64344916.75</b>

**Rekstursreikningur 31. desember 1963.****Tekjur :**

1. Framlag rikissjóðs 1963 .....	kr. 2000000.00
2. Iðnlánasjóðsgjald .....	— 4200000.00
3. Vextir skv. vaxtareikningi .....	kr. 6295978.59
÷ fyrirfram greiddir vextir .....	— 2565000.00
	— 3730978.59
4. Vextir hlr. 111 v/ Iðnaðarbanka Íslands .....	— 288628.00
	<b>Kr. 10219606.59</b>

**Gjöld :**

1. Reksturskostnaður .....	kr. 618000.00
2. Greiddir vextir af láni Framkvæmdabanka Íslands .....	— 1277319.00
3. Tekjuafgangur .....	— 8324287.59
	<b>Kr. 10219606.59</b>

Reykjavík, 10. janúar 1964.

**IÐNLÁNASJÓÐUR****Guðmundur Ólafs.      Pétur Sæmundsen.**

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir landgræðslusjóð Hofsafréttar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir landgræðslusjóð Hofsafréttar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður Hofsafréttar.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi, Lýtingsstaðahreppi, nú til heimilis að Glerárgötu 2, Akureyri, til minningar um foreldra stofnanda, þau Stefán Guðmundsson frá Giljum í Vesturdal og konu hans Sigurlaugu Ólafsdóttur frá Litluhlíð og bróður stofnanda Stefán Stefánsson, járnsmið, og konu hans Steinunni Guðrúnu Eiríksdóttur, Glerárgötu 2, Akureyri.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur. Sjóðurinn skal ávaxtast í útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri. Verði útibúið lagt niður skal sjóðurinn ávaxtast í annarri bankastofnun á Akureyri.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er ræktun á Hofsafrétti í Skagafjarðarsýslu og má ekki verja fé sjóðsins til annarra hluta.

### 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera bankaútibússtjóri Útvegsbanka Íslands á Akureyri eða forstöðumaður þeirrar peningastofnunar, þar sem sjóðurinn er ávaxtaður, og bæjarfógetinn á Akureyri eða samsvarandi embættismaður, ef bæjarfógetaembættið verður lagt niður. Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Útvegsbanka Íslands á Akureyri.

### 6. gr.

Vexti af höfuðstól og gjafir, sem sjóðnum kunna að áskotnast skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 300000.00 kr. Eftir það má verja vöxtum til þess að rækta Hofsafrétt í samráði við formann Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps og fjallskilastjórn Hofsafréttar.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Halldórssonar Fjalldal og Jónu Kristjánsdóttur Fjalldal á Melgraseyri.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 kr. — þrjú þúsund — sem gefið er af ýmsum velunnurum þeirra hjóna á sextíu ára afmælisdegi Jóns, 6. febrúar 1943. Nú er sjóðurinn kr. 9076.65.

### 3. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum og áheutum, svo og vöxtum af höfuðstól.

### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri lánastofnun, ef stjórn sjóðsins telur það betur henta.

### 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verja fé til þess að leiðbeina um gerð samstæðra, hentugra og snoturra húsgagna á svæði Búnaðarsambands Vestfjarða og efla þar slíka húsgagnasmíði og einnig að stuðla að aukinni ræktun blómreita og trjálunda á umræddu svæði.

### 6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn unz hann nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónum — en úr því falli helmingur ársvaxta til útborgunar. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — skulu falla til útborgunar  $\frac{3}{4}$  hlutar af ársvöxtum. Skal stjórn sjóðsins veita viðtöku vaxtahluta þeim, sem fellur til útborgunar. Hinn hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, sem skulu vera þessir: skólastjóri Reykjanes-skólans, og er hann formaður, en meðstjórnendur eru skólastjóri Núpsskóla og formaður Búnaðarsambands Vestfjarða.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af endurskoðendum reikninga Reykjanes-skólans.

### 10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af Jóni Halldórssyni Fjalldal eftir ósk gefenda, sem undirritar hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Reykjavík, 6. febrúar 1964.

Jón H. Fjalldal.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1964.**  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, Guðmundur Einarsson, sóknarprestur, f. h. barnaheimilisnefndar Þjóðkirkjunnar á Íslandi og Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar“ í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

#### 1. gr.

Barnaheimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bófum og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignunum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

#### 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal ætíð vera sá að veita vangefnum vist og umönnun, svo sem fræðslu og verkþjálfun við þeirra hæfi og aðra þá þjónustu, sem unnt er að láta þeim í té á hæli stofnunarinnar.

#### 3. gr.

Lausafé stofnunarinnar má ekki selja né láta af hendi nema andvirðinu sé varið til eflingar henni og samþykki barnaheimilisnefndar komi til. Eigi má heldur binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi séu tilgangi stofnunarinnar.

#### 4. gr.

Meðan Sesselja H. Sigmundsdóttir heldur heilsu og kröftum hefur hún á hendi alla stjórn stofnunarinnar bæði inn á við og út á við með takmörkunum þeim, er segir í 3. og 5. gr.

#### 5. gr.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, eða önnur nefnd í hennar stað, kosin á prestastefnu af prestum landsins, hefur rétt til að ráða því, hvernig því fé skuli varið, er hún leggur til stofnunarinnar eða útveggar henni fyrir milligöngu sína. Þess vegna má ekki heldur veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum til eflingar stofnuninni nema samþykkt nefndarinnar komi til.

#### 6. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar gerir árlega reikning yfir rekstur hennar og efnahag og leggur hann ásamt fylgiskjölum fyrir barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar til athugunar og úrskurðar. Reikningar stofnunarinnar skulu birtir hvert ár.

#### 7. gr.

Sesselja H. Sigmundsdóttir hefir rétt til að ráða vali eftirmanns síns, er hún lætur af stjórn stofnunarinnar, en barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar eða önnur nefnd í hennar stað (sbr. 5. gr.) fær honum skipunarbréf og erindisbréf. Síðan ræður stjórnarnefnd stofnunarinnar (sbr. 8. gr.) jafnan forstöðumannsvali, en að öðru jöfnu

skulu þeir ganga fyrir til þeirrar stöðu, sem alizt hafa upp á stofnuninni og því næst þeir, sem komnir eru af foreldrum Sesselju, þeim Sigmundi Sveinssyni og Kristínu Símonardóttur.

## 8. gr.

Þegar Sesselja H. Sigmundsdóttir lætur af forstöðu stofnunarinnar, tekur barnaheimilisnefndin stjórn stofnunarinnar í sínar hendur og kýs eða lætur kjósa þriggja manna stjórn fyrir stofnunina þannig: Sjálf kýs nefndin — eða prestastefna Íslands, ef engin slík nefnd er til — tvo menn í stjórnina og einn til vara, en fær barnaverndarráð Íslands til að kjósa einn mann og einn varamann, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn, en endurkjósa má þá, ef þeir vilja taka starfið að sér. Stjórn þessi hefur öll yfirráð yfir stofnuninni, að því leyti, sem hún kýs ekki að fela þau forstöðumanni stofnunarinnar. Stjórnin setur starfsreglur fyrir stofnunina í samráði við forstöðumann hennar. Skulu þær, eftir því sem við á, vera sniðnar eftir reglum þeim, sem Sesselja Sigmundsdóttir kann að hafa sett heimilinu eftir sinn dag.

## 9. gr.

Stofnunin og jörðin, sem heimilið stendur á, skal framvegis heita „Sólheimar“, þegar fengin er til þess heimild hjá Stjórnarráði Íslands.

## 10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt, að Sesselja Sigmundsdóttir og meiri hluti barnaheimilisnefndarinnar verði ásátt um það. En eftir það, er Sesselja hefur látið af forstöðu, þá þarf til breytinga afl atkvæða stjórnarnefndar stofnunarinnar og samþykki prestastefnu. Eigi má breyta 2. gr. og 10. gr. skipulagsskrárinnar, nema samþykki Félagsmálaráðuneytisins komi til.

## 12. gr.

Leita skal staðestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Guðmundur Einarsson.

Sesselja H. Sigmundsdóttir.

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 30 4. apríl 1962, um Landsbanka Íslands.

## 1. gr.

Aftan við 62. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Kvittanir undirritaðar af gjaldkera einum eru fullgildar, ef fjárhæðin er stimpluð á þær í þar til gerðri gjaldkeravél.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1964.*

Gylfi P. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

## REGLUGERÐ

### um gisti- og veitingastaði.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Hver sá, er setja vill á stofn hótél eða annan gisti- eða veitingastað, skal sækja um það skriflega til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Umsókninni skal fylgja nákvæm teikning og lýsing af fyrirhuguðu húsnæði ásamt nauðsynlegum skýringum um fyrirkomulag rekstrar og þess, er til rekstrarins þarf, enda hafi eftirlit veitingasölu og gististaðahalds samþykkt viðkomandi teikningu og fallizt að öðru leyti á fyrirkomulag.

Ef eigendur eða forráðamenn veitinga- og gististaða vilja gera einhvers konar breytingar á húsnæði því, er til rekstrarins er ætlað, gilda um það sömu reglur sem um nýbyggingu væri að ræða.

###### 2. gr.

Landlæknir hefur yfirumsjón með rekstri hótela, gisti- og veitingastaða. Er honum heimilt að kveðja sér til aðstoðar við eftirlitið heilbrigðisnefndir og héraðslækna og veita þeim umboð til þess að fara með eftirlitsstörf fyrir sína hönd. Þó skal ráða sérfróðan mann, landlækni til aðstoðar, sem vinnur undir hans stjórn að eftirliti með veitingasölu og gistihúshaldi o. fl.

###### 3. gr.

Eigendum og forstöðumönnum hótela, gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns um lagfæringar til samræmis við kröfur laga nr. 53/1963 og reglugerðar þessarar. Skal eftirlitsmaður tilkynna lögreglustjóra, ef boðum hans er ekki hlýtt innan hæfilegs frests, og er þá lögreglustjóra heimilt að stöðva reksturinn fyrirvaralaust, unz úr hefur verið bætt.

Eftirlitsmanni er heimilt að stöðva reksturinn, svo og sölu og afgreiðslu matvæla fyrirvaralaust um stundarsakir, ef um gróft brot er að ræða á fyrirmælum um hreinlæti eða annað, er valdið gæti hraðsmitun, þar á meðal notkun skemmdra matvæla og sjúkdóma starfsfólks.

###### 4. gr.

Hreppstjórar, svo og lögreglustjórar í kaupstöðum geta veitt leyfi til tækifærisveitinga, allt að einni viku, án þess að umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar komi til. Þó skal leitast við að fullnægja öllum kröfum um hollustuhætti, eins og frekast er unnt. Komi í ljós, að um vitavert kæruleysi sé að ræða af hálfu leyfishafa, skal eftirlitsmaður leggja til, að umræddur leyfishafi fái ekki aftur leyfi til tækifærisveitinga.

#### II. KAFLI

##### Gistihús.

###### 5. gr.

Gisthús skal innrétta á sem hagkvæmastan hátt. Það skal hafa fullnægjandi móttökubúnað, almenna setustofu, og hafa á sér þann blæ, sem við á þegar um gistihús er að ræða.



## 6. gr.

Í gistihúsi skulu vera minnst 20 gistirúm, sem ýmist eru í eins manns eða tveggja manna herbergjum.

## 7. gr.

Gólfhlötur eins manns herbergis sé minnst 7 m<sup>2</sup>, en tveggja manna herbergis minnst 12 m<sup>2</sup>, auk snyrtiherbergis og fataskáps. Lofthæð í báðum tilfellum skal vera minnst 2.50 m og breidd ekki undir 2.20 m.

## 8. gr.

Gólf í baðherbergjum skulu lögð vatnsheldu efni, en veggir flísalagðir frá gólfi til lofts eða lagðir öðru því efni, er eftirlitið tekur gilt.

## 9. gr.

Kerlaug eða steypibað ásamt vatnssalarni og handlaug skal fylgja hverju herbergi. Þar skal vera spegill, og tengill fyrir rafmagnsrakvél skal vera þar eða í sjálfu herberginu. Tvö vatnsglös séu fyrir hvern gest í baðherberginu, einnig tvö handklæði fyrir hvern gest, og skal annað vera baðhandklæði (frotté).

## 10. gr.

Baðherbergi skulu vera loftræst á viðunandi hátt og þannig frá loftrásum gengið, að ekki geti borizt hljóð á milli herbergja.

## 11. gr.

Hæfilega stór fataskápur skal fylgja öllum herbergjum, svo og töskugrind.

Í hverju eins manns herbergi skulu vera minnst 2 góðir stólar og 3 í tveggja manna herbergjum. Tvennar hurðir skulu vera frá hótलगangi í herbergi. Þar skal einnig vera aðstaða til bréfaskrifta, bréfakarfa og öskubakki, og skal hvort tveggja vera úr efni, sem ekki getur brunnið.

## 12. gr.

Rúmstæði skulu vera minnst 2 m á lengd og 90 sm á breidd að innanmáli, og þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að búa um rúmin og hreinsa undir þeim. Sengur skulu vera 2 m á lengd og 1.45 m á breidd. Náttborð ásamt leslampa skal vera við hvert rúm. Hverju rúmi skal fylgja rúmabreiða úr efni, sem vel tekur þvotti.

## 13. gr.

Sími og útvarp skal vera í hverju herbergi og einnig gert ráð fyrir, að hægt sé að hafa þar sjónvarp.

## 14. gr.

Þannig skal frá gluggatjöldum gengið, að hægt sé með góðu móti að myrkva herbergið.

## 15. gr.

Búningsherbergi ásamt snyrtiherbergi með W.C. og handlaug skal vera fyrir starfsfólk, sér fyrir karla og konur.

## 16. gr.

Tvöfalt gler skal vera í öllum gluggum gistiherbergja og þannig frá herbergjum gengið, að þau séu vel hljóðeinangruð. A. m. k. einn rúðukarmur skal vera opnanlegur í hverjum glugga.

## 17. gr.

Í hverju gistihúsi skal vera línherbergi og skolherbergi og geymsla fyrir ryksugu og önnur hreingerningartæki.

## III. KAFLI

## Búnaður salarkynna og eldhúsa á gisti- og veitingastöðum.

## 18. gr.

Í matsal skal matast við smáborð (2—4 manna) með auðveldri samsetningu fleiri borða. Borð skulu dúkuð hvítum dúkum eða mislitum, úr hör eða því efni, er eftirlitið tekur gilt, og skulu þeir ávallt vera hreinir. Stólar skulu vera þægilegir, setan klædd góðu efni. Setuhæð sófa, sem notaðir eru í veitingasal, skal vera hin sama og setuhæð stóla.

Salarkynni veitingastaða skulu vera vel loftræst, og andrúmsloft þeirra skal vera auðvelt að endurnýja, eftir því sem þörf gerist, án þess að dragsúgur myndist, svo að til óþæginda sé, eða hávaði frá loftræstingu truflfi gesti.

## 19. gr.

Borðbúnaður allur skal ávallt vera úr góðu efni, samstæður og fyllilega viðhlítandi miðað við almennar kröfur, sem gera skal til viðkomandi veitingastaða. Ávallt skulu vera fyrir hendi nægilegar birgðir af hnífapörum, skeiðum, glösum, skálum, bollum, könnum og öðrum búnaði þeirra tegunda, sem nauðsynlegur er til þess að matur verði framreiddur á þann hátt, sem sæmir góðum veitingastað. Kvörn- uð eða sprungin glös eða önnur matarilát er bannað að nota.

## 20. gr.

Snyrtingar, þvagskálar og salerni skulu þannig staðsett, að auðveldur sé aðgangur að þeim, en þó þannig að ekki valdi óþægindum eða truflunum í fordyri eða sölum.

## 21. gr.

Gestir skulu eiga kost á að velja á matseðli um hóflega marga íslenzka og alþjóðlega þekktu rétti, er skulu búnir til af kunnáttu og framreiddir hreinlega og snyrtilega. Á veitingastöðum, sem sóttir eru af erlendum gestum, skal leggja fram matseðla á íslenzku, ensku og/eða frönsku.

## 22. gr.

Ávallt skal vera viðlátinn einn úr hópi þjónustuliðs gistiherbergja og framreiðslufólks, sem getur talað eitt Norðurlandamál auk enskrar tungu.

## 23. gr.

Í gistihúsum er skylt að framreiða daglega heitan mat og fjölbreyttan morgunverð að morgni.

## 24. gr.

Eldhús skal vera nægilega stórt og rúmgott með nægum geymslum, vinnuherbergi, kæli- og frystiklefa. Eldavél, borðum, þvottavask og öðrum vinnutækjum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, svo og veggjum og gólfi.

Allar pönnur og pottar, svo og önnur slík áhöld skulu vera úr ryðfríu stáli eða öðru jafngildu efni. Bannað er að nota glerungshúðuð (emalluðu) áhöld og potta, og eigi mega þau heldur vera úr eir.

Loftræsting skal vera í fullkomnu lagi, vélknúin ef þurfa þykir. Býtibúr skal vera milli eldhúss og veitingasalar. Snyrti- og fataklefum starfsfólks skal vera vel og haganlega fyrir komið. Gólf í eldhúsi skal vera vatnspétt og flisalagt eða úr því efni, sem eftirlitið tekur gilt.

## 25. gr.

Yfirmaður í eldhúsi skal hafa fullnægjandi menntun og starfsreynslu. Matreiðslu- og þjónustufólk skal vera svo margt, að gestir komist hjá ónauðsynlegri bið við venjulega aðsókn. Þá er gestur hefur tekið sæti, skal taka á móti pöntun hans og sjá svo um, að afgreiðsla gangi fljótt og greiðlega.

## 26. gr.

Starfsfólk veitingastaða skal vera hreinlega og snyrtilega til fara. Það skal koma fram við gesti af fullri kurteisi og tillitsemi.

Starfsfólki ber að inna öll störf af höndum svo hljóðlega sem kostur er, og því ber að forðast allt það í orði eða verki, sem gestum má til ama verða.

## 27. gr.

Í veitingahúsi skal vera starfandi að minnsta kosti einn maður, sem gegnir starfi yfirþjóns, annast móttöku gesta og sér um, að þeir fái góða fyrirgreiðslu.

Kvörtunum af hálfu gesta skal koma á framfæri við forstöðumann veitingastaðar svo fljótt sem kostur er.

## 28. gr.

Allt starfsfólk í eldhúsi skal klæðast hvítum vinnufatnaði og hafa hvítar höfuðskýlur. Konur mega þó nota hárnét með ennisborða, ef betur þykir henta.

## 29. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru til og við framleiðsluna, skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum samkvæmt reglugerð nr. 49/1936 um tilbúning og dreifingu matvæla.

## 30. gr.

Eigi má láta ábyrgð á rekstri veitingastaða hvíla á öðrum en þeim, sem til þess hafa hlotið fullkomna sérmenntun.

## 31. gr.

Á öllum gististöðum er skylt að hafa gestabók, gegnumdregna og innsiglaða af viðkomandi lögreglustjóra, og skal hver og einn næturgestur skrá þar nafn sitt og heimilisfang, svo og komu- og burtfarardag, hvaðan komið er og hvert fara skal.

Forstöðumönnum gististaða skal skylt að gefa eftirlitsmanni upp tölu innlendra og útlendra næturgesta, hvenær svo sem eftirlitsmaður óskar þess, einnig þótt þeim hafi verið útveguð gisting á einkaheimilum.

## IV. KAFLI

## Gistiheimili.

## 32. gr.

Gólfplötur eins manns herbergis sé minnst 7 m<sup>2</sup>, en tveggja manna herbergis 12 m<sup>2</sup>. Lofthæð í báðum tilfellum skal vera minnst 2.50 m og breidd ekki undir 2.20 m. Opnanlegur gluggi skal vera í öllum herbergjum.

## 33. gr.

Rúmstæði skulu vera minnst 2 m á lengd og 90 cm á breidd að innanmáli og þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að búa um rúmin og hreinsa undir þeim.

## 34. gr.

Minnst einn góður stóll skal vera fyrir hvern gest á hverju herbergi. Þar skal einnig vera aðstaða til bréfaskrifta, bréfakarfa og öskubakki, og skal hvort tveggja vera úr efni, sem ekki getur brunnið.

## 35. gr.

Fataskápur með hillu og ein töskugrind skal vera í hverju herbergi.

## 36. gr.

Í hverju herbergi skal vera handlaug með heitu og köldu rennandi vatni, spegill og minnst eitt handklæði fyrir hvern gest, einnig tvö vatnsglös fyrir hvern gest.

## 37. gr.

Raftengill fyrir rakvél skal vera í hverju herbergi.

## 38. gr.

Þar sem ekki eru baðherbergi og vatnssalerni með herbergjum, skal eitt baðherbergi ásamt vatnssalerni vera á hverri hæð fyrir hverja 20 gesti. Auk þess skulu vera tvö vatnssalerni á hverri hæð, eitt fyrir karla og eitt fyrir konur.

## 39. gr.

Starfslið gistiheimilis skal hafa eigið vatnssalerni með handlaug, svo og bað út af fyrir sig.

## 40. gr.

Öll böð og snyrtiherbergi skulu vera vel loftræst.

## 41. gr.

Í hverju herbergi skal vera bjölluhandklæði, svo að hægt sé að gera starfsliði viðvart, ef sími er ekki í herberginu.

## 42. gr.

Gestir skulu eiga þess kost að njóta aðgangs að síma, annað hvort í hljóðeinangruðum klefa eða með hljóðeinangruðum hjálmi yfir.

## 43. gr.

Hurðir allar að svefnherbergjum skulu vera tvöfaldar, sé ekki um innri forstofu að ræða.

## 44. gr.

Í þeim gistiherbergjum, sem eigi hafa eigið vatnssalerni, skal vera næturgagn í lokuðum skáp.

## 45. gr.

Allajafnan skulu eigi vera nema tvö gistirúm í hverju gistiherbergi.

## 46. gr.

Allar dýnur og legubekkir skulu vera úr góðu efni og hafa hlífðaráklæði (sjúkraudún), sem hægt er að þvo. Lök skulu vera svo stór, að þau megi brjóta undir dýnur. Koddar skulu vera tveir, sæng minnst 1.90 m á lengd og 1.30 m á breidd. Allur rúmfatnaður og handklæði skal vera úr ljósu efni.

## 47. gr.

Legubekki má nota sem rúm, ef stærð þeirra og annar búnaður, sem rúmi skal fylgja, uppfyllir framanskráðar kröfur.

## 48. gr.

Hverju rúmi skal fylgja rúmabreiða úr efni, sem vel tekur þvotti. Náttlampi skal vera við hvert rúm.

## 49. gr.

Sömu reglur skulu gilda um matsali, snyrtiherbergi, eldhús og annan aðbúnað þar að lútandi, sem tilgreindar eru í 18. til 30. grein reglugerðar þessarar.

## V. KAFLI

## Sérkröfur til fjallagistihúsa.

## 50. gr.

Fjallagistihús skulu hafa það fyrir a. m. k. hverja 10 gesti ásamt salernum, sér fyrir karla og konur.

## 51. gr.

Fjallagistihús skulu hafa, auk þess sem krafizt er af gistiheimilum, sérstaka skíðageymslu ásamt aðstöðu til skíðasmurnings. Hitakerfi hússins skal vera þannig frá gengið, að hægt sé að halda minnst 18° C hita innan dyra. Auk veitingasalar skal vera setustofa búin þægilegum húsgögnum.

## 52. gr.

Í slíkum gistihúsum skal, ef verulegur hluti gesta dvelst þar dögum saman, vera hægt að sjá gestum fyrir skemmtunum eða tómtundaiðkunum af einhverju tagi.

## 53. gr.

Fatageymslur skulu vera nægar fyrir hlífðarföt og annan þann útbúnað, er gestir kynnu að hafa með sér.

## 54. gr.

Eldhús skulu vera vönduð og þægileg og öll vinna þar innt af höndum af kunnáttu, svo og framreiðsla. Allar máltíðir skulu að jafnaði framreiddar í matsal á fyrir fram ákveðnum tíma. Nægar geymslur skulu fylgja hverju eldhúsi.

## 55. gr.

Gistiherbergi skulu hlíta sömu reglum og gilda um gistiheimili.

## 56. gr.

Eldhúsáhöld öll skulu vera úr ryðfríu stáli eða öðru jafngildi efni. Bannað er að nota emaileruð áhöld eða potta, og eigi mega þau heldur vera úr eir.

Öll matarílát skulu vera heil, hreinleg og þægileg í notkun og í sama stíl, eftir því sem við verður komið.

## 57. gr.

Um matreiðslu- og framreiðslufólk vísast til 25.—30. greinar reglugerðar þessarar.

## VI. KAFLI

## Um verbúðir og matstofur þeirra.

## 58. gr.

Í verbúðum, verkamannaskýlum og öðrum þess konar húsum skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og handlaugar. Loftrými, loftræsting og hiti skal vera nægilegt og fyllsta þrifnaðar gætt í hvívetna. Skal heilbrigðisfulltrúi, ef starfandi er á viðkomandi stað, hafa eftirlit með, að þessu sé framfylgt.

## 59. gr.

Matsalir skulu vera rúmgóðir, hjartir og vel loftræstir, svo og nægur hiti, gólf þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau eftir hverja máltíð. Matborð skulu lögð hörðu plasti eða öðru jafngildu efni, stólar eða bekkir skulu vera þægilegir til setu. Loft hæð 2.5 m. Borð, stóla, gluggakistur og annað þess háttar skal hreinsa daglega. Ekki má sópa gólf, aðeins þvo.

## 60. gr.

Eldhús skulu búin fullkomnum tækjum til suðu, steikingar, tilbúnings og framreiðslu matar. Loftræsting skal vera í fullkomnu lagi, vélknúin ef með þarf. Gólf vatnsheld og með niðurföllum, svo að auðvelt sé að þrifa þau. Matargeymslur séu í góðu lagi og með kælitækjum. Starfsfólk skal vera klætt í hrein, hvít vinnuföt, og nota hvít höfuðföt, konur hárnét eða aðrar höfuðskýlur. Eldhússtarfsfólk skal og hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum, sápu, handþurrkum og naglabursta.

## 61. gr.

Öll matarilát skulu þvegin vandlega úr heitu sóda- eða sápuvatni. Glös, bollar, könnur, diskar og hnífapör skulu soðin í 1–2 mínútur eftir uppþvott og sjálfþurrkuð.

## VII. KAFLI

## Söluskálar.

## 62. gr.

Í öllum söluskálum, hvar sem staðsettir eru, skal vera salerni og handlaug með sápu og handþurrku fyrir starfsfólk.

## 63. gr.

Sé söluskáli jafnframt biðskýli fyrir farþega með áætlunarbifreiðum, skal þar vera salerni, þvagskálar, handlaug með sápu og handþurrkum úr hör eða pappír til afnota fyrir gesti. Hafa má hreinlætisherbergi læst með lykli, þó þannig að lykill sé ávallt tiltækur hjá afgreiðslufólki.

## 64. gr.

Þeir söluskálar, sem selja mat, t. d. pylsur, svið, smurt brauð o. þ. h., skulu gæta fyllsta hreinlætis í meðferð matvælananna við suðu, geymslu og afgreiðslu. Skal þar farið eftir tilsögn eftirlitsmanna.

## 65. gr.

Meðferð á pylsum skal þannig hagað, að pylsur skulu ávallt geymdar í kæli og ekki meira magn en aðsókn gefur tilefni til haft í suðupotti tilbúið til afgreiðslu.

## 66. gr.

Kryddefni, svo sem sinnep og tómatsósu, skal geyma í lokuðum ilátum, t. d. plastflöskum með túðu eða plastkönnum með stút, þannig að ekkert ryk eða önnur óhreinindi geti þau óhæf til neyzlu.

## 67. gr.

Matvöru alla skal afgreiða til neytenda í smjörpappír eða þar til gerðum umbúðum.

## 68. gr.

Þeir söluskálar, sem selja mjólkurís eða rjómaís tilbúinn á staðnum eða aðkeyptan, skulu gæta fyllsta hreinlætis við tilbúning og afgreiðslu og hlíta þar að lútandi fyrir mælum eftirlitsmanns.

## 69. gr.

Allt ísfrauð, sem selt er í stórum skömmtum eða smáum til neyzlu á staðnum, skal vera mjólkurís með að minnsta kosti 6% fitu.

## 70. gr.

Öll tæki og efni, sem notuð eru við framleiðsluna skulu fullnægja ströngustu hreinlætiskröfum samkvæmt almennum reglum um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

**Undanþáguheimildir.****71. gr.**

Gisti- og veitingastaðaeftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum reglugerðar þessarar, þó því aðeins að því er varðar eftirtalin ákvæði:

Í 5. gr., um almennar setustofur.

Í 9. gr., um að kerlaug eða steypibað skuli fylgja hverju herbergi.

Í 11. gr., um að tvennar hurðir skuli vera milli svefnherbergis og hótalgangs, svo og í 43. gr., um sama efni, að því er varðar gistiheimili.

Í 12. gr. og 33. gr., um lengd og breidd rúma.

Í 13. gr., um síma og útvarp í hverju herbergi.

Í 15. gr., að snyrtiherbergi starfsfólks séu aðskilin frá snyrtiherbergjum gesta.

Undanþágur þær, sem hér um ræðir, séu því aðeins veittar, að um minni háttar rekstur sé að ræða og að sérstaklega standi á, að dómi gisti- og veitingastaðaeftirlitsins.

**72. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 20. apríl 1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUR**

**fyrir félagsheimili Skriðuhrepps í Eyjafjarðarsýslu.**

**1. gr.**

Nafn félagsheimilisins er Melar.

Lóðin er eignarlóð 3400 m<sup>2</sup> að stærð, lögð til af Ungmennafélagi Skriðuhrepps.

Eigendur félagsheimilisins eru þessir:

Skriðuhreppur að 74/100,

Ungmennafélag Skriðuhrepps að 18/100,

Kvenfélag Hörgdæla að 8/100.

**2. gr.**

Húsnefnd (framkvæmdanefnd) kjörin árlega stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð, að stjórn hvers félags, sem er meðeigandi í félagsheimilinu, kýs einn mann í nefndina. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Hætti félagsheimilið störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafninu gerðabækur þess til vörzlu.

**3. gr.**

Húsnefnd heldur fundi, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef einn nefndarmaður óskar þess. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn í janúar ár hvert. Skulu þangað kvaddir, með hæfilegum fyrirvara, stjórnendur allra

þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Formaður húsnefndar boðar aðalfundi. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm, sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi, eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

Frá Skriðuhreppi 5 fulltrúar,

— Ungmennafélagi Skriðuhrepps 3 fulltrúar.

— Kvenfélagi Hörgdæla 3 fulltrúar.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd fyrir yfirstandandi ár.

Afrit af reikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilissjóði. Félagsheimilið skal reka sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Ráða húsverð. Setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt.
- b. Ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, eigi það að vinna undir hans stjórn.
- c. Ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. Ákveða gjöld fyrir afnot af húsinu.
- e. Annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f. Sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
- g. Sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.
- h. Sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- i. Sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 47 1957, um félagsheimili, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það brýtur eigi í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið.

Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af hendi nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal jafnan gætt, að húseignin, áhöld, húsbúnaður og allur fatnaður sé hæfilega vátryggður.

#### 8. gr.

Félag, er heldur samkomu í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Skal húsverði tilkynnt, áður en samkoma hefst, hver sé gæzlumaður. Sé húsverður ekki við samkomuslit, skal gæzlumaður ganga á þann hátt frá húsinu, sem húsverður hefur lagt fyrir.



## 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins, skal húsvörður sjá um ræstingu þess, þ. á. m. að gólf séu þvegin með sápuvatni, salerni vandlega hreinsuð með sótthreinsandi efni, fatageymsla og búningsherbergi ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

## 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið.

## 11. gr.

Húsvörður skal sjá um, að fánastöng við húsið sé jafnan í góðu lagi, fáni heill, með réttum litum og hlutföllum.

## 12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dýraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

## 13. gr.

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skal sá bæta, er húsið hefur til afnota, er skemmdirnar eru framdar.

## 14. gr.

Á opinberum samkomum, sem haldnar eru í félagsheimilinu, má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu um tiltekinn tíma. En skylt er henni að tilkynna þeim brotlega þá ákvörðun bréflaga og gefa honum þá frest til að bæta ráð sitt.

## 15. gr.

Reglum þessum má ekki breyta, nema á aðalfundi félagsheimilisins, og því aðeins, að öll stjórnin sé mætt og ræður þá einfaldur meiri hluti.

## 16. gr.

Reglur þessar, sem settur eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 frá 5. júní 1947, um félagsheimili, og samþykktar af stjórn félagsheimilisins 2. febrúar 1964, staðfestast hér með af menntamálaráðuneytinu, og öðlast gildi nú þegar.

*Menntamálaráðuneytið, 19. maí 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um viðauka við auglýsingu nr. 168 16. september 1963, um erlend lán  
og innflutning með greiðslufresti.

1. Við vörulistann í 1. tölulið auglýsingarinnar bætist eftirtaldar vörur, sem ekki skal heimilt að flytja inn með gjaldfresti:

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund
08.01.10—	
08.13.00	Ávextir, nýir og þurrkaðir.
20.01.00—	
20.07.09	Framleiðsla úr grænmeti, ávöxtum og öðrum plöntuhlutum.
21.04.00	Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbættiefni.
21.05.00	Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft.
21.07.01—	
21.07.09	Aðrar fæðutegundir, ót. a.
25.23.00	Portlandsement, alúminatsement, slagsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.
33.06.01—	
33.06.09	Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur.
34.01.01—	
34.07.00	Hreinlætisvörur o. fl.
36.01.00—	
36.08.00	Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.
37.01.01—	
37.08.00	Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.
40.08.03	Gólfdukur.
40.13.01—	
40.13.09	Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi úr toggúmmi.
42.01.00—	
42.06.00	Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h., vörur úr þörmum.
43.01.00—	
43.04.09	Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.
44.24.00	Búsáhöld úr trjáviði.
44.25.01—	
44.25.09	Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði, burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir burstu og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré fyrir skósmíði.
44.27.01—	
44.27.09	Gólfampar, borðlampar og önnur ljóstæki úr trjáviði o. s. frv.
46.02.02	Gólfmottur, teppi o. þ. h. úr fléttiefnum.
46.02.03	Skermar úr fléttiefnum.
46.02.09	Aðrar vörur úr fléttiefnum, ót. a.
46.03.09	Annað úr fléttiefnum en fiskkölfur og kolakölfur.
58.01.00—	
58.03.00	Gólfteppi og veggteppi.
59.10.00	Linoleum.
60.02.01—	
60.02.09	Hanzkar, vettlingar og belgvettlingar prjónaðir eða heklaðir, ekki teygjanlegir eða gúmmibornir.

Kafli nr.

Tollskrá

## Vörutegund

- 60.03.01—  
60.03.09 Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, þrjónað eða heklað, ekki teygjanlegt eða gúmmíborið.
- 60.04.01—  
60.04.09 Nærfatnaður þrjónaður, ekki teygjanlegur eða gúmmíborinn.
- 60.05.00 Ytri fatnaður og aðrar vörur þrjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar.
- 61.01.00—  
61.11.00 Fatnaður úr spunavörum og annað, er honum tilheyrir.
- 62.01.10—  
62.01.30 Ferðaábreiður og önnur svipuð teppi.
- 62.02.00 Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna.
- 64.01.01—  
64.04.00 } Skófatnaður, legghlífar o. þ. h., þó ekki hlutar af skófatnaði.  
64.06.00 }
- 65.03.00—  
65.06.09 Hattar og annar höfuðfatnaður.
- 66.01.00—  
66.02.00 Regnhlífar, sóhlífar og göngustafir, en ekki hlutar og útbúnaður til þess.
- 68.01.00—  
68.16.09 Vörur úr steini, gipsi, sementi, asbesti, gljásteini og öðrum áþekktum efnum.
- 71.01.00—  
71.16.00 Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálféðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; skraut- og glysvarningur.
- 73.38.11—  
73.38.19 } Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota, og hlutar til  
73.38.22 } slíkra vara, úr járneða stáli.  
73.38.29 }
- 74.17.00 Suðu- og hitunartæki af því tagi, sem almennt eru notuð á heimilum — ekki rafmagnstæki — og hlutar til þeirra, úr kopar.
- 74.18.00 Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara, úr kopar.
- 75.06.02—  
75.06.03 Hreinlætistæki og búsáhöld úr nikkli.
- 76.15.01—  
76.15.02 Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til slíkra vara, úr alúmíni.
- 79.06.02—  
79.06.03 Hreinlætistæki og búsáhöld úr zinki.
- 80.06.02 Búsáhöld úr tinni.
- 82.01.01—  
82.15.00 Verkfæri, áhöld, hnífar, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málmum; hlutar til þeirra.
- 83.01.00—  
83.15.00 Ýmsar vörur úr ódýrum málmum.
- 84.41.00 Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar.
- 84.49.00 Handverkfæri þrýstiloftsknúin og handverkfæri með innbyggðum hreyfli, sem er ekki rafmagnshreyfill.
- 84.51.00 Ritvélar (þó ekki sambyggðar reikni- og ritvélar); tékkaritvélar.

Tollskrá  
Kafli nr.

Vörutegund

- 84.52.01—  
84.52.09 Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og aðrar svipaðar vélar, sem eru með reikniútbúnaði.
- 84.54.01—  
84.54.09 Aðrar vélar og tæki til notkunar í skrifstofum.  
84.58.00 Sjálfsalar (t. d. fyrir frímerki, vindlinga, súkkulaði og matvörur), sem ekki eru leiktæki eða happdrætti.
- 85.05.00 Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli.  
87.10.00 Reiðhjól án hjálparvélar (þar með talin reiðhjól til vöruflutninga á þrem hjólum).
- 87.13.02 Barnavagnar (án drifs) og hlutar til þeirra.  
90.05.00 Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði.  
90.07.00 Ljósmyndavélar; leifturljóstæki til ljósmyndunar.  
90.08.00 Kvikmyndavélar: Myndatöku- og sýningavélar, hljóðupptöku- og hljóðvarpstæki; allar samstæður af þessum vélum og tækjum.  
90.09.00 Skuggamyndavélar, stækkunar- og minnkunartæki til ljósmyndagerðar (þó ekki fyrir kvikmyndir).  
90.10.00 Tæki og áhöld þeirrar tegundar, sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og ekki falla undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar með snerti-aðferð (contact type); spólur og kefli fyrir filmur; sýningartjöld.
- 91.01.00—  
91.11.00 Úr og klukkur og hlutar til þeirra.  
92.01.00—  
92.13.00 Hljóðfæri; hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki; hlutar og fylgitæki til þessara tækja og áhalda.
- 93.01.00—  
93.07.29 Vopn, skotfæri og hlutar til þeirra.  
94.01.00—  
94.04.00 Húsgögn og hlutar til þeirra; rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.
- 95.01.00—  
95.08.00 Vörur úr útskurðar- og mótunarefnum; unnin útskurðar- og mótunarefni.
- 96.01.00—  
96.06.00 Sópar, penslar, burstar, fjaðrakústar, duftpúðar og sáld.  
97.01.00—  
97.06.09 } Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.  
97.07.02 }  
97.08.00 }

2. Frá gildistöku auglýsingarinnar er óheimilt að semja um greiðslufrest á ofangreindum vörum. Greiðslufrestur, sem samið hefur verið um fyrir þann tíma, helzt, enda fari tollafgreiðsla fram fyrir 1. september n. k. Greiðslufrestur skal þó eigi hefjast síðar en á komudegi vörunnar til landsins.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar. Auglýsing nr. 168 16. september 1963, um erlend lán og innflutning með greiðslufresti heldur gildi sínu.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 30. júní 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

### um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

#### 1. gr.

##### Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát .....		kr.	125
— — — með vél .....			200
— þilfarsskip minna en 15 rúml. ....			375
— — — 15 rúml. allt að 30 rúml. ...			450
— — — 30 — — — 50 — ...			561
— — — 50 — — — 100 — ...			720
— — — 100 — — — 200 — ...			1050
— — — 200 — — — 300 — ...			1200
— — — 300 — — — 400 — ...			1500

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti, fyrir vélskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti.

Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 600, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, en sé skipið óflokkað, ákveður skipaskoðunarstjóri greiðsluna hverju sinni.

#### 2. gr.

##### Sérstök aukaskoðun.

Fyrir sérstaka aukaskoðun skal greiða samkvæmt reikningi skoðunarmanns. Sama gildir um eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands.

#### 3. gr.

##### Eftirlit með nýsmíði.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðra stálskipa, sem smíðuð eru innanlands, skal greiða fjórföld laun samkvæmt 1. gr.

#### 4. gr.

##### Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir skoðun og mælingu skips til ákvörðunar á hleðslumerkjum þess, skal skoðunarmanni greiddur  $\frac{1}{3}$  hluti launanna samkvæmt 1. gr.

#### 5. gr.

##### Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötlum greiðist sem hér segir:

Vél skipsins undir 400 hö. ....		kr.	500
— — — 400—800 hö. ....			600
— — — yfir 800 hö. ....			800

Séu tveir katlar eða fleiri í sama skipi, skal greiða hálf laun fyrir síðari katlana, séu þeir skoðaðir í sömu ferð skoðunarmannsins, annars full laun.

## 6. gr.

**Ferðaskostnaður o. fl.**

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki hægt að framkvæma skoðun af ástæðum, sem eru honum óviðkomandi, skal þá útgerðarmaður bæta honum vinnutap og ferðakostnað, ef einhver er.

Annars fá skoðunarmenn ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir.

Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

## 7. gr.

**Reikningar.**

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórri í þar til gerðar bækur. Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn og bæjarfógetar greiða gegn reikningi í tvíriti, einnig skal Skipaskoðun ríkisins sent afrit af reikningunum.

Laun samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar greiðir Skipaskoðun ríkisins gegn reikningi í þíriti.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmt er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 6 15. janúar 1960, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ****um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.**

## 1. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skal greiða sérstakt innflutningsgjald af benzíni (benzingjald), og skal gjaldið nema kr. 2.77 af hverjum lítra.

Af benzinbirgðum, sem til eru í landinu nefndan dag, skal greiða samanlagt jafnhátt gjald, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda eða ekki. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru hinn 1. janúar 1964, skal skyldur til að tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. s. m. Skal hann og skyldur að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla, ef til kemur.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzininnflytjendum og benzin-sölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en vegalög nr. 71/1963 gengu í gildi.

## 2. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skal greiða sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar (gúmmigjald), og skal gjaldið nema kr. 9.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmislangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

Af birgðum af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar, sem til eru í landinu nefndan dag hjá innflytjendum og heilðsluverzlunum, skal greiða samanlagt jafnhátt gjald.

Hver sá, sem hefur umráð yfir birgðum af framannefndum vörum hinn 1. janúar 1964 og gjaldskyldur er samkv. reglugerð þessari, skal skyldur til að tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. s. m.

## 3. gr.

Árlega skal greiða þungaskatt af bifreiðum, sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Dungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
0—2000	8500
2000—2200	8650
2200—2400	8800
2400—2600	8950
2600—2800	9100
2800—3000	9250
3000—3200	9400
3200—3400	9550
3400—3600	9700
3600—3800	9850
3800—4000	10000
4000—4100	10100
4100—4200	10200
4200—4300	10300
4300—4400	10400
4400—4500	10500
4500—4600	10600
4600—4700	10700
4700—4800	10800
4800—4900	10900
4900—5000	11000
5000—5100	11100
5100—5200	11200
5200—5300	11300
5300—5400	11400
5400—5500	11500
5500—5600	11600
5600—5700	11700
5700—5800	11800
5800—5900	11900
5900—6000	12000

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 200.00.

Sé vélskóflu, vélkrana eða því um líkum vinnutækjum, sem ganga fyrir eigin aflvél, fest á bifreið, skal ekki telja þunga slíkra véla með við útreikning þunga-skatts af bifreiðinni.

c. Af bifhjólum kr. 200.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

#### 4. gr.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 3. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

- a. Skólabifreiðar.
- b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
- c. Slökkvibifreiðar.
- d. Sjúkrabifreiðar.
- e. Snjóbifreiðar.
- f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

- a. Þeir sanni með vottorði skattstjóra eða umboðsmanna hans, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.
- b. Þeir sanni með vottorði sömu manna, að eigandi bifreiðarinnar hafi sjálfur rekið framleiðslu- og jarðyrkjustörf næstliðið ár.

Kröfur um endurgreiðslu þessa skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðslurétturinn niður.

#### 5. gr.

Gjalddagi skatts þess, er um ræðir í 3. gr., er 1. jan. árlega en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkv. 3. gr. að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði samfellt á árinu, en sleppa skal annars broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig, að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður. Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt, sem greiddur hefur verið af henni út allt árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skrásetningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu. Endurgreiðsla skal einungis fara fram gegn framvísun kvittunar.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga, eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnun á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur, svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra,



en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

Þeir, sem greitt hafa bifreiðaskatt, skoðunargjald af bifreiðum eða váttryggingariðgjald ökumanna bifreiða fyrir skattárið 1963, skulu eiga rétt á að fá gjöld þessi dregin frá samskonar gjöldum, sem þeim ber að greiða á árinu 1964, eða fá þau endurgreidd, enda sé þá skilað kvittunum fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð þennan eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. okt. 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

#### 6. gr.

Við álagningu skatts samkv. b-lið 3. gr. skal, þegar um hluta úr ári er að ræða, reikna skattinn samtals í heilum krónum, en aurum skal sleppt.

#### 7. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en benzín, skal talin sem slík hvað skatt áhrærir, þar til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir benzín fyrir eldsneyti.

Eftir 15. maí 1964 skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, sem ætlar að setja í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en benzín, sækja um sérstakt leyfi til þess hjá lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti).

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en benzín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

#### 8. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Benzín-gjald og gúmmigjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum solumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

#### 9. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjöld af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 222 frá 30. des. 1958.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum nr. 71/1963, öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., skal skattur, er um ræðir í 3. gr., innheimtast þannig árið 1964, að af bifreiðum, fluttum milli umdæma frá 1. janúar til 18 maí á því ári, innheimtir fyrra umdæmið gjöldin til umskráningardags en hið síðara hinn hlutann.

*Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

3. júlí.

Nr. 134.

**REGLUGERÐ**

**um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1963.**

**1. gr.**

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, er miðast við legudagafjölda árið 1963.

**2. gr.**

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

**3. gr.****Í I. flokki B eru:**

Borgarspítalinn í Reykjavík  
Sjúkrahús Akureyrar.

**Í II. flokki A eru:**

Hvítabandið  
Sjúkrahús Akraness  
Sjúkrahús Ísafjarðar  
Sjúkrahús Neskaupstaðar  
Sjúkrahús Keflavíkur.

**Í II. flokki B eru:**

Sjúkrahús Sauðárkróks  
Sjúkrahús Siglufjarðar  
Sjúkrahús Vestmannaeyja  
Sjúkrahús Árnesinga.

**Í III. flokki A eru:**

Farsóttarhúsið í Reykjavík  
 Sjúkrahús Patreksfjarðar  
 Sjúkrahús Blönduóss  
 Sjúkrahús Húsavíkur  
 Sjúkrahús Seyðisfjarðar  
 Sólvangur í Hafnarfirði.

**Í III. flokki B eru:**

Sjúkrahús Þingeyrar  
 Sjúkrahús Flateyrar  
 Sjúkrahús Bolungarvíkur  
 Sjúkrahús Hólmavíkur  
 Sjúkrahús Hvammstanga  
 Sjúkrahús Vopnafjarðar  
 Sjúkrahús Egilsstaða.

**4. gr.**

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A .....	100%
– I. flokki B .....	90%
– II. flokki A .....	70%
– II. flokki B .....	60%
– III. flokki A .....	50%
– III. flokki B .....	40%

**5. gr.**

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, sbr. 12. gr. VI. lið, þar sem heildarstyrkurinn er ákveðinn kr. 8 000 000,00, verður skipting hans í krónutölu á legudag milli flokka eftirfarandi:

I. flokkur B .....	kr. 39.00
II. flokkur A .....	— 30.00
II. flokkur B .....	— 26.00
III. flokkur A .....	— 21.00
III. flokkur B .....	— 17.00

**6. gr.**

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1963 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41 20. maí 1964, um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. desember 1953, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 3. júlí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

27. maí.

251

Nr. 135.

## **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Tryggingastofnunar ríkisins, um daggjald opinberra sjúkrahúsa og stundunargjald þeirra vegna utanhéraðssjúklinga.**

Samkvæmt ósk Tryggingastofnunar ríkisins í bréfi dags. 27. febrúar s. l. og að fengnum tillögum landlæknis, dags. 5. þ. m., tekur ráðuneytið hér með fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild í 3. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963, að daggjald það, sem ríkisframfærslan greiðir opinberum sjúkrahúsum sem daggjald fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu fyrir aðra en utanhéraðsmenn, sé hið opinbera daggjald fyrir aðra en utanhéraðsmenn fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu og sé það full greiðsla fyrir sjúkrahúsvistina, lyf og þjónustu alla, þar með talin læknishjálp, og ákveður jafnframt, að hinum sömu sjúkrahúsum sé auk þess rétt að taka af utanhéraðssjúklingum stundunargjald, sem sé 30% af daggjaldinu og greiðist fyrir fyrstu 30 daga sjúkrahúslegunnar. Sé það einnig full greiðsla bæði fyrir sjúkrahúsvist, lyf og þjónustu alla, þar með taldar aðgerðir og önnur læknishjálp.

Fyrir utanhéraðssjúklinga, sem dvelja á sérstökum opinberum hjúkrunarspítölum, greiðist engin aukagreiðsla.

9. júní.

Nr. 136.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

### **SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem.**

#### **1. gr.**

Verðlaunasjóður Elínar Briem er stofnaður af Guðmundi Jónssyni, garðyrkju-  
manni, Blönduósi, með kr. 2000.00 framlagi við skólaslit Húsmæðraskólans á  
Blönduósi vorið 1962.

#### **2. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá námsmey eða námsmeyjar við Húsmæðra-  
skólann á Blönduósi, sem fá hæstu einkunn í háttvísi við húsmæðraskólann ár hvert.

**3. gr.**

Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Húnavatnssýslu, Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða og leggja skal ávallt  $\frac{1}{4}$  vaxta við höfðustólinn árlega.

**4. gr.**

Árlega skal varið  $\frac{3}{4}$  ársvaxta til verðlauna. Verði verðlaun ekki veitt úr sjóðnum, skulu allir ársvextir það ár leggjast við höfuðstól.

**5. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa: Sýslumaður Húnavatnssýslu, oddviti Blönduóshrepps og elzta kona að árum, sem setu á í skólaráði.

**6. gr.**

Stjórnin skal halda gerðabók, þar sem greindar eru gerðir hennar og einnig ber að færa þar reikninga sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Húsmæðraskólans á Blönduósi.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skal leitast við að efla sjóðinn eftir föngum.

**8. gr.**

Verði stjórn sjóðsins sammála um að breyta þurfi skipulagsskrá hans, þá getur hún gert það, enda verði breytingin samþykkt af skólaráði húsmæðraskólans, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og staðfest af ráðherra.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Dagssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1964.**  
Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Minningarsjóð Guðmundar Dagssonar.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar Dagssonar.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af vinum og samsjúklingum Guðmundar Dagssonar fyrir forgöngu stjórnar félagsins Sjálfsvörn, Kristneshæli.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur. --

**4. gr.**

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Sjálfsvarnar, Kristneshæli, er ávaxtar hann eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma og annast bókhald hans og alla umsjón. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Sjálfsbjargar.

**5. gr.**

Hlutverk sjóðsins er að veita styrk til þess að unnt verði að fegra Kristneshæli sem mest — innan veggja, m. a. með ræktun blóma.

**6. gr.**

Árlega skal veita úr sjóðnum til þessara hluta, samkvæmt mati sjóðsstjórnar þó má aldrei skerða stofnfé sjóðsins, kr. 2000.00, og veitt skal úr sjóðnum í fyrsta sinn 2. apríl 1969, á sjötugasta afmælisdegi Guðmundar Dagssonar og sé sá dagur síðan alltaf fastur úthlutunardagur sjóðsins.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins ákveður framlög sjóðsins hverju sinni og heimilt er henni að veita, ef svo ber undir, úr sjóðnum til annarra þarfra hluta en fegrunar hælísins og ráði magn atkvæða eða meiri hluti sjóðsstjórnar framkvæmdum í þeim efnun.

**8. gr.**

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé yfirlæknir Kristneshælis sjálfkjörinn formaður. Enn fremur eigi sæti í stjórninni yfirhjúkrunarkona hælísins, tveir menn úr stjórn Sjálfsvarnar, og einn maður úr hópi ófélagsbundinna vistmanna Kristneshælis. Skal sá maður skipaður af stjórn Sjálfsvarnar til eins árs í senn. Kjör stjórnarfulltrúa miðist einnig við eitt ár.

**9. gr.**

Verði sjóðsins ekki lengur þörf til þess, er hann upphaflega var ætlaður til, að dómi ráðamanna Kristneshælis, stjórnar sjóðsins og stjórnar Sjálfsvarnar, skal honum samkvæmt álitserð þessara aðila, varið til að styrkja einhver þau mannúðar- og menningarmál, sem að kalla á þeim tíma.

**REGLUR****um yfirlækna ráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.****1. gr.**

Í yfirlækna ráði eiga sæti allir yfirlækna Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, en staðgenglar þeirra í forföllum.

**2. gr.**

Hlutverk yfirlækna ráðs er að stuðla að eðlilegri þróun nefndra stofnana og vera ráðgefandi heilbrigðisstjórn í öllu því er varðar stjórn og rekstur þeirra.

**3. gr.**

Ráðið kýs framkvæmdastjórn: formann, varaformann og ritara. Formaður skal kosinn úr hópi prófessora. Kosning er skrifleg og ræður meiri hluti. Falli atkvæði jöfn, skal kosið aftur. Falli atkvæði enn jöfn, skal hlutkesti ráða.

**4. gr.**

Formaður skal kosinn til þriggja ára, og má ekki endurkjósa hann. Varaformaður og ritari skulu kosnir til þriggja ára, nema í fyrsta sinn skal varaformaður

kosinn til tveggja ára og ritari til eins árs. Í framkvæmdastjórn skal aðeins vera einn yfirlæknir frá hverri deild.

## 5. gr.

Yfirlæknaráð heldur fundi þegar framkvæmdastjórn telur ástæðu til. Þó skal formaður boða fund, þegar fjárhagsáætlun deilda er undirbúin, eða eigi síðar en í maímánuði ár hvert. Er það aðalfundur og skal þá kosið í framkvæmdastjórn. Fund skal og halda er tilnefnt er í læknisstöður, aðrar en kandidats- eða staðgengilsstöður til skemmri tíma. Enn fremur skal halda fund ef  $\frac{1}{3}$  yfirlækna óskar þess. Við afgreiðslu mála ræður meiri hluti atkvæða, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

## 6. gr.

Framkvæmdastjórn heldur fundi fyrsta föstudag hvers mánaðar, þó ekki í júlí, ágúst og september, en oftár, ef þörf krefur. Framkvæmdastjórn afgreiðir þau mál, sem hún telur ástæðu til að leggja fyrir fund í yfirlæknaráði. Sé framkvæmdastjórn ósammála, getur hver stjórnarmanna skotið ágreiningnum til fundar yfirlæknaráðs.

## 7. gr.

Fund í yfirlæknaráði skal að jafnaði boða með viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Yfirlæknaráð og framkvæmdastjórn skulu halda gerðabók og séu fundargerðir undirritaðar að fundi loknum.

## 8. gr.

Þjóða má ráðamönnum heilbrigðis- og spítalamála á fund yfirlæknaráðs, þegar ástæða þykir til.

## 9. gr.

Til breytinga á reglum þessum þarf  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða mættra yfirlækna.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í sjúkrahúsálögum nr. 93 31. desember 1953 og óðlast þegar gildi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júní 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

#### Aðalbrautir:

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Víkurbraut, Ægisgötu og Ránargötu.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbraut, eru við vegamótin merktir biðskyldu ellegar stöðvunarmerki.

*Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 19. júní 1964.*

**Björn Sveinbjörnsson.**

## SAMÞYKKT

### um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

#### I. KAFLI

##### Um skipan borgarstjórnar og verkefni hennar.

###### 1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 borgarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

###### 2. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir borgina og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmunum hennar, til lykta ráðið án umsagnar borgarstjórnar.

Borgarstjórninni ber að gæta hagsmuna borgarinnar í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

##### A. Borgarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum borgarinnar.

1. Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld borgarinnar fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skulu hagað, sbr. B-lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn borgarinnar, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, og enn fremur, að eignir borgarinnar séu tryggilega varðveittar.
3. Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga borgarinnar eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

##### B. Borgarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda borgarinnar. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu.

Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því, sem ástæða þykir til

##### C. Borgarstjórn kýs borgarstjóra, borgarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga borgarinnar.

Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn borgarinnar skv. þeim reglum, er um getur í 38. gr.

##### D. Borgarstjórn setur reglur um stjórn borgarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna borgarinnar, ákveður gjaldskrár borgarfyrtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

#### II. KAFLI

##### Fundarsköp borgarstjórnar.

###### 3. gr.

Á fyrra fundi borgarstjórnar í júlímánuði ár hvert kýs borgarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs.



Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helming borgarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi borgarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í borgarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

#### 4. gr.

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

#### 5. gr.

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

#### 6. gr.

Borgarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan borgarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sér fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlök skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að úgreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

#### 7. gr.

Borgarstjórn heldur reglulega fund fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er borgarstjórn að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef 5 borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

#### 8. gr.

Borgarstjóri semur dagskrá borgarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. fundargerðir borgarráðs og annarra lögmaeltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar borgarstjórnar á ályktunum sínum.
2. hvert það mál, sem fellur undir verksvið borgarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af borgarstjóra, borgarráði, lögmaeltri nefnd eða borgarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.

3. lögmaeltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem borgarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnar, skal tilkynna það borgarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en mánu- dag næstan fyrir fund.

Borgarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum borgarfulltrúum dagskrá næsta borgarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og ann- arra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem borgar- stjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði borgarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema borgarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

#### 9. gr.

Á reglulegum fundarstað borgarstjórnar skal auglýsa fundi borgarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

Dagskrá borgarstjórnarfunda skal með sama fyrirvara send dagblöðum í Reykjavík.

Heimilt er að fella niður auglýsingu og tilkynningu til blaða, skv. þessari grein, ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara, að slíku verði ekki við komið, eða hafa skemmri fyrirvara en greindir eru í 1. og 2. mgr.

#### 10. gr.

Borgarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Borgarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æski- legt er vegna hagsmuna borgarinnar, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

#### 11. gr.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Borgarstjóri og hver borgarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, við- aukatillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til um- ræðu er, og borgarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera fjölrítadar. Borgarstjórn getur heimilað, að vikið verði frá því ákvæði, að tillaga sé fjölrítuð.

Ef jafmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

## 12. gr.

Borgarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun borgarinnar, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

## 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að borgarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, borgarstjóri óskar eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er borgarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

## 14. gr.

Hver borgarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að vikja frá þessu, ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal vera í ræðustól, meðan hann talar, nema forseti leyfi annað.

Borgarstjórn getur heimilað, ef  $\frac{2}{3}$  borgarfulltrúa samþykkja, að maður utan borgarstjórnar megi tala á borgarstjórnarfundi.

## 15. gr.

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir borgarfulltrúar tvisvar. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

## 16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver borgarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 17. gr.

Skytt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brizlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við borgarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

## 18. gr.

Borgarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í borgarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert undan fella, sem fram hefur komið á fundi borgarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Borgarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti ásamt því, sem fært hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því, sem nauðsynlegt kann að þykja. Ef borgarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd þriggja borgarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

## III. KAFLI

## Réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

## 19. gr.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að sækja fundi borgarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sé þau störf, sem borgarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í borgarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti borgarstjórnar, setið í borgarráði eða annarri nefnd, getur þó skorazt undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 20. gr.

Borgarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl borgarinnar.

## 21. gr.

Hver borgarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í borgarstjórn, skv. ákvörðun hennar.

## 22. gr.

Ef borgarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamann, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

Borgarstjórn getur veitt borgarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá borgarfulltrúa-starfi.

## IV. KAFLI

## Um borgarráð.

## 24. gr.

Á fundi borgarstjórnar í júní skulu kosnir fimm borgarfulltrúar í borgarráð og jafnmargir til vara. Kosning borgarráðs gildir, unz nýtt borgarráð hefur verið kosið.

Borgarstjóri á sæti í borgarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Borgarráð kýs formann og varaformann.

Borgarráð getur leyft, að flokkar, sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki fulltrúa í borgarráði, megi tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með mál-frelsi og tillögurétt.

Borgarráð skal halda fund að jafnaði tvisvar í viku. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund að sumarlagi. Aukafund skal halda, ef borgarstjóri ákveður það eða tveir borgarráðsmenn hið fæsta, óska þess skriflega.

Borgarstjóri undirbýr dagskrá borgarráðsfunda og sér um, að hún verði send borgarráðsmönnum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úr-lausnar borgarráðs.

Borgarráð ræður fundarritara utan borgarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu hvert mál fær.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

#### 25. gr.

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Reykjavíkur-borgar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sér-stökum samþykktum borgarstjórnar.

Borgarráð tekur, skv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, fullnaðar-ákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun borgarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í borgarráði né við borgarstjóra um slíkar ákvarðanir.

#### 26. gr.

Borgarráð hefur eftirlit með fjárstjórn borgarinnar, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun borgarinnar og sér um, að reikningar hennar séu samdir.

Borgarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra fram-kvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

#### 27. gr.

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta.

### V. KAFLI

#### Um borgarstjóra.

#### 28. gr.

Borgarstjórn ræður borgarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða borgarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í borgarstjórn fyrir ráðningu borgarstjóra, svo að borgarstjóri er í andstöðu við meirihluta borgarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að borgarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

Borgarstjórn getur ákveðið, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og skal þá ákveðið í reglugerð, hvernig störfum skuli skipt á milli þeirra.

#### 29. gr.

Borgarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem borgarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum borgarinnar yfirleitt að því leyti, sem borgarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

#### 30. gr.

Borgarstjóri á sæti á fundum borgarstjórnar og borgarráðs, skv. 24. gr., og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem borgarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann borgarfulltrúi (borgarráðsmaður). Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum borgarstjórnar og borgarráðs.

#### 31. gr.

Nú samþykkir borgarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur borgarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Borgarstjóri skal senda borgarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur borgarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar borgarstjórnar ályktunum borgarráðs, sbr. 2. mgr. 25. gr.

#### 32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sammingsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt borgarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki borgarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr borgarsjóði, nema borgarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð borgarráðs til slíks.

#### 33. gr.

Borgarritari (varaborgarritari) gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum nema borgarstjóri feli það öðrum. Borgarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinnna málaflokka í umboði sínu, enn fremur getur borgarstjóri falið öðrum aðilum meðferð ákveðinna málaflokka í umboði sínu, en þá skv. nánari reglu, er borgarstjórn setur um þau málefni.

Borgarritari skal vera embættisgengur lögfræðingur. Hann hefur með höndum daglega stjórn á fjármálum borgarinnar og umsjón með skrifstofum hennar.

Borgarverkfræðingur hefur í umboði borgarstjóra með höndum yfirstjórn verklegra framkvæmda borgarinnar og annarra tæknilegra málefna, nema meðferð þessara mála sé sérstaklega fengin öðrum.

## VI. KAFLI

### Endurskoðendur.

#### 34. gr.

Borgarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga borgarinnar og fyrirtækja hennar.

Borgarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VII. KAFLI  
Um kosningu nefnda o. fl.

## 35. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður getur, til að fara með tiltekin málefni eftir því, sem lög mæla fyrir.

## A. Til eins árs:

1. Fimm borgarfulltrúa í borgarráð og fimm til vara.
2. Þrjú menn í byggingarnefnd og þrjú til vara.
3. Fimm menn í framfærslunefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara.
5. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara. Skal einn vera borgarráðsmaður, annar verkfræðingur í þjónustu borgarinnar, en þriðji kjörinn óbundinni kosningu.
6. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
7. Tvo endurskoðendur borgarreikninga og tvo til vara.
8. Kjörstjórnir við borgarstjórnarkosningar.
  - a. Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara.
  - b. Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
9. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
  - a. Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
  - b. Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn.

## B. Til þriggja ára:

Þrjú menn í stjórn Sögsvirkjunar.

## C. Til fjögurra ára:

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur og fjóra til vara.
2. Sjö menn í barnaverndarnefnd og sjö til vara.
3. Þrjú menn í stjórn Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og þrjú til vara.
4. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
5. Tvo menn í skólanefnd Húsmæðraskóla Reykjavíkur og tvo til vara.
6. Einn mann í stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.
7. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og þrjú til vara.
8. Tvo menn í almannavarnarnefnd.
9. Einn mann eða fleiri til að annast forðagæzlu.
10. Þrjú bátformenn til þess að hafa eftirlit með róðratíma fiskibáta.
11. Einn mann til að framkvæma millimat.
12. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
13. Einn mann í merkjadóm og einn til vara.
14. Fimm tán menn í sjó- og verzlunardóm.
15. Átta menn í áfengisvarnanefnd.
16. Einn markavörð.

## D. Borgarstjórn kýs einn mann eða tvo í stjórnir sparisjóða í Reykjavík eftir því, sem samþykkt hvers sjóðs segir til um, svo og tvo endurskoðendur.

## 36. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn samkvæmt sérstökum samþykktum sínum:

## A. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara.
2. Þrjú menn í íþróttaráð.
3. Þrjú menn í sjúkrahúsnefnd.
4. Þrjú menn í umferðarnefnd.

5. Fjóra menn í barnaheimila- og leikvallanefnd.
  6. Fimm menn í æskulýðsráð.
  7. Þrjá menn í skipulagsnefnd og þrjá til vara.
- B. Til eins árs:
1. Þrjá borgarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjá til vara.
  2. Fjóra borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa í stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og fjóra til vara.
  3. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða, svo og stjórnarmenn sjóða og endurskoðendur, þar sem skipulagsskrár mæla svo fyrir.

## 37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt borgarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur borgarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem borgarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími borgarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

## VIII. KAFLI

## Um starfsmenn borgarinnar.

## 38. gr.

Borgarstjórn skipar fasta starfsmenn borgarinnar og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinnar stofnunar. Borgarstjórn getur falið borgarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó borgarstjórn (borgarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar.

Borgarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá borginni, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna borgarinnar gilda ákvæði laga nr. 33/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því, sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum borgarstjórnar.

Borgarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á svarfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numin fundarsköp bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 16. janúar 1931 og samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík nr. 73 23. júlí 1932 með viðauka nr. 29 12. marz 1934.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 15. júní 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Thoroddsen, yfirkennara og landsverkfræðings. Hann er eign Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Sigurðar Thoroddsen 16. júlí 1962. Stofnfé sjóðsins, kr. 12500,00, er að hluta gjöf frá samkennurum og nemendum Sigurðar, en einnig framlag frá Maríu Thoroddsen, ekkju Sigurðar Thoroddsen og barna þeirra.

3. gr.

Sigurður Thoroddsen, sem lengi kenndi stærðfræði í máladeild, taldi mikilsvert, vegna þroskandi áhrifa stærðfræði á hugsun nemenda, að hún væri ekki aðeins kennd í stærðfræðideild, heldur einnig í máladeild. Hlutverk sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemdanda eða nemendum í máladeild, sem fengið hafa a. m. k. 9.5 í fullnaðareinkunn í stærðfræði á stúdentsprófi.

4. gr.

Rektor skólans ákveður í samráði við stærðfræðikennara í máladeild fjárhæð verðlauna. Alls mega þau nema allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum tekna sjóðsins næst liðið ár.

5. gr.

Afhending verðlauna fer fram um leið og afhending skirteina við stúdentspróf. Verðlaunum skal fylgja skrautritað skjal undirritað af rektor.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, sem honum kunna að áskotnast, og vextir af fé hans. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan tryggan hátt.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rektor skólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti og annarra sjóða undir stjórn rektors.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 187 14. nóvember 1962.

### 1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
1. a. Hitagjald til gróðurhúsa og skúra verði kr. 28.00 pr. m<sup>2</sup> gólfplatár á ári.
  - b. Hitagjöld til annarra húsa verði kr. 40.00 pr. m<sup>2</sup> gólfplatár á ári.  
 Þó skulu gjöld samkvæmt grein þessari ekki vera undir kr. 4000.00 á ári. Hreppsnefnd er þó heimilt að lækka gjald þetta í einstaka tilfellum um þrjátíu af hundraði.
  2. Þeir, sem taka varma frá opnum hverum og leiða sjálfir í íbúðarhús sín, greiði kr. 25.00 pr. m<sup>2</sup>. Sé um gróðurhús að ræða, greiðist kr. 20.00 pr. m<sup>2</sup> Hreppsnefnd er heimilt, að fengnum tillögum hitaveitunefndar, að lækka gjald þetta niður í kr. 16.00 pr. m<sup>2</sup> á ári, ef um er að ræða langar leiðslur í hlutfalli við stærð upphitaðs húsnæðis.
  3. Nú er varminn notaður til iðnaðar eða sem gufuorka, og ákveður hreppsnefnd þá gjald fyrir slíka notkun að fengnum tillögum hitaveitunefndar.
  4. Eigi skal greiða sérstakt gjald fyrir hitastilla.

### 2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimtaugargjöld:

1. Fyrir gróðurhús og skúra skal greiða sem svarar 10 mánaða hitagjaldi.
2. Fyrir öll önnur hús skal greiða sem svarar hitagjaldi í eitt ár.
3. Lágmarksgjald samkvæmt grein þessari, skal aldrei vera lægra en kr. 4000.00.
4. Heimtaugargjöld greiðist áður en tenging húss fer fram.
5. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál hitaðra húsa.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1952, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

24. júní.

Nr. 143.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hafa verið gerðar effirfarandi takmarkanir á umferð:

1. Einstefnuakstur á Auðarstræti frá Flótagötu að Gunnarsbraut.
2. Bifreiðastöður bannaðar á Egilsgötu, sunnan megin götunnar og á Vegahúsa-stíg frá Klapparstíg að húsinu nr. 41 við Hverfisgötu.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. júní 1964.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Áskels Jóhannessonar, bónda frá Syðra-Hvarfi í Skíðadal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júní 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Áskels Jóhannessonar, bónda frá Syðra-Hvarfi í Skíðadal.

### 1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarsjóður.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Áskeli Jóhannessyni og gefinn til minningar um foreldra hans Oddnýju Þorkeldsdóttur og Jóhannes Jónsson, Syðra-Hvarfi.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 35 þúsund, tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé hans, svo og gjafir og framlög, er sjóðnum kunna að berast. Höfuðstólinn skal ávaxta í sparisjóði Svarfdæla.

### 4. gr.

Starfssvið sjóðsins er félagssvæði Búnaðarfélags Svarfdæla, hlutverk hans er að verðlauna með fjárframlögum eða viðurkenningu á annan hátt:

- a. Úrvals búfé á félagssvæðinu.
- b. Hirðingu og fóðrun búfjár.
- c. Snyrtilega umgengni á bæjum utan húss sem innan.
- d. Annað það, er að búskap lýtur, og stjórn sjóðsins telur sérstaklega verðlaunavert.

Skal verja til þeirrar úthlutunar árlega upphæð sem svarar til allt að ársvöxtum sjóðsins hverju sinni.

Höfuðstólinn má ekki skerða.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Svarfdæla og fer stjórn þess hverju sinni með stjórn sjóðsins og sér um úthlutun úr honum. Heimilt skal stjórninni að leita til sérfróðra manna sér til ráðuneytis varðandi verðlaunaveitingar.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla skal annast reikningshald sjóðsins og leggja fram á aðalfundi ár hvert reikninga hans endurskoðaða af endurskoðendum félagsins. Jafnframt skal gera grein fyrir verðlaunaveitingum úr sjóðnum á reikningsárinu.

F. h. sjóðsstofnanda.

**Hjörtur E. Þórarinsson.**

F. h. Búnaðarfélags Svarfdæla.

**Sigurður Ólafsson.**

**Árni Jónsson.**

**Ólafur Tryggvason.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

### 1. gr.

Önnur grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

### 2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalátvinnu og sækir um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Neista.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

### 3. gr.

Við 3. málsg. 6. gr. bætist eftirfarandi:

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

### 4. gr.

Á eftir 2. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

### 5. gr.

Á eftir 2. málsg. 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Neista, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

### 6. gr.

A-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði frá trúnaðarlækni Bifreiðastjórafélagsins Neista.

### 7. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d. Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó ekki lengur en allt að 4 vikum árlega, og ekki skemur en 1 viku í hvert sinn, sé orlofstímanum skipt í fleiri en 1 tímabil.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún,  
nr. 33 25. febrúar 1949.

### 1. gr.

22. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru í eigu manna, búsettra á Vopnafirði, skulu greiða hafnar-gjöld einu sinni á ári. Þilfarsbátar fastagjald kr. 200.00 eða kr. 25.00 af hverri brúttó rúmlest. Opnir trillubátar 6 rúmlestir eða minni kr. 100.00 í fastagjald eða kr. 25.00 á brúttó rúmlest. Gjaldldagi sé 1. ágúst ár hvert.

Öll önnur skip nema þau, sem undan eru skilin í 21. gr., 12 rúmlestar og stærri, greiði kr. 0.80 af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar.

Innlend strandferðaskip skulu greiða kr. 0.60 í hafnargjald af nettóstærð skipsins í hvert sinn, sem þau koma til hafnar.

### 2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum.

#### a. Af aðkomubátum:

5— 12 rúmlestir	.....	kr.	20.00
12— 40	— .....	—	30.00
40— 60	— .....	—	40.00
60—100	— .....	—	60.00
100—150	— .....	—	80.00
150—250	— .....	—	110.00

#### b. Heimabátar, (árgjald):

6— 12 rúmlestir	.....	kr.	75.00
12— 20	— .....	—	120.00
Trillubátar	.....	—	40.00

c. Strandferðaskip skulu greiða kr. 0.45 af nettóstærð skipsins.

d. Öll önnur skip skulu greiða kr. 0.60 af hverri brúttórúmlest.

### 3. gr.

Á eftir 25. grein reglugerðarinnar bætist við ný grein, sem verður 26. grein og breytist greinatala reglugerðarinnar til samræmis við það, svo hljóðandi:

Skip, sem halda til í höfninni, eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar 4 mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 rúmlestir brúttó, skulu greiða ljósagjald kr. 50.00 á ári, og er gjalddagi 15. janúar ár hvert.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald kr. 0.10 af hverri nettórúmlest, þó aldrei minna en kr. 30.00 í hvert sinn, er þau koma til hafnar.

## 4. gr.

4. málsg. 29. greinar reglugerðarinnar, sem verður 30. gr., orðist þannig:

## A. Gjald fyrir aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement, áburður og fôðurvörur, kornvörur, garðavextir, sykur, vikursteinn og vikurplötur.
2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Málningarvörur, eldfastur leir, járn og stálvörur, krit, sódi, þakpappi, asbest, baðlyf, sápuvörur, veiðarfæri, pappír, strigavörur, rúðugler, segldúkur, tvistur, matvara ótalin annars staðar.
3. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:  
Gasolía, benzín, brennsluolíur, smurolía, ljósaolía.
4. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:  
Kaffi, kakó, te, brauðvörur, jurtafeiti, smjörliki, ávextir, leirvörur, bækur, niðursuðuvörur, eldspýtur, leðurvörur, togleðurvörur, lyfjavörur, vefnaðarvörur, linoleum, gólf- og veggflísar, rafmagnsvörur og efni.
5. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
Glervörur, glysvarningur, sælgætisvörur, öl, gosdrykkir, tóbaksvörur, áfengi, sportvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:  
Timbur, tunnuefni og aðrar líkar vörur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hvert teningsfet:  
Húsmunir og hljóðfæri.
8. flokkur. Gjald kr. 1.00 á hverja tunnu:  
Tómar tunnur.
9. flokkur. Gjald á hvert stykki:

Kindur og loðdýr .....	kr.	5.00	á	hvert stykki.
Stórgripir .....	—	10.00	—	—
Reiðhjól .....	—	5.00	—	—
Reiðhjól vélknúin .....	—	10.00	—	—
Dráttarvélar .....	—	100.00	—	—
Jeppar og fólksbifreiðar .....	—	150.00	—	—
Vörubifreiðir .....	—	200.00	—	—
Vinnuvélar stórvirkar .....	—	250.00	—	—
Bátar opnir .....	—	150.00	—	—
10. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg.  
Allar vörur ótaldar annars staðar.

## B. Gjald fyrir brottfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kr:  
Fiskur í hvers konar ástandi, síldar- og fiskimjöl, lýsi, kjöt, sjávarafurðir ótaldar annars staðar, mör, tólg, gærur, húðir, ull, ullarvörur, dúnn og fiður.

2. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hverja tunnu:  
Síld, garnir, hrogn, kjöt í tunnum.
3. flokkur. Minnsta gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkist undir brottfluttar vörur til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

#### 5. gr.

Á eftir 29. grein reglugerðarinnar, sem verður 30. grein, bætist ný grein, sem verður 31. grein og greinatala reglugerðarinnar breytist til samræmis við það, svo hljóðandi:

Greiða skal aflagjald til hafnarinnar, af afla sem landað er á hafnarsvæðinu sem hér segir:

1. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 100 kg:  
Sjávarafurðir lagðar á land, aðrar en síld.
2. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert mál af síld í bræðslu.
3. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hverja uppmælda tunnu síldar í salt og frystingu.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og ber eigandi skips eða umboðsmaður hans ábyrgð á greiðslu þess. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn.

Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta aflagjald samkvæmt þeirri áætlun.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til aflagjöld eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjöld heimabáta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi 1., 2., 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 70 26. júní 1959.

*Samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Neshreppi utan Ennis.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Laun sveitarstjóra skulu vera eftir 22. flokki, í tillögum Sambands íslenzkra sveitarfélaga, um laun starfsmanna sveitarfélaga, auk ferðakostnaðar í þágu sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Sveitarstjóri annast öll þau störf, sem oddvita eru falin samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 58 29. marz 1961.

## 4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður fyrir þau fyrirtæki sem hreppurinn þarf að veita forstöðu og annast bókhald fyrir, jafnframt að sjá um aðrar framkvæmdir, er ráðizt verður í á vegum hreppsins á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ****um búfjárhald í Reykjavík.**

## 1. gr.

Svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt er óheimil í Reykjavík nema með sérstöku leyfi borgarráðs.

## 2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi, skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til borgarráðs. Í umsókn skal gera greina fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

## 3. gr.

Nú telur borgarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

## 4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og smþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. júlí 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Raufarhöfn.

## I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

### 1. gr.

Raufarhöfn takmarkast af línu, sem dregin er úr norðausturhorni Raufarhafnarhöfða í Hólshöfðatá.

## II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

### 2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps kýs fimm manna hafnarnefnd, að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til fjögurra ára í senn og séu tveir þeirra hreppsnefndarmenn.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Sveitarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnarsjóðs. Dagleg störf við framkvæmdarstjórn og eftirlit annast sveitarstjóri og ræður hafnarstjóra og annað starfsfólk hafnarinnar, í samráði við hafnarnefnd.

### 3. gr.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til hafnarframkvæmda o. fl. eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja reikningum hreppsins og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

## III. KAFLI

Um almenna reglu.

### 4. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boðum hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd eða hafnarstjóri setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir, með því tefja fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

### 6. gr.

Ekki má kasta kjölfestu, ösku, kolum, eða neinu öðru, sem valdið getur skemmdum á höfninni, né flytja það út í höfnina. Sama gildir um sildar- og fiskúrgang.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er á að fermingu eða affermingu þeirra.

Telji hafnarvörður hættu geta stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur má banna að sjóða tjöru, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum eða á landi hafnarinnar.

Bannað er stranglega að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

#### 7. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd veiti eða hafi veitt samþykki sitt til, að fengnu leyfi samgöngumálaráðuneytisins.

Sá, sem gera vill eitthvað slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum allt að 10000.00 krónum og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefur bryggja eða mannvirki legið ónotað í fimm ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans og á kostnað hans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því, að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

#### 8. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

### IV. KAFLI

#### Legg skipa og umferð þeirra á höfninni.

#### 9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skal þeim í hvert skipti skylt að hlýða boði hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi leggjast. Ekki mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé, að dómi starfsmanna hafnarinnar, nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum og bátum má ekki leggja þannig, að það hindri eða tefji umferð við höfnina.

Nú tregðast eigandi að hlýða boði hafnarvarða eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað hans.

## 10. gr.

Í sérhverju skipi (að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannláus í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur að færa á skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 11. gr.

Vélbátum, sem heima eiga á Raufarhöfn eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legufæri á höfninni má ekki leggja svo að tefji eða hindri umferð um höfnina. Skal hafnarnefnd ákveða, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má leggja eða flytja legufæri báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda að taka þau upp, án leyfis hennar.

## 12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að bætt sé úr tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða bólvirkis. Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hætta af.

## 13. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið brott á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið fyrir kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## V. KAFLI

## Notkun hafnarbryggja.

## 14. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau skip að vikja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hann vísað skipum frá bryggjunni, telji hann það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarvörður í hverri röð skip komast að bryggju.

Hafnarvörður getur ráðið, að hvaða bryggju hafnarsjóðs áætlunarskip fá afgreiðslu ef sérstaklega stendur á.

## 15. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farna þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

## 16. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku er skytt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bitanna,

svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi aka annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd gera það á þeirra kostnað.

#### 17. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og á öðrum stöðum á landi hafnarinnar en þeim, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

#### 18. gr.

Bannað er að gera að fiski á bryggjum hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar. Fiskúrgang skal fjarlægja að aðgerð lokinni og bryggja þrífín. Brot gegn þessu varðar sektum.

### VI. KAFLI

#### Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

#### 19. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp eða sprengja það sundur, ef það sekkur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður hverju sinni, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skulu vera, og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þótt það sé mannlaust, er honum þá heimilt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimitað ljós á skipum. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst þess.

#### 20. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en vikulega fara út í það, til þess að líta eftir því, hvort legufærin eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

### VII. KAFLI

#### Um hafnargjöld á Raufarhöfn.

#### 21. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppt brotum.

#### 1. Lestargjald.

#### 22. gr.

Öll skip, er leggjast við festar eða bryggjur innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur, skulu greiða hafnargjöld er hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Raufarhöfn og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða, svo og skip og bátar, sem gerð eru út frá Raufarhöfn a. m. k. 2 mánuði samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald sem hér segir: Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 30.00 og auk þess kr. 5.00 á hverja brúttó rúmlest. Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 60.00 og auk þess kr. 5.00 á hverja brúttórúmlest.
- b. Innlend veiðiskip greiði 75 aura af brúttórúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 30.00.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttó rúmlest, nema strandferðaskip Skipaútgerðar ríkisins, sem greiði 60 aura af rúmlest. Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Undanþegin gjaldi þessu eru þó herskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til að setja á land sjúka menn eða látna
- d. Liggi skip lengur en átta daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 8 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land til aðgerðar, telst sá sími ekki, sem það stóð uppi.

## 2. Ljósagjald.

### 23. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí og lestar-gjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um getur í 22. gr. staflíð a., greiði árlega kr. 50.00.
- b. Skip, sem um getur í 26. gr. b-lið, allt að 20 brúttó rúmlestar, greiði kr. 12.00 í hvert skipti. Stærri skip í þessum flokki greiða kr. 20.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 10 aura af brúttórúmlest í hvert skipi, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 50.00.

## 3. Bryggjugjöld.

### 24. gr.

Hvert það skip eða bátur, sem leggst við bryggju eða bólvirki, eða bátur og skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af brúttó stærð skipsins, talinn í heilum smálestum, en brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring og skal vera:

- a. Bátar og skip, sem um getur í a-lið 22. gr., greiði 5.00 kr. pr. brúttó rúmlest á ári. Gjaldþagi 1. júlí ár hvert.
- b. Öll önnur skip og bátar greiði kr. 0.50 af hverri rúmlest í hvert sinn, þó ekki lægra en kr. 50.00. Strandferðaskip Skipaútgerðar ríkisins greiða kr. 0.30 af hverri brúttó rúmlest.
- c. Öll skip, sem stunda flutninga og leggjast að bryggju, skulu greiða festargjald. Gjaldið skal vera kr. 150.00 fyrir hvert skip allt að 1000 brúttó rúmlestum. Stærri skip greiði 10 aura fyrir hverja brúttó rúmlest fram yfir 1000 rúmlestir.
- d. Íslenzkir fiskibátar greiði kr. 20.00 í hvert skipti, sem þeir leggjast að bryggju.
- e. Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur og farþega og taka gjald fyrir.

*4. Vatnsgjald.***25. gr.**

Fyrir vatn til skipa skal greiða það gjald sem ákveðið er í gjaldskrá vatnsveitu Raufarhafnar á hverjum tíma.

*5. Uppsátursgjald.***26. gr.**

Gjald fyrir að leggja skipi eða bát í fjöru til hreinsunar og eins fyrir uppsátur báta á land, ákveður hafnarnefnd hverju sinni.

*6. Vörugjöld.***27. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem eru fluttar af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

**28. gr.**

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarrar hafnar en Raufarhafnar, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

**29. gr.**

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi), taki þau eigi gjald fyrir.

**30. gr.**

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er afgreiðslu skipsins eða skipstjóra þess skylt, að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

**31. gr.****Vörugjaldskrá, aðfluttar vörur.**

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 pr. 100 kg:

Áburður, eldavélar, fóðurvörur, akkeri, garðávextir, gólfllisar, veggflisar, girðingarefni, vírnet hvers konar, hey, kornvörur, kálmeti, mjólk, mjólkurvörur, sykur stíl., þakpappi, þvottapottar, kaffi og kaffibætir, smjörliki, harðfiskur, tólg, matvara ótalin annars staðar.

2. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:

Kol, koks, sement, sykur óstíl., byggingarefni, þilplötur, vikursteinn og plötur, steypustyrktarjárn, bárujárn og járnþipur.

3. flokkur. Gjald kr. 3.00 pr. 100 kg:  
Gasolía, benzin, brennsluolía (fuelolía), smurolíur, ljósaolía, **veiðar-**  
færi ótalin annars staðar, vélatvistur, trolltvinni, kaðall, stál og járnvír.
4. flokkur. Gjald kr. 5.00 pr. 100 kg:  
Bækur, blek, brauð, brauðvörur, garn, gúmmívörur, kitti, einangrunar-  
efni og plötur, gólfdukar alls konar, vefnaðarvörur alls konar, málning  
og málningarvörur, oliufatnaður, pappír og pappírsvörur, stálbik, tjara,  
krít og gips.
5. flokkur. Gjald kr. 10.00 pr. 100 kg:  
Ávextir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, bökunarvörur, borðbún-  
aður, búsaðöld, blóm, eldspýtur, gler og glervörur, hreinlætisvörur,  
leður og leðurvörur, lyf, þrjónavörur, saumavörur, efnagerðarvörur  
ótaldar annars staðar, smájárnvörur, leirvörur, te, tin, plastvörur og  
fiskumbúðir.
6. flokkur. Gjald kr. 20.00 pr. 100 kg:  
Húsgögn, hljóðfæri ekki reiknuð eftir rúmmáli, fatnaður, jólatré, ljós-  
myndavélar, klukkur, mælar, peningaskápar, rafmagnsvörur, raflagna-  
efni, listmunir, skrifstofuáhöld, skófataður, skot og skotfæri, sprengju-  
efni, tóvara, símar, snurpinætur, snurpinótaefni, strigi, pokar úr striga  
og pappír, rotvarnarnefni, sýrur, sóði, krydd, saltpétur, verkfæri, ávaxta-  
drykkir, öl og skilvindur.
7. flokkur. Gjald kr. 30.00 pr. 100 kg:  
Ilmvörur, snyrtivörur, spritt, spíritus, áfengir drykkir, tóbak og tóbaks-  
vörur, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, sýningarfilmur og  
viðtæki.
8. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. stykki:  
Tómar tunnur og föt, uppsett og í stöfum, búntað í hverja tunnu.
9. flokkur. Gjald kr. 0.50 pr. teningsfet:  
Timbur sem reiknast í rúmmáli.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. teningsfet:  
Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar og allar aðrar vörur ótaldar annars  
staðar, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 5.00 pr. 100 kg:  
Allar vörur ótaldar annars staðar.
12. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. mál:  
Öll síld í bræðslu, sem flutt er á landi innan hafnarsvæðis Raufarhafnar,  
eða í skip á höfninni.
13. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. uppsaltaða tunnu:  
Síld og annar fiskur þannig mældur:
14. flokkur. Gjald kr. 0.75 pr. tunnu:  
Síld mæld eða vegin til frystingar.
15. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. 100 kg:  
Þorskur og annar fiskur til verkunar, veginn upp úr sjó, slægður eða  
óslægður.
- Útfluttar vörur.**
16. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:  
Saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, soðkjarni, skreið og aðrar sjávar-  
afurðir, ótaldar annars staðar.
17. flokkur. Gjald kr. 2.50 pr. tunnu:  
Fiskur, hrogn, garnir, kjöt, síld hvers konar verkuð í tunnum.
18. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:  
Landbúnaðarvörur ótaldar annars staðar.

## Ýmislegt.

19. flokkur. Kindur og loðdýr .....	kr.	5.00	pr.	grip
Stórgripir .....	—	10.00	—	—
Reiðhjól, vélknúin .....	—	10.00	—	stykki
Reiðhjól .....	—	5.00	—	—
Dráttarvélar .....	—	100.00	—	—
Jeppar og fólksbifreiðar .....	—	150.00	—	—
Vörubifreiðar .....	—	200.00	—	—
Vinnuvélar, stórvirkar .....	—	250.00	—	—
Bátar, opnir .....	—	150.00	—	—
Nótabátar .....	—	200.00	—	—
Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera kr. 2.00.				

## Ýmis gjöld til hafnarinnar.

## 32. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á löðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

## 33. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með sérstökum samningi.

## 34. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni, samkvæmt 19. gr., greiði eigandi árgjald kr. 1.00 af brúttórúmllest.

## VIII. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 35. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

## 36. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarstjóður haldsrétt yfir skipinu unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess, að hann fái afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 37. gr.

Leigu samkv. 32., 33. og 34. gr., svo og gjöld fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, greiðir samningsaðili.

## 38. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr., 3. tölulið skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veði í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, ljósagjald, bryggjugjald, festargjald, vatnsgjald og gjald fyrir aðra þá aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.



## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 39. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, má ekki leggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda, eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessi taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

#### 40. gr.

Frá klukkan 21 síðdegis til kl. 6 árdegis mega skip ekki valda óþarfa hávaða með eimpípu sinni, og getur hafnarnefnd sett nánari og strangari ákvæði um þetta, ef þurfa þykir.

#### 41. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist matsins, ef það gengur honum ekki í vil, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

#### 42. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

#### 43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

#### 44. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er úr höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

#### 45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

#### 46. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Hafnarstjóra er heimilt að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 47. gr.

Innan hafnarinnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

## 48. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjól.

## 49. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda, að sóthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

## 50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 51. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 73 30. júní 1959, ásamt síðari breytingum.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUR**

**um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.**

## 1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega, eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðst við aukningu, samkvæmt síðasta ársreikningi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör, gerð í lok 2. ársfjórðungs næsta árs.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublaði, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

## 2. gr.

Nú ákveður félagsmálaráðherra samkvæmt heimild í lögum nr. 17/1964, að hluti af verðbréfa- og vixlakaupum tryggingafélaga, öðrum en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, skuli vera í íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og skulu

Þá slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

### 3. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnaðismálastofnun ríkisins.

Tryggingafélög geta valið milli þeirra tegunda verðbréfa, sem Húsnaðismálastofnun ríkisins hefur á boðstólum hverju sinni.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1964 skulu kaup á íbúðalánabréfum nema 25% af  $\frac{1}{2}$  ráðstöfunarfjár tryggingasjóðs líftrygginga á því ári. Skulu kaup vegna mánaðanna júní—september gerð fyrir októberlok 1964 og kaup vegna mánaðanna október—desember 1964 fyrir janúarlok 1965, hvorttveggja á grundvelli aukningar tryggingasjóðs 1963 svo og ársfjórðungsskýrslna um afborganir og útdregin bréf. sbr. 2. mgr. 1. gr. Leiðrétting skal síðan gerð fyrir lok 2. ársfjórðungs 1965, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 240 6. des. 1963, um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

### 1. gr.

Fyrsti málsliður 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Þar skal heimilt að selja kort, frímerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, handsápu, tannkrem, rafhlöður, rafmagnsperur, spil, skyndiplástur, kaffi, te, kakao, kex (innpakkað), ávaxtasafa, niðursoðna ávexti, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, V.S.-pappír, kvensokka, vinnuveltinga, filmur, sólgleraugu og annað slíkt. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað selja megi á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað.

### 2. gr.

6. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verzlanir, sem eingöngu selja smurt brauð, öl, gosdrykki og mjólk, svo og verzlanir, sem eingöngu selja neytluis, megi vera opnar til kl. 23.30 alla þá daga, sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

Ennfremur getur borgarráð með sama hætti heimilað, að fyrirtæki, er selja um söluop og hafa á boðstólum heitar pylsur, smurt brauð, annan tilbúinn mat innpakk- aðan, mjólk, heita drykki og aðrar neyzluvörur, sem heilbrigðisnefnd leyfir, megi vera opnar til kl. 23.30, enn fremur má selja vörur, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., þótt ekki séu neyzluvörur, ef heilbrigðisnefnd telur aðstæður til slíks fullnægjandi. Að fengnum meðmælum lögreglustjóra getur borgarráð leyft að sala fari þar fram eftir kl. 23.30, en þá skal jafnframt ákveðið, hvenær lokað skuli.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Borgarráð getur heimilað verzlunum, sem hafa til sölu sæmlegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr.

Áður en leyfi, skv. 1. mgr. verður veitt, skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra, og má ekki veita leyfi, nema meðmæli þeirra komi til.

Um framkvæmd að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktarinnar eftir því, sem við getur átt.

Borgarráð getur áskilið greiðslu gjalds, skv. 11. gr., fyrir hvert leyfi, sem veitt verður skv. þessari grein.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

30. júní.

Nr. 152.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 75 29. apríl 1963, um innflutings- og gjaldeyrisleyfi.

### 1. gr.

A. Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund
20.07.01	Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri.
43.03.00	Vörur úr loðskinnum.
48.03.09	Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar og pergamyn, í rúllum eða örku.
48.17.00	Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa til notkunar á skrifstofum, verzlunum o. þ. h.
59.09.09	Vaxdúkur.
70.03.00	Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið.
70.07.00	Steypt, valsað, teygð eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lög en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fagað; marglaga einangrunargler, blýgreiptar rúður og þess háttar.

Tollskrá

Kafli nr.

Vörutegund

- 70.09.00 Glerspeglar, einnig í ungerð eða með haki.  
 70.11.00 Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeindalampa o. þ. h.  
 73.35.00 Húsgagnafjaðrir úr jární eða stáli.

B. Eftirtaldir liðir í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- 19.07.00—  
 19.08.00 Brauðvörur, nema hrökkbrauð og kex annað en súkkulaðikex.  
 48.09.00 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur.  
 58.01.00 Gólfteppi (þar með taldir gólfreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrágingin, þó ekki kókosmottur.  
 58.02.00 Önnur gólfteppi (þar með taldir gólfreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð, þó ekki plastgólfteppi og dreglar án vefnaðar.  
 59.04.02 Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanila.  
 64.01.02—  
 64.01.09 Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmí, þó ekki vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.  
 64.02.01—  
 64.02.09 Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmí, þó ekki með yfirhluta úr leðri eða skinni.  
 68.08.00 Vörur úr asfalti og öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki og koltjörubiki), þó ekki vegg- og gólfflísar.  
 97.01.00—  
 97.03.00 Leikföng og smálíkön til leikja og skemmtunar, þó ekki barnaþrihjóla og flugvéla-, skípa- og bílamódel, ósamsett eða hálfsmíðuð o. þ. h. föndurleikföng.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 1. ágúst 1964.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 30. júní 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:

a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 .....	kr. 52540.79	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131 .....	— 8399.66	
		kr. 60941.45

Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 4466.05	
b. — Búnaðarbankainnstæðu .....	— 569.24	
		kr. 65976.79

## Gjöld:

a. Styrkur til Grímseyinga .....	kr. 3977.08	
b. Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 .....	kr. 52765.14	
Búnaðarbankainnstæða nr. 131 .....	— 9234.52	
		— 61999.66
		kr. 65976.79

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 154.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld fyrir sjóðinn Stíg árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395 .....	kr. 9863.55	
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 395 .....	— 865.60	
		kr. 10729.15

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395 .....	kr. 10729.15	
		kr. 10729.15

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.***Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706 .....	kr. 48324.55	
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 706 .....	— 4107.59	
		Kr. 52432.14

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706 .....	kr. 52432.14	
		Kr. 52432.14

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 156.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulínúsar, árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða 709 .....	kr. 20408.57	
b. Búnaðarbankainnstæða 129 .....	— 18402.26	
		kr.38900.83
Vextir af:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæðu 709 .....	kr. 1734.73	
b. Búnaðarbankainnstæðu 129 .....	— 1223.72	
		— 2958.45
		Kr. 41859.28

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 .....	kr. 20582.07	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129 .....	— 21277.21	
		Kr. 41859.28

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu, árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551 .....	kr. 4605.18
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 551 .....	--- 391.44
	<hr/>
	Kr. 4996.62

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551 .....	kr. 4996.62
	<hr/>
	Kr. 4996.62

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Nr. 158.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla J. Nikulássonar, árið 1963.

## Tekjur:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 55395.40
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 716 .....	--- 4708.61
	<hr/>
	Kr. 60104.01

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 60104.01
	<hr/>
	Kr. 60104.01

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**



**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Steinunnar Sighvatsdóttur og  
Magnúsar Ólafssonar, árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487 .....	kr. 12505.49
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 487 .....	— 1097.44
	<hr/>
	Kr. 13602.93

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487 .....	kr. 13602.93
	<hr/>
	Kr. 13602.93

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna, árið 1963.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Landsbankainnstæða nr. 15383 .....	kr. 79.02
Vextir af Landsbankainnstæðu nr. 15383 .....	— 5.53
	<hr/>
	Kr. 84.55

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Landsbankainnstæða nr. 15383 .....	kr. 84.55
	<hr/>
	Kr. 84.55

*Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1964.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

**REIKNINGUR**  
sjóðsins Gerðuminning 1963.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1963 .....	kr. 73896.55	
2. Minningargjafir afhentar árið 1963 .....	— 175.00	
3. a) Gjöf í sjóðinn frá Þórunni Hafstein .....	kr. 100.00	
b) — - — — Önnu Gíslad. ....	— 250.00	
c) — - — — vini .....	— 500.00	
	— 850.00	
4. Vextir í Landsbanka, viðskiptabók .....	kr. 6676.60	
— - — — sparisjóðsbók .....	— 5.11	
— - Útvegsbanka, bankabók .....	— 3.99	
	— 6685.70	
5. Útdregin tvö 100 kr. bréf í Happraetti rikissjóðs 1948 .....	— 200.00	
	Kr. 81807.25	

Gjöld:

1. Til jafnaðar tekjulið 5 .....	kr. 200.00	
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1964:		
a) Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470 .....	kr. 81466.64	
b) — — — sparisjóðsbók nr. 59026 .....	— 78.84	
c) — Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081 .....	— 61.77	
	Kr. 81807.25	

Reykjavík, 8. janúar 1964.

**Ragnheiður Jónsdóttir.**

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikninga sjóðsins ásamt tilheyrandi og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 22. febrúar 1964.

*Anna Gísladóttir.      Guðrún Markúsdóttir.*

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Dalhofslegats árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr.	17584.35
2. Vextir af bankainnstæðu .....	—	1406.72

---

 Kr. 18991.07

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs .....	kr.	18991.07
----------------------------	-----	----------

---

 Kr. 18991.07

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

Nr. 163.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Íslands árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Skuldabréf .....	kr.	144000.00
b. Innst. í Lb. Ísl. ....	—	177792.44
c. — - SRN .....	—	18211.08
		<hr/>
2. Merkjasala og styrktargjafir .....	kr.	340003.52
3. Minningargjafir .....	—	55179.10
4. Áheit .....	—	1820.00
5. Gjöf Zophoniasar Thorkeissonar .....	—	600.00
6. Afh. af sjóslýsasöfnun til úthlutunar .....	—	39890.00
7. Útdr. og greidd skuldabréf .....	—	20000.00
8. Vextir:		
a. Af skuldabréfum .....	kr.	16862.40
b. — bankainnstæðu .....	—	22608.12
		<hr/>
		— 39470.52

---

 Kr. 533 963.14

## Gjöld:

1. Veittur styrkur til ekkna .....	kr.	37500.00
2. Prentunarkostnaður .....	—	1066.05
3. Til jafnaðar við tekjulið 7 .....	—	37000.00
4. Eign í árslok:		
a. Skuldabréf .....	kr.	107000.00
b. Innst. í Lb. Ísl. ....	—	331729.13
c. — - SRN .....	—	19667.96

---

 Kr. 533 963.14

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	49228.15	
b. — Landsbanka Íslands .....	—	12869.30	
			kr. 62097.45
2. Vextir á árinu:			
a. Í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	3938.25	
b. — Landsbanka Íslands .....	—	1029.52	
			— 4967.77
			kr. 67065.22

## Gjöld:

1. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	53166.40	
b. — - Landsbanka Íslands .....	—	13898.82	
			kr. 67065.22

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

Nr. 165.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf .....	kr.	15000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	36778.17	
c. — - Landsbanka Íslands .....	—	41776.88	
			kr. 93555.05
2. Vextir á árinu:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	1050.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	2942.25	
c. — — - Landsbanka Íslands .....	—	2979.04	
			— 6971.29
			kr. 100526.34
1. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Verðbréf .....	kr.	15000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	39720.42	
c. — - Landsbanka Íslands .....	—	45805.92	
			kr. 100526.34
			kr. 100526.34

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Ljósavatnssjóðs árið 1963.

Tekjur:	
1. Stofngjöf Kristjáns Jónssonar, Fremstafelli .....	kr. 10000.00
2. Bankavextir .....	— 408.33
	Kr. 10408.33
Gjöld:	
1. Sjóðseign til næsta árs .....	— 10408.33
	Kr. 10408.33

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

Nr. 167.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1963.

Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr. 75472.53
b. Í vörzlu gjaldkera .....	— 2640.17
	kr. 78112.70
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 6037.80
	Kr. 84150.50
Gjöld:	
1. Veittur styrkur úr sjóðnum .....	kr. 1000.00
2. Sjóðseign til næsta árs:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 81510.33
b. — - Landsbanka Íslands .....	— 1640.17
	— 83150.50
	Kr. 84150.50

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og  
Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1963.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	74926.74	
b. — - Landsbanka Íslands .....	—	813.88	
			kr. 75740.59
2. Vextir á árinu:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	5994.14	
b. — — - Landsbanka Íslands .....	—	56.91	
			— 6051.05
			Kr. 81791.64

### Gjöld:

1. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	80920.88	
b. - Landsbanka Íslands .....	—	870.76	
			kr. 81791.64
			Kr. 81791.64

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

Nr. 169.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsteð árið 1963.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr.	11164.74	
2. Vextir af bankainnstæðu .....	—	893.12	
			Kr. 12057.86

### Gjöld:

Sjóðseign til næsta árs .....	kr.	12057.86	
			Kr. 12057.86

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjalmarssonar árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Vísitölubréf .....	kr.	13000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	33423.26	
			kr. 46423.26
2. Vextir á árinu:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	910.00	
b. — bankainnstæðu .....	—	2364.80	
			— 3274.80
			Kr. 49698.06

## Gjöld:

1. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Vísitölubréf .....	kr.	13000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	36698.06	
			kr. 49698.06
			Kr. 49698.06

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

Nr. 171.

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1963.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	15109.32	
b. — - Landsbanka Íslands .....	—	7833.98	
c. — - Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	2754.91	
d. Jörðin Ytra-Vallholt .....	—	7100.00	
			kr. 32798.21
2. Landskuld af Ytra-Vallholti .....	—	822.00	
3. Vextir af bankainnstæðum .....	—	776.39	
			Kr. 35605.35

## Gjöld:

1. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	16318.07	
b. — - Landsbanka Íslands .....	—	8382.29	
c. — - Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	3804.99	
d. Jörðin Ytra-Vallholt .....	—	7100.00	
			kr. 35605.35
			Kr. 35605.35

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1963.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	52500.00	
b. Skuldabréf .....	—	39000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	211407.42	
d. — - Landsbanka Íslands .....	—	81296.39	
			kr. 384203.81
2. Gjafir .....	—	6305.00	
3. Seldar bækur .....	—	2400.00	
4. Framlag ríkissjóðs skv. 15. gr. fjárl. ....	—	165000.00	
5. Údregin verðbréf .....	—	12500.00	
6. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	5267.50	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	16912.59	
c. — — - Landsbanka Íslands .....	—	5606.40	
			— 27886.49
			Kr. 598295.30

### Gjöld:

1. Veittir styrkir .....	kr.	165000.00	
2. Til jafnaðar við tekjulið 5 .....	—	12500.00	
3. Sjóðseign til næsta árs:			
a. Verðbréf geymd í Landsbanka Íslands .....	kr.	65000.00	
b. Skuldabréf .....	—	14000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	228320.01	
d. — - Landsbanka Íslands .....	—	113475.29	
			— 420795.30
			Kr. 598295.30

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.*

**Sigurbjörn Einarsson.**



**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Kirkjubýggingasjóðs árið 1963.

**Tekjur:**

1. Frá fyrra ári:			
a. Í lánum kirkna .....	kr. 5203720.00		
b. Bankainnstæður .....	— 170445.31		
			kr. 5374165.31
2. Framlag rikissjóðs .....			— 1000000.00
3. Afborgun lána .....			— 145465.00
4. Vextir af bankainnstæðum .....			— 16283.50
5. Til jafnaðar við gjaldalið 1 .....			— 1208000.90
			<hr/>
			Kr. 7743913.81

**Gjöld:**

1. Lán veitt á árinu .....		kr. 1208000.00
2. Greiddir vextir fyrir kirkjur .....		— 9872.88
3. Kostnaður .....		— 12912.45
4. Til jafnaðar við tekjulið 3 .....		— 145465.00
5. Eftirstöðvar:		
a. Í lánum kirkna .....	kr. 6266255.00	
b. Innst. í bönkum .....	— 101408.48	
		<hr/>
		— 6367663.48
		<hr/>
		Kr. 7743913.81

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1964.***Sigurbjörn Einarsson.**

# REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS

## ÁRIÐ 1963.

Efnahagsreikningur 31. desember 1963.

### Eignir:

Bankavaxtabéf .....	kr.	54832308.10
Ríkissjóðsskuldabréf og önnur innlend verðbréf .....	—	242372042.19
Afborgunarlán .....	—	39147438.33
Víxlar innlendir og ávísanir .....	—	427739426.55
Afurðalán .....	—	747157695.13
Yfirdráttarlán .....	—	787060132.16
Greiddar, óinnleysar ábyrgðir .....	—	141863635.75
Innstæðufé í Seðlabanka:		
Á viðskiptareikningi .....	kr.	15848908.52
Á bundnum reikningi vegna aukningar á innlánsfé .....	—	317529000.00
Á bundnum reikningi vegna stofnlána ..	—	149763299.71
	—	483141208.23
Inneign hjá erlendum bönkum .....	—	65058077.75
Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis .....	—	23837531.15
Tryggingavíxlar í erlendri mynt .....	—	166167986.10
Erlend mynt .....	—	2702086.42
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna:		
Almennar ábyrgðir .....	kr.	350532333.27
Afborgunarábyrgðir .....	—	264931650.36
	—	615463983.63
Ábyrgðir vegna stofnlána .....	—	165758801.31
Aðalfundur eigenda félagsheimilis skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Aðalfundur kýs síðan oddamann ef með þarf, sbr. 2. gr.

Afrit af ársreikningum félagsheimilsins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- að ráða húsverð, ef þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
- að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;



- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda;
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni;
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 47 1957, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

#### 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

#### 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins, skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóttgreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

#### 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Hestagirðing og/eða bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef því verður við komið.

#### 11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

#### 12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

## 13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

## 14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

## 15. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 8. gr. 1. nr. 47/1957, um félagsheimili, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

**REGLUGERÐ****fyrir Sundlaug Akureyrar.**

## 1. gr.

Sundlaug Akureyrar er eign Akureyrarkaupstaðar. Sundlaugin skal rekin sem sérstakt fyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari.

## 2. gr.

Ípróttaráð Akureyrar fer með stjórn sundlaugarinnar ásamt forstöðumanni hennar í umboði bæjarstjórnar Akureyrar, sem hefur með höndum yfirstjórn laugarinnar.

## 3. gr.

Ípróttaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um rekstrarfyrirkomulag laugarinnar, s. s. starfstíma og starfsmannahald, þ. á m. ráðningu forstöðumanns og annarra fastra starfsmanna og gefur út erindisbréf fyrir starfsmenn laugarinnar.

## 4. gr.

Ípróttaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir afnot laugarinnar: aðgang að almennum sundtímum og gufubaðstofu, aðgang að mótum og sýningum, fyrir sundæfingar skóla og féлага, fyrir leigu á baðfötum og handklæðum.

Ípróttaráð skal fyrir nóvemberlok ár hvert hafa samið og sent bæjarráði áætlun um tekjur og gjöld laugarinnar á komandi ári, þar sem m. a. er áætlaður rekstrarstyrkur bæjarsjóðs.

## 5. gr.

Ípróttaráð tekur ákvarðanir um meiriháttar viðhald laugarinnar og tækja-kaup. Ráðið setur reglur um umgengni baðgesta.

## 6. gr.

Forstöðumaður sundlaugarinnar sér um daglegan rekstur hennar. Hann ákveður vaktaskipun og vinnutilhögun í samráði við ípróttaráð. Hann ræður starfsfólk til að leysa af í sumarleyfum og forföllum í samráði við ípróttaráð. Hann fylgist með, að hlýtt sé reglum um umgengni baðgesta og að starfsfólk gegni störfum sínum samkvæmt ráðningarsamningum, reglum og fyrirmælum.

Forstöðumaður skipar niður sundtímum. Þegar skipað er niður sundtímum skóla, skulu skólastjórar eða umboðsmenn þeirra tilkvaddir.

Forstöðumaður sér um, að eignum laugarinnar sé vel við haldið og gerir tillögur til íþróttaráðs um meiriháttar viðgerðir og endurbætur eignarinnar.

Forstöðumaður leigir út laugina til sýninga og kappmóta í samráði við íþróttaráð.

Forstöðumaður annast um starfsemi laugarinnar samkvæmt fyrirmælum íþróttafulltrúa ríkisins og semur árlega greinargerð um starfsemi laugarinnar, sem lögð verði fyrir íþróttaráð og bæjarstjórn. Afrit greinargerðarinnar skal senda íþróttafulltrúa ríkisins og stjórn Í. B. A.

Forstöðumaður skal sjá um vörzlu á innkomnu fé laugarinnar, eftir nánari reglum, sem íþróttaráð setur í samráði við bæjargjaldkera og standa bæjargjaldkera skil á þeim.

Að öðru leyti skal forstöðumaður gæta þess, að hagsýni sé gætt í rekstri laugarinnar.

#### 7. gr.

Reikningsár sundlaugarinnar er almanaksárið. Bæjargjaldkeri Akureyrar og aðalbókari annast fjárreiður og bókhald laugarinnar og gerð ársreikninga. Um endurskoðun, samþykkt og birtingu reikninga laugarinnar fer með sama hætti og reikninga bæjarsjóðs.

Enga reikninga vegna sundlaugarinnar má greiða, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun og forstöðumaður hafi áritað þá.

#### 8. gr.

Sundlaugina má eingöngu nota til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni.

Heimilt er að fella inn í leigu vegna sundsýninga og sundkeppni greiðslu til slysasjóðs Í. B. A.

Skólar bæjarins hafa, þann tíma, sem þeir starfa, forgangsrétt að sundtímum á tímabilinu frá kl. 0800 til 1700 virka daga.

#### 9. gr.

Sundiðkendum, sem taka þátt í námskeiðum, sundtímum félaga eða kaupa sér aðgang í fleiri en 10 skipti, má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri, eftir því sem nánar verður ákveðið í gjaldskrá, sem bæjarstjórn samþykkir.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt eftir tillögu Íþróttaráðs Akureyrar, er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 frá 7. apríl 1956, og staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Íþróttahús Akureyrar.

#### 1. gr.

Íþróttahús Akureyrar við Laugargötu er eign Akureyrarkaupstaðar. Það skal rekið sem sérstök stofnun.

#### 2. gr.

Íþróttasalina má eingöngu nota til íþróttaiðkana, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

#### 3. gr.

Íþróttaráð Akureyrar hefur umsjón með rekstri hússins undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

#### 4. gr.

Íþróttaráð ákveður rekstrarfyrirkomulag stofnunarinnar, s. s. starfsmannahald, og gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu fastra starfsmanna og kjör þeirra og ræður lausráðið starfsfólk.

Íþróttaráð semur reglur um umgengi og notkun hússins og tekur ákvarðanir um afnot og útleigu íþróttasalanna, þ. á m. um afnotagjald. Á virkum dögum kl. 8 til 19 skulu skólar bæjarins hafa forgangsrétt til afnota af húsinu. Frá kl. 19 til 22 alla daga skal Í. B. A. hafa forgangsréttindi til afnota hússins vegna íþróttafélaganna í bænum. Að öðru leyti má leigja salina einstaklingum til íþróttaiðkana. Þegar skipað er niður afnotatímum, skulu íþróttakennarar skólanna í bænum tilkvaddir.

Íþróttaráð tekur ákvarðanir um meiriháttar viðhald íþróttahússins og áhaldkaup þess og áhaldaeign, er vera skal í samræmi við gildandi reglur.

#### 5. gr.

Húsvörður íþróttahússins skal vera fastur starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess og vera verkstjóri á vinnustað. Hann skal halda gerðabók um notkun hússins og mæta á fundum íþróttaráðs, þegar ráðið óskar þess. Að öðru leyti fer um starfsskyldur húsvarðar eftir erindisbréfi, er íþróttaráð setur honum.

#### 6. gr.

Reikningsár íþróttahússins er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal íþróttaráð hafa samið fjárhagsáætlun íþróttahússins fyrir næsta reikningsár og sent áætlunina bæjarráði.

Leigutekjur hússins skulu ákveðnar þannig, að þær nægi til að standa undir áætludum útgjöldum þess.

Bæjargjaldkeri Akureyrar annast fjárreiður og bókhald íþróttahússins og sér um gerð ársreikninga þess.

Enga reikninga má greiða vegna íþróttahússins, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun þess og íþróttafulltrúi bæjarins eða húsvörður hafi samþykkt þá.

Húsvörður skal innheimta leigutekjur hjá öðrum notendum hússins en skólum bæjarins og standa bæjargjaldkera skil á þeim reglulega.

Um endurskoðun, samþykkt og birtingu ársreikninga íþróttahússins fer með sama hætti og um reikninga bæjarsjóðs Akureyrar.

Senda skal íþróttanefnd ríkisins og Í. B. A. afrit af ársreikningum hússins og greinargerð um notkun þess, er íþróttafulltrúi bæjarins semur.

## 7. gr.

Brjótí einhver aðili ákvæði reglugerðar þessarar eða reglur, sem settar verða um umgengni og notkun íþróttahússins eða valdi skemmdum á því eða áhöldum þess, getur íþróttaráð svipt hann afnotarétti af húsinu um tiltekinn tíma og látið hann greiða skaðabætur.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að tillögu íþróttaráðs Akureyrar samkvæmt íþróttalögum nr. 49 frá 7. apríl 1956, staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um Íþróttaleikvang Akureyrar.

## 1. gr.

Íþróttaleikvangur Akureyrar er eign Akureyrarkaupstaðar. Skal hann rekinn sem sérstök stofnun.

## 2. gr.

Leikvanginn má eingöngu nota til íþróttaiðkana, íþróttasýninga og íþróttakeppni. Þó er heimilt að nota leikvanginn til hátíðahalda á vegum Akureyrarbæjar og við sérstök tækifæri, ef íþróttaráð samþykkir.

## 3. gr.

Íþróttaráð Akureyrar hefur umsjón með rekstri íþróttaleikvangsins, svo sem annarra íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

## 4. gr.

Íþróttaráð ákveður rekstrarfyrirkomulag leikvangsins s. s. starfsmannahald. Það ræður yfir sumarmánuðina vallarvörð, er m. a. annast um viðhald og hirðingu íþróttavallarins. Vallarvörður skal halda gerðabók um notkun vallarins. Íþróttaráð setur vallarverði erindisbréf, þar sem starfsskyldur hans verða nánar tilgreindar.

## 5. gr.

Íþróttaráð setur reglur um umgengni og notkun leikvangsins. Það tekur ákvörðun um allt meiri háttar viðhald vallarins og mannvirkja hans.

## 6. gr.

Íþróttaráð semur gjaldskrá um leigu leikvangsins til sýninga og keppni. Heimilt er að fella inn í gjaldskrána greiðslu til slysasjóðs íþróttabandalags Akureyrar.

## 7. gr.

Í umboði íþróttaráðs og samráði við vallarvörð skipar stjórn íþróttabandalags Akureyrar niður afnotum íþróttafélaga, stofnana og skóla af íþróttavellinum og íþróttavallarhúsinu. Einnig skipar stjórn Í. B. A. niður íþróttamótum á íþróttavellinum. Rísi ágreiningur um slíka niðurskipun, sker íþróttaráð úr.

## 8. gr.

Reikningsár íþróttaleikvangsins er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal íþróttaráð hafa samið fjárhagsáætlun fyrir íþróttaleikvanginn fyrir næsta reikningsár og sent áætlunina bæjarráði.

Bæjargjaldkeri Akureyrar annast fjárreiður og bókhald leikvangsins og sér um gerð ársreikninga hans.

Íþróttafulltrúi bjarins sér um að standa bæjargjaldkera reglulega skil á tekjum leikvangsins eftir nánari reglum, sem íþróttaráð setur

Enga reikninga má greiða vegna leikvangsins, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun og/eða íþróttafulltrúi bjarins hafi samþykkt þá.

Um endurskoðun, samþykkt og birtingu ársreikninga leikvangsins fer með sama hætti og um reikninga bæjarsjóðs Akureyrar.

Senda skal íþróttanefnd ríkisins og stjórn Í. B. A. afrit af ársreikningum vallarins og greinargerð um notkun hans.

## 9. gr.

Brjótí einhver aðili ákvæði reglugerðar þessarar, eða reglur, sem settar verða samkvæmt henni, getur íþróttaráð svipt hann afnotarétti af leikvanginum um tiltekinn tíma. Valdí einhver aðili skemmdum á leikvanginum eða áhöldum hans, er honum skylt að bæta tjónið eftir almennum reglum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að tillögu íþróttaráðs Akureyrar samkvæmt íþróttalögum nr. 49 frá 7. apríl 1956, staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneylið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

**REGLUGERÐ****um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.**

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglimum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

## 2. gr.

Bönnuð er sala á spýttubróstusykri (sleikjum) og hvers konar eftirlíkingu á tóbaksvörum, svo og öðrum þeim seldgættisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglimum.

## 3. gr.

Barnaverndarnefnd getur krafizt þess, að leiksýningar og myndir, sem ætlat er til, að börnum og unglimum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, séu sýndar nefndinni áður eða henni gefnar þær upplýsingar, er hún tekur gildar. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim.

## 4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum veitingastöðum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 8 að kveldi, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Einnig er börnum innan fermingar (14 ára aldurs) óheimill aðgangur að almennum kvikmyndasýningum eftir kl. 8 síðdegis.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái ekki aðgang og hafist þar ekki við, fram yfir það sem leyfilegt er.

Enn fremur er börnum og unglingum bannaðar óþarfafaferðir út á bryggjur og í skip, sem við þær liggja, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

## 5. gr.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og eftir kl. 10 síðdegis á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum eða forráðamönnum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 11 að kveldi á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum eða forráðamönnum.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

## 6. gr.

Börn innan 12 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

## 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað frá 8. nóv. 1939.

*Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

Nr. 201.

21. september.

## AUGLÝSING

### varðandi umsóknir um skráningu sérlyfja.

Umsóknir um skráningu sérlyfja, sem óskað er að tekin verði á sérlyfjaskrá, sem ætlað er að komi út í byrjun árs 1965, skulu hafa borizt ráðuneytinu fyrir 15. nóvember 1964 og vera í því formi, sem reglugerð nr. 48 20. maí 1964 segir til um.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. september 1964.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Jón Thors.*

## G J A L D S K R Á

### um greiðslur fyrir aukaverk presta.

#### 1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum Þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók .....	kr. 75.00
2. — fermingu ásamt undirbúningi .....	— 275.00
3. — hjónavígslu .....	— 200.00
4. — greftrun .....	— 130.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings .....	— 30.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni .....	— 15.00

Prestur lætur ókeypiss í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypiss vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku, eftir að athöfnin fór fram.

#### 3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeigenda, eins og tíðkamt hefur.

#### 4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

#### 5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931 og gildir frá 24. marz 1964 til 31. desember 1974, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 18 9. marz 1962, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. marz 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

Baldur Möller.



## REGLUR

### um stúdentspróf utanskóla.

#### 1. gr.

Reglur þær, er menntamálaráðuneytið setti þann 5. des. 1946, um stúdentspróf í áföngum fyrir starfandi kennara, haldast óbreyttar.

#### 2. gr.

Nú óskar einhver, er eigi hefur lokið tilskildu landsprófi miðskóla, að þreyta stúdentspróf utanskóla. Skal hann þá sækja um undanþágu til menntamálaráðuneytisins, er úrskurðar málið í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra, en hún setur þau skilyrði, er þurfa þykir.

#### 3. gr.

Um nemanda, er staðizt hefur tilskilið landspróf miðskóla, en eigi lokið við eða staðizt öll millibekkjarpóf í menntaskóla, gilda þessar reglur:

- a) Nemandinn skal þreyta forpróf í námsefni þess bekkjar eða þeirra bekkja, sem hann hefur eigi lokið eða staðizt próf upp úr. Skal það tekið samtímis ársprófum eða haustprófum menntaskólanna.
- b) Nú hefur nemandi setið í næstefsta bekk menntaskóla, en eigi lokið eða staðizt árspróf. Þarf hann þá eigi að taka forpróf í öðrum greinum en þeim, þar sem hann hefur hlotið undir 5.00 á ársprófinu. Í forprófi gilda allar sömu reglur um einkunnir og við millibekkjarpóf.

#### 4. gr.

Stúdentspróf utanskóla má taka í þremur áföngum:

- 1) Námsgreinar þær, er innanskólanemendur ljúka stúdentsprófi í fyrir síðasta bekk skólans.
- 2) Forprófið.
- 3) Hið venjulega stúdentspróf, er efstu bekkingar skólans þreyta. Því skal ljúka í einu lagi með innanskólanemendum. Eigi má líða meira en eitt ár frá forprófi til lokaáfanga.

#### 5. gr.

Þeir, sem fengið hafa undanþágu eða heimild til þess að þreyta stúdentspróf utanskóla, skulu senda umsóknir um það til skólastjóra (rektors, skólameistara) fyrir 1. febrúar sama árs, ef þeir ætla sér að hefja próf um vorið, en fyrir 1. ágúst, ef þeir ætla sér að hefja það að hausti. Umsókninni skal fylgja nákvæm skýrsla um námsefni það, er umsækjandi hefur lesið og gefur upp til prófsins.

#### 6. gr.

Samtímis því, að reglur þessar ganga í gildi, verður sú breyting á túlkun reglna um stúdentspróf skv. reglugerð um menntaskóla, að í stað ákvæðisins um, að eigi megi fá einn í tveimur greinum, kom það ákvæði, að eigi megi fá undir 2.00 í tveimur greinum. Skal þetta gilda jafnt um nemendur innan skóla sem utan.

#### 7. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til l. nr. 58/1946, um menntaskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1964.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um iðkun leikfimi og annarra íþróttanna í skólum.

#### 1. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Í öllum barnaskólum og framhaldsskólum, sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, skulu skólaíþróttir kenndar og iðkaðar eftir því, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari. Ákvæði reglugerðar þessarar um íþróttanámið ná þó ekki til þeirra skóla, sem hafa sérákvæði þar um í reglugerðum sínum, svo sem Íþróttakennaraskóla og Háskóla Íslands.

##### 2. gr.

Markmið skólaíþróttanna er að stuðla að andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska nemenda, að koma í veg fyrir líkamsgalla og lagfæra þá. Nánara tiltekið er markmiðið:

- a) að efla mátt nemenda og þol,
- b) að herða þor nemenda og vilja,
- c) að temja nemendum hugþekka og frjálsa framkomu, kurteisi og reglusemi
- d) að venja nemendur við drengilegt samstarf,
- e) að kenna nemendum nærgætni við andstæðing, skilja og virða rétt hans og þekkja eigin rétt,
- f) að orka á heilbrigði nemenda, temja þeim hollar venjur og heilsuvernd daglegs lífs,
- g) að vekja hug nemenda og skilning á iðkun íþróttanna, svo að þeir iðki íþróttir í tómstundum sínum og haldi áfram íþróttaiðkunum að skóla loknum,
- h) að vekja varúðar- og öryggiskennnd nemenda með því að kenna þeim nauðsynlegustu umferðarreglur og hjálp í viðlögum,
- i) að glæða tilfinningu nemenda fyrir hrynjandi og hljóðfalli.

##### 3. gr.

Öllum skólum skal séð fyrir hæfu húsnæði, leikvöllum og nauðsynlegustu áhöldum til íþróttaiðkana úti sem inni, sbr. þó ákvæði 9. gr. um fámenna barnaskóla. — Í húsnæði til leikfimiðkana skulu vera heit og köld böð ásamt tilheyrandi útbúnaði og nauðsynlegum búningsherbergjum fyrir nemendur.

Skýlt er að ræsta húsakynninn vel, og ber skólastjórum og íþróttakennurum að sjá um, að öll umgengi sé þrífleg. (Sjá 4. kafla).

Teikningar og kostnaðaráætlanir af leikvöllum við skóla skyldunáms skulu gerðar í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

##### 4. gr.

Allir skólar skulu hafa til umráða sem næst skólanum hentugt og nægilega stórt landssvæði handa nemendum til íþróttaiðkana í útítímum og frímínútum. Svæðið skal vera miðað við, að þar geti farið fram knattleikir og hlaupaleikir, samtímis fyrir stúlkur og pílta, ef um samskóla er að ræða. (Sjá 6. kafla).

##### 5. gr.

Í sambandi við mánaðarfrí og önnur leyfi skulu skólastjórar — eftir því sem við verður komið — stofna til göngu-, skauta- eða skíðaferða. Ávallt skal vera um-

sjónarmaður (kennari) frá skólanum í slíkum ferðum, svo og í útitímum. Auk þess er heimilt að verja einum góðviðrisdegi einu sinni í mánuði til slíkra ferða eða til skíðanámsskeiða og fjallaferða. Með þessu skal stefnt að því, að hver nemandi hafi, áður en hann lýkur skyldunámi, notið að minnsta kosti í vikutíma tilsagnar í skíðaiþróttum og fengið leiðbeiningar um útbúnað í vetrarferðir.

#### 6. gr.

Skólanemendum er ekki heimilt að taka þátt í kappmótum þann tíma árs, sem skólarnir starfa, nema með leyfi skólastjóra, og visast að öðru leyti um þetta til reglugerðar um heilsuvernd í skólum.

#### 7. gr.

Skólanemendum, sem að dómi skólalæknis þola ekki almenna leikfimi, skal séð fyrir æfingum við þeirra hæfi. Einnig skal skólinn veita nemendum, sem að dómi skólalæknis þarfnast sérstakrar sjúkraleikfimi, slíka kennslu, þar sem því verður við komið.

#### 8. gr.

Í öllum skólum skal kenna heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á heilsuvernd og vaxtarrækt, mikilvægi iþróttar, hreinlætis og baða. Kennarar skulu oft og rækilega minna nemendur á skaðsemi allra eiturnautna.

#### 9. gr.

Leikfimikennsla skal vera í höndum kennara, sem hafa tekið tilskilið iþróttakennarapróf. Þar sem svo hagar til, að ekki er völ á kennara með tilskildum réttindum, getur menntamálaráðuneytið með samþykki stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands falið manni kennsluna um stundarsakir, enda þótt hann fullnægi ekki fyrrgreindum ákvæðum.

## II. KAFLI

### Íþróttakennsla.

#### 10. gr.

Skólum í kaupstöðum og kaптúnum með 400 eða fleiri íbúa svo og öllum æðri skólum og heimavistarskólum skal séð fyrir hæfilegu húsnæði og nauðsynlegum áhöldum til leikfimi, iþróttar og leikja, eftir því sem fjárveitingar leyfa. Í sveitum og þeim kaптúnunum, er hafa færri en 400 íbúa, skal, ef ekki er kostur á að fá húsnæði til leikfimi og iþróttaiðkana, kenna nemendum þær líkamsæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna og á svæðum við þá.

#### 11. gr.

Börn á aldrinum 7—10 ára skulu fá a. m. k. 2ja stunda kennslu í leikfimi á viku, en 11 ára börn og eldri 3 stundir. Í farskólum og öðrum skólum, sem búa við ófullnægjandi skilyrði til leikfimiðkana, skal tilsvarendi tíma varið til þeirra leikja og iþróttaiðkana, sem við verður komið. Stefnt skal að því, að hver nemandi njóti daglega einhverra líkamsæfinga eða leikja í sal, sundlaug eða á leikvelli.

Fjöldi leikfimitíma hjá piltum og stúlkum í framhaldsskólum skal vera hið minnsta 3 stundir á viku.

#### 12. gr.

Gefa skal nemendum kost á að læra og iðka glímu, frjálsar iþróttir, knattleiki, skíða- og skautaiþróttir, eftir því sem aðstæður leyfa.

## 13. gr.

Í námsskrá eða reglugerð hvers skóla skal setja ákvæði um námsefni hvers aldursflokks eða bekkja, er miði að því, að nemandi kynnist sem flestum nútíma íþróttum, en þó skal kennarinn gæta þess, að alhliða leikfimi sitji í fyrirrúmi.

## 14. gr.

**Bekkaræfingar (örvunaræfingar).**

Í skólum, þar sem engin leikfimikennsla fer fram, skulu kennarar láta nemendur gera líkamsæfingar inni eða úti eftir ástæðum. Æskilegt er, að einnig þar, sem leikfimikennsla fer fram, hafi kennarar daglega æfingar með nemendum.

## III. KAFLI

**Um próf.**

## 15. gr.

Leikfimipróf skulu að jafnaði fara fram í marzmánuði ár hvert, og að þeim loknum er kennara heimilt að leggja aukna áherzlu á kennslu og iðkun ýmissa íþróttanna. Að loknu þessu tímabili skal kennarinn meta til einkunnar getu nemandans, félagslegan þroska, hæfni og leikni. Taka skal fullt tillit til þessarar einkunnar við útreikning aðaleinkunnar bekkjaprófs eða lokaprófs.

## 16. gr.

Íþróttafulltrúi ríkisins skipar prófdómara við leikfimipróf, ef eigi eru um það önnur ákvæði í reglugerðum viðkomandi skóla.

## 17. gr.

Prófskylda í barnaskólum nær aðeins til barna- og fullnaðarprófsnemenda. Í unglinga- og miðskólum, öðrum framhaldsskólum og sérskólum skal prófa við burtfararpróf. Hver nemandi skal gera tvær prófraunir í öllum einstaklingsæfingum. Þess skal gæta við samningu prófverkefna, að prófað sé a. m. k. í 3 tegundum æfingaflokka.

## 18. gr.

Á prófi skal prófa nemendur — samkv. því, sem segir í 17. gr. — í einhverjum eftirfarandi atriða:

- 1) staðæfingum, gangi, hlaupi og réttstöðu,
- 2) spennibeygju eða spennubeygjandi æfingum,
- 3) æfingum í rimlum eða stigum,
- 4) lyftiæfingum á bita eða gólfi og
- 5) stökkum yfir áhöld eða án áhalds og fimleikum á dýnu.

Heimilt er að setja hluta prófverkefna fram í hæfnisæfingaformi. Þar sem aðstaða er góð, þ. e. íþróttasalur og lærður íþróttakennari, má hámark einkunnar fyrir slíkar æfingar aldrei nema meira en 25% mögulegrar hámarkseinkunnar.

Í þeim skólum, sem ekki hafa sérstakt húsnæði og mjög takmörkuð áhöld til leikfimi- og íþróttaiðkana, skal miða próf við það, sem tók eru á að iðka.

## 19. gr.

Gefa skal einkunnir fyrir leikfimi eftir sama einkunnastiga og fyrir aðrar námsgreinar hlutaðeigandi skóla. Kennarar skulu gefa einkunnir fyrir ástundun, og er þeim heimilt með vitund prófdómara að láta ástundunareinkunn hafa áhrif á prófseinkunn nemanda. Er kennari gerir prófdómara grein fyrir ástundunareinkunn,

skal hann leggja fram skrá um tímasókn nemandans. Hafi kennarinn haft námskeið með nemendum í einhverri skólaíþrótt, er honum við útreikning aðaleinkunnar heimilt að taka fullt tillit til einkunnagjafa frá námskeiðum. Meðaltal af einkunn kennara og prófdómara verður einkunn nemandans, og reiknast hún til aðal-einkunnar.

#### IV. KAFLI

##### Útbúnaður íþróttahúss.

###### 20. gr.

**Aðkvæði um íþróttahús.** Stærð hvers leikfimisalar skal miða við það, að 4m<sup>2</sup> af gólfleti séu ætlaðir hverjum nemanda. Við hvern sal skal vera: Ánddyri, forstofa, geymsluklefi ræstifækja, búningsherbergi, baðherbergi, þurrkherbergi og kennara-herbergi. Í anddyri skal vera aurríst og aurmotta og útbúnaður fyrir geymslu yfirhafna og skófatnaðar nemenda. Í ræstiklefa skulu vera tæki til að þvo gólf leikfimisalarins. Þau tæki skal aðeins nota í leikfimisalnum og herberginu honum tilheyrandi. Einnig skal þar eða í baðklefa vera útbúnaður til þess að þvo úr rykklútum. Þar sem leikfimiflokkar koma hver á eftir öðrum, skulu búningsherbergi vera tvö. Í búningsherbergjum skulu vera bekkir með veggjum eða fram á gólf, en að baki þeim eða framan við skápar eða básar með snögum. Á gólfi meðfram bekkjum skal nota litla, aðskilda rimlafleka til þess að standa á, meðan nemendur hafa fataskipti. Í áhaldaherbergi skal geyma öll laus tæki. Leikfimisali má ekki lána til annars en leikfimi- og íþróttaiðkana, nema samkv. reglum og samningi, sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt.

###### 21. gr.

**Hiti og loftræsting.** Hiti í leikfimisal skal vera um 20 stig C, en í búnings- og baðherbergjum um 22 stig C. Sé hitastig lægra en 12° C. skal kennsla annað hvort falla niður eða nemendur klæddir hlýjum æfingarfötum. Þess skal vel gætt, að loft sé ferskt og ryklaust í leikfimisal og tilheyrandi herbergjum.

###### 22. gr.

**Ræsting.** Rykklútar skulu eigi vera færri en tveir úr þéttu, voðfelldu efni og ýtur til þess að draga þá yfir salargólfið. — Að loknum hverjum leikfimitíma skal draga vota rykklúta yfir allt salargólfið, og skal þvo þá að því loknu, svo að ávallt sé til hreinn klútur fyrir byrjun næsta tíma. Hafi salurinn verið notaður til annars en leikfimi- og íþróttaiðkana, nægir ekki yfirferð með rykklút, heldur verður að sápuþvo gólfið og fara með öllum listum með votri dulu. Búningsherbergi og baðherbergi skal ræsta daglega, og varast skal að skilja sápu eftir á gólfum. Þess skal vel gætt, að handklæði og fatnaður, sem skilið er eftir, sé sem fyrst tekið á brott úr herbergjunum og ekki sé þurrkað á ofnum. Salerni, þvagskálar og þvottaskálar skal ræsta daglega. Áhaldaherbergi skal ræsta ásamt áhöldum vikulega. Leikfimisal og tilheyrandi herbergi, ásamt föstum tækjum, skal sápuþvo minnst einu sinni á ári. Gólf leikfimisalar, ásamt föstum tækjum úr tré, skal lakkbera minnst einu sinni á ári, og skal það tvilakkborið. Sé leikfimisalur notaður fyrir skemmtisamkomur, skal ræsta hann og lakkbera oftár. Baðklefa og áhaldaherbergi má aðeins nota í sambandi við leikfimi- og íþróttaiðkanir. Komi rifur í gólf leikfimisalar, skal sem fyrst fylla þær eða fella ný borð í gólfið.

###### 23. gr.

**Baðvarzla.** Kennari eða sérstakur baðvörður, þar sem hann er starfandi, blandar baðvatnið fyrir nemendur, annast um að þeir þvoi sér vandlega, en noti þó vatn og

sápu í hófi. Þá sér hann og um, að allt fari að öðru leyti vel og skipulega fram í baðklefanum. Sé sérstakur baðvörður, sér hann um, að bað- og búningsklefar séu þrifalegir og aðstoðar íþróttakennarann við að gæta þess, að umgengni í anddyri og frágangur nemenda á fatnaði sé góður. Óskilafatnað og handklæði skal hann tafarlaust fjarlægja úr búningsklefum. Einnig annast hann um þvott á rykkklútum, svo að hreinn klútur sé til taks í lok hvers tíma. Yfirumsjón með baðvörzlu hafa íþróttakennarar viðkomandi skóla.

#### 24. gr.

**Leikfimitæki.** Fjöldi leikfimitækja og gerð þeirra fer mjög eftir nemendafjölda og aldri þeirra, sem nota salinn. Í hverjum leikfimisal skulu vera eftirtalin tæki: 1) tvær jafnvægisslár, annaðhvort færanlegar með dráttarútbúnaði eða lausar, 2) rimlafang skal vera a. m. k. eitt á hverja tvo leikfimiðkendur, 3) skemlar skulu vera jafnmargir og rimlar, og skulu þeir hengdir upp í hornum salarins, 4) 6—12 klifurkaðlar, færanlegir að veggjum, 5) 1—2 hringasamstæður, færanlegar að lofti, 6) 2 langir hestar, stór og lítill, með tilheyrandi þófum, 7) kubbhestar, stór og lítill, 8) 2 leikfimikistur, stór og lítill, 9) 2 stökkbretti, 10) 2—4 jafnvægisbekkir, 11) 2—4 lágar jafnvægisslár, 12) 1—2 samstæður af hástökkssúlum með tilheyrandi trérá og sandpokasnúru, 13) 2—4 gúm- eða trefjamottur, 14) 2 langar dýnur, 6 m x 1.35 m, 15) 1 reiptogskaðall, 16) 36 sippubönd (sviptir), 17) 25—30 merkibönd um upphandlegg eða öxl, 2—3 litir, 18) böðhlaupskefli, 19) 2—4 handknettir, 20) 2—4 íþyngdir knettir, 21) 36 smáknnettir, 80—120 g, 22) 1—2 blakknettir, 23) 2—4 körfuknettir, 24) 36 gúm-eða plastknettir, 25) 2—4 körfuknattleiksfjalir, 26) 1—2 blaknet, 27) 2 handknattleiksmörk, 28) keilur, hringir og hljómstafir, 29) 30 glímubelti, 30) lyfjakassi.

Leitast sé við að búa salinn þeim tækjum, sem á hverjum tíma svara til þeirrar þróunar, sem á sér stað í kennsluáðferðum og æfingavali.

Öll laus tæki skal viðra og ræsta a. m. k. árlega. Á hverju vori skal íþróttakennari skoða þau vandlega og tilkynna skólastjóra, er hann telur endurbót þörf.

#### 25. gr.

**Leikfimidfatnaður.** Nemendum er skytt að nota sérstakan leikfimidfatnað, sem þeir nota aðeins í leikfimisal. Íþróttakennari áminnir nemendur um að halda leikfimidfatnaði sínum hreinum, og einnig skal hann eða baðvörður líta eftir, að nemendur noti hrein handklæði. Við kennslu skulu íþróttakennarar klæðast sérstökum búningsi, sem sé hentugur íþróttakennslunni.

### V. KAFLI

#### Leiksvæði og áhöld.

#### 26. gr.

**Ákvæði um leiksvæði.** Leiksvæði fyrir skólann má ekki vera í meira en 1/2 km fjarlægð frá honum. Minnsta stærð leiksvæðisins sé 60x40 m. og er þá miðað við skóla með nemendafjölda 100 eða minni. Svæði fyrir handknattleik, stórfiskaleik og höggknattleik (langbolta) er 40x25 m. Knattspyrnusvæði skóla þarf að vera 80x50 m, körfuknattleikssvæði 28x15 m. Við útjaðra leiksvæðis skal koma fyrir tveim stökkgryfjum, hástökk- og stangarstökksgryfju, 5x5 m, og langstökk- og þristökksgrýfju, 1,5x5 m. Gryfjurnar séu 40 cm djúpar og fylltar fingerðum sandi. Að gryfjunum skal vera tilhlaupsbraut 15—30 m löng. Við langatrennubraut stökkgryfju skal fella niður í völinn tvo planka, 120x20x10 cm, annan í 1 metra fjarlægð frá gryfjubrún, en hinn í 5—6 metra fjarlægð. Æskilegt er, að allt að helmingur

svæðisins sé grasflötur, sem horið sé á á hverju vori og sleginn 3—4 sinnum á sumri. Hinn hlutinn skal lagður eins og hlaupabrautir íþróttavalla eða þakinn áreyrarmöl eða lábarinni mól. Varast skal að nota fingerðan sand, leir eða mold, mararsalla, asfalt eða steypu. Leiksvæði skal girða, þó ekki með gaddavir.

## 27. gr.

**Ákvæði um áhöld.** Tæki til útileikja skulu vera í hverjum skóla, sem hér segir: 1) slá fyrir handgang, 2) tréveggur fyrir veggknattleiki, 3) stór og lítil knatttré, 4) 2—3 handknettir, 5) 2—3 fótknettir, stærðir samkv. aldri nemenda, 6) 2—4 körfuknettir, 7) málband og skeiðklukka, 8) hástökksúlur með stökkrá eða sandpoka-snúru, 9) skíði.

## 28. gr.

Áhöld til útileikja skal geyma í sérstöku skáp eða klefa, sem sé undir umsjón kennara eða sérstaks áhaldavarðar úr hópi nemenda. Á hverju vori skal yfirfara áhöld, gera við skemmdir og útvega ný, ef með þarf.

## 29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. íþróttalögum nr. 49 frá 28. marz 1956 og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 20. ágúst 1964.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði.

## 1. gr.

Bæjarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsfjarðarkaupstað. Holræsagerð bæjarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

## 2. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út í aðalræsi og halda því við. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti, sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur eða vatns- og hitaveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 500.00 í tengigjald.

## 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem vatns- og hitaveitunefnd felur umsjón með lagningu holræsa í bæn-um, frá því og fá samþykki þar til.

Legga, halli, stærð og gerð pípa, brunnar, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skólplögninni innan og utan húss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, Um-sjónarmaður getur krafizt uppdráttar, sem sýni glögglega alla tilhögun lagningarinnar.

## 4. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsnum, bæði innan húss og utan. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsaligningar, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsnum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

## 5. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 15 af þúsundi af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en 350 kr. af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshlata. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

## 6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati ef ágreiningur verður.

## 7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

## 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfjarðar-kaupstað nr. 112 15. júní 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Ólafsfirði.

#### 2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

#### 3. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna varðar, annast vatns- og hitaveitunefnd í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórn skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við bæjarstjórn, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

#### 4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningum ár hvert.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús hans og annast viðhald þeirra á sinn kostnað. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirætlun og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur annaðhvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina. Vatnsveitan hefur einkarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi sé samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum.

## 6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

## 8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 1% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsnum skal lægsta gjald vera kr. 100.00.

## 10. gr.

Af hraðfrystihúsum skal greiða 3% af fasteignamatsverði. Af öðrum sem nota mikið vatn, svo sem sjóhús og öðrum sambærilegum, skal greiða 2% af fasteignamatsverði árlega þar til vatnsmælir hefur verið fenginn og greiðist þá eftir honum þannig: kr. 1.50 fyrir hverja smálest upp að 500 smálestum og kr. 1.00 fyrir næstu 500 smálestir og þar eftir kr. 0.50.

## 11. gr.

Auk vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 15.00 fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna fyrir vatn til fiskiskipa en kr. 50.00 og annarra skipa kr. 100.00.
2. Af hverri tunnu saltaðrar sildar kr. 0.75.
3. Trillubátar greiði kr. 50.00.
4. Heimilt skal bæjarstjórn að semja um fast árgjald fyrir neytluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Ólafsfirði, og einnig að ákveða lágmarksgjald á bílaþvottaplön.

## 12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50%, og einnig að ákveða lágmarkstengigjald allt að krónum 3000.00.

## 13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Vatnsskattur samkvæmt 11. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

## 15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá og reglugerð fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 162 1. desember 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.**

## 1. gr.

Orðin „og þar fari ekki fram sala sælgætis“ í 1. mgr. 79. gr. samþykktarinnar, sbr. samþykkt nr. 222 10. desember 1963, falli niður.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,  
nr. 74 20. marz 1945.**

1. gr.

Í stað „18 km“ í 49. gr. samþykktarinnar komi: 30 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

27. ágúst.

Nr. 209.

**R E G L U G E R ð**

**um fasteignaskatt í Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt í Skefilsstaðahreppi, skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um barnavernd á Dalvík.

#### 1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Dalvíkurskólahéraðs er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem það nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

#### 2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

#### 3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

#### 4. gr.

Löggæzlumaður getur jafnan bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferð út í skip og báta í höfninni, ef hann telur ástæðu til.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og ekki eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með forsjármönnum.

Börn 13 og 14 ára mega mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og ekki eftir kl. 23 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með forsjármönnum.

Börnum og unglingum 15 ára og yngri er óheimill aðgangur að almennum skemmti- og dansstöðum, nema þegar um er að ræða skemmtanir innan barna- og unglingskólans.

Enn fremur er börnum og unglingum, 15 ára og yngri, óheimill aðgangur að kaffi-, öl- og sælgætissölum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjármönnum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu stuðla að því, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

#### 5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

#### 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Skal farið með mál þeirra brota sem opinber mál.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 31. ágúst 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir sundlaugina að Leirá, Borgarfjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Eigendur sundlaugarinnar að Leirá eru:  
Ungmennafélagið Haukur, Leirá- og Melasveit.  
Hreppssjóður Leirá- og Melasveitar.  
— Strandarhrepps.  
— Skilmannahrepps.

#### 2. gr.

Eignin er rekin sem sjálfseignarstofnun undir nafninu Leirárlaug.

#### 3. gr.

Fimm manna sundlaugarnefnd annast rekstur eignarinnar.

#### 4. gr.

Sundlaugarnefnd skal þannig skipuð:  
Einn nefndarmanna frá Umf. Haukur, 2 tilnefndir af hreppsnefnd Leirá- og Melahrepps, 1 tilnefndur af hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps og 1 af hreppsnefnd Skilmannahrepps. Varamenn séu tilnefndir af sömu aðilum.

#### 5. gr.

Starfstími nefndarmanna, annarra en fulltrúa ungmennafélagsins, sé til jafnlengdar kjörtímabili hreppsnefndanna. Ungmennafélagið hafi rétt til að skipta um nefndarmann árlega samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins.

#### 6. gr.

Formaður nefndarinnar sé sá nefndarmanna, sem Umf. Haukur tilnefnir. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér störfum.

#### 7. gr.

Sundlaugarnefndin er ábyrg fyrir rekstri laugarinnar gagnvart aðalfundi félagsins og viðkomandi hreppsnefndum.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

Skýrslu um rekstur og reikning skal nefndin árlega senda viðkomandi félögum og hreppsnefndum.

#### 8. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar er:

1. Niðurröðun afnota af eigninni.
2. Ákveða afnotagjald af notkun eignarinnar.
3. Ráðning laugarvarðar.
4. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar, nýbyggingar eða áhaldakaup.
5. Varðveita tekjur og annast greiðslur útgjalda.
6. Nægi árstekjur eigi til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar, skal nefndin sjá um, að nægilegt fé fái með aðstoð eigenda. Rekstrarhalli eða kostnaður af framkvæmdum skiptist milli eigenda að jöfnu eftir að dregin hafa verið frá styrkir frá sýslu- eða ríkissjóði.
7. Nefndin skal halda gerðabók.

## 9. gr.

Eignina má einvörðungu leigja til íþróttaiðkana, sýninga og móta. Forgöngu til leigu hafa skólanemendur hreppanna og félagar Umf. Hauks.

## 10. gr.

Ræsting, umgengni og viðhald sé samkvæmt fyrirmælum íþróttanefndar ríkisins um íþróttamannvirki.

## 11. gr.

Daglegt eftirlit sé í höndum laugarvarðar, sem sér um, að vel sé um sundstaðinn gengið, að ræsting sé í góðu lagi og í laug hreint og hæfilega heitt vatn.

## 12. gr.

Hætti félagið störfum eða hreppsnefndir afsali sér eignarrétti sínum, skulu eigendur koma saman til fundar til þess að ákveða áframhaldandi rekstur og gera tillögur um breytingar á reglugerð. Á slíkum eigendafundi eiga sæti stjórn félagsins og hreppsnefndir. Hver eigandi fer með 3 atkvæði.

Afl atkvæða sker úr málum. Náist eigi samkomulag, sker íþróttanefnd ríkisins úr.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 31. ágúst 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Bjarnadóttur frá Ísafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. september 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Bjarnadóttur frá Ísafirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Margrétar Bjarnadóttur. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum Margrétar Bjarnadóttur, og er eign Barnaverndarfélags Ísafjarðar, en með sérstöku reikningshaldi.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 17000.00 — sautján þúsund krónur — og má aldrei skerða höfuðstólinn. Fé sjóðsins skal ávaxtað hverju sinni á hæstu vöxtum í tryggri lánsstofnun.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxta, eru gjafir, framlög og áheit, er fyrirtæki, einstaklingar og félög láta af hendi rakna, en einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna. Skal allt slíkt fé lagt við höfuðstólinn.

## 4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja börn, er þörf hafa fyrir dvöl á „Dagheimilinu“ á Ísafirði vegna veikinda aðstandenda og annarra örðugleika. Skal slíkur styrkur veittur árlega, og er heimilt að verja til þess hálfum ársvöxtum sjóðsins hverju sinni.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 35000.00 — þrjátíu og fimm þúsund krónur — er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til annarrar barnaverndarstarfsemi á Ísafirði ef þörf og ástæða þykir til.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, og eiga sæti í henni einn ættingi eða venzlamaður Margrétar Bjarnadóttur, tveir aðilar, tilnefndir af öðrum stofnendum sjóðsins, og tveir tilnefndir af stjórn Barnaverndarfélags Ísafjarðar. Ef venzlamanna Margrétar Bjarnadóttur og stofnenda sjóðsins nýtur ekki við, skal stjórn Barnaverndarfélagsins tilnefna alla stjórnendur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Hún sér um reikningshald sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Barnaverndarfélags Ísafjarðar og lagðir fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skrá um hina upphaflegu stofnendur sjóðsins, skipulagsskrána, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, f. h. Barnaverndarfélags Ísafjarðar.

Ruth Tryggvason.

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Norðfjarðarhrepps nr. 92 26. marz 1957 samkvæmt auglýsingu um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum nr. 56 28. marz 1957.

11. gr. 6. liður b. samþykktar orðist svo: Samlagið greiðir  $\frac{3}{4}$  hluta flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkraflugvél þarf til flutnings að dómi samlagsins.

Framangreind breyting staðfestist, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1964.*

F. h. r.

Hjalmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*



## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Keflavíkur nr. 11 28. febrúar 1957, sbr. auglýsing um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum nr. 9 28. janúar 1958.

11. grein 6. liðar b samþykktarinnar orðist svo:

Nudd og rafmagnslækningar.

Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar, sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirsögn læknis, að  $\frac{1}{2}$ , þó ekki yfir 600.00 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.

Framangreind breyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1964, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 215.

10. september.

## GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu hitaorku úr veitukerfum, sem hún lætur gera, og innheimtir gjald fyrir það, eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Laugaráss og gjaldskrá þessari.

Hitaveitan sér og um innheimtu gjalds fyrir hitaréttindi eftir samningum, sem stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs hefur gert við ábúendur jarðarinnar eða ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd verða veitukerfum hennar í té hitaorku, sem ætla má að nægi til hitunar, enda sé ofnar nógu stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs.

Óheimilt er hitaveitunni að taka kaldara vatn en er í þeim hverum, sem mældir hafa verið samkvæmt skilagrein raforkumálastjóra nr. 64 frá 1953.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 5000.00 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs, skal ekki frekara gjalds krafizt.

## 2. Fastagjald:

- a. Af íbúðarhúsum kr. 4.00 pr. m<sup>3</sup> á ári.
  - b. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 3.00 pr. m<sup>3</sup> á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 2000.00 fyrir hvern notanda.
  4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
  5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs hverju sinni.

## 4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dældum sekl. kr. 5000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 4.00 pr. m<sup>3</sup>.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 3.00 pr. m<sup>3</sup>.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 2500.00.
5. Stofngjöld greiðist við tengingu heimæðar.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. skulu krafín ársfjórðungslega. Hver húseigandi ber ábyrgð á því, að stofngjald og hitaveitugjald sé greitt af húsi hans. Sé reikningur ekki greiddur, þegar hann er sýndur, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

## 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 7. gr.

Hitaveitan hefur rétt á að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 10 daga fyrirvara. Kostnað af slíku greiðir sá, sem vanskilum veldur.

## 8. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stilli-krönum, hemlum og ef settir verða mælar eða önnur stillitæki, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna gegn misnotkun heita vatnsins.

## 9. gr.

Heimilt er stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að 20% án staðfestingar ráðuneytisins, þó ekki nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem er samín af stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Laugaráss, svo og utan þess, eftir samningum við stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs.

#### 2. gr.

##### Stjórn hitaveitu.

Stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs fer með stjórn Hitaveitu Laugaráss, sem er eign Laugarásslæknishéraðs, en rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

Stjórnarnefndin ræður framkvæmdastjóra og eða eftirlitsmann, er sjá um rekstur hitaveitunnar, eftir því sem þörf krefur.

#### 3. gr.

##### Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Laugaráss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu heits vatns á byggðasvæði Laugaráss, svo og eftir sérsamningum hverju sinni utan byggðasvæðisins.

#### 4. gr.

##### Dreifikerfi og dælustöð.

Hitaveitan lætur leggja stofn- og dreifiæðar, eftir því sem þörf krefur. Húseigandi leggur heimæð eða heimæðar að byggingum sínum og sér um viðhald þeirra. Hitaveitan lætur og byggja dælustöð.

#### 5. gr.

##### Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfi sínu. Húseiganda er óheimilt að hylja þessar lagnir eða gera þær óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.

#### 6. gr.

##### Ábyrgð hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld, þótt notendur verði fyrir tjóni vegna frosta, ófullnægjandi hita eða vegna rafmagnstruflana, breytinga á hverum eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Þá er hitaveitan ekki bótaskyld, þótt tjón verði á mönnum, munum, eða eignum frá hitalögnum innanhúss.

#### 7. gr.

##### Umsóknir.

Húseigendur og aðrir, sem óska að gerast notendur hitaveitunnar skulu, áður en framkvæmdir hefjast við að leggja dreifikerfi veitunnar, senda framkvæmdastjóra hennar skriflegar umsóknir um aðild að veitunni ásamt upplýsingum um vatnsmagn það, sem þeir óska að fá, svo og upplýsingar um stærð húsa.

Nýir notendur og þeir, sem óska eftir að fá fram breytingar á vatnsmagni sínu, eftir að lagningu upphaflegs dreifikerfis er lokið, skulu og senda umsóknir þar um til framkvæmdastjóra.

Stjórnarnefnd getur tekið sér frest, allt að einu ári, til að verða við beiðni, ef hún hefur í för með sér verulegar breytingar á dreifikerfi veitunnar.

8. gr.

**Dætur.**

Óheimilt er að tengja dætur við heimæðar. Við innanhússkerfi þarf leyfi framkvæmdastjóra hitaveitunnar til notkunar á dælum.

9. gr.

**Takmörkun hitanotkunar.**

Hitaveitan getur fyrirskipað takmörkun á hitanotkun, ef hún telur það nauðsynlegt, eða lokað fyrir hita vegna viðgerða. Full hitagjöld ber að greiða, þótt notandi hafi orðið fyrir lokun af slíku.

10. gr.

**Viðurlög.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að 30000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir **Vatnsveitufélag Laugarásshverfis í Biskupstungum, Árnassýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Laugarásshverfis. Heimili þess og varnarþing er Biskupstungnahreppur í Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hverfinu fyrir neytluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru sláturhús Sláturfélags Suðurlands, héraðslæknishústaður, héraðsdýralæknishústaður, sumardvalarheimili Rauða kross Íslands og ábú-

endur eftirtalinna býla: Sólveigarstaðir, Laugargerði, Hveratún, Ásholt, hús og garðyrkjustöðvar Ólafs læknis Einarssonar og Einars Ólafssonar, svo og garðyrkjustöð Harðar Sigðurðssonar. Auk þess Biskupstungnahreppur vegna 10 óbyggðra leigulóða.

Stofngjald greiði sláturhúsið, kr. áttatíu þúsund, læknisbústaðirnar og sumar-dvalarheimili R.K., kr. fimmtán þúsund hver, aðrir stofnendur þrjú þúsund krónur hver og Biskupstungnahreppur þrjú þúsund krónur vegna hverrar leigulóðar. Stofngjald skal greiða að hálfu um leið og verkið er hafið og að hálfu, þegar verki er lokið.

## 4. gr.

Vatnsveitan byggir dælustöð og vatnsgeymi og lætur leggja stofnæð að fyrstu greiningu.

Biskupstungnahreppur leggur aðalæð allt að Auðsholtsvegi, en notendur kosta heimæð hver til sín.

## 5. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsparfa og atvinnureksturs. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda sé látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til afnota.

## 6. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi. Nýr félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagsmenn, og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn, frá því hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega vegna hans til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

## 7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu, og skal hann ákveðinn þannig:

1. Til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar í hlutfalli við stofngjöld.
2. Til greiðslu á reksturskostnaði og viðhaldi veitunnar eftir vatnsnotkun.
3. Fast lágmarksgjald hvers notanda, sem hefur tengda heimæð. Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

## 8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn, og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til eins árs.

## 9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað bréflaga eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess, og kosin stjórn og endurskoðendur.

## 10. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

## 11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar, og undirrita hana ásamt formanni.

## 12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöld til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimlagna og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér undir eftirliti félagsstjórnar.

## 13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Laugarásshverfis í Biskupstungum, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

## um umferð í Ólafsfjarðarkaupstað.

Bæjarstjórn hefur fallizt á tillögur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

1. Aðalgata og Ólafsvegur skulu hafa aðalbrautarrétt, og hefur Aðalgata aðalbrautarréttinn gagnvart Ólafsvegi.
2. Einstefnuakstur er ákveðinn á Brekkugötu til suðurs.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hornbrekkuvegi að austanverðu.

*Bæjarfógetinn í Ólafsfirði, 16. september 1964.*

**Pétur Gautur Kristjánsson,**  
settur.

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 122 19. okt. 1955, um virðingar til brunatrygginga á húseignum.

1. gr.

6. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

a.	Fyrir hús, sem virt er allt að 300 þús. kr. ....	kr. 210.00
b.	— — — — — 300—500 þús. kr. ....	— 240.00
c.	— — — — — 500—1000 þús. kr. ....	— 420.00
d.	— — — — — 1000—2000 þús. kr. ....	— 510.00
e.	— — — — — 2000—3000 þús. kr. ....	— 630.00
f.	— — — — — 3000—4000 þús. kr. ....	— 780.00
g.	— — — — — 4000—5000 þús. kr. ....	— 900.00

Af því, sem umfram er 5 millj. króna, skal greitt með 120 kr. fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef virðingarverð stendur lengur en 1 dag, telst ofanskráð gjald fyrir hvern virðingardag. Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er framkvæmdastjóra viðkomandi vátryggingarfélags heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana en hér segir. Virðingargjaldið skiptist jafnt milli umboðsmanna félaganna og virðingarmanna, að  $\frac{1}{3}$  til hvers. Fyrir yfirmat greiðist tvöfalt gjald það, sem ákveðið er fyrir almenna virðingu.

Framangreind breyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 59 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Nr. 220.

14. september.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. september 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Selmu Langvad, fæddri Guðjohnsen, og Kay Langvad verkfræðingi. Höfuðstóll sjóðsins eru danskar krónur 120000 í dönskum skuldbréfum. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og er varzla hans og ávöxtun í höndum rektors og háskólaráðs samkv. þeim almennu reglum, er gilda um sjóði Háskólans.

## 2. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum, rektor Háskólans, sem er formaður, Dana, sem er tilnefndur af gefendum og eftir lát þeirra beggja af Sören Langvad verkfræðingi, og íslenskum ríkisborgara, sem tilnefndur er af gefendum og eftir lát þeirra af háskólaráði til þriggja ára í senn.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur. Í því skyni eru veittir styrkir úr sjóðnum til námsdvalar fyrir Íslendinga í Danmörku og Dani á Íslandi, og enn fremur er heimilt að styrkja hverja þá starfsemi, sem stjórn sjóðsins telur á hverjum tíma, að muni stuðla að því markmiði, sem sjóðnum er ætlað að vinna að. Styrki má veita með eða án umsókna.

Styrkúthlutun fer fram á afmælisdegi frú Selmu Langvad hinn 25. júní, í fyrsta skipti 25. júní 1965. Stjórnin getur ákveðið, að styrkúthlutun fari fram árlega eða með 2—3 ára millibili. Öllum vöxtum sjóðsins má verja til úthlutunar samkv. framansögðu, en höfuðstól má eigi skerða.

## 4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

30. júlí.

Nr. 221.

## AUGLÝSING

## um umferðartakmarkanir í Blönduóskaupþúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Blönduóskaupþúni, samkv. heimild 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

## Aðalbrautir:

1. Aðalgata.
2. Blöndubyggð.
3. Þingbraut, frá Blöndubyggð að Háubrekku.
4. Norðurbraut, frá Blöndubrú að Ámundakinn.
5. Húnabraut.

Biðskylda er við allar hliðargötur, sem liggja að framanskráðum aðalbrautum. Þar sem aðalbrautir skerast, hefur Þingbraut forgang fram yfir Aðalgötu, Blöndubyggð fram yfir Þingbraut og Norðurbraut fram yfir Húnabraut.

Bifreiðastöður eru bannaðar við Aðalgötu, frá gamla samkomuhúsinu og upp fyrir verzlunarhús Verzlunarfélags Austur-Húnvetninga á suðurkanti götunnar. Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

*Skrifstofu Húnavatnssýslu, 30. júlí 1964.*

**Jón Ísberg.**



## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Á Tjarnargötu frá Hringbraut að húsinu nr. 33, austan megin götunnar.
2. Á Vegamótastíg milli Grettisgötu og Skólavörðustígs.
3. Á Lönguhlíð, en þar nær bannið til vörubifreiða og fólksbifreiða yfir 10 farþega.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. september 1964.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Njarðvíkurhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps er hérmeð skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 bannað að aka fram úr ökutækjum á ferð á Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík á svæðinu frá húsinu Þórshöfn að bæjarmörkum Keflavíkur.

*Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. september 1964.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 85 30. maí 1962.

#### 1. gr.

Eftir fyrstu málsgrein 13. greinar lögreglusamþykktar fyrir Kópavogskaupstað koma þessar málsgreinar:

„Bæjarráð getur heimilað starfrækslu kjörbúðavagna á þeim stöðum, þar sem fyrirhugað er að byggja matvöruverzlanir samkvæmt skipulagi og á óskipulögðum svæðum, þó ekki nær fastri lögleyfðri verzlun en 450 metra mælt eftir skipulögðum götum og gangstígum.

Ef fleiri en einn aðili rekur kjörbúðavagna, getur bæjarráð sett reglur um verzlunartíma þeirra á hverjum stað.“

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Breyting þessi á lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 85 1962, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. september 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

16. október.

Nr. 225.

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 20. október 1964 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

16. október.

Nr. 226.

## AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. október 1964 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum í Dalasýslu, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. okt. 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar  
frá Hornsstöðum í Dalasýslu.

### 1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guð-  
mundar Jónssonar frá Hornsstöðum.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — sem við undirrituð  
systkini leggjum fram sem stofnendur sjóðs, til minningar um foreldra okkar.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að veita öldruðum vistmönnum — sem dvelja á Elliheimili  
Dalasýslu að Fellsenda — jólagjafir.

### 4. gr.

Verja má allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins, samkv. því, sem segir í 3. gr., en  
hálfir ársvextir skulu leggjast við höfuðstólinn, ásamt gjöfum þeim, sem nefndum  
sjóði kunna að hlotnast, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund  
krónur. Eftir það skal  $\frac{1}{10}$  hluti ársvaxta leggjast við höfuðstólinn, en hann má  
aldrei skerða.

### 5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Forstöðumaður Elliheimilisins að Fellsenda, pró-  
fastur Dalasýslu og einn skipaður af sýslunefnd Dalasýslu. Skal hann skipaður til  
þriggja ára í senn.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána,  
fundarsamþykktir og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins  
annast fjárveitingar, samkvæmt 3. gr., og annað honum viðkomandi. Hún semur  
ársreikning og leggur hann fyrir sýslunefnd Dalasýslu til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu reikningar hans gerðir  
í janúarmánuði ár hvert.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 19 12. marz 1938.

Steinunn Guðmundsdóttir.

Ólafur Guðmundsson.

Jón Kr. Guðmundsson.

9. október.

363

Nr. 228.

**Staðfesting** forsetans á skipulagsskrá fyrir sumarheimili templara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. okt. 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sumarheimili templara.

### 1. gr.

Sumarheimili templara er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í góðtemplara-reglunni á Íslandi, samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941 og afsalsbréfi, dags. 24. marz 1942.

### 2. gr.

Sumarheimilið er sjálfseignarstofnun.

### 3. gr.

Stofnuninni voru í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Jörðin Kumbaravogur í Stökkseyrarhreppi með húsum öllum og öðrum mannvirkjum á jörðinni, svo og rekahlunnindum og öðru því, sem henni fylgir og fylgja ber, eins og umdæmisstúkan hefur eignast hana samkvæmt afsali, með áhvílandi lánnum.
- b. 1200 króna gjöf Húsfélags bindindismanna.
- c. 2850 króna gjöf frá góðtemplarastúkum í Reykjavík.
- d. Framlag styrktarféлага og aðrar gjafir frá góðtemplurum 2880 kr.

Þá er og gert ráð fyrir, að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélögum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar eða umdæmisstúkan annast.

Samhliða samningu og staðfestingu skipulagsskrár þessarar, fer fram sala til Kristjáns Friðbergssonar á húsum jarðarinnar Kumbaravogs ásamt afmörkuðum hluta lands, og rekur hann þar barnaheimili fyrir umhirðulaus börn. Skal honum jafnframt heimilt að hafa afnot af austurhluta túnsins í Kumbaravogi, eins og nánar er afmarkað í kaupsamningi og afsali til hans, svo lengi sem hann stöðugt rekur þar slíkt heimili.

Söluverð húsanna og tilheyrandi lands, kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —, að frádregnum þegar áföllnum skuldum og kostnaði, og jörðin Kumbaravogur, án húsanna og lands, sem þeim fylgir, en með öðru, er jörðinni fylgir og fylgja ber, er áfram eign sumarheimilis templara.

### 4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka sumarheimili fyrir templara og annast mót fyrir bindindismenn og reglusamt æskufólk.

Þar sem skilyrði til reksturs slíks heimilis eru ekki góð að Kumbaravogi, ber stjórn stofnunarinnar að festa kaup á jörð eða landshluta, þar sem skilyrði eru góð til útivistar, helzt bæði sumar og vetur og koma þar upp nauðsynlegum skýlum. Stjórninni ber síðan, eftir því sem efnahagur og þörf er fyrir, að bæta húsakost stofnunarinnar og alla aðstöðu.

## 5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn, sem framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 kys til 5 ára í senn í marzmánuði ár hvert, í fyrsta sinn, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest. Fyrstu 4 árin gengur einn maður árlega úr stjórninni eftir hlutkesti, en síðan einn maður árlega eftir starfsaldri.

Nú verður sæli stjórnarnefndarmanns laust, áður en starfstími hans er útrunninn, og kys þá framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar annan í staðinn til þess að vera í stjórninni þann tíma, sem eftir var af kjörtíma hins.

Stjórnarnefndarmenn skulu vera góðtemplarar.

## 6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar með þeirri verkaskiptingu, sem í 7. gr. segir. Hún heldur aðalfund sinn í febrúarmánuði ár hvert. Þegar eftir aðalfund sendir stjórnin framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 starfsskýrslu ásamt reikningum stofnunarinnar fyrir síðasta starfsár, en framkvæmdanefndin kys þá mann í stjórnina samkvæmt 5. gr. Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um kosninguna, boðar hann hina nýju stjórn á fund og gengst þar fyrir kosningu formanns, ritara og gjaldkera.

## 7. gr.

Formaður er framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Hann boðar til funda, í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um, að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur, þegar þörf krefur, kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðin verk. Formaður leggur fram á aðalfundi ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan funda, sem máli getur skipt. Hann annast allar bréfaskriftir, heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum.

Í forföllum formanns gegnir ritari störfum hans.

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna, og geyma skal hann sjóðinn í banka með ríkisábyrgð. Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar, og fyrir janúarlök skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár. Á aðalfundi leggur gjaldkeri reikningana fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Gjaldkeri fær sér tvo ábyrgðarmenn, sem framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar samþykkir.

## 8. gr.

Endurskoðun reikninga stofnunarinnar fer fram í febrúarmánuði ár hvert. Endurskoðendur séu tveir og skulu þeir kosnir á haustþingi umdæmisstúkunnar. Þó getur haustþingið ákveðið, að endurskoðun skuli falin löggiltum endurskoðanda. Slík fundarsamþykkt gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

## 9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

## 10. gr.

Reikninga stofnunarinnar skal senda skrifstofu stórstúkunnar. Skulu þeir birtir á stórstúkuþingi.

## 11. gr.

Stjórnin setur reglur um starfstilhögun stofnunarinnar, svo og um nytjun jarðar.

Óski sérstakar deildir reglunnar, í þinghá Umdæmisstúkunnar nr. 1, s. s. Íslenzkir ungtemplarar, eða unglingareglan, að reisa skála út af fyrir sig á landareign stofnunarinnar, er stjórninni heimilt að leyfa það, enda setji hún viðkomandi deildum ákveðnar reglur fyrir því og framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 samþykki það.

Þykir stjórninni ástæður þannig, að rétt sé um tíma að fela slíkri deild, sem komið hefur sér upp skála, einhvern hluta af rekstri stofnunarinnar, er stjórninni það heimilt.

## 12. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að reka heimilið, sbr. 4. gr., eða rekstur stofnunarinnar leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Umdæmisstúkan nr. 1, eða önnur deild góðtemplarareglunnar telur sér ekki fært að reka stofnunina áfram, eða ef góðtemplarareglan á Íslandi hættir störfum, og skal þá ríkisstjórnin ráðstafa eigninni og sjá um að hún, eða andvirði hennar umfram skuldir, verði notað til mannúðarstarfsemi eða í þágu uppeldismála í núverandi þinghá Umdæmisstúkunnar nr. 1, eftir því sem best hentar á hverjum tíma.

## 13. gr.

Skipulagsskrá þessari getur framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar breytt, enda séu  $\frac{2}{3}$  hennar með breytingunni og stórtemplar samþykki. Þá þarf og staðfestingu ríkisvaldsins til þess að breyting öðlist gildi.

## 14. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir barnaheimili templara nr. 86 25. maí 1946. (Stj.tíð. 1946, B, bls. 160–162).

## 15. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt með öllum atkvæðum á fundi í framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 hinn 27. ágúst 1964.

F. h. framkvæmdanefndarinnar

Ólafur Jónsson, Gunnar H. Pálsson,  
umdæmistemplar. umdæmisritari.

Er samþykktur framanritaðri skipulagsskrá.

Ólafur Þ. Kristjánsson,  
stórtemplar.

## S A M Þ Y K K T

### um stjórn bæjarmála í Ólafsfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar er skipuð 7 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni kaupstaðarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

#### 2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórnar bæjarráð og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs, með þeim takmörkunum, er síðar greinir.

Þessar nefndir eru:

1. Bæjarráð.
2. Vatns- og hitaveitunefnd.
3. Fjallskilanevnd.
4. Bókasafnsnefnd.
5. Niðurjöfnunarnefnd.
6. Byggingarnefnd.
7. Hafnarnefnd.
8. Kjörskrárnefnd.

Enn fremur kýs bæjarstjórn:

1. 5 menn í fræðsluráð kaupstaðarins og 2 menn í skólanefnd til 4 ára og jafnmarga til vara.
2. 2 menn í skólanefnd iðnskóla og 2 til vara.
3. 4 menn í stjórn Sjúkrasamlags Ólafsfjarðar og jafnmargra til vara.
4. 1 mann í heilbrigðisnefnd.
5. 2 endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara til 3 ára.
6. 5 menn í barnaverndarnefnd og jafnmarga til vara.
7. Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, svo og aðrar nefndir og stjórnir, er lög mæla fyrir um, að bæjarstjórn skuli kjósa.
8. 1 mann í fasteignamatsnefnd.

#### 3. gr.

Bæjarráð og aðrar fastar nefndir og stjórnir, sem eigi eru kosnar eftir sérstökum lögum, skulu kosnar til eins árs í senn. Nefndarkosningar skulu fara fram í febrúarmánuði ár hvert. Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar.

Um kosningu byggingarnefndar fer eftir byggingarsamþykkt Ólafsfjarðarkaupstaðar.

Enn fremur kýs bæjarstjórn bæjarstjóra. Skal hann kosinn eftir hverjar almenningar bæjarstjórnarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarfulltrúa.

Bæjarstjórn getur, þegar henni býður svo við að horfa, tekið mál til meðferðar og úrskurðað, þó falið sé fastrí nefnd, og er það þá fallið undan þeirri nefnd. Þetta er þó með þeim takmörkunum, sem leiða af lagafyrirmælum um einstakar nefndir. Bæjarstjórn getur kosið sérstakar nefndir til að fjalla um einstök mál, þegar henta þykir, eða falið einstökum fulltrúa eða bæjarstjóra rannsókn máls eða framkvæmd.

## 4. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði og öllum öðrum fastanefndum bæjarstjórnarinnar, sem aukamaður, sé hann ekki jafnframt bæjarfulltrúi. Bæjarstjóri er formaður bæjarráðs, en auk þess er heimilt að kjósa bæjarstjóra formann annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

## 5. gr.

Kjörgengir í fastar nefndir bæjarstjórnar eru bæjarfulltrúar, og ef um er að ræða menn utan bæjarstjórnar, þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnar. Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundum fastra nefnda bæjarstjórnar, ef þess er óskað af viðkomandi nefnd eða nefndarformanni. Eigi má kjósa fasta starfsmenn bæjarins sem endurskoðendur bæjarreikninganna.

## 6. gr.

Fundir í fastanefndum bæjarstjórnarinnar eru lögmætir, ef meiri hluti atkvæðisbærra nefndarmanna er á fundi. Ef nefndarmaður er forfallaður, tekur vara- maður hans sæti. Hver einstakur nefndarmaður hefur rétt til þess að krefjast þess, að fundur sé haldinn í nefndum bæjarstjórnarinnar, og er þá formanni viðkomandi nefndar skylt að hafa fund eins fljótt og hann telur tiltækilegt.

## 7. gr.

Bæjarráð heldur fund eins oft og því þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði. Bæjarráð hefur með höndum eftirtalin mál bæjarins, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar, svo gild séu:

- a) **Fjárstjórn:** Til þess heyrir umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins og eftirlit með fjármálum allra fyrirtækja bæjarfélagsins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins og eftirlit með bókhaldi bæjar- sjóðs og bæjarfyrirtækja og með innheimtu gjalda. Bæjarráð skal ávísa öllum greiðslum úr bæjarsjóði, hafnarsjóði, vatns- og hitaveitusjóði og öðrum sjóð- um bæjarins.
- b) **Fasteignamál:** Bæjarráð hefur umsjón með öllum fasteignum bæjarins, svo sem húseignum, lóðum og jarðeignum. Það gerir tillögur um ráðstöfun þessara eigna og annast viðhald þeirra.
- c) **Framfærslumál:** Bæjarráð hefur með hendi stjórn allra framfærslumála í Ólafsfjarðarkaupstað. Bæjarráð stjórnar og elliheimili og barnaheimili bæjarins, ef slík fyrirtæki verða sett á stofn. Bæjarstjóri er jafnframt framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.
- d) **Brunamál:** Til þeirra teljast framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, skv. lögum og reglugerðum um brunamál og eftirlit með slökkviliði bæjarins.
- e) **Önnur mál:** Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í sam- þykktum þessum, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnarinnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum, sem henni sýnist, til bæjarráðs, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það samkvæmt fram- anskráðu. — Bæjarráð skal halda sérstakar gerðarbækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyra. — Starfsmenn hinna einstöku fyrirtækja bæjarins skulu ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

## 8. gr.

Hafnarnefnd skipa 3 menn og 3 til vara. Nefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, samkvæmt hafnarlögum Ólafsfjarðarkaup- staðar. Hún hefur auk þess eftirlit með innheimtu hafnargjalda.



## 9. gr.

Í kjörskrárnefnd eru kosnir 3 menn. Nefndin semur kjörskrá í samvinnu við bæjarstjórn í tæka tíð fyrir almennar kosningar.

## 10. gr.

Í stjórn Bókasafns Ólafsfjarðar skulu kosnir 3 menn. Stjórnin annast allan rekstur bókasafnsins samkvæmt sérstakri reglugerð þess.

## 11. gr.

Bæjarstjórn ræður alla starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, nema hún feli einstökum nefndum það með samþykkt eða reglugerðum, eða heimili í erindisbréfi einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmann. Allir starfsmenn skulu haga sér eftir reglum þeim, sem settar eru í samþykktum bæjarins og erindisbréfum þeirra.

## 12. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmd á málum þeim og ráðstöfunum, sem eru eigi öðrum falin og allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar.

## 13. gr.

Þær nefndir, sem fjármál hafa með höndum, skulu innan þess tíma, er bæjarstjóri tiltekur, senda bæjarráði frunvarp að áætlunum um tekjur og gjöld mála þeirra, er undir þær heyra, svo og tillögur um, hvernig fjárveitingu skuli varið.

## 14. gr.

Til þess að breyta samþykktum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn og samþykkt meiri hluta atkvæða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 91 30. apríl 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## S A M Þ Y K K T

### um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Siglufirði.

#### 1. gr.

Sölubúðum í Siglufirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendir varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

#### 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum og sölustöðum eigi lokað síðar en kl. 18, nema laugardaga, en þá skal lokað kl. 13, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera frá þessu undantekningar, sem nú skal greina:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24, svo og er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 22 einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól. Aðfangadag jóla skal eigi lokað síðar en kl. 12. Þriðja dag jóla skulu sölubúðir opnaðar kl. 10 árdegis. Á gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Laugardag fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Sölubúðir skulu vera lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst (frídagur verzlunarmanna), laugardaginn fyrir frídag verzlunarmanna og 1. desember skal sölubúðum lokað kl. 12 á háð.; 20. maí, þá er afmæli Siglufjarðar ber upp á 5 eða 10 ár, skulu sölubúðir vera lokaðar allan daginn.

#### 3. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari, skulu enn fremur vera þessar undantekningar:

Brauða- og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum og auk þess almenna helgidaga og þá daga, sem sölubúðir skulu vera lokaðar samkv. 2. gr., frá kl. 10 árdegis til kl. 12 á hádegi. Laugardaginn fyrir frídag verzlunarmanna skal lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Lokað skal vera á jóladag, nýársdag, páskadag, hvítasunnudag og frídag verzlunarmanna.

Ákvæði í 2. gr., um að halda megi búðum opnum til kl. 22 og 24 fyrir jól, tekur ekki til brauða- og mjólkurbúða.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða, þeim er þó eigi heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða nokkura þann varning, sem ekki má selja samkvæmt verzlunarleyfi.

#### 4. gr.

Bæjarráð getur leyft að vikið sé frá ákvæðum lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Verzlunir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
- b. Veitingastaði, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki

lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala á þessum stöðum má fara fram frá kl. 8—23.30 á virkum dögum og á helgum dögum frá kl. 15—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag, samkvæmt því sem segir í 4. gr.

Bæjarráð getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur hundið hann öllum þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með lögtaki.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nema úr sjálföldum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

## 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er. Heimilt er að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bifreiðum benzin og olíu.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir einstakar stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200.00—1000.00 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Siglufjarðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 39 16. marz 1961, um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Siglufirði.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## SAMÞYKKT

### um sýsluvegasjóð í Gullbringusýslu.

## 1. gr.

Í Gullbringusýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

**Grindavíkurreppur:**

1. Vegur í Þórkötlustaðahverfi.

**Hafnahreppur:**

1. Vegur frá Hafnavegi um aðalbyggð.
2. Vegur frá ishúsplani að bryggju og upp á Hafnaveg.

**Miðneshreppur:**

1. Hafurbjarnarstaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Hafurbjarnarstöðum.
2. Þóroddsstaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Þóroddsstöðum.

**Gerðahreppur:**

1. Efri-Gerðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Efri-Gerðum.
2. Miðhúsavegur:  
Af Útskálavegi að Miðhúsum.
3. Akurhúsavegur:  
Af Útskálavegi að Akurhúsum.
4. Meiðastaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Meiðastöðum.
5. Rafnkelsstaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Rafnkelsstöðum.
6. Bergsvegur:  
Af Vesturbraut í Keflavík að Bergsbyggð.

**Vatnsleysustrandarhreppur:**

1. Minni-Vatnsleysuvegur:  
Af Reykjanesbraut að Minni-Vatnsleysu.
2. Litlabæjarvegur:  
Af Reykjanesbraut að Litlabæ.
3. Þórustaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Þórustöðum.
4. Auðnavegur:  
Af Reykjanesbraut að Auðnum.
5. Narfakotsvegur:  
Af Reykjanesbraut að Narfakoti.
6. Brunnastaðavegur:  
Af Reykjanesbraut að Brunnastöðum.
7. Hafnavegur:  
Af Reykjanesbraut að Höfn í Vogum.
8. Vogagerðisvegur:  
Af Hafnavegi á Reykjanesbraut.
9. Græ nuborgarvegur:  
Af Reykjanesbraut að Græ nuborg.

**Garðahreppur:**

1. Hausastaðavegur:  
Af Garðavegi um Hausastaði að Hliðsnesi.
2. Setbergsvegur:  
Af Reykjanesbraut að Setbergi.

**Bessastaðahreppur:**

1. Hliðsvegur:  
Af Nesvegi um Skógtjörn að Hliði.
2. Breiðabólstaðavegur:  
Af Nesvegi um Akrakot að Breiðabólstað.

**3. gr.**

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

**4. gr.**

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

**5. gr.**

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

**6. gr.**

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaúptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

**7. gr.**

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

**8. gr.**

Í kaúptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

**9. gr.**

reglur og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

#### 7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi að öllu leyti.

#### 8. gr.

Í kaupþúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

#### 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tíma- bil og vegaaætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

#### 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

#### 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

#### 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 13 25. febrúar. 1960.

#### 14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T

### um sýsluvegasjóð í Kjósarsýslu.

#### 1. gr.

Í Kjósarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvega-áætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

#### 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

#### Mosfellshreppur:

1. Bringnavegur:  
Af Þingvallavegi að Bringum.
2. Helgadalsvegur:  
Af Þingvallavegi hjá Hraðastöðum að Helgadal.
3. Norðurreykjavegur:  
Af Þingvallavegi um Varmaland að Norðurreykjum.
4. Hrisbrúarvegur:  
Af Þingvallavegi að Hrisbrú.
5. Helgafellsvegur:  
Af Álafossvegi að Helgafelli.
6. Bjargarstaðavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Bjargarstöðum.
7. Blikastaðavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Blikastöðum.
8. Þormóðsdalsvegur:  
Af Reykjavegi að Þormóðsdal.
9. Álafossvegur:  
Af Vesturlandsvegi um Álafoss á Reykjaveg.

#### Kjalarneshreppur:

1. Tindstaðavegur ytri:  
Af Eyrarfjallsvegi að Tindstöðum ytri.
2. Norðurkotsvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Norðurkoti.

3. Melavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Melum.
4. Útkotsvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Útkoti.
5. Hjarðarnesvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Hjarðarnesi.
6. Dalsmynnisvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Dalsmynni.
7. Bakkavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Bakka.
8. Skrauthólavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Skrauthólum.
9. Saltvíkurvegur.  
Af Vesturlandsvegi að Saltvík.
10. Esjubergsvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Esjubergi.
11. Naustavegur:  
Af Vesturlandsvegi að Naustanesi.
12. Viðinesvegur:  
Af Vesturlandsvegi um Álfsnes að Viðinesi.
13. Norðurgrafarvegur:  
Af Kjalarnesvegi innri um Velli að Norðurgröf.
14. Varmadalsvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Varmadal.
15. Fitjakotsvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Fitjakoti.
16. Stardalsvegur:  
Af Þingvallavegi að Stardal.

**Kjósarhreppur:**

1. Brynjudalsvegur:  
Af Vesturlandsvegi við Brynjudalsá framhá Skorhaga um Þrándarstaði og Ingunnarstaði að Hrisakoti.
2. Fossárvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Fossá.
3. Hvammsvíkurvegur:  
Af Vesturlandsvegi að Hvammsvík.
4. Hvammsvegur:  
Af Hvammsvíkurvegi að Hvammi.
5. Hækingsdalsvegur I:  
Af Kjósarskarðsvegi að Hækingsdal I.
6. Hækingsdalsvegur II:  
Af Hækingsdalsvegi I að Hækingsdal II.
7. Írafellsvegur:  
Af Kjósarskarðsvegi að Írafelli.
8. Sandsvegur:  
Af Kjósarskarðsvegi að Sandi.
9. Flekkudalsvegur:  
Af Kjósarskarðsvegi um Grjóteyri að Flekkudal.
10. Káraneskotsvegur:  
Af Kjósarskarðsvegi að Káraneskoti.

11. Þorláksstaðavegur:  
Af Káraneskotsvegi um Hurðarbak að Þorláksstöðum.
12. Hjarðarholtsvegur:  
Af Kjósarskarðsvegi að Hjarðarholti.
13. Þúfuvegur:  
Af Eyrarfjallsvegi að Þúfu.
14. Eilífsdalsvegur:  
Af Eyrarfjallsvegi að Eilífsdal.

## 3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

## 4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins, 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

## 5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

## 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsund af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

## 8. gr.

Í kauptúnnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

## 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

## 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Kjósarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## S A M Þ Y K K T

## um sýsluvegasjóð í Rangárvallasýslu.

## 1. gr.

Í Rangárvallasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa. Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

**Djúpárhreppur:**

1. Nýjabæjarvegur:  
Af Þykkvabæjarvegi að sandgræðslugirðingu.
2. Bjóluhjáleiguvegur:  
Af Þykkvabæjarvegi um Bjólu að Bjóluhjáleigu.

**Ásahreppur:**

1. Kálfholtsvegur:  
Af Þjóðvegi hjá Fíflbrekku á Þjóðveg hjá Hamrahól.
2. Króksvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Króki.
3. Sumarliðabæjarvegur:  
Af Suðurlandsvegi hjá Sléttulandi um Sumarliðabæ, Fosshóla, Þjóðólfshaga á Landveg austan Þjóðólfshaga.
4. Efri-Hamravegur:  
Af Suðurlandsvegi vestan Steinslækjar að Efri-Hömrum.
5. Hárlaugsstaðavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Hárlaugsstöðum.
6. Berustaðavegur:  
Af Þykkvabæjarvegi að Berustöðum.
7. Framnesvegur:  
Af Þykkvabæjarvegi að Framnesi.
8. Selsvegur:  
Af Bugavegi um Bólstað að Seli.
9. Skarphéðinsbraut:  
Af Suðurlandsvegi um Þjórsártún að ípróttavelli Skarphéðins.

**Holtahreppur:**

1. Arnkötlustaðavegur:  
Af Þykkvabæjarvegi að Arnkötlustöðum.
2. Rauðalækjarvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Rauðalæk syðri.
3. Litlu-Tunguvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Litlu-Tungu.
4. Ölvesholtsvegur:  
Af Landvegi að Ölvesholti.
5. Hryggjavegur:  
Af Landvegi hjá Köldukinn á Árbæjarveg hjá Nónholti.
6. Puluvegur:  
Af Landvegi að Pulu.
7. Götuvegur í Holtum:  
Frá Laugalandi um Nefsholt að Götu.
8. Hvammsvegur í Holtum:  
Af Hagabraut að Hvammi.
9. Lýtingsstaðavegur:  
Af Hagabraut að Lýtingsstöðum.
10. Kaldárholtsgvegur:  
Af Hagabraut að Kaldárholti.
11. Guttormshagavegur:  
Af Hagabraut að Guttormshaga.



12. Þverlækjarvegur:  
Af Hagabraut að Þverlæk.
13. Akbrautarvegur:  
Af Þjóðvegi ofan Stúfholts að Akbraut, með hliðarálmu að Læk.

**Landmannahreppur:**

1. Holtsmúlavegur:  
Af Landvegi að Holtsmúla.
2. Hjallanesvegur:  
Af Landvegi að Hjallanesi.
3. Flagbjarnarholtsvegur:  
Af Landvegi um Heysholt að Flagbjarnarholti.
4. Vindásvegur á Landi:  
Af Landvegi um Minni-Velli að Vindási.
5. Hvammsvegur á Landi:  
Af Landvegi hjá Múla um Hellu að Hvammi.
6. Landréttavegur:  
Af Árbæjarvegi norðan við Bjallalæk um Hrólfssaðahelli, Húsagarð og Landréttir á Landveg vestan við Leirubakka.
7. Lunansholtsvegur:  
Af Árbæjarvegi að Lunansholti.
8. Seljavegur:  
Af Árbæjarvegi um Neðri-Sel að Efra-Seli.
9. Snjallsteinshöfðavegur:  
Af Árbæjarvegi að Snjallsteinshöfða.

**Rangárvallahreppur:**

1. Götur í Helluþorpi: 3500 metrar.
2. Helluvaðsbraut:  
Frá Hellu að Helluvaði.
3. Stokkalækjarvegur:  
Af Rangárvallavegi að Stokkalæk.
4. Reynisfellsvegur:  
Af Þjóðvegi á Keldum um Reynifell, Vatnsdal, Tungu, Tumastaði á Fljóts-  
hliðarveg innan Torfastaðagrófar.
5. Stóra-Hofsvegur:  
Af Rangárvallavegi að Stóra-Hofi.
6. Lambhagavegur:  
Af Suðurlandsvegi hjá Litlu Strönd að Lambhaga.
7. Hjarðarbrekkuvegur:  
Af Oddavegi að Hjarðarbrekku.
8. Langekruvegur:  
Af Oddavegi að Langekru.
9. Selalækjarvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Selalæk.
10. Varmadalsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Varmadal.
11. Kirkjubæjarvegur:  
Af Þjóðvegi hjá Strönd að Kirkjubæ.
12. Hróarslækjarvegur:  
Af Rangárvallavegi að Hróarslæk.

13. Reyðarvatnsvegur:  
Af Rangárvallavegi að Reyðarvatni.
14. Svínhagavegur:  
Af Þingskálavegi um brú á Selsundslæk á Heklubraut nálægt Haukadall, með álmum að Svínhaga.
15. Kaldbaksvegur:  
Af Svínhagavegi að Kaldbak.
16. Selsundsvegur:  
Af Heklubraut að Selsundi.
17. Haukadalsvegur:  
Af Heklubraut að Haukadall.
18. Ölduvaðsvegur:  
Af Heklubraut hjá Næfurholti um brú á Ytri-Rangá, á Fjallabaksveg nyrðri ofan Galtalækjar.
19. Fossvegur:  
Af Reynisfellsvegi að Fossi.

**Hvolhreppur:**

1. Götur á Hvolsvelli 3000 metrar.
2. Uppsálavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Uppsölum.
3. Vestri-Garðsaukavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Vestri-Garðsauka.
4. Götuvegur í Hvolhreppi:  
Af Fljótshlíðarvegi að Götu.
5. Nýbýlavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi um Nýbýlahverfi.
6. Þórunúpsvegur:  
Af Vallarvegi að Þórunúpi.
7. Markaskarðsvegur:  
Af Árgilsstaðavegi að Markaskarði.
8. Árgilsstaðavegur:  
Af Vallarvegi að Árgilssstöðum.
9. Langagerðisvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Langagerði.

**Fljótshlíðarhreppur:**

1. Flókastaðavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Flókastöðum.
2. Staðarbakkavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi um Lambey að Staðarbakka.
3. Sámssstaðavegur vestri:  
Af Fljótshlíðarvegi um neðri Sámssstaði að Efri-Sámssstöðum.
4. Sámssstaðavegur eystri:  
Af Fljótshlíðarvegi um neðri Sámssstaði að Efri-Sámssstöðum.
5. Torfastaðarvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Torfastöðum.
6. Stöðlakotsvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi um Kollabæ að Stöðlakoti.
7. Kvoslækjarvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Kvoslæk.
8. Lambalækjarvegur:  
Af Kvoslækjarvegi að Lambalæk.

9. Hellishólavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi um Bollakot að Hellishólum.
10. Grjótárvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi um Arngeirsstaði að Grjótá.
11. Butruvegur.  
Af Fljótshlíðarvegi að Butru.
12. Smáratúnsvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Smáratúni.
13. Teigsvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Teigi.
14. Heylækjarvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Heylæk.
15. Valstrýtuvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Valstrýtu.
16. Deildarvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Deild.
17. Hallskotsvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Hallskoti.
18. Barkastaðavegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Barkastöðum.
19. Innhlíðarvegur:  
Af Fljótshlíðarvegi að Fljótstal.
20. Rauðuskriðuvegur:  
Frá Dímonarvegi að Rauðuskriðum.

**Vestur-Landeyjahreppur:**

1. Fíflholtsvegur:  
Af Þjóðvegi hjá Gerðum um Hátún, Eystra-Fíflholt, Vestra-Fíflholt að Lækjarbakka á Þjóðveg norðan þess býlis.
2. Eyjavegur:  
Af Suðurlandsvegi hjá Hvítanesi um Ey, Berjanas að Stíflu.
3. Kálfsstaðavegur:  
Af Út-Landeyjavegi að Kálfsstöðum.
4. Forsætisvegur:  
Af Út-Landeyjavegi að Forsæti.
5. Bergþórshvolsvegur:  
Af Landeyjavegi syðri að Bergþórshvoli.
6. Krókvegur:  
Af Þúfuvegi um Skeggjastaði að Vestri-Tungu.

**Austur-Landeyjahreppur:**

1. Affallsvegur:  
Af Landeyjavegi syðri ofan Sléttubóls um Kanastaði á Þjóðveg norðan Voðmúlstaða.
2. Selsvegur:  
Af Þjóðvegi norðan Voðmúlstaða um Sel á Landeyjaveg syðri hjá Gunnarsbólma.
3. Hallgeirseyjavegur:  
Af Þjóðvegi við syðri Affallsbrú að Hallgeirseyjabæjum.
4. Krosssandsvegur:  
Frá Krossvegi austan Kross suður á sand.

5. Fagurhólsvegur:  
Frá Landeyjavegi syðri um Litlu-Hildisey að Fagurhóli.
6. Stóru-Hildiseyjavegur:  
Af Selsvegi að Stóru-Hildiseyjabæjum.
7. Snotruvegur:  
Af Landeyjavegi syðri um Skíðbakka að Snotru.
8. Ljótarstaðavegur:  
Af Landeyjavegi syðri að Ljótarstöðum.
9. Hólavatnsvegur:  
Af Hólmauvegi að Hólavatni.
10. Lækjarhvammsvegur:  
Af Landeyjavegi syðri að Lækjarhvammi.
11. Álftarhólsvegur:  
Af Landeyjavegi syðri að Álftarhóli.
12. Vatnahjáleiguvegur:  
Af Hólmabæjarvegi um Svanavatn að Vatnahjáleigu.

**Vestur-Eyjafjallahreppur:**

1. Bjarkalandsvegur:  
Af Hólmabæjarvegi að Bjarkalandi.
2. Steinmóðabæjarvegur:  
Af Hólmabæjarvegi að Steinmóðabæ.
3. Miðmerkurvegur:  
Af Þórsmerkurvegi að Mið-Mörk.
4. Syðstu-Merkurvegur:  
Af Þórsmerkurvegi að Syðstu-Mörk.
5. Neðra-Dalsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Neðra-Dal.
6. Fitjavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Fit.
7. Sauðhúsvallavegur:  
Af Suðurlandsvegi um Heimaland að Sauðhúsvelli.
8. Fornusandavegur:  
Af Sandhólmauvegi að Fornusöndum.
9. Hólavegur:  
Af Sandhólmauvegi um Efri-Kvíhólma og Efri-Hól að Syðri-Hóli.
10. Skálakotsvegur:  
Af Skálavegi að Skálakoti.
11. Vallnatúnsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Vallnatúni.
12. Dalsselsvegur:  
Af Hólmabæjarvegi að Dalsseli.

**Austur-Eyjafjallahreppur:**

1. Yztabælisvegur:  
Af Leirnavegi að Yztabæli.
2. Stóru-Borgarvegur:  
Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár að Stóru-Borg.
3. Laugarvegur:  
Af Raufarfellsvegi austan Lambafells að Seljavöllum.
4. Drangshlíðarvegur:  
Af Suðurlandsvegi hjá Drangnum að eystri býlinu í Drangshlíð.

5. Drangshlíðardalsvegur:  
Af Varnargarði að Drangshlíðardal.
6. Eystri-Skógavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Eystri-Skógum.

## 3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega, sbr. þó 9. gr. l. nr. 71/1963.

## 4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamanna-  
vinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

## 5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

## 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðar-  
hluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu regl-  
um og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýslu-  
vegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi. Vegaskattur skal nema 6 af þús-  
undi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og  
lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 7. gr.

Undanskildar vegaskattli samkvæmt 23. gr., eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús,  
þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar,  
að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýslu-  
vegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

## 8. gr.

Í kauptúninum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvega-  
sjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan  
hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

## 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama  
tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun  
í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til sam-  
þykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana.  
Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

## 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur  
undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu  
regjur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig áætlun um tekjur  
sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hlið-  
sjón af staðfestri sýsluvegaáætlun. Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo  
og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að lokn-  
um sýslufundi.

## 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Rangárvallasýslu, nr. 43 9. marz 1953 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**S A M Þ Y K K T****um sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu.**

## 1. gr.

Í Austur-Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa. Sýsluvegur skal aldrei teljast nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

**Bæjarhreppur:**

1. Syðri-Fjarðavegur:  
Af Austurlandsvegi að Syðra-Firði.
2. Efri-Fjarðavegur:  
Af Austurlandsvegi að Efri-Firði.
3. Volaselsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Volaseli.
4. Þórisdalsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Þórisdal.

**Nesjahreppur:**

1. Dilksnesvegur:  
Af Austurlandsvegi að Dilkanesi.

2. Svínafellsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Svínafelli.
3. Miðfellsvegur:  
Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
4. Setbergsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Setbergi.
5. Stóruhágarvegur:  
Af Austurlandsvegi að Stóruhágar.
6. Stapavegur:  
Af Austurlandsvegi að Stapa.
7. Meðalfellsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Meðalfelli.
8. Skilaréttarvegur:  
Af Meðalfellsvegi að Skilarétt.
9. Þinganesvegur:  
Af Austurlandsvegi að Þinganesi.
10. Sauðanesvegur:  
Af Þinganesvegi að Sauðanesi.

**Mýrahreppur:**

1. Einholtsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Einholti.
2. Borgarvegur:  
Af Austurlandsvegi að Borg.
3. Digurholtsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Digurholti.
4. Stóra-Bólsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Stóra-Bóli.
5. Holtaselsvegur:  
Af Rauðabergsvegi að Holtaseli.

**Borgarhafnarhreppur:**

1. Borgarhafnarvegur:  
Af Austurlandsvegi að Borgarhöfn.
2. Brunnavegur:  
Af Austurlandsvegi að Brunnnum.
3. Reynivallavegur:  
Af Austurlandsvegi að Reynivöllum.
4. Vagnsstaðavegur:  
Af Austurlandsvegi að Vagnsstöðum.
5. Smyrlabjargarvegur:  
Af Austurlandsvegi að Smyrlabjörgum.
6. Skálafellsvegur (vesturbær):  
Af Austurlandsvegi.
7. Skálafellsvegur (austurbær):  
Af Skálafellsvegi (vesturbær).
8. Kálfafellsvegur:  
Af Austurlandsvegi að Kálfafelli.

**Hofshreppur:**

1. Hofskotsvegur:  
Af Hofsvégi að Hofskoti,

## 3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

## 4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri varkamanna-vinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

## 5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkv. 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

## 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

## 8. gr.

Í kaupþúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

## 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ári í senn og miða hana við sama tímabil og vegáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Óðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

## 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.



## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu nr. 9 5. febrúar 1959.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**SAMÞYKKT****um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu.**

## 1. gr.

Í Vestur-Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í sambandi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

**Hörgslandshreppur:**

1. Núpsstaðavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Núpsstað.
2. Blómsturvallavegur:  
Af Suðurlandsvegi austan Brúarár um Kálfafellskot að Blómsturvöllum.
3. Mariubakkavegur:  
Af Suðurlandsvegi að Mariubakka.
4. Hvolsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Hvoli.
5. Núpavegur:  
Af Suðurlandsvegi, austan Brunnár að Núpum.
6. Seljalandsvegur:  
Af Suðurlandsvegi, austan Hverfisfljóts að Dalshöfða.
7. Hrunavegur:  
Af Suðurlandsvegi, vestan Eldvatns um Teigingalæk að Hruna.
8. Þverárvegur:  
Af Suðurlandsvegi, austan Þverárvatns að Þverá.

9. Brunasandsvegur:  
Af Suðurlandsvegi, austan Fossála um Hraunból að Sléttabóli.
10. Hörgsdalsvegur:  
Af Suðurlandsvegi vestan Hörgsár að Hörgsdal.
11. Prestbakkakotsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Prestbakkakoti.

#### Kirkjubæjarhreppur:

1. Merkurvegur:  
Af Þjóðveginum móts við Geirland að Geirlandi og Mörk.
2. Ytri-Tunguvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti um Eystri-Tungu að Ytri-Tungu.
3. Ásgarðsvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Ásgarði.
4. Hátúnavegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Hátúnum.
5. Efri-Víkurvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Efri-Vík.
6. Eystri-Dalbæjarvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Eystri-Dalbæ.
7. Sólheimavegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Sólheimum.
8. Fagurhlíðarvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Fagurhlíð.
9. Hraunkotsvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Hraunkoti.
10. Þykkvabæjarvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Þykkvabæ II og III.
11. Seglbúðavegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti ag Seglbúðum.
12. Ytra-Hraunsvegur:  
Af Meðallandsvegi í Landbroti að Ytra-Hrauni.
13. Arnardrangsvegur:  
Af Meðallandsvegi, sunnan við Jónskvísl í Landbroti um Fossa að Arnardranga.
14. Vegir frá Kirkjubæjarklaustri:  
Að læknisbústað og prestssetri.
15. Hólmsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Hólmi.
16. Ytri-Dalbæjarvegur:  
Af Holttsvegi að Ytri-Dalbæ.
17. Hunkubakkavegur:  
Af Holttsvegi ofan Skaftár að Hunkubökkum.
18. Heiðarselsvegur:  
Af Holttsvegi að Heiðarseli.
19. Skálarvegur:  
Af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Skál.

#### Leiðvallarhreppur:

1. Syðri-Steinsmýrarvegur:  
Af Meðallandsvegi að Syðri-Steinsmýri I.
2. Hnausavegur:  
Af Meðallandsvegi að Hnausum.

3. Lyngavegur:  
Af Langholtskirkjuvegi að Lyngum.
4. Efri-Eyjarvegur:  
Af Meðallandsvegi um Efri-Ey II að Efri-Ey III.
5. Sandaselsvegur:  
Af Suður-Meðallandsvegi hjá Strönd að Sandaseli.
6. Botnavegur:  
Af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Botnum.

**Skafártunguhreppur:**

1. Svínadalsvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Svínadal.
2. Hlíðarvegur:  
Af Búlandsvegi að Hlíðarbæjum.
3. Borgarfellsvegur:  
Af Ljótastaðavegi að Borgarfellsbæjum.
4. Ljótastaðavegur:  
Af þjóðvegi ofan Tungufljóts að Ljótastöðum.
5. Snæbýlisvegur:  
Af þjóðvegi ofan Tungufljóts að Snæbýli.
6. Hemruvegur:  
Af Suðurlandsvegi við Tungufljót að Hemru.

**Álftavershreppur:**

1. Skálmarbæjarvegur:  
Af Álftaversvegi að Skálmarbæ.
2. Mýrnavegur:  
Af Álftaversvegi vestan Mýrnahjáleigu að Mýrum.
3. Hraungerðisvegur:  
Af Álftaversvegi að Hraungerði.
4. Þykkvabæjarklaustursvegur:  
Af Álftaversvegi að Þykkvabæjarklaustri II.

**Hvammshreppur:**

1. Höfðabrekkuvegur:  
Af Kerlingardalsvegi ofan Kerlingardalsár um Reynisbrekku að Höfðabrekku.
2. Kerlingardalsvegur:  
Af þjóðvegi að Kerlingardal.
3. Norður-Víkurvegur:  
Af Suðurlandsvegi við Víkurá um Suður-Vík að Norður-Vík.
4. Fossbæjavegur:  
Af Reynishverfisvegi að Suður-Fossi.
5. Hvammsbæjarvegur:  
Af Suðurlandsvegi um Suður-Hvamm að Norður-Hvammi.
6. Dalabæjarvegur:  
Af Suðurlandsvegi við Skaganes að Stóra-Dal með álmu að Neðra-Dal.
7. Kaldrananesvegur:  
Af Suðurlandsvegi við Brandlæk að Kaldrananesi.

**Dyrhólahreppur:**

1. Brekknavegur:  
Af Suðurlandsvegi, vestan Kaldrananes að Ási.

2. Garðakotsvegur:  
Af Dyrhólavegi að Garðakoti.
3. Dyrhólavegur:  
Af Dyrhólavegi (þjóðv.) að Dyrhólum.
4. Hvalsvegur:  
Af Suðurlandsvegi, sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
5. Steigarvegur:  
Af Suðurlandsvegi að Steig.
6. Fellsvegur.  
Af Suðurlandsvegi, austan við Pétursey um Fell að Álftagróf.
7. Eystri-Sólheimavegur:  
Af Suðurlandsvegi, vestan Péturseyjar að Eystri-Sólheimum.
8. Sólheimahjáleiguvegur:  
Af Ytri-Sólheimavegi að Sólheimahjáleigu.

### 3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

### 4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember, hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

### 5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

### 6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

### 7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

### 8. gr.

Í kauptúnnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalds renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

### 9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

## 10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngrri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu nr. 66 frá 29. marz 1950.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

## um umferð á Sauðárkróki.

Að fengnu samþykki bæjarstjórnar Sauðárkróks hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958:

## 1. Hámarkshraði.

Hámarkshraði hefur verið ákveðinn 35 km á klst. innan kaupstaðarins. Þó er leyfður 45 km hámarkshraði á klst. á ca. 200 metra köflum yzt á vegum, sem liggja út úr kaupstaðnum.

## 2. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Aðalgötu og Skagfirðingabraut. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 7. október 1964.*

**Jóh. Salberg Guðmundsson.**

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veiðifélagið Búrfell.

1. Félagið heitir Veiðifélagið Búrfell. Heimili þess og varnarþing er í Neshreppi utan Ennis, Snæfellsnesssýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hólmkelsá og vatnasvæði hennar, en þær eru: Sveinsstaðir, Vaðstakksheiði, Foss, Skarð, Þæfusteinn og Kjalvegur.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagskrár, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Fróðárhreppi í Snæfellsnessýslu.**

Fasteignaskatt í Fróðárhreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1964.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Nr. 245.

3. nóvember.

**SAMÞYKKT****um breyting á samþykktum nr. 63 29. apríl 1960 fyrir Sparisjóð vélstjóra.**

1. gr.

12. gr. samþykktanna orðist svo:

Í marzmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og til hans boðað með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu með minnst hálf mánaðar fyrirvara, svo og minnst í fjórum dagblöðum daginn fyrir fundinn.

Skulu þá lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á eða minnst þrjátíu ábyrgðarmenn æskja þess skriflega.

Einstökum ábyrgðarmönnum er heimilt að fara með atkvæði annarra á fundi, þó þannig að hver hafi mest 10 — tíu atkvæði. Fundur er lögmætur þegar til hans hefur verið boðað samkvæmt fyrstu málsgrein. Ekki geta aðrir farið með atkvæði á fundum sparisjóðsins en ábyrgðarmenn hans. Skulu umboð vera skrifleg og undirrituð af viðkomandi. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má ekki gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á löglegum fundi samþykki, lagabreytinga hafi verið getið í fundarboði og þær legið frammi til sýnis á skrifstofu sparisjóðsins í viku fyrir aðalfund.

Framanrituð samþykktabreyting staðfestist hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 3. nóvember 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi,  
nr. 63 29. marz 1963.

Á eftir 1. málsgrein auglýsingar nr. 63 29. marz 1963 komi svo hljóðandi ný málsgrein:

Undanþegnir ákvæði 1. mgr. skulu vera umsækjendur, sem fyrir læknapróf hafa gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni, en þó aðeins þann tíma, sem þeir hafa gegnt störfunum, og því aðeins að þjónustan hafi á sínum tíma verið metin brýn af landlækni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. nóvember 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

11. nóvember.

Nr. 247.

**Staðfesting** forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. nóvember 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga, sem hlut áttu að stofnun H/f Eimskipafélags Íslands. Stofnendur teljast allir þeir, er afhenda sjóðnum gjafir fyrir árslok 1966.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands, svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólana eftir ákvörðun háskólaráðs.

4. gr.

Stofneign sjóðsins nú er kr. 342000.00. Er stofneignin öll í hlutabréfum H/f Eimskipafélags Íslands að nafnverði kr. 342000.00.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.



Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Stjórnarformaður H/f Eimskipafélags Íslands, varaformaður og forstjóri félagsins. Fjórdi stjórnarmanninn tilnefna stofnendur úr sínum hópi. Getur hann falið manni, búsettum á Íslandi, að fara með atkvæði sitt á fundum sjóðsstjórnar.

Eftir lán stofnenda skal stjórn sjóðsins skipuð þeim þrem mönnum, er fyrstir er nefndir hér að framan.

## 6. gr.

Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxta fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra, er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur H/f Eimskipafélags Íslands.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Eimskipafélagsins. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

## 7. gr.

Meðan í gildi eru ákvæði samþykkja H/f Eimskipafélags Íslands um tilnefningu og kjör af hálfu vestur-íslenzkra hluthafa í stjórn félagsins, skal atkvæðisréttur, er fylgir hlutabréfum, er sjóðurinn hefur hlotið að gjöf frá mönnum, búsettum í Vesturheimi, vera í höndum gefenda eða þeirra, er þeir hafa falið að fara með atkvæði.

Við lát gefenda fellur þessi atkvæðisréttur til stjórnar sjóðsins, er fær að öllu leyti sama atkvæðisrétt sem vestur-íslenzkir hluthafar.

Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrr en gefandi er látinn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. nóvember 1964.

Grettir Eggertsson

(í umboði fyrstu stofnenda).

Nr. 248.

## VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

### Rekstrarreikningur ársins 1963.

#### Gjöld:

Rekstrarreikningur bankans .....	kr.	9722036.66
Greiddir vextir .....	—	22635848.98
Afskriftir:		
Fasteignir .....	kr.	300000.00
Áhöld og innréttingar .....	—	1056671.45
		1356671.45
Lagt í varasjóð .....	—	1042048.54
		<hr/>
	Kr.	34756605.63

## Tekjur:

Forvextir .....	kr. 20678529.82
Vextir af bankainnstæðum og verðbréfum .....	— 4093735.80
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings .....	— 5535148.78
Áfallnir ógreiddir vextir .....	— 1812923.50
Aðrar tekjur .....	— 2636268.73

---

 Kr. 34756605.63

## Eignir:

Fasteignir .....	kr. 5600000.00
Áhöld og innanstokksmunir .....	— 5700000.00
Ógreitt hlutafé .....	— 1241500.00
Verðbréf .....	— 25274547.47
Víxlar .....	— 234821230.69
Skuld í hlaupareikningi .....	— 63638974.08
Ógreiddir vextir .....	— 1812923.50
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	— 2660800.00
Ýmsir skuldunautar .....	— 2369178.46
Innstæða í Seðlabanka á bundnum reikningi .....	— 57445275.50
Innstæður í bönkum .....	— 5816565.48
Sjóður .....	— 4537874.95

---

 Kr. 410918870.13

## Skuldir:

Hlutafé .....	kr. 12200000.00
Varasjóður .....	— 5206191.94
Veðskuldir vegna fasteigna .....	— 191326.93
Innstæður í sparisjóði .....	— 329062128.44
Innstæður í hlaupareikningi .....	— 58385393.75
Fyrirfram greiddir vextir .....	— 2825960.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	— 2660800.00
Ýmsir kröfuhafar .....	— 387069.07

---

 Kr. 410918870.13

Reykjavík, 10. janúar 1964.

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1963 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir bankans af víxlum, svo og að verðbréf og aðrar eignir hans eru fyrir hendi.

Reykjavík, 11. marz 1964.

*Jón Helgason.*
*Pétur Pétursson.*
*Sveinn Björnsson.*

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1963 hefur bankaráðið samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 13. marz 1964.

*Egill Guttormsson.*
*P. Guðmundsson.*
*Magnús J. Brynjólfsson.*

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur ljósmóður frá Kóngsbakka 1963.

## Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári .....	kr. 25511.59
2. Innlagt .....	— 100.00
3. Vextir 1963 .....	kr. 2163.74
4. Úttekið $\frac{1}{2}$ vextir .....	— 1081.87
	— 1081.87

Kr. 26693.46

## Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands 1. jan. 1964 .....	kr. 26693.46
---	--------------

Kr. 26693.46

Ytri-Kóngsbakka, 10. sept. 1964.

Haukur Sigurðsson.      Sigurborg Magnúsdóttir.      Aðalheiður Bjarnadóttir.

30. október.

427

Nr. 250.

## REGLUR

### um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

#### 1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, skulu ná til allra íslenzkra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó, innan þeirra bannsvæða, sem samþykktin ákveður.

#### 2. gr.

Oliustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökví til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um oliustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á.

#### 3. gr.

Skipaskoðunarstjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal hann hafa samráð við oliufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýraverndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

#### 4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum ákvæðum.

#### 5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 101 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um barnavernd á Patreksfirði.

#### 1. gr.

Á Patreksfirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannaferi eftir kl. 9 að kvöldi á tímabilinu 1. október til 1. maí og eftir kl. 11 að kvöldi á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd foreldra sinna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjón þeirra.

#### 2. gr.

Bannað er börnum innan 12 ára aldurs að vera á bryggjum og í bátum, sem liggja við þær.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við hafnargarða, nema í fylgd forráðamanna.

#### 3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum veitingastofum, sælgætis- eða tóbaksbúðum eftir kl. 9 að kvöldi, nema í fylgd foreldra eða annarra forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái þar eigi óheimilan aðgang.

#### 4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglingarnir eru meðlimir í, svo og dansleikjum skólafélaga.

Undanþágu frá þessu ákvæði getur barnaverndarnefnd (skólanefnd) veitt, að því er varðar jólatrésdansleiki barna og unglunga og almenna árshátíð barna- og unglungaskóla, sé um það sótt af forráðamönnum slíkra skemmtana.

#### 5. gr.

Að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og öðrum almennum skemmtunum er börnum og unglingum óheimill aðgangur á tímabilinu 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða öðrum forráðamönnum.

#### 6. gr.

Bannað er að selja unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það um hönd.

#### 7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. l. nr. 29/1947, um vernd barna og unglunga, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1964.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Árni Gunnarsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kvenfélagsins Líknar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóvember 1964. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kvenfélagsins Líknar.

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Kvenfélagsins Líknar. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Halldór heitinn Gunnlaugsson lækni, sem var stofnandi félagsins, og um látnar félagskonur í Kvenfélaginu.

### 2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Kvenfélagið Líkn, Vestmannaeyjum.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf, sem Kvenfélagið Líkn hefur lagt fram, að fjárhæð kr. 20000.00.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms hjúkrunar- eða ljósmóðurnema á síðasta námsári, eða hjúkrunarkonu til framhaldsnáms. Styrkþegar eru bundnir þeim skilyrðum að starfa við fag sitt í Vestmannaeyjum, minnst 6 mánuði að námi loknu.

### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru dánar- og minningargjafir, áheiti og aðrar gjafir, svo og vextir.

### 6. gr.

Stofnfé sjóðsins, skv. 3. gr., er ekki heimilt að skerða, en allt að öllum tekjum sjóðsins skv. 5. gr., er heimilt að verja skv. 4. gr.

### 7. gr.

Stjórn Kvenfélagsins Líknar hefur sjóðstjórn á hendi og sér um styrkveitingar. Tveir endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 8. gr.

### um söluskattsskírteini.

Ákveðið hefur verið, að heimildarskírteini samkv. 11. gr. laga nr. 10/1960, sem skattstjórar hafa gefið út eða endurnýjað til að gilda á árinu 1964, skuli einnig gilda á árinu 1965 án sérstakrar endurnýjunar af hálfu skattstjóra. Þetta gildir þó ekki, ef fyrirtæki ber að tilkynna um breytingu á starfsháttum eða heimilisfangi, sbr. 11. gr. nefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1964.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Tómas Gunnarsson.*

31. desember.

Nr. 282.

## AUGLÝSING

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. nóv. 1964 og innheimta á árinu 1965 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

**REIKNINGUR****Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1963.  
(Bráðafúadeild.)****Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1963.****Gjöld :**

Uppgerð tjón á árinu .....	kr. 22359063.04	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum .....	— 11581367.00	
		kr. 33940430.04
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum ...	— 15897568.00	
		kr. 18042862.04
Rekstrarkostnaður .....	— 631075.49	
Afskrifað af áhöldum 12% af kr. 80070.30 .....	— 9608.44	
		kr. 18683545.97

**Tekjur :**

Iðgjöld .....	kr. 15625771.50
Vaxtatekjur .....	— 63212.62
Rekstrarhalli .....	— 2994561.85
	kr. 18683545.97

**Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1963.****Eignir :**

Sjóður .....	kr. 7901.59
Innstæða á sparisjóðsbók .....	— 41164.49
Innstæða á hlr. 1807 við Verzlunarbancann .....	— 346847.67
Innstæða á hlr. 15 við Landsbanka Íslands .....	— 21222.51
	kr. 417136.26
Vixileign .....	— 2201.71
Útistandandi skuldir .....	— 20546592.74
Fúavarnaefni .....	— 31516.05
Skrifstofuáhöld .....	kr. 80070.30
Afskrifað 1963 .....	kr. 9608.44
Afskrifað áður .....	— 2683.62
	— 12292.06
	— 67778.24
	kr. 21065225.00

**Skuldir :**

Skuldheimtumenn .....	kr. 4565539.61
Ógreiddur söluskattur .....	— 511006.67
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum .....	kr. 11581367.00
Greitt upp í óuppgerð tjón .....	— 2264212.22
	— 9317154.78

Höfuðstóll 31. desember 1962 .....	kr. 9606085.79	
Rekstrarhalli 1963 .....	— 2994561.85	
		kr. 6611523.94
		<b>Kr. 21065225.00</b>

**Páll Sigurðsson.**

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. desember 1963 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað. Sjóðseign og bankainnstæður hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 20. ágúst 1964.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

*Árni Björnsson.*

*Kristján Sigtryggsson.*

**SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.**

**REIKNINGUR**

**Rekstrarreikningur árið 1963.**

**Gjöld:**

Rekstrarkostnaður .....	kr. 3907061.65
Vextir af innstæðufé .....	— 9714802.79
Fyrningar .....	— 257415.13
Lagt í varasjóð .....	— 709919.05
	<b>Kr. 14589198.62</b>

**Tekjur:**

Vextir .....	kr. 14112725.55
Aðrar tekjur .....	— 476473.07
	<b>Kr. 14589198.62</b>

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1963.**

**Eignir:**

Skuldabréf fyrir lánnum .....	kr. 33933409.15
Vixlar .....	— 53020915.43
Lán í hlaupareikningi .....	— 62280414.42
Innstæða á Seðlabanka .....	— 27428418.51
Ógreiddir vextir .....	— 2069757.89
Húsbúnaður og innréttingar .....	— 3121000.00
Aðrar eignir .....	— 1601853.26
Sjóður .....	— 2247059.43
	<b>Kr. 185702828.09</b>



Skuldir:	
Hlutfé .....	kr. 10201000.00
— þar af ókrafð .....	— 4868750.00
<hr/>	
Varasjóður .....	kr. 5332250.00
Innstæður í sparisjóði .....	— 2496222.40
Innstæður í hlaupareikningi .....	— 149971521.54
Fyrirfram greiddir vextir .....	— 26949670.59
Ýmsar skuldir .....	— 617871.61
	— 335291.95
	<hr/>
	Kr. 185702828.09

Reykjavík, 10. janúar 1964.

**Einar Ágústsson. Einar S. Einarsson.**

Framanskráðan rekstrarreikning ársins 1963 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1963 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Reykjavík, 31. marz 1964.

*Ólafur Jóhannesson. Halldór E. Sigurðsson. Ásgeir G. Jóhannesson.*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 21. apríl 1964.

**Erlendur Einarsson. Hjörtur Hjartar. Vilhjálmur Jónsson.**

Nr. 285.

## SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.

Efnahagsyfirlit 30. júní 1964.

Skuldir:	
Skuldabréf fyrir lánum .....	kr. 38429038.75
Víxlar .....	— 69276799.54
Lán í hlaupareikningi .....	— 74920798,19
Innstæða í Seðlabanka .....	— 35412204.55
Ógreitt hlutfé .....	— 4853750.00
Ábyrgðatryggingar .....	— 3444000.00
Innréttingar o. fl. ....	— 4216358.41
Ýmislegt .....	— 10508124.29
Sjóður .....	— 5918555.01
	<hr/>
	Kr. 246979628.74
Eignir:	
Hlutfé .....	kr. 10201000.00
Varasjóður .....	— 2496222.40
Innstæður í sparisjóði .....	— 191451661.56
Innstæður í hlaupareikningi .....	— 30765113.52
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	— 3444000.00
Ýmislegt .....	— 8621631.26
	<hr/>
	Kr. 246979628.74

# VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Efnahagur 30. júní 1964.

## Eignir:

Fasteignir .....	kr. 28390000.00
Áhöld og innanstokksmunir .....	— 6032746.65
Verðbréf .....	— 34237995.66
Ógreitt hlutafé .....	— 660000.00
Víxlar .....	— 238504082.90
Skuld í hlaupareikningi .....	— 67592219.20
Ógreiddir vextir .....	— 1812923.50
Ýmsir skuldunautar .....	— 2461298.01
Rekstrarkostnaður .....	— 4925904.04
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða .....	— 2660800.00
Innstæða í Seðlabanka á bundnum reikningi .....	— 62469275.50
Innstæður í bönkum .....	— 5925205.32
Sjóður .....	— 10736150.42

Kr. 466408601.20

## Skuldir:

Hlutafé .....	kr. 12200000.00
Varasjóður .....	— 5206191.94
Veðskuldir vegna fasteigna .....	— 13981326.93
Innstæður í sparisjóði .....	— 354569592.17
Innstæður í hlaupareikningi .....	— 57951849.87
Fyrirfram greiddir vextir .....	— 2825960.00
Forvextir af víxlum .....	— 11460047.77
Vextir af yfirdrætti í hlaupareikningi .....	— 3237926.60
Aðrar vaxtatekjur .....	— 594594.98
Ýmsar tekjur .....	— 1331831.21
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	— 2660800.00
Ýmsir kröfuhafar .....	— 388569.73

Kr. 466408601.20

Nr. 287

## REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1963.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1963.

### Gjöld:

#### I. Vélbátaflotinn:

Uppgerð tjón .....	kr. 50617472.48
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppperð- um tjónum .....	— 28094560.79

Kr. 78712033.27

÷ hluti endurtryggjenda .....

— 48614557.91

kr. 30097475.36

II. Skip Landhelgisgæzlunnar:			
Uppgerð tjón .....	kr.	7295.52	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum .....	—	7866235.00	
	Kr.	7873530.52	
÷ hluti endurtryggjenda .....	—	7669561.12	
			kr. 203969.40
III. Tjón strandferðaskipa .....	kr.	109469.88	
÷ hluti endurtryggjenda og til vara frá fyrra ári .....	—	93662.71	
			— 15807.17
IV. Rekstrarkostnaður .....	kr.	1929781.15	
Aðstöðugjald .....	—	275000.00	
	Kr.	2204781.15	
÷ þátttaka Bráðafúadeildar .....	—	332198.76	
			— 1872582.39
Gengistap .....			— 86898.63
V. Afskriftir:			
Skrifstofuáhöld 8% af kr. 340985.57 .....	kr.	27278.85	
Björgunaráhöld 20% af kr. 339897.29 .....	—	67979.46	
			— 95258.31
			Kr. 32371991.26

## Tekjur:

I. Vélbátaflotinn:			
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr.	28257907.11	
÷ hluti endurtryggjenda .....	—	18607584.18	
	Kr.	9650322.93	
2. Iðgjöld .....	kr.	57236035.39	
÷ hluti endurtryggjenda og til vara til næsta árs	—	42084026.76	
			— 15152008.63
			kr. 24802331.56
3. Umboðslaun .....			— 5070247.55
II. Skip Landhelgisgæzlunnar:			
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr.	493316.00	
÷ hluti endurtryggjenda .....	—	484535.00	
	Kr.	8781.00	
2. Iðgjöld .....	kr.	3354661.06	
÷ hluti endurtryggjenda	—	3301438.80	
			— 53222.26
			— 62003.26
3. Umboðslaun .....			— 517282.87
III. Vaxtatekjur .....			— 399013.00
IV. Rekstrarhalli .....			— 1521113.02
			Kr. 32371991.26

## Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1963.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr. 122341.44	
Innstæða á hlaupareikningum .....	— 2989970.94	
Sparisjóðsinnstæður .....	— 6175844.35	
		kr. 9288156.73
II. Útistandandi skuldir .....	— 52903723.92	
III. Verðbréfaeign .....	— 300000.00	
IV. Fyrir fram greidd húsaleiga .....	— 51310.08	
V. Skrifstofuáhöld o. fl. ....	kr. 340985.57	
÷ afskrifað pr. 31. desember 1963 .....	— 192749.97	
		— 148235.60
VI. Björgunaráhöld .....	kr. 339897.29	
÷ afskrifað 31. desember 1963 .....	— 192159.15	
		— 147738.14
		<hr/>
		Kr. 62839164.47

## Skuldir:

I. Stofnfé rikissjóðs .....	kr. 2000000.00	
II. Skuldheimtumenn .....	— 22349879.07	
III. Ógreiddur söluskattur .....	— 147967.37	
IV. Ógreiddur kostnaður .....	— 20556.45	
V. Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum:		
Vélbátaflotinn fyrir tjónum .....	kr. 28094560.79	
Vélbátaflotinn fyrir iðgjöldum .....	— 8550000.00	
Skip Landhelgisgæzlunnar .....	— 7866235.00	
		kr. 44510795.79
÷ hluti endurtryggjenda .....	— 29656297.59	
		— 14854498.20
VI. Höfuðstóll 31. janúar 1962 .....	kr. 24987376.40	
Rekstrarhalli 1963 .....	— 1521113.02	
		— 23466263.38
		<hr/>
		Kr. 62839164.47

## Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. desember 1963 er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sjóðseign, sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður og verðbréfaeign hafa verið sannreynðar.

Reykjavík, 20. ágúst 1964.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

---

*Kristján Sigtryggsson.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna  
í Reykjavík 1963.

### Tekjur:

1. Sjóður frá f. ári .....	kr.	245391.65
2. Árgjöld frá félögum .....	—	12117.00
3. Styrkur úr borgarsjóði .....	—	20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði .....	—	10000.00
5. Vextir á árinu .....	—	15185.76

Kr. 302694.41

### Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu .....	kr.	49900.00
2. Ýmis gjöld .....	—	357.65
3. Sjóður:		
a. Skuldabréf Hitaveitu .....	kr.	52000.00
b. — Byggingarsjóðs verkamanna .....	—	15000.00
c. — H-B visitólubréf .....	—	56000.00
d. — Alþýðuhúss Reykjavíkur hf. ....	—	21000.00
e. — — — — — .....	—	45000.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	2099.35
g. — í Landsb. Íslands og í vörzlu gjaldk. ....	—	61337.41

— 252436.76

Kr. 302694.41

Reykjavík, 25. febrúar 1964.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephenson.

Jóna Guðjónsdóttir.

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athugavert.

*Alfreð Guðmundsson.*

*Óskar Guðnason.*

# HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

## I. KAFLI

### Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörur, frá Hornafjarðarósi inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða. Þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns, austur á Heppu. Þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan í austasta tanga hennar. Frá Ægissíðu eru takmörkin beina línu austast í Mikley og út í Austurfjörur og eftir Austurfjörum vestur að Hornafjarðarósi.

## II. KAFLI

### Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála undir stjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

#### 3. gr.

Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefnd á sama hátt og aðrar fastanefndir. Varamenn eru jafnmargir. Nefndin kys sér sjálf formann.

Hafnarnefnd annast alla framkvæmd hafnarmála og hefur á hendi eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur og stýrir framkvæmdum. Hún annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil f. h. hreppsnefndar og sér um að reikningar hafnar-sjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs.

#### 4. gr.

Hafnarnefnd ræður starfsmenn hafnarinnar.

Allar meiri háttar ákvarðanir hafnarnefndar, er varða fjármál hafnarinnar, skal senda hreppsnefnd til fullnaðar afgreiðslu.

## III. KAFLI

### Um almenna reglu.

#### 5. gr.

Höfnin merkir í kafla þessum allt hafnarsvæðið.

#### 6. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, eða þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu, eða hafa umsjón með höfninni.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd eða hreppsnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

#### 7. gr.

Þeim, sem ekkert erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tefja fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Einnig má banna þeim umferð um hafnarsvæðið.

## 8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum, og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfimrar vöru.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisoliu eða annað, sem eldhætta getur stafað af í skipum í höfninni eða landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar.

Benzín og tómar benzintunnur eða önnur eldfim efni má ekki geyma á bryggjum eða við höfnina.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

## 9. gr.

Bannað er að kasta í höfnina úrgangsolíu, kjölfestu, fiski, fiskúrgangi, vírum, tógum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarnefndin vísar til.

Í landi hafnarinnar má ekki taka kjölfestu, grjót eða sand nema með leyfi hafnarnefndar.

## 10. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, eða framkvæma viðgerðir á eldri-skipum, eða leggja skipum í fjörur hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hún setur.

## IV. KAFLI

## Um hafnsögu og legu skipa í höfninni.

## 11. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

## 12. gr.

Hvert það skip, sem ætlar til hafnarinnar og nota vill hafnsögumann, skal gera um það boð til hafnsögumanns, eða skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið út fyrir Hornafjarðarós, eða þangað, sem fært þykir vegna veðurs eða annarra ástæðna, að dómi hafnsögumanns. Vísar þá hafnsögumaðurinn skipinu leið til hafnar og má ekki yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar í höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að ætla að sóttætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að stuðla að því, að fylgt sé reglum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

## 13. gr.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarnefndar, sem segir til, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 300 brúttó rúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina, eða út úr henni, án þess að hafnsögumaður sé um borð. Hafnarnefndin getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

## 14. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauða. Leggist skipið við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, vörpuhlerum og þess háttar tækjum, snúið inn fyrir borðstokkinn, þannig að eigi valdi truflun fyrir aðra umferð.

## 15. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma inn í höfnina. Þó skulu póst- og farþegaskip, er sigla eftir fastri ferðaáætlun, að jafnaði eiga forgangsrétt við bryggju og verða önnur skip að vikja meðan þau eru afgreidd.

Verði ágreiningur um þetta atriði, ræður hafnarnefndin í hvaða röð skip koma að bryggju.

## 16. gr.

Ekkert skip má liggja annars staðar við bryggju, eða hafnarbakka, en þar sem hafnarnefndin eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið.

Þeir geta einnig vísað skipum frá byggu, ef þeir álita það nauðsynlegt vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

## 17. gr.

Eigi má festa skipum við bryggju, eða hafnarbakka, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þar sem eigi verður hjá því komið, að festar liggja yfir bryggju, skal varúðarmerkjum komið fyrir á festartaugum.

## 18. gr.

Ekki má láta aflvélar skipa ganga með svo miklu afli að það valdi öðrum skipum hættu eða óþægindum.

## 19. gr.

Ef skip lendir á grynningum, eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hana, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefndin látið færa skipið á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## 20. gr.

Í hverju skipi, að undanskyldum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær.

Ef eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips, tregðast við að hlýða boðum hafnarnefndar, eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, festartaugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

## V. KAFLI

## Um umferð um höfnina.

## 21. gr.

Ekki má sigla hraðar en með 3 mílna ferð um leiðina út og inn frá Mikleyjarál að bryggjum.

## 22. gr.

Ekki má leggja skipum við dufl eða akkeri í höfninni. Skip mega ekki leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að það tálmi umferð um höfnina. Hafnarnefndin getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.



## 23. gr.

Bannað er að leggja veiðarfærum í höfnina, þar sem það getur hindrað greiða umferð um hana.

## VI. KAFLI

## Um fermingu og affermingu.

## 24. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma, mega aldrei liggja svo í höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa.

## 25. gr.

Sé vinnu við skip eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarnefndar, eða ef hlé verður á að nauðsynjalausu, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarnefnd krefst þess.

## 26. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum eða með öðrum hætti. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

## 27. gr.

Áliti hafnarnefndin að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hún stöðvað verkið, þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir.

## 28. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi vöru eða afgreiðslumaður láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Sé það vanrækt, má láta gera það á kostnað eiganda eða afgreiðslumanns vörunnar.

## 29. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða uppfyllingum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en þar sem hafnarnefnd ákveður.

Heimilt er að taka gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarinnar.

## VII. KAFLI

## Um mannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

## 30. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera á sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og gildir leyfið aðeins til tveggja ára. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til ráðuneytisins.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta geti stafað af því.

## 31. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna og félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst eiganda.

## 32. gr.

Við bryggjur einstakra manna og félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, getur hafnarnefnd krafizt að sé umsjónarmaður, sem hún tekur gildan.

## 33. gr.

Um lýsingu slikra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

## VIII. KAFLI

## Um hafnargjöld.

## 34. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, með þeim undantekningum, er síðar greinir, Gjaldid reiknast af hálfum rúmlestum, í heilum krónum, og skal hálfur eða meira teljast sem heill, en minna broti sleppt.

## 35. gr.

Undanþegin lesta- og bryggjugjöldum eru varðskip, vitaskip, björgunarskip og rannsóknarskip, nema erindi þessara skipa til hafnarinnar sé annað en að framan greinir. Enn fremur skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskaða, ef þau hafa ekki samband við land.

## 36. gr.

*Lestagjald.*

- a. Skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 20 krónur af hverri brúttó rúmlest, þó eigi minna en 400 krónur á ári. Opnir bátar skulu greiða 200 krónur á ári.
- b. Aðkomuskip, sem stunda fiskveiðar frá Hafnarkauptúni, skulu greiða lestagjald, 5 krónur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, þó eigi minna en 100 krónur á mánuði.
- c. Öll önnur skip skulu greiða 120 aura af hverri brúttó rúmlest, nema skip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða 60 aura af brúttó rúmlest.

## 37. gr.

*Bryggju- og festargjald.*

- a. Öll skip, sem leggjast að bryggju, eða skipi, sem við hana liggur, skulu greiða 30 aura af brúttó rúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó eigi minna en 30 krónur á sólarhring.
- b. Skip, sem greiða lestagjöld samkvæmt 36. gr. a og b, greiða ekki bryggjugjald.
- c. Bryggjueigendur greiða ekki bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum.
- d. Fyrir sérstaka notkun á hafnarbryggjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð, síldarsöltun o. fl., skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður hverju sinni.

## 38. gr.

*Ljósagjald.*

Öll skip, sem greiða bryggjugjald samkvæmt 37. gr., skulu greiða ljósagjald, 10 aura af brúttó rúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó eigi minna en 10 krónur á sólarhring.

Gjald þetta skal þó ekki greiða á tímabilinu frá 1. maí til 1. ágúst.

## 39. gr.

*Vatnsgjald.*

Fyrir vatn til skipa greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

## 40. gr.

*Hafnsögugjald.*

Öll skip, sem til hafnarinnar koma og nota hafnsögumann, skulu greiða hafnsögugjald, sem hér segir:

- a. Við komu skips til hafnarinnar 300 krónur fyrir hvert skip og auk þess gjald, 80 aura fyrir hverja brúttó rúmlest.
- b. Við brottför frá höfninni, 200 krónur fyrir hvert skip og auk þess 40 aura fyrir brúttó rúmlest.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina 200 krónur fyrir hvert skip og auk þess 20 aura fyrir brúttó rúmlest.
- d. Fyrir að vera úti í skipum skal greiða 500 krónur fyrir hvern sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim. Sama gjald greiðist ef hafnsögumaður þarf að fara með skipinu til annarra hafna. Auk þess greiðist ferðakostnaður heim.
- e. Skip, sem ekki eru skráð í Hafnarkauptúni, en sigla eftir föstum áætlunum, skulu því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau noti hafnsögumann.

## IX. KAFLI

**Vörugjald.**

## 41. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, sem fluttar eru á land eða úr landi, eða úr einu skipi í annað, innan hafnarinnar, með þeim undantekningum er síðar getur.

## 42. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna, en látnar eru á land um stundarsakir, skal aðeins greiða vörugjald, þegar vörurnar eru látnar á land.

## 43. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

## 44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóra eða skipaafgreiðslu skylt að láta starfsmönnum eða skrifstofu hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins, áður en ferming eða afferming hefst.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki ástæða til, getur hafnarnefndin hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund vöru, sem hæst gjald er af.

## 45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því, í hvaða flokki skulu telja vöru, skal sveitarstjóri skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 46. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement, ís.
  2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara í sekkjum, fóðurvörur, áburður, garðávextir, mjólk.
  3. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:  
Olíur og benzín í lausu máli og tunnum.
  4. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Sjávarafurðir, landbúnaðarvörur.
  5. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Byggingarvörur, girðingarefni, útgerðarvörur, umbúðir um fisk og landbúnaðarvörur, efni til miðstöðva og raflagna, vatnspípur, smíðajárn, málningarvörur, smurningsolíur í litlum pakkningum.
  6. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:  
Nýlenduvörur og önnur matvara, hreinlætisvörur, búsáhöld, vefnaðarvara, bifreiðar og vélknúin tæki, varahlutir til véla.
  7. flokkur. Gjald kr. 25.00 fyrir hver 100 kg:  
Sælgæti, öl og gosdrykkir, hljóðfæri, sportvörur og allar aðrar vörur, sem gjald reiknast eftir þyngd.
  8. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:  
Timbur, kork og önnur einangrunarefni.
  9. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hvert teningsfet:  
Húsgögn og allar aðrar vörur, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
  10. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver tunna:  
Síld, hrogn, garnir, saltkjöt.
  11. flokkur. Gjald kr. 3.00 hvert stykki:  
Tómar tunnur.
  12. flokkur. Gjald kr. 1.00 hvert stykki:  
Tómir ölkassar og mjólkurbrúsar.
  13. flokkur. Gjald kr. 15.00 hvert stykki:  
Stórgripir.  
Gjald kr. 5.00 hvert stykki:  
Kindur.
  14. flokkur. Aflagjald:  
 $\frac{1}{2}\%$  af verðmæti sjávaraflla, lögðum á land til vinnslu eða verkunar. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið hjá innleggjanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.
- Minnsta gjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

## 47. gr.

## Ýmis gjöld.

Fyrir geymslu á vörum í húsum eða á lóðum hafnarinnar, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

## 48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús eða verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum, skal greiða leigugjald, sem ákveðið er með samningi.

## 49. gr.

Fyrir notkun á bátum og tækjum hafnarinnar og aðstoð, sem veitt er af starfsmönnum hennar, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður hverju sinni.

## X. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 50. gr.

Sveitarstjóri sér um innheimtu allra gjalda til hafnarinnar. Gjöldin skal greiða í skrifstofu hreppsins.

## 51. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda (skipagjalda). Er skipstjóra skylt að afhenda starfsmönnum hafnarinnar þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef þess verður krafizt og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Hafnargjöld falla í gjalddaga þegar skipið er komið í höfnina, nema þau gjöld, sem greiða ber einu sinni á ári samkvæmt 36. gr., en gjalddagi þeirra er 1. marz.

## 52. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald og leigu samkv. 47. gr. fyrir vörur, sem koma til hafnarinnar, en seljandi fyrir vörur, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, er affermir.

Vörugjöld falla í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, sé um aðfluttar vörur að ræða, en vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá höfninni, falla í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á farmskrá. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

## 53. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt sem önnur opinber gjöld. Hafnargjöld (skipagjöld) eru auk þess tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Hafnargjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, ljósagjald, bryggju- og festagjöld, vatnsgjald, hafnarsögugjald, gjald fyrir báta og tæki og aðra þá aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

## XI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 54. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður eigi við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að

krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er undirmati var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhóllum, dómkvóddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem þess krefst, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 55. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni, eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá skipinu óheimil brottför úr höfninni, þar til málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarnefndar.

## 56. gr.

Enginn getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar, svo og sektir og skaðabætur, sem honum kann að bera samkvæmt reglugerð þessari.

## 57. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra þess, en stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hafa fengið hana sjálfur.

## 58. gr.

Heimilt er að neita þeim aðilum um aðstoð og afgreiðslu, sem eru í vanskilum við höfnina á einhvern hátt.

## 59. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 60. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 215 7. desember 1953, með síðari breytingu.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu í Bolungarvík, nr. 105 26. maí 1943, sbr. auglýsingu um breyting á þeirri reglugerð, nr. 84 25. júlí 1959.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, skal greiða aukagjald samkvæmt samningi við hreppsnefndina. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli og er endurgjaldið þá kr. 1.00 af hverri smálest.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 291.

31. desember.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 200 30. des. 1958, um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 200 24. des. 1957.

1. gr.

Í stað „0.8%“ í 1. gr. komi: 1.2%, og í stað „200.00 kr.“ í sömu grein komi: 300.00 kr.

2. gr.

Í stað „1 krónu“ í 2. gr. komi: kr. 1.50.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjastjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til

Reglugerð nr. 200/1958, með ofanefndum breytingum, skal felld inn í reglugerð nr. 200/1957, og gefin þannig út sem reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi í Hvergerðishreppi í Árnassýslu.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir innan marka Hvergerðishrepps.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða í samráði við verkfræðing.

#### 3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi hreppsins varða, svo sem nýlagnir, viðhald, endurbætur og viðauka, annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það starf.

#### 4. gr.

Skylt er öllum að hlíta því, að horæsi sé lagt um eignarland þeirra eða umráðasvæði, og að fram fari nauðsynlegt viðhald og viðgerðir. Um bætur fyrir slíkt fer eftir ákvæðum vatnalaga.

#### 5. gr.

Þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í götu, götustæði eða opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús við og geta náð í holræsið, skylt að leggja ræsi frá húsum sínum, er flytja allt skólp frá þeim, svo og regnvatn, í aðalræsið. Slíkar lagnir eru á kostnað húseiganda. Vanræki einhver að láta gera ræsi frá húsi sínu í aðalræsið innan innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið á kostnað húseiganda.

Engar frárennslislagnir að aðalræsum má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar. Aðeins starfsmenn holræsagerðarinnar mega annast tengingu við aðalæð. Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila.

#### 6. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli í holræsakerfið, er valdið getur skemmdum á því eða truflað rekstur þess að dómi verkfræðings holræsagerðarinnar. Þannig má ekki veita út í göturæsi vökvum, sem innihalda mikið af fitu, súrum vökvum, vökvum, sem eru heitari en 35 stig á C, mælt í götubrunni, olíu, benzíni, eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af. Þar sem hætta er á, að skólp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið. Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum verkfræðings.

#### 7. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda og lóðarhafa, sem á þess kost að tengja hús sitt við holræsakerfið eða hefur gert það, að greiða árlegt holræsagjald til hreppssjóðs, er nemi 0.5% af fasteignamati hússins og kr. 0.25 af hverjum m<sup>2</sup> lóðar eða óbyggðum lendum. Nú er hús á lóðum, sem ekkert frárennsli þurfa, skal þá húseigandi greiða fullt gjald af lóð en ekki af húsi.

Árgjald greiðist fyrir það ár, sem tenging fer fram, og skal gjalddagi vera, þá húseiganda er heimilt að leggja í götuæð.



## 8. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseigendum og lóðarhöfum, þegar ekki er um eignarlóð að ræða, og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslum þess gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseign og lóð í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. maí ár hvert, í fyrsta sinn 1965.

## 9. gr.

Hið árlega holræsagjald getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

## 10. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

## 1. gr.

1. Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í skal vera 1.2% af fasteignamati þeirra.
2. Aukavatnsskattur ..... kr. 1.00 pr. m<sup>3</sup> vatns.
3. Vatn til skipa ..... — 25.00 — m<sup>3</sup> —
4. Stofngjald húsa ..... — 2.00 — m<sup>3</sup> af húsi.
5. Fyrir uppsetningu mælis ..... — 1000.00
6. Leiga mælis ..... — 300.00 — ár.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1965 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Vatnsveitu Akraness.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Akraness, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Akraness fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Akraneskaupstaðar. Bæjarstjórn skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur. Meðan bæjarstjórn skipar ekki sérstakan vatnsveitustjóra er bæjarstjóri einnig vatnsveitustjóri.

##### 3. gr.

Vatnsveitan hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

##### 4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar, um bæinn.

##### 5. gr.

Hver sá, sem húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, sem vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotum utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og tekið hefur til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáiast endurgreiddur, annað hvort með heinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum. Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina. Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið, að einhverju eða öllu leyti, þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

##### 6. gr.

Sá er óskar að leggja vatnsveituað að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess

leyfi hjá vatnsveitunni. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem vatnsveitan lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tæknipækkingu á sviði vatnslagna og sem til þess hefur hlotið löggildingu vatnsveitunnar. Sá sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru á Akranesi.

#### 7. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera  $42.0 \times 59.4$  cm eða  $59.4 \times 84.0$  cm. Standi sérstaklega á, getur vatnsveitan leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, og ef sýna þarf smáatriði 1:10 og 1:20. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utanhús sem innan bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsleiðslna, loka og krana, svo annarra þeirra atriða, sem málið snerta. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 33. gr. Vatnsveitan getur krafizt útreikninga á vatnslögninni, ef ástæða þykir til. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar vatnsveitan hefur samþykkt uppdrátt, skal á hann færð áritun um það og annað eintak hans skal síðan geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

#### 8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af vatnsveitunni, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykkt þessara eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða itrekað brot.

#### 9. gr.

Pípulagningameistari sá, sem verkið á að annast, staðfestir áður en verkið hefst, með undirskrift sinni, að hann hafi tekið verkið að sér og sé ábyrgur fyrir því, að það sé unnið eftir settum reglum.

Sé skipt um pípulagningameistara á meðan á verki stendur, ber að tilkynna það vatnsveitunni. Skal pípulagningameistari sá, sem við tekur, gefa yfirlýsingu um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið, og er honum eigi heimilt að halda áfram verkinu, fyrr en hann hefur með undirskrift sinni tekið við ábyrgð á verkinu.

#### 10. gr.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

#### 11. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar vatnspípur má hylja, fyrr en þær hafa

verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýsti-prófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina. Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

#### 12. gr.

Allar leiðslur frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama vatnsleiðslukerfi við tvær heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu ætíð sjá um tengingu heimæða við vatnsveituæð, en eigandi heimæðarinnar skal greiða sérstakt gjald áður, stofngjald, er bæjarstjórn ákveður. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu foheld og upphituð, eða á fullnægjandi hátt yfirbyggt, að frost nái vatnspípum. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vatnsveitan getur, ef hún telur býna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

#### 13. gr.

Allar viðgerðir á götum eða öðrum svæðum, er gera þarf vegna lagningar heimæða, eða viðgerða á þeim, skulu framkvæmdar strax að verki loknu og á kostnað eiganda.

Skýlt er mönnum að hlíta því, að vatnsæðar séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á því nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga.

#### 14. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og skal húseigendum skýlt að gefa upplýsingar m. a. um vatnsnotkun o. fl. þ. h., eftir því sem óskað er. Starfsmönnum vatnsveitunnar ber að sýna fyllstu kurteisi við störf sín.

#### 15. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

#### 16. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

## 17. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, sem um ræðir í 2. málsg., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem standa við götu eða opin svæði og vatn er lagt í. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m<sup>3</sup>. Nú er vatn notað án mælis þar sem svo hagar til, sem í 3. málsg. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkv. áætlaðri notkun. Nú settir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafzt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar. Um vatnsskatt Sementsverksmiðju ríkisins fer eftir sérsamningi við hana. Stofngjald fyrir tengingu heimæðar ákveður bæjarstjórn einnig hverju sinni. Sbr. 12. gr.

## 18. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. jan. ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur eftir mæli er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs. Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 19. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkv. almennum hegningarlögum. Vatnslögn innanhúss á jafnan að vera þannig hátað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanbæjarkerfi. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytingar á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

## 20. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrir mæli um vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til að loka heimæð hans að undangenginni aðvörum. Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið.

## 21. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt er það háð sérstökum skilmálum, sbr. 32. gr. Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinunkun á vatni í vatnsveituæð eða einkalögn.

## II. KAFLI

## Húslagnir.

a. *Viddir vatnslagna.*

## 22. gr.

Vatnslagnir skulu þannig gerðar, að nægilegur þrýstingur sé á hverjum tíma við hvern notstað. Sé vatnslögn ákveðin með reikningi, skal ganga út frá, að þrýstingur verði ekki minni við neinn notstað en sem svarar 5 m vatnssúlu. Við 20 mm og 25 mm skolkрана skal þó tilsvarendi þrýsingur vera 20 m og 10 m. Vatnsveitan lætur í té upplýsingar um þrýsting í þeirri dreifiað, sem tengja skal vatnslögn við.

## 23. gr.

Notkun vatns gegnum krana reiknast í noteiningum. Noteining er jöfn vatnsstreymi gegnum 15 mm krana, sem við 5 m yfirþrýsting er 0.25 l/sek.

Skrá um noteiningar:

15 mm krani (kalt eða heitt vatn) 1 noteining (0.25 l/sek.).

20 mm krani (kalt eða heitt vatn) 2 noteiningar (0.5 l/sek.).

1 krani við skolkassa fyrir klósett eða þvagskál ½ notein. (0.125 l/sek.).

Skolkrani fyrir klósett 6 notein. (1.5 l/sek.).

Blöndunartæki með 15 mm krönum við baðker eða sturtu, kalt vatn (1 notein.), heitt vatn (1 notein.), alls 2 notein. (0.5 l/sek.).

Blöndunartæki með 20 mm krönum við baðker eða sturtu, kalt vatn (2 notein.), heitt vatn (2 notein.), alls 4 noteiningar (1.0 l/sek.).

## 24. gr.

Við venjulegar aðstæður, þar sem vatnsþrýstingur í dreifiað er minnst H m yfir hæsta notstað og H er

10 m þegar um er að ræða einnar hæðar hús,

11 m þegar um er að ræða tveggja hæða hús,

12 m þegar um er að ræða þriggja hæða hús,

13 m þegar um er að ræða fjögurra hæða hús,

má velja viddir hinna einstöku leiðslna eftir fjölda noteininga samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi notein.	Innra þvermál mm.
1 .....	15 (½")
2— 4 .....	20 (¾")
5— 12 .....	25 (1")
13— 25 .....	32 (1¼")
26— 50 .....	40 (1½")
51—175 .....	50 (2")
176—400 .....	70 (2½")

15 mm pípur má aðeins nota í leiðslur, sem styttri eru en 5 m og á efstu hæð húss aðeins að einum vatnskрана. 20 mm og 25 mm má aðeins nota í leiðslur allt að 15 m og aðrar pípur í leiðslur allt að 30 m. Séu leiðslur lengri en að framan greinir, skal nota næstu stærð fyrir ofan á umframlengdinni. Pípa að 1—6 skolkrönum skal minnst vera 32 mm. Kranatengi að skolkrönum mega vera lengst 0.5 m og skulu vera a. m. k. jafn við skolkrönum.

Gildleiki pípnna skal ætíð ákvarðaður með útreikningi

- ef fjöldi skolkрана er meiri en 6,
- ef þrýstingur í dreifiað er minna en áðurgreindir  $H$  m yfir efsta notstað,
- ef fjöldi noteininga er meiri en 400,
- eða við sérstakar aðstæður, t. d. skóla, sjúkrahús og vatnsfrekan iðnað. Vatnsveitan getur krafizt að slíkir reikningar fylgi uppdráttum af vatnslögn. Mesta vatnsstreymi í vatnslagnakerfi húss, í einstökum leiðslum eða hlutum þeirra, skal nota til grundvallar útreikningunum.

Vatnsstreymið ákveðst þannig:

$$q = q_1 + 0.25 \frac{\sqrt{n-n_1}}{k}$$

Þar sem  $q$  er mesta vatnsstreymi í l/sek.,  $q_1$  er vatnsnotkun við stærsta notstað í l/sek.,  $n$  er fjöldi noteininga og  $n_1$  er noteiningafjöldi, sem samsvarar  $q_1$  annars vegar í heildarlögn hússins og hins vegar einstökum leiðslum eða hlutum þeirra.  $k$  er föst tala, sem er ákveðin með eftirfarandi töflu:

Allt að 3000 noteininga	$k = 2.0$
3000—4000	— $k = 1.9$
4000—5000	— $k = 1.8$

Við venjulegar aðstæður á hraði vatnsins ekki að vera meiri en 1—2 m/sek. Þrýstítap í 25 mm áborun má reikna þannig:

Vatnsstreymi l/sek.	Þrýstítap m vatnssúlu.
1.0	0.6
1.2	0.9
1.4	1.2
1.6	1.5
1.8	1.9
2.0	2.3
2.2	2.8
2.4	3.3
2.6	3.9
2.8	4.5
3.0	5.2

Þrýstítap í 20 mm áborun skal reikna 50% meira.

Vegna annarra þrýstítapa í vatnslögn húss, t. d. í hnám, greinstykkjum, krönum o. s. frv., skal við venjulegar aðstæður leggja 50% við hið reiknaða tap í leiðslunum. Þá skal reikna með þrýstítapi, 4m, vegna mælis, þótt ekki sé áætlað að setja hann upp þegar í stað.

#### b. Efni til vatnslagna.

25. gr.

Til vatnslagna eru notuð:

- Steypujárnsþípúr, bikaðar utan og innan.
- Saumlausar stálmúffþípúr, bikaðar innan og bikaðar og vafðar striga utan.
- Léttar skrúfaðar þípúr, galvanhúðaðar utan og innan.
- Saumlausar koparþípúr.

Greinstykki, tengihlutir o. s. frv. skulu vera úr sömu efnum og af tilsvarendi gerð. Önnur efni og tegundir pípnna má aðeins nota með sérstöku leyfi vatnsveitunnar hverju sinni. Þípúr, sem flytja heitt vatn, mega ekki vera bikaðar, lakkaðar með bitúmenhúð eða öðru slíku að innan. Steypujárnsþípúr má ekki nota grennri en

40 mm og aðrar pípur ekki grennri en 15 mm. Þó er leyfilegt að tengja krana í handlaugum og skolkössum með 10 mm koparpípur. Öll tæki, sem tengt eru vatnslögn, skulu samþykkt af vatnsveitunni.

*c. Ýmis ákvæði um húslagnir.*

26. gr.

Heimæð kallast vatnsleiðslan frá dreifiað vatnsveitunnar að loka innanhúss. Þar sem dreifiað er 80 mm eða gildari að jafnaði tengd með áborun, sem er 20 mm eða 25 mm eftir ákvörðun vatnsveitunnar. Eigi mikið vatnsmagn að fara um heimæðina, getur vatnsveitan látið T-o-stykki í dreifiaðina. Starfsmenn vatnsveitunnar skulu framkvæma tengingar við dreifiað. Ef dreifiað er minni en 80 mm, skal ætíð nota T-stykki. Heimæðar skulu ekki vera grennri en 40 mm (1½").

Séu notaðar galvanhúðaðar pípur í heimæð eða aðra leiðslu í jörð, skulu þær bikaðar og vafðar striga. Allar leiðslur í jörð skulu lagðar svo djúpt, að frost nái þeim ekki, og skal minnst vera 1.2 m frá yfirborði jarðvegs niður að leiðslu.

Aðaloka skal setja á heimæð við húsvegg. Vatnsleiðslu má ekki leggja í sama skurð og holræsi. Þar sem jarðvegur er súr, skal setja 20 cm sandlag utan um pípurarnar.

Þar sem heimæðin er lögð gegnum vegg eða undirstöðu, skal gert gat fyrir hana með innsteyptri steinpípu og síðan þétt að vatnspípunni með hampi og asfalti. Enga vatnsleiðslu má leggja undir kjallaragólf eða neðstu plötu. Heimæð skal leggja upp úr gólfi þegar við útvegg, þar sem hún kemur að húsi. Þegar heimæðin er komin upp úr gólfi, skal setja á hana renniloka, síðan mæli eða bil fyrir mæli, þá einstreymisloka, er hindri bakrennsli og að lokum annan renniloka og afrennsliskrana. Innanhúslögnin tengist síðan við og má enga leiðslu tengja við heimæð götumein við seinni rennilokann.

27. gr.

Vatnsleiðslur innanhúss skal leggja þannig, að frost nái þeim ekki, og þar sem hætta er á því, t. d. við útveggi, skal einangra þær á fullnægjandi hátt. Allar láréttar leiðslur skulu hvíla á burðarjárnnum með ca. 2 m millibili. Pípur skulu ekki vera nær vegg en 2.5 cm. Í fjölbýlishúsum með mörgum sjálfstæðum lóðréttum strengjum, skal setja loka og afrennsliskrana við hvern lóðréttan streng svo tæma megi og einangra þá hvern fyrir sig. Séu heita- og kaldavatnsleiðslu hver yfir annarri á vegg, skal kalda leiðslan vera undir. Vatnsleiðslur mega ekki vera nær rafmagnstöflu en 25 cm til hliðar og 100 cm frá framhlið. Bannað er að steypa vatnslagnir í vegg, en heimilt er að leggja þær í raufar, er síðar sé lokað. Þar sem pípur eru lagðar gegnum steypt loft eða vegg, skal gera göt fyrir þær og ganga svo frá, að pípurarnar verði ekki fyrir óeðlilegri þvingun. Allar pípur í lokuðum raufum, skal mála með asfaltmálningu og einangra með 2 cm ólifrænni einangrun, sem ekki getur tært pípurarnar, og vefja sísalpappa. Pípur í gólfraufum skal auk þess steypa í asfalt. Sýnilegar pípur skal einangra á sama hátt og fyrr segir, vefja sísalpappa og striga og tvímála.

Vatnspípur má ekki leggja eflir niðurfalls pípu, sem gerð er fyrir sorp.

28. gr.

Vatnskranar skulu vera hæggengir skrúfukranar eða fjöðurkranar. Vatnskranar til heimilisnota mega ekki vera stærri en 15 mm, nema við baðker og í þvottahúsi. Tollakrana má ekki nota. Við öll tengi að krönum í handlaugum, vöskum og að skolkössum við klósett, skal setja loka af sömu vídd og tengið. Skolkranar eru því aðeins leyfðir, að vatnsþrýstingur sé nægilegur og ekki minni en 10 m yfir notstað.



Sé vatnsþrýstingur yfir 20 m má nota 20 mm háþrýstikrana, 25 mm lágþrýstikrana við þrýsting 10—20 m. Sé vatnsþrýstingur minni en 10 m, verður að setja upp skolkassa. Þéttihringir í heitavatnskrönum mega ekki vera úr leðri eða gúmmí. Allir lokar skulu vera jafn víðir og pípa sú, sem þeir eru á. Vatnsmæli skal þannig fyrir komið, að frost nái honum ekki, að auðvelt sé að komast að honum til aflesturs og að hægt sé að losa hann frá vegna hreinsunar eða viðgerðar. Efst á öllum lóðréttum strengjum, skal vera 30 cm langur loftþúði að þvermáli, jafn gildasta hluta stofnsins. Einnig skal vera sams konar loftþúði á hliðargreinum, sem lengri eru en 5m að þvermáli, jafn gildasta hluta hliðargreinarinnar.

#### 29. gr.

Hitavatnslögn skal gerð með hringrás, nema um mjög litla lögn sé að ræða. Bakrennslispípa skal vera minnst 20 mm. Ef vatnsveitan álitur það nauðsynlegt, getur hún krafizt, að dæla sé sett á lögnina. Innra byrði hitavatnsgeyma og gormpípur, skulu þola 9 kg/cm<sup>2</sup> þrýsting, en ytra byrði slíkra geyma 6 kg/cm<sup>2</sup>. Þar sem kaldavatnsleiðsla er tengd hitavatnsgeymi eða hitunartæki, skal koma fyrir einstreymisloka milli tveggja renniloka. Við hitavatnsgeymi, sem hitaður er með heitu vatni, skal setja:

1. Hitamæli, sem sýni minnst 120 C°.
2. Öryggisloka með lóði eða fjöður, sem opnast við þrýsting, sem er 1 kg/cm<sup>2</sup> hærri en vatnsveitubrýstingurinn. Afrennsli sé leitt að gólfi, sem hafa skal niðurfal.
3. Botnkрана til tæmingar geymisins.

Sé um gufuhitun að ræða, skal setja viðeigandi útbúnað í samráði við vatnsveituna.

#### 30. gr.

Vatnskrana til vökvunar utanhúss er leyft að setja, enda sé hann ekki stærri en 15 mm, og útbúnaður þannig, að hægt sé að tæma pípuuna, sem að honum liggur.

#### 31. gr.

Telji slökkviliðsstjóri nauðsynlegt, eða óski eigandi lóðar eða húss eftir að fá brunakrana á lóð sína eða í hús sitt, getur vatnsveitan leyft að tengja brunakrana við heimæð eða aðra vatnsleiðslu húss. Ekki má þó nota slíka krana, nema við eldsvoða, og getur vatnsveitan sett innsigli á hann. Eiganda ber þó skylda til þess að tilkynna vatnsveitunni, ef innsiglið er rofið.

#### 32. gr.

Ef þrýstingur er of litill í dreifiað í hlutfalli við hæð byggingar, getur vatnsveitan leyft að þrýstingur sé aukinn í byggingunni með því að setja dælu við vatnslögnina (tengda vatnsþrýstigeymi). Leyfi má því aðeins veita, að dreifiaðin sé svo stór, að dælan valdi ekki vatnsleysi í næstu byggingum. Dælan skal vera miðflóttadæla með hjól og leiðiskóflur úr bronsi og öxul úr ryðfriú stáli. Snúningsfjöldi á mínútu mest 1500. Dælan skal vera rafdrifin og með sjálfvirkri stýringu. Dæluna skal tengja við vatnsþrýstigeymi, sem a. m. k. er jafn stór þriðjungur þess vatnsmagns, sem dælan afkastar á klst. Vatnsþrýstigeymirinn skal hafa vatnshæðarglas, afrennsliskrana í botni og útloftunarventil efst. Enn fremur þrýstímæli, er sýni þrýsting í m vatnssúlu og einstreymisloka, til þess að dæla lofti gegnum frá loftdælu. Loftið í geyminum skal endurnýja eftir þörfum og þess gætt, að 60% af rúmtaki sé loft við mesta vinnubrýsting. Geymirinn skal þola minnst 9 kg/cm<sup>2</sup> þrýsting og ekki minna en 1.5 sinnum mesta þrýsting frá dælunni. Milli dælu og geymis skal setja einstreymisloka. Ef vatnið fer gegnum mæli, skal honum komið

fyrir sogmegin við dæluna. Til þess að hindra högg í mælinum, skal setja milli hans og dæluinnar loftpúða, að stærð ca. 1% af mesta vatnsmagni, sem dælan afkastar á klst., þó ekki minni en 20 lítra. Um loftpúðann gilda sömu reglur um útbúnað og gilda um vatnsþrýstigeyminn.

## 33. gr.

Þegar lagningu vatnslagnar er lokið og áður en pípur eru huldar, skal lögnin þrýstiprófuð af pípulagningameistara að viðstöddum eftirlitsmanni vatnsveitunnar. Prófa skal með vatni og 6 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi.

## 34. gr.

d. *Tákn.*

Sjá næstu bls. 482.

## III. KAFLI

## Refsiákvæði o. fl.

## 35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 þús., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra máli. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað, samkv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og getur þá vatnsveitan látið vinna það sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

## 36. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

## Viðauki.

Ef bæjarstjórn þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningameisturum að annast vatnslagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taki á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins, samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.


Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurrjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi, nr. 2 2. janúar 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



## REGLUGERÐ

### um búfjárhald á Akranesi.

#### 1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald, svo og alifuglarækt) er óheimilt á Akranesi, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

#### 2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

#### 3. gr.

Nú telur bæjarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

#### 4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lög-  
reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, er leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

#### 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaup-  
túnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um iðgjöld atvinnurekenda til Atvinnuþryggingasjóðs.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 4/1959 verður iðgjald atvinnurekenda til Atvinnuleysisþryggingasjóðs árið 1965, kr. 15.85 á vinnuviku.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 297.

11. nóvember.

## REGLUGERÐ

### fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

#### Almenn ákvæði.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli fer með umboð flugmálastjórnarinnar (ráðherra, sem fer með flugmál og flugráð) á flugvellingum varðandi umráð og rekstur flugvallarins, skv. samningi við Bandaríki Norður Ameríku frá 8. maí 1951.

2. gr.

#### Almennar reglur um aðflug.

Allar leiðbeiningar til loftfara á umráðasvæði hinnar íslensku flugumferðarstjórnar, sem eru að fara inn á aðflugsstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar, skulu samræmdar milli flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík og aðflugsstjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við:

- a) Reglur tilgreindar í þessari reglugerð.
- b) Nákvæmlega sundurliðaðar reglur, sem fylgt er, bæði af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og aðflugsstjórninni á Keflavíkurflugvelli. Slíkar reglur skulu kveða á um takmörk aðflugssvæðis Keflavíkurflugvallar.

Öllum loftförum á leið til Keflavíkurflugvallar skal stjórnað af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík samkvæmt alþjóða flugreglum (ICAO), þar til þau koma að takmörkum aðflugsstjórnarsvæðis Keflavíkurflugvallar.

Við þessi takmörk skal flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík fyrirskipa loftfarinu að skipta um radiótiðni og nota þá tíðni, sem ætluð er fyrir aðflug. Síðan skal loftfarið fá frá aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar allar leiðbeiningar og fyrirskipanir varðandi aðflug, biðflug og flug úr skýjum, þar til venjulegum sjónflugskilyrðum er náð, en þá skal breytt um tíðni og haft samband við flugturninn á Keflavíkurflugvelli á fyrirskipuðum tíðnum, og gefur hann loftfarinu allar frekari leiðbeiningar og fyrirskipanir. Loftför mega ekki fara inn á umferðarstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar án þess að hafa áður fengið til þess leyfi í radió eða sérstakt leyfi í síma, áður en loftfarið hefur hafið flug frá öðrum stað.

Fyrir loftför, er fara frá Keflavíkurflugvelli, skal gera flugáætlanir, sem skulu afhentar umferðarstjórn flugvallarins fyrir brottför þeirra. Loftför þessi skulu fá

akstursleiðbeiningar frá Keflavíkurflugturni í radió, nema leyfi hafi áður verið veitt loftförum, sem ekki hafa radiótæki, og skal þeim þá leiðbeint með sérstökum ljósmerkjum. Aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar skal í blindflugsskilyrðum gefa leiðbeiningar um brottflugið, og skal hún þá einnig senda loftfarinu hverjar þær leiðbeiningar varðandi flugið yfir hafið, sem flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík óskar. Þegar loftfar kemur að takmörkum aðflugsstjórnarsvæðis Keflavíkurflugvallar, skal það tilkynna aðflugsstjórninni stöðu sína, og fyrirskipar hún þá loftfarinu að nota radiótíðni flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík og fylgja síðan fyrirskipunum hennar. Öll loftför, sem fara án viðkomu um aðflugsstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar, skulu, ef slikt er talið nauðsynlegt annað hvort af aðflugsstjórn eða flugstjórnarmiðstöðinni, nota radiótíðnir aðflugsstjórnar Keflavíkurflugvallar, og skulu loftförin taka við öllum nauðsynlegum fyrirmælum frá henni varðandi flugið um aðflugsstjórnarsvæðið.

Ef um neyðarástand er að ræða, skal loftfar haga fluginu samkvæmt alþjóðareglum um neyðarástand, og skal þá tekið fullt tillit til öryggis mannlífa og verðmæta, án þess að binda sig við ákvæði þessarar reglugerðar. Þegar svo stendur á, skal formanni flugráðs send bráðabirgðaskýrsla um málið innan 48 klukkustunda og fullkomin skrifleg skýrsla, eins fljótt og auðið er.

### 3. gr.

#### Reglur um aðflugsstjórn og biðflug.

Aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar gefur fyrirmæli um, hvaða aðferð skal nota við biðflug eða flug niður úr skýjum. Nota skal aðflugsreglur þær, sem flugöryggisþjónustan gefur út fyrir flugleiðsögutæki flugvallarins.

### 4. gr.

#### Reglur um aðflug í sjónflugsskilyrðum.

Loftför, sem koma til eða fara frá umferðarstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar í sjónflugsskilyrðum, skulu hafa samband við Keflavíkurflugturninn og fá þaðan fyrirmæli um landingu og flugtak.

### 5. gr.

#### Öryggi á flugvellinum.

Slökkvibifreið, sem fær fyrirskipanir frá flugturninum, skal vera staðsett á mótum flugbrautanna, áður en loftför lenda eða hefja flug frá flugvellinum.

Mönnum eða ökutækjum er óheimilt að fara út á flugbrautir eða akbrautir flugvallarins, nema nauðsyn beri til vegna öryggis flugsins eða vegna viðhalds og endurbóta. Ökutæki þessi skulu, áður en þau fara út á flugbraut eða akbraut, hafa fengið leyfi frá turninum, og enn fremur skulu þau fylgjast með ljósmerkjum, sem turninn kann að gefa þeim.

Slysaboðakerfi skal stjórnað úr flugturninum, til þess að öruggt samband sé við björgunarsveit, aðalslökkvistöð, sjúkrahús og aðrar slíkar stöðvar vallarins. Verði flugslys eða annað neyðarástand á flugvellinum, skal flugturninn senda út slysoboð, og skal hver stöð gera það, sem fyrir hana er lagt samkvæmt þeim reglum, sem ákveðnar eru fyrir neyðarástand.

Flugturninum er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, sem málið beinlínis varðar, upplýsingar um slys. Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers

konar neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann strax tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið.

Nánari fyrirmæli um öryggi á Keflavíkurflugvelli skulu sett í samræmi við almennar reglur.

**6. gr.**

**Viðurlög.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000.00 krónum, varðhaldi eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og lögum nr. 110 frá 8. maí 1951.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl. nr. 117 frá 9. október 1948 fellur hér með niður.

*Utanríkisráðuneytið, 11. nóvember 1964.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Hörður Helgason.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1964.

*Sjúkrahúsalög*, undirskrifuð af forsetanum 10. júlí 1964, nr. 54.

*Lög um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af forsetanum 17. júlí 1964, nr. 55.

*Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 10. september 1964, n. 56.

*Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964*, undirskrifað af forsetanum 25. september 1964, nr. 57.

*Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 1. september 1964, nr. 58.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán*, undirskrifuð af forsetanum 20. nóvember 1964, nr. 59.

*Lög um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins*, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1964, nr. 60.

*Lög um breytingu á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt*, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1964, nr. 61.

*Fjárlög fyrir árið 1965*, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1964, nr. 62.

*Lög um verðtryggingu launa*, undirskrifuð af forsetanum 14. desember 1964, nr. 63.

*Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka*, undirskrifuð af forsetanum 28. nóvember 1964, nr. 64.

*Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis*, undirskrifað af forsetanum 18. desember 1964, nr. 65.

*Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 19. desember 1964, nr. 66.

*Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 23. desember, nr. 67.

*Lög um breyting á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof*, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1964, nr. 68.

*Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1964, nr. 69.

*Lög um breyting á lögum n. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1964, nr. 70.

*Lög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964*, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1964, nr. 71.

*Lög um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1964, nr. 72.



*Lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1964, nr. 73.*

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1964, nr. 74.*

*Fjárukalög fyrir árið 1963, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1964, nr. 75.*

Nr. 298.

## AUGLÝSING

frá vörumerkjaskráritara, Reykjavík.

### I. Vörumerki, skrásett árið 1964.

**Skrás. 1964, nr. 1.** Tilkynt 29. nóv. 1960, kl. 11 f. h., af Bulova Watch Company, Inc., iðjurekstur og verzlun, Bulova Park, Flushing, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.

Tvíkvísluð mynd.



Samkvæmt tilkynningu 19. sept. 1962 er merkið skrásett í Washington D. C. 26. nóv. 1963, í 27. flokki, fyrir úr og gangverk úra.

**Skrás. 1964, nr. 2.** Tilkynt 22. febrúar 1962, kl. 4.10 e. h., af Industrie A. Zanussi, iðjurekstur og verzlun, 4 Via Montereale, Pordenone (Udine), Ítalíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið:

## NAONIS

Samkvæmt tilkynningu 16. des. 1961 er merkið skrásett í Róm 2. maí 1962, í 7., 8., 9., 11., 14., 20. og 21. flokki, fyrir rafmagnskveikjara; vélatengsli og reimar (nema fyrir ökutæki), víftur fyrir heitt loft og blásara; tæki og verkfæri til afnota í visindalegum tilgangi, siglingum, landmælingum, rafmagnstækni, ljósmyndatækni, kvikmyndatækni, sjónfræði, vogartækni, mælingatækni, merkjagjöfum, eftirliti, björgun og kennslu; sjálfssala; matreiðslubúnað fyrir gistihús; slökkvitæki; eldsneytis- gas- og rafmagnshitunartæki; tæki og vélar til að verka og matreiða matvæli, þvo potta og því um líkt fyrir gistihús, bæjarfélög o. þ. u. l., þurrskápar; hlutir úr tré, korki, spanskreyr, tágum, reyr, horni, beini, filabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, merskúmi, selluloid og efnun, sem notuð eru í þeirra stað, þar á meðal plastefnum; línþurrkur, hárlínþurrkur, handþurrkur, ryksugur, afgangblásara; hitakatla, þ. á m. hitaelement, sem færð eru í kaf; gasbrennara fyrir eldhús og gasofna; rafmagnskaffikönnur; katla fyrir miðstöðvarkerfi; katla fyrir samsett vatns- og herbergishitunarkerfi; hitara, sem brenna gasi, brennsluolíu, hráolíu og aðrir hitarar; rafmagnsbjöllur; miðflóttaaflstæki; stjórnrofa; fullkomin eldhúskerfi, lofthreinsara, myndaramma; gaseldavélar, eldhúsvélar, rafmagnseldavélar og aðrar tegundir eldavéla; tæki til að eyða raka í lofti; sorpeyðingartæki í eldhús,

sem fest eru við vaska; steypiböð, flatjárn, ísvatnsgosbrunna, alls konar eldavélar, rafmagnsofna, steikaravélar, kæliskápa, rafmagnsþeytara og blandara; rjómaistæki, glymskratta, steikarvendara; alls konar stór eldhúskerfi fyrir gistihús, bæjarfélög og því um líkt; stór landbúnaðartæki; rafmagnsrístir, rafmagnsrífjárn; kerfi fyrir ljós, upphitun, gufudrif, eldamennsku, frýstingu, þurrkun, loftræstingu, vatnsveitu og hreinlætisráðstafanir; útungunarvélar, infrarauða lampa, kvartzlampa og aðra lampa; þvottahúsavélar, uppþvottavélar, þvottavélar, vaska, rafmagnsskóburstunarvélar; samsettar rafmagnsryksugur og bónvélar; vélar og vélaverkfæri; reiknivélar, þ. á m. elektrónískar vélar; sjálfvirkar kaffikönnur, sem ganga fyrir rafmagni og án þess; talvélar; rafmagnskaffikvarnir; húsgögn; efni til að framleiða bursta; samsetjanleg húsgögn fyrir eldhús; mótora (nema fyrir ökutæki), litla rafmagnsmótora, rafmagnsklukkan fyrir eldhús; stálsvampa, geislunarplötur, hraðsuðupotta, greiður og svampa, smááhöld og handilát fyrir heimilisstörf og eldhús; postulín- og leirvörur; miðstöðvarofna, útvarpstæki, rafmagnsrakvélar, hljómmupptökutæki, vélar til að framleiða „ravioli“, peningakassa, vatnshitara til að setja í samband við krana, alls konar vatnshitara, diskahitara, bursta, rafmagnsbursta, spegla; „ágrume“ pressur, sem ekki ganga fyrir rafmagni; straumstilla; strauvélar; verkfæri og efni til að hreinsa með; hitunarofna, sem ganga fyrir eldsneyti, rafmagni, gasi; geislaofna og aðrar tegundir ofna; tepotta, sjónvarpstæki, tæki til að losna við heitt loft, rafmagnshitateppi, heittloftsviftur, ristara, straumbreyta; hakkavélar, sem stjórnað er með handafli, ísmulningsvélar, sem stjórnað er með handafli; baðker; viftur; glerhluti.

**Skrás. 1964, nr. 3.** Tilkynt 30 marz 1962, kl. 11.15 f. h., af Aktiebolaget Marabou, iðjurekstur og verzlun, Allén 7, Sundbyberg, Svíþjóð, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: M A R A B O U

Samkvæmt tilkynningu 27. marz 1962 er merkið skrásett í Stokkhólmi 25. janúar 1963, í 5., 29., 30., 31., 32. og 33. flokki, fyrir lyffræðilegar, dýralæknisfræðilegar og heilsufræðilegar efnablöndur, sjúkrakostsefnablöndur fyrir börn og sjúklinga, plástra og sáraumbúðafni, efni til tannfyllingar og mótunar tanna, sóthreinsunarefni, efni til útrýmingar illgresis, meindýra og óværu, kjöt, fisk, fugla og veiðidýr, kjötseyði, geymda, þurrkaða og niðursoðna ávexti og grænmeti, aldinmalk og hlaup. egg, mjólk og aðrar mjólkurbúsafurðir, ætar oliur og feiti, niðursuðuvörur, súrt grænmeti, kaffi, te, kakó, sykur, hrisgrjón, tapioka, sagó, kaffibæti, mjöl og næringarefnablöndur úr korni, brauð, kex, kökur, baksturs- og kökubúðarvörur, ís, hunang, síróp, ger, bökunarduft, salt, sinnep, pipar, edik, ölger, sósur, krydd, ís, landbúnaðar-, skógræktar- og aldintrjáræktarafurðir og fræ ekki meðtalið í öðrum flokkum, lifandi dýr, ferska ávexti og grænmeti, fræ og útsæði, lifandi jurtir og náttúrleg blóm, næringarefni fyrir dýr, malt, öl og dökkbjór, ölkelduvatn og kolsúrt vatn og aðra óafenga drykki, saftir og efnablöndur til framleiðslu drykkja, vín, vínanda og líkór.

**Skrás. 1964, nr. 4.** Tilkynt 25. ágúst 1962, kl. 11.30 f. h., af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: M U L T I F A S E

Samkvæmt tilkynningu 11. maí 1962 er merkið skrásett í Washington D. C. 5. marz 1963, í 18. flokki, fyrir lyfjahylki, sem stuðla að hægfara losun á virkum lyfjaefnum í líkamanum.

**Skrás. 1964, nr. 5.** Tilkynnt 15. febrúar 1963, kl. 3 e. h., af P. J. Carroll & Co., Limited, iðjurekstur og verzlun, Dundalk House, 38 and 39 Church Street, Dundalk, County of Louth, Írlandi, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið:

## PAX

Merkið er skrásett í Dublin 5. janúar 1928, í 34. flokki, fyrir reyktóbak, vindla og sigarettur.


**Skrás. 1964, nr. 6.** Tilkynnt 15. febrúar 1963, kl. 4 e. h., af Glaverbel S. A., iðjurekstur og verzlun, 79 Avenue Luise, Bruxelles, Belgíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: D I F F U G L A S

Merkið er skrásett í Brüssel 25. janúar 1963 fyrir glerrúður og efni til þess að setja í glugga, þar með taldir margfaldir hlutir samsettir úr mörgum lögum af gagnsæjum eignum.

**Skrás. 1964, nr. 7.** Tilkynnt 23. maí 1963, kl. 10 f. h., af Koninklijke Lassie Fabrieken N. V., iðjurekstur og verzlun, Zaanweg 32 at Wormerveer, Hollandi, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: LASSIE ásamt mynd af brosandi stúlku með húfu.



Samkvæmt tilkynningu 22. febrúar 1962 er merkið skrásett í Amsterdam 9. ágúst 1962, í 5., 29. og 31. flokki, fyrir niðursoðna ávexti, grænmeti og matvörur, sem blandaðar eru kornmeti, korn og kornmetisframleiðslu, mais og maisframleiðslu, hrisgrjón og hrisgrjónaframleiðslu, mulin hafragrjón, unnið bygg, hafragraut úr muldum hafragrjónum, hafragraut úr haframjöli, hafra með hýði, bókhveiti, mulið bókhveiti, eggjamjólkur og búðingspúlvur, steikt korn, kornflögur, smábarnahveiti og aðra smábarnafæðu, heilsuþætandi matvæli, fjörefnisger, mjólk, osta og aðra mjólkurframleiðslu, hráefni grundvölluð á mjólk til að búa til mataris, matarolíu, eggjasósu, saladjkrem, olíufræ, fóðurkökur, byggmjölsfæðu, hafrafæðu og aðra mjólfæðu, hunda- og kattafæði og annað dýrafóður.

Skrás. 1964, nr. 8. Tilkynnt 17. apríl 1963, kl. 2 e. h., af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: C U P R I M I N E

Samkvæmt tilkynningu 21. febrúar 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 3. desember 1963, í 18. flokki, fyrir penicillamine til að nota við lækningar og lyf.

Skrás. 1964, nr. 9. Tilkynnt 30. apríl 1963, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: C O S M E G E N

Samkvæmt tilkynningu 13. marz 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 29. október 1963, í 18. flokki, fyrir lyfjaefnasamsetningu, sem vinnur gegn æxlisvexti (antineoplastic agent).

Skrás. 1964, nr. 10. Tilkynnt 28. maí 1963, kl. 3 e. h., af William Underwood Company, iðjurekstur, Watertown 72, Massachusetts, Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.

Mynd af púka og orðið: UNDERWOOD.



Samkvæmt tilkynningu 25. febrúar 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 5. nóvember 1963, í 46. flokki, fyrir niðursoðin matvæli, þ. e. mauksoðið svínslæri, skeldýr, sardinur, blandaða fæðu úr skeldýrum, og kjötkæfu og skeldýrasafa niðursoðinn og á flöskum.

Skrás. 1964, nr. 11. Tilkynnt 19. júlí 1963, kl. 10 f. h., af Farbwerke Hoechst Aktiengesellschaft vormals Meister Lucius & Brüning, iðjurekstur og verzlun, Frankfurt/Main, Þýskalandi, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

ALCASIT

Samkvæmt tilkynningu 14. júlí 1962 er merkið skrásett í München 10. ágúst 1962, í 13. flokki, fyrir límfefni, bindiefni fyrir rjóðunarlit, blettunarefni á úrgangi, allar vörur úr eða framleiddar með celluloseeterum.

**Skrás. 1964, nr. 12.** Tilkynnt 3. desember 1963, kl. 2 e. h., af Bracco Industria Chimica S. p. A., iðjurekstur og verzlun, Via E. Folli 50, Milano, Ítalíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: DESTROXIN

Samkvæmt tilkynningu 4. apríl 1963 er merkið skrásett í Róm 28. júní 1963, í 5. flokki, fyrir lyf, framleiðsluvörur, sem notaðar eru í hreinlætisskyni og sótt-hreinsunarlyf til notkunar fyrir menn og dýr, skurðlækningatæki og læknaþæki og efni til þess að drepa illgresi og eyða háskakvikindum.

**Skrás. 1964, nr. 13.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: BRADILAN

Samkvæmt tilkynningu 27. apríl 1960 er merkið skrásett í Róm 15. nóvember 1960, í 5. flokki, fyrir lyf, efnavörur til heilsuverndar og sóttgreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 14.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: CISTOMIRO

Samkvæmt tilkynningu 7. maí 1958 er merkið skrásett í Róm 16. október 1958, í 5. flokki, fyrir lyf, efni til heilsuverndar og sóttgreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 15.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: LYTOSIN

Samkvæmt tilkynningu 20. apríl 1960 er merkið skrásett í Róm 15. nóvember 1960, í 5. flokki, fyrir lyf, efni til heilsuverndar og sóttgreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 16.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: PANTOMEN

Samkvæmt tilkynningu 26. júlí 1961 er merkið skrásett í Róm 26. október 1961, í 5. flokki, fyrir lyf, efni til heilsuverndar og sóttgreinsunar fyrir menn og dýr.

**Skrás. 1964, nr. 17.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: PIAZOLINA

Samkvæmt tilkynningu 15. marz 1961 er merkið skrásett í Róm 10. júní 1961, í 5. flokki, fyrir lyf; efnavörur til heilsuverndar og sóttgreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 18.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: R E N O M I R O

Samkvæmt tilkynningu 7. maí 1958 er merkið skrásett í Róm 16. október 1958, í 5. flokki, fyrir lyf; efni til heilsuverndar og sóttþreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 19.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: U R O M I R O

Samkvæmt tilkynningu 7. maí 1958 er merkið skrásett í Róm 16. október 1958, í 5. flokki, fyrir lyf; efni til heilsuverndar og sóttþreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 20.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: U R O V A L I D I N

Samkvæmt tilkynningu 20. október 1961 er merkið skrásett í Róm 13. desember 1961, í 5. flokki, fyrir lyf; efnavörur til heilsuverndar og sóttþreinsunar.


**Skrás. 1964, nr. 21.** Tilkynnt 17. október 1963, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: L Y S I B E X

Samkvæmt tilkynningu 30. marz 1960 er merkið skrásett í Róm 16. júlí 1960, í 5. flokki, fyrir lyf; efni til heilsuverndar og sóttþreinsunar fyrir menn og dýr; sáraumbúðir og sóttvarnarefni.

**Skrás. 1964, nr. 22.** Tilkynnt 24. október 1963, kl. 4 e. h., af Trinecké zelezárny Velké Rijnové Socialistické Revoluce, národní podnik, ižjarekstur og verzlun, Trinec, Tékkóslóvakíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Ferningur með stöfunum B, H, D og B í hornunum. Þar innan í hringur með þremur hömrum utan á þríhyrningi.



Samkvæmt tilkynningu 27. febrúar 1929 er merkið skrásett í Prag 27. febrúar 1929 fyrir óunnar járnvörur, stálvörur og málmvarning, hálf- og fullunna framleiðslu, sérstaklega framleiðslu járnsmiðja, stálveraframleiðslu, vírveraframleiðslu, sérstaklega bera járnvíra og húðaða með öðru efni, gaddavír, húsgagnafjaðrir, vírnagla, hertan stálvír og framleiðslu keðjuverksmiðja, einnig zink, kopar og aðra málma og efnablöndur þeirra, natriumsúlfat, enn fremur brennistein og brennisteinssambönd, loks kol, koks og framleiðslu eins og ammoníaksúlfat og benzín.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 27. febrúar 1959.

Skrás. 1964, nr. 23. Tilkynnt 24. október 1963, kl. 4 e. h., af Silon, národní podnik, ižjurekstur og verzlun, Planá nad Luznici, Tékkóslóvakíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Þrjár trefjar á sexhyrndum fleti.



Samkvæmt tilkynningu 26. febrúar 1963 er merkið skrásett í Prag 10. apríl 1963, í 17., 20.—26. og 28. flokki, fyrir gervitrefjar, garn, ullartrefjar, tvinna; vefnað, þrjónað efni og framleiðslu úr greindum efnum, sérstaklega karlmanna, kven- og barnakjóra, fatnað, frakka og undirföt; efni, þrjónavarning, þrjónles og glysvarning, kven- og karlmannasokka; silfurpappír, pökkunar-, einangrunar- og tróðefni gerð úr gerviefni, svo og framleiðslu úr þeim, sérstaklega kústa, teppi, svefnpoka og varnarklæði.

Skrás. 1964, nr. 24. Tilkynnt 24. október 1963, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið: TESIL með sérstöku letri á fimmhyrndum fleti.



Samkvæmt tilkynningu 2. apríl 1963 er merkið skrásett í Prag 10. apríl 1963, í 17., 20.—26. og 28. flokki, fyrir gervitrefjar, garn, ullartrefjar, tvínna; vefnað, prjónað efni og framleiðslu á greindum efnum, sérstaklega karlmanna, kven- og barnakjóra, fatnað, frakka og undirföt; efni, prjónavarning, prjónles og glysvarning, kven- og karlmannasokka; einnig hrosshár, silfurpappír, pökkunar-, einangrunar- og tróðefni gerð úr gerviefni, svo og framleiðslu úr þeim, sérstaklega kústa, teppi, svefnpoka og varnarábreiður.

Skrás. 1964, nr. 25. Tilkynnt 14. nóv. 1963, kl. 10 f. h., af „Rolimpex“ Centrala Handlu Zagranicznego, verzlun, Zurawia Street 32/34, Warszawa, Póllandi, og skrásett 10. febrúar 1964.


Merkið er réttthyrndur miði og á hann er letrað með smáum stöfum efst og neðst. Yfir miðjan miðann er letrað stórum stöfum: Polmos WODKA WYBOROWA.



Samkvæmt tilkynningu 29. júní 1963 er merkið skrásett í Warsjá 2. október 1963, í 33. flokki, fyrir vodka.

Skrás. 1964, nr. 26. Tilkynnt 14. nóv. 1963, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Merkið er réttthyrndur miði, bogadreginn að ofan og á hann letrað stórum stöfum: GOLD WASSER Złota Woda. Á ofanverðum miðanum er raðað átta verðlaunapeningum. Á miðanum neðanverðum er mynd af hallarturni og fyrir neðan myndina orðið: Gdansk. Neðst á miðanum stendur með smáu lettri: Produce of Poland; Production Polonaise.






Samkvæmt tilkynningu 29. júní 1963 er merkið skrásett í Warsjá 2. október 1963, í 33. flokki, fyrir vodka.

Skrás. 1964, nr. 27. Tilkynnt 14. nóv. 1963, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 10. febrúar 1964.

Merkið er réttthyrndur miði og á hann letrað með stórum stöfum: Polmos WISNIÓWKA Cherry Vodka. Efst á miðann er ritað með smáu lettri á pólsku og ensku og neðst á miðann er letrað með smáu lettri á ensku.



Samkvæmt tilkynningu 29. júní 1963 er merkið skrásett í Warsjá 2. október 1963, í 33. flokki, fyrir vodka.

Skrás. 1964, nr. 28. Tilkynnt 2. des. 1963, kl. 2.15 e. h., af James J. Oussani, sem rekur verzlun undir nafninu Staplex Company, verzlun, 777 Fifth Avenue, Brooklyn, New York, Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.


Orðið: STAPLEX með 4 strikum fyrir framan orðið.

**≡Staplex**

Samkvæmt tilkynningu 22. marz 1950 er merkið skrásett í Washington D. C. 10. apríl 1951, í 23. flokki, fyrir véldrifnar heftivélar.

Skrás. 1964, nr. 29. Tilkynnt 2. des. 1963, kl. 3 e. h., af Société anonyme belgo-canadienne Continental-Pharma, iðjurekstur og verzlun, 2 rue du Buisson, Brussel, Belgíu, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið:



Samkvæmt tilkynningu 6. desember 1959 er merkið skrásett í Brussel fyrir lyfjaefni gegn berklum.

Skrás. 1964, nr. 30. Tilkynnt 5. des. 1963, kl. 11 f. h., af Mallinckrodt Chemical Works, iðjurekstur, 3600 North Second Street, Saint Louis, Missouri, Bandaríkjunum, og skrásett 10. febrúar 1964.

Orðið:

## CONRAY

Samkvæmt tilkynningu 18. sept. 1961 er merkið skrásett í Washington D. C. 11. sept. 1962, í 6. flokki, fyrir röntgengeislaskugga (contrast) efni.

Skrás. 1964, nr. 31. Tilkynnt 16. des. 1963, kl. 3 e. h., af Fuglakynbótabúinu, Reykjum, Mosfellssveit, alifuglarækt og framleiðsla á matvælum, c/o Jón M. Guðmundsson, pósthólf 782, Reykjavík, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið: H O L D A

Merkið er skrásett fyrir hvers konar fuglakjöt og annað kjöt, unnið og óunnið, og fyrir aðrar kjötvörur; svo og alls konar fisk og fiskafurðir, sérstaklega pakkað fyrir sjálfsafgreiðsluverzlanir, niðursoðið eða varðveitt á annan hátt.

Skrás. 1964, nr. 32. Tilkynnt 19. maí 1963, kl. 3.15 e. h., af Toshio Kuribayashi, iðjurekstur og verzlun, No. 1, Umejima-Machi, Adachi-Ku, Tokyo, Japan, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:


Petri

ペトリ

Merkið er skrásett í Tokyo 9 júlí 1956, í 18. flokki, fyrir ljósmyndavélar og varahluti til þeirra.

**Skrás. 1964, nr. 33.** Tilkynnt 6. maí 1963, kl. 11 f. h., af Dalmine S. p. A., iðju-  
rekstur, Via Brera 19, Milano, Ítalíu, og skrásett 11. febrúar 1964.

Hringur og innan í honum stafirnir: T D, þannig að stafurinn T liggur inni  
í stafnum D.



Samkvæmt tilkynningu 21. des. 1949 er merkið skrásett í Róm 18. nóv. 1950, í 4., 11., 12., 13., 18., 20. og 49. flokki, fyrir stálpípur heildregnar og soðnar, stokka, stólpa, súlustangir og stoðir, rúlluhjólustangir, loftnet til allra nota, möstur, gálga og daviður, tanka og þrýstisivalninga, sívala hluti, gufugeyma, efni í sívalninga, stimpla í pressur, hitunartæki, efnavinnslutæki, verkfæri til borunar, sementasbest-  
pípur, venjulegar og styrktar með plötustálskjarna.

**Skrás. 1964, nr. 34.** Tilkynnt 6. maí 1963, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 11.  
febrúar 1964.

Orðið: „DALMINE“ (innan gæsalappa).

## "DALMINE"

Samkvæmt tilkynningu 24. des. 1954 er merkið skrásett í Róm 16. marz 1955 fyrir samskeyti pípa og hluta þeirra, grunnplötur, bolta, akkerisskrúfur, boltalykla, hjól með og án gúmbarða, heildregnar og soðnar stálpípur, pípulagnir, stólpa og stoðir, hæla og pinna, hjólstaura, loftnet, möstur, gálga, bátakrana, hylki og þrýstisívalninga, sívala hluti og ketilpípur, sívalningaefni, stimpla og pressur, hitatæki, efnafræðitæki, verkfæri og vélaverkfæri til holuborana, einfaldar og járn-bentar asbestpípur með plötustálskjarna, kemisk efni til iðnaðar, visinda, ljós-myndagerðar, grasræktunar og skógræktar, eðlilegs og tilbúins áburðar, slökkvi-efni, herði- og logsuðuefni, rotverjandi efni fyrir matvæli, litunarefni, límeffni í iðnaði, litarefni, málningu, lökk, ryðvarnarefni, fúavarnarefni fyrir timbur, ætiefni, aðdráttarefni, plötu- og duftefni fyrir málara og skreytingamenn, iðnaðarolíur og feiti (að undanskildum ætiolíum, fituefnum og frumolíum), smurolíur, duftblöndur til kögglagerðar, brennsluolíublöndur (ásamt vélasóts-upplausnarefnum), lýsingar-efni, vaxljós, kerti, næturljós og kveiki, algenga hráa og hálfunna málma og blöndur úr þeim, akkeri, steðja, bjöllur, valsaða og steypa smíðamálma, teina og önnur málmeffni fyrir járnbrautir, keðjur (drifkeðjur vagna undanskildar), dráttartaugar og víra, lása, málm-pípur, peningaskápa og hólf, stálkúlur, skeifur, nagla og skrúfur, óhreinsaðar jarðmálmlöndur, byggingarefni, náttúrusteina og tilbúna steina, sement, límleir, línsteypu, gips og sand, stein- eða sementspípur, efni til vegagerðar, malbik, tjöru og olíubik, flytjanleg hús, steinminnismerki, skorsteina, plastpípur, plastsamskeyti og sveigjanlegar pípur úr öðrum efnunum en málmum.

**Skrás. 1964, nr. 35.** Tilkynnt 21. des. 1963, kl. 10.30 f. h., af Adam Opel, Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Rüsselheim a. M., Þýzkalandi, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

# Opel

Samkvæmt tilkynningu 26. febrúar 1917 er merkið skrásett í München 8. febrúar 1918, í 10. flokki, fyrir fólksflutningabifreiðar, vörubifreiðar, hluta þeirra og varahluti til þeirra.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 26. febrúar 1957.

**Skrás. 1964, nr. 36.** Tilkynnt 21. des. 1963, kl. 10.30 f. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

# Kadett

Samkvæmt tilkynningu 5. sept. 1935 er merkið skrásett í München 12. júní 1936, í 10. flokki, fyrir fólksflutningabifreiðar, vörubifreiðar, hluta þeirra og varahluti til þeirra.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 5. september 1955.

Skrás. 1964, nr. 37. Tilkynt 21. des. 1963, kl. 10.30 f. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

## Olympia-Rekord

Samkvæmt tilkynningu 25. okt. 1940 er merkið skrásett í München 4. des. 1943, í 10. flokki, fyrir fólksflutningabifreiðar, vörubifreiðar, hluta þeirra og varahluti til þeirra.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 25. október 1960.

Skrás. 1964, nr. 38. Tilkynt 27. des. 1963, kl. 10 f. h., af Velvakanda sf., útgáfustarfsemi, Hverfisgötu 39, Reykjavík, og skrásett 11. febrúar 1964

Orðið: G O S I

Merkið er skrásett fyrir hvers konar tímarit, blöð og bækur.

Skrás. 1964, nr. 39. Tilkynt 3. maí 1963, kl. 11.45 f. h., af Temova Etablissement, iðjurekstur og verzlun, Vaduz, Liechtenstein, og skrásett 11. febrúar 1964.

Á ferhyrnum einkennismiða standa orðin: VIBROSTATIC TEMOVA VADUZ GARANTI TRICOT-ÉLECTRIQUE, ásamt tveim myndum af eldingu á sama miða.



Samkvæmt tilkynningu 24. des. 1963 er merkið skrásett í Liechtenstein 13. janúar 1964 fyrir hár, hestahár, ull, silki, óunnar fjaðrir, unnar fjaðrir til framleiðslu á rúmfatnaði, dún, ull og náttúruleg gervihár, áklæði fyrir vagna; tjöld, spunatrefjar, garn úr hampi, hör, bómull, basti, gervitrefjar og samblandi af þessu; vefnað úr strái, hampi, hör, bómull, ull, basti, gervitrefjum og öðrum trefjum, svo og samblandi úr þessu; lín til húshalds, rúmfatnað, rúmáklæði, ferðaklæðnað, fatnað alls konar, nærfatnað, húfur og önnur höfuðföt, sokkavörur, hanzka; hnéskjól, olnbogaskjól og handskjól; inniskó og alls konar skófatnað, þar á meðal sjúkraskófatnað, lifstykki, belti, einkum belti til heilsuverndar, svo sem þursabits-, gall- og lifrabelti; æðahnútasokka; höku- og höfuðbindi og slíkar vörur; tizkuvörur, bindi, smávörur, mottur og fléttur.

Skrás. 1964, nr. 40. Tilkynt 14. jan. 1964, kl. 2 e. h., af Chivas Brothers, Limited, áfengisgerð og verzlun, 111/113 Renfrew Road, Paisley, Skotlandi, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

## CHIVAS REGAL

Merkið er skrásett í London 29. ágúst 1933, í 43. flokki, fyrir whisky. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 29. ágúst 1961.

Skrás. 1964, nr. 41. Tilkynt 14. jan. 1964, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1964.

Einkennismiði, bogadreginn að ofan. Á miðanum er skjaldarmerki og tvær burtstengur krosslagðar. Á bandi efst standa orðin: CHIVAS REGAL. Þá er í miðju sporöskjulagaður, afmarkaður flötur og setndur á honum: FOUNDED 1801. Þar fyrir neðan á höndum stendur: BLENDED SCOTCH WHISKY. Neðst stendur: PRODUCE OF SCOTLAND.



Merkið er skrásett í London 15. apríl 1953, í 33. flokki, fyrir skožkt whisky. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 15. apríl 1960.

Skrás. 1964, nr. 42. Tilkynt 3. jan. 1963, kl. 3.30 e. h., af Warner-Lambert Pharmaceutical Company, iðjurekstur, 201 Tabor Road, Morris Plains, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið:

## FIZZIES

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1956 er merkið skrásett í Washington D. C. 6. ágúst 1957, í 45. flokki, fyrir töflur til að búa til ólgandi gosdrykki.

Skrás. 1964, nr. 43. Tilkynt 15. jan. 1964, kl. 10.30 f. h., af Sælgætisgerðinni Báru, sælgætisgerð, Víðihvammi 3, Kópavogi, og skrásett 11. febrúar 1964.

Orðið: B Á R A

Merkið er skrásett fyrir alls konar sælgætisvörur og súkkulaðikex.

Skrás. 1964, nr. 44. Tilkynt 3. jan. 1964, kl. 10.30 f. h., af British Titan Products Company Limited, iðjurekstur, Billingham, County Durhan, Englandi, og skrásett 11. febrúar 1964.


Orðið: R U T I O X

Merkið er skrásett í London 8. nóv. 1937, í 1., 4. og 17. flokki, fyrir kemisk efni til notkunar í iðnaði, ljósmyndagerð eða við heimspekilegar rannsóknir og ryðvarnarefni; hrá- eða hálfunnið grænmeti, efni úr dýrum eða úr jörðu til notkunar við framleiðslu; framleiðslur úr jarðefnum eða öðrum efnum til notkunar við byggingar eða til skreytingar.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 8. nóvember 1951.

Skrás. 1964, nr. 45. Tilkynt 3. nóv. 1962, kl. 11 f. h., af Blue Bell, Inc., iðjurekstur og verzlun, 335 Church Street, Greensboro, County of Guilford, North Carolina, Bandaríkjunum, og skrásett 11. febrúar 1964.

**Skrás. 1964, nr. 224.** Tilkynt 6. ágúst 1964, kl. 11 árdegis, af sama, og skrásett 1. október 1964.

Orðið: B A R N E Y S


Merkið er skrásett í London 18. marz 1925, í 45. flokki, fyrir unnið tóbak og sigarettur.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 18. marz 1953.

**Skrás. 1964, nr. 225.** Tilkynt 17. ágúst 1964, kl. 10.30 árdegis, af Peter F. Heering, iðjurekstur og verzlun, Overgaden neden Vandet, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 1. október 1964.

Hvítur einkennismiði. Á honum miðjum standa orðin: CHERRY HEERING með rauðum bókstöfum, en þar fyrir neðan með bláum bókstöfum orðin:

PRODUCED BY PETER F. HEERING COPENHAGEN — DENMARK GOLD AND 1st CLASS MEDALS. Þar fyrir neðan eru einnig í bláum lit myndir verðlaunapeningum. Efst á einkennismiðanum stendur: PURVEYOR OF CHERRY HEERING ESTABLISHED 1818 PRODUCE OF DENMARK.




Samkvæmt tilkynningu 4. desember 1958 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. janúar 1960 fyrir alls konar drykkjarvörur, þar með talin ávaxtasaft og kjarna til framleiðslu drykkjarvara.

Merkið er skrásett í þeim litum, er það sýnir.

Skrás. 1964, nr. 226. Tilkynnt 17. ágúst 1964, kl. 10.30 árdegis, af sama, og skrásett 1. október 1964.

Blár einkennismiði. Á honum standa með hvítum stöfum orðin: CHERRY HEERING Peter F. Heering OVERGADE NEDEN VANDET No. 166, KJÖBENHAVN. Þar fyrir ofan er skjaldarmerki og orðin: HANDEL og SÖEFART Estd. 1818. Utan um bláa lit einkennismiðans er brúnn rammi.



Samkvæmt tilkynningu 4. desember 1958 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. maí 1959 fyrir alls konar drykkjarvörur, þar með talið ávaxtasaft og kjarna til framleiðslu drykkjarvara.

Merkið er skrásett í þeim litum, er það sýnir.

**Skrás. 1964, nr. 227.** Tilkynnt 5. ágúst 1964, kl. 11 árdegis, af Kóral sf., iðju-rekstur, Vesturgötu 55, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Sporbaugur með innrituðu orðinu: KÓRALL. Tvíbrotin ör liggur í gegnum efri hluta sporbaugsins og endar við stafinn Ó.




Vörumerkið er skrásett fyrir efnafræðilegar afurðir til iðju, vísinda- og ljós-myndamarkmiða og til notkunar við landbúnað, skógrækt og garðyrkju, gerviharpix og tilbúinn harpix, plast óunnið (sem duft, vökva eða deig), náttúrlegan og tilbúinn

áburð, slökkviefni, herzluerni og efnafræðilegar efnablöndur til lóðningar, efnafræðileg varðveizluiefni matvæla, sútunarefni, bindiefni til iðjumarkmiða, málningu, fernis, lakk, ryðvarnarefni og fúavarnarefni í tré, litarefni, bæsiefni, náttúrlegan harpix, blaðmálma og málmduft til notkunar fyrir málara og herbergjaskreytara, bleikiefni og önnur efni til þvotta og hreinsunar á fatnaði, efnablöndur til hreingerninga, gljáfægingar og blettaafmáunar og brýnsluefni, sápu, ilmefnasalavörur, fegrunarefnablöndur, hárvatn, tannumhirðuefni, rykbindiefni, kerti og kveiki, lyf-fræðilegar og dýralæknisfræðilegar efnablöndur og efnablöndur til heilsuverndar, sjúkrakostsefnablöndur fyrir börn og sjúklinga, plástra og sáraumbúðafni, efni til tannfyllinga og tannmótunar, sóthreinsunarefni, efnablöndur til útrýmingar illgresis og meindýra, óunna og sumpart unna óeðla málma og málmblöndur úr þeim. akkeri, steðja, klukkur, valtað og steipt byggingarefni, járnbrautarteina og annað efni úr málm til járnbrautarlagningar, keðjur, málmstrengi og málmþráð, járnsmíðavarning, málmþípur, peningaskápa og peningakassa, stálkúlur, hestajárn, nagla og skrúfur, aðrar vörur gerðar úr óeðlum málmum, málmgrýti, vélar og verkfæra-vélar, hreyfla, tengsl og drifreimar, stór landbúnaðarverkfæri, útungunarvélar, handverkfæri og -tæki, hnífasmíðavörur, gaffla og skeiðar, högg- og lagvopn, vísindaleg, siglingafræðileg, jarðfræðileg rafmagns (þar með einnig talin útvarpstæknileg), ljós-mynda-, kvikmynda- og sjónfræðileg áhöld og tæki til viktunar, mælingar, merkja-sendingar, stjórnar, björgunar og kennslu, peninga- og spilapeningasjálfsala, málm-vélar, kassavélar og reiknivélar, slökkvitæki, skurðlækninga, læknisfræðileg, tann-læknisfræðileg og dýralæknisfræðileg verkfæri og tæki, gervilimi, augu og tennur, innlagningar til lýsingar, hitunar, gufuframleiðslu, suðu, kæli, þurrkunar, loftræst-ingar og vatnsleiðslu- og heilsuverndarinnlagningar, ökutæki, flutningatæki til notkunar á landi, í lofti og á legi, skotvopn, skotfæri og skeyti, sprengiefni, flug-eldafni, eðla málma og málmblöndur úr þeim og vörur úr eðlum málmum eða vörur húðaðar með þeim, gimsteinasmíðavörur, gimsteina, úr og klukkur og önnur tímamælitæki, hljóðfæri, pappír og pappírsvörur, pappa og pappavörur, prentmál, blöð og tímarit, bækur, bókbandsvörur, ljósmyndir, límefni fyrir pappírsvörur, vörur til notkunar fyrir listamenn, pensla, ritvélar og skrifstofuvörur, leiðarvísar- og kennsluefni, spil, prentletur, myndamót, togleður, gúmmi, balata og staðgengils-efni þess og vörur gerðar úr þessum efnunum, plast í hálfunnu ástandi sem blöð, blakkir og stengur, þétti-, þökkunar- og einangrunarefni, asbest, skjástein úr honum, slöngur, leður og gervileður og vörur gerðar úr þessum efnunum, skinn og húðir, koffort og ferðatöskur, regnhlífur, sóhlífur og göngustafi, keyri, aktýgi og söðla-smíðavörur, byggingarefni, steina og gervisteina, sement, kalk, steinlím, gips, mól, þípur úr leir eða sementi, vegagerðarefni, jarðbik, tjöru og bik, flytjanleg hús, steinminnisvarða, reykháfa, húsgögn, spegla, myndaramma, vörur úr tré, kork, þípur, spanskreyr, tágarið, horn, bein, fílabein, fiskibein, skjaldbökuskel, raf, perlu-móður, merkúm og tréni og uppþotarefni fyrir þessi efni eða af plasti, heimilis- og eld-húsbúshluti, greiður, svampa, burstar, burstavörur, verkfæri og efni til hreingerninga, stálull, glervörur, postulín og leirkeravörur, kaðla og reipi, línur, snúrur, nef, tjöld, sóltjöld, segldúka, segl, poka, bólstrunarefni, óunnin trefjaefni til vefnaðarvöru-framleiðslu, þráð og garn, ofin efni, sængur og borðteppi, vefnaðarvörur, fatnað og undirfatnað, þar með talin stígvél, skór og inniskór, knipplingar og útsaum, leggingar og kögurvefnaðarvörur, hnappa, þrykklása, krókapör, tituprjóna og saum-nálar, tilbúin blóm, teppi, mottur, gljádúka og annað gólfslagningarefni, veggfóðr-unarefni, spil og leikföng, leikfimis- og íþróttavarning, jólaskraut, ís, landbúnaðar-, skógræktar- og garðræktarafurðir og korn, lifandi dýr, ferska ávexti og grænmeti, fræ og sáðkorn, lifandi plöntur og náttúrleg blóm, næringarefni fyrir dýr, malt, öl, ölkelduvatn og kolsúrt vatn og aðra óafenga drykki, saft og aðrar efnablöndur

til framleiðslu drykkja, vín, vínanda og kryddvín, tóbak (óunnið og unnið), vörur fyrir reykingamenn, eldspýtur, rafmagnsvélar og raftæki og hvers konar varahluti til þeirra.

**Skrás. 1964, nr. 228.** Tilkynt 10. júlí 1964, kl. 15.00, af Závody 9. Kventa, národní podnik, iðjurekstur og verzlun, Praha, Tékkóslóvakíu, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: JAWA innan í svartri sporöskjulaga umgerð, en fyrir neðan orðið innan í umgerðinni eru tveir hringir hvor innan í öðrum og strik út frá þeim.



Samkvæmt tilkynningu 23. okt. 1954 er merkið skrásett í Prag 25. nóv. 1954, í 12. flokki, fyrir alls konar vélknúin farartæki til nota á jörðu, einkum mótórhjól, hluta þeirra og tilheyrandi.

**Skrás. 1964, nr. 229.** Tilkynt 4. sept. 1964, kl. 13.30, af Hagkaup, verzlun, Eskihið A við Miklatorg, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: G I L D A

Merkið er skrásett fyrir nælonkvensokka.

**Skrás. 1964, nr. 230.** Tilkynt 1. júlí 1961, kl. 11 árdegis, af Ota A/S, iðjurekstur og verzlun, Island Brygge 39, Kaupmannahöfn S., Danmörku, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: Q U O T A

Samkvæmt tilkynningu 29. marz 1961 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 22. okt. 1962, í 5., 29., 30. og 31. flokki, fyrir lyffræðilegar, dýralæknisfræðilegar og heilnæmis efnablöndur, sjúkrakostsefnablöndur fyrir börn og sjúklinga, plástra og umbúðafni, efni til tannfyllingar og tannmótunar, sóthreinsunarefni, efnablöndur til útrýmingar illgresis, meindýra og óværu, kjöt, fisk, fugla, veiðidýr, kjötseyði, geymda, þurrkaða og niðursoðna ávexti og grænmeti, aldinm auk og hlaup, egg, mjólk og aðrar mjólkurbúsafurðir, ætar oliur og matarfeiti, niðursuðuvörur, sýrt grænmeti, kaffi, te, kakó, sykur, hrisgrjón, tapioka, sagó, kaffibæti, mjöl og næringarefni úr korni, brauð, kex, kökur, bökunar- og kökubúðarvörur, matarís, hunang, siróp, ger, bökunarduft, salt, sinnep, pipar, edik, vinedik, sósur, kryddvörur, ís, landbúnaðar-, skógræktar- og garðyrkjuafurðir, lifandi dýr, ferska ávexti og grænmeti, fræ og sáðkorn, lifandi plöntur og náttúrleg blóm, næringarefni dýra og malt, þó ekki deyfimeðöl og súkkulaði.

Samkvæmt forgangsréttarákvæði Parísarsamþykktarinnar, um eignarréttindi á sviði iðnaðar, nýtur vörumerkið verndar hér á landi frá 29. marz 1961.



**Skrás. 1964, nr. 231.** Tilkynt 30. apríl 1964, kl. 15.00, af Radiola Aktiebolag, iðjurekstur og verzlun, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **RADIOLA**

Samkvæmt tilkynningu 23. des. 1929 er merkið skrásett í Stokkhólmi 20. jan. 1931 fyrir rafmagnstæki ásamt hlutum og fylgihlutum til iðnaðarnota, rafgeyma og rafhlöður ásamt hlutum og fylgihlutum, lampa í viðtæki, lofttæmda lampa, skaut, rafknúin stjórnkerfi, raf-, ljós- og hljóðmerkjakerfi, mæli- og visitæki ásamt hlutum og fylgihlutum, skynjara, afriðla og rafhleðsluútbúnað ásamt hlutum og fylgihlutum, hvers kyns hljóðfæri, rafknúna tímamæla, viðtæki fyrir þráðlaust firðtal og viðtengdan hátalara-búnað ásamt hlutum og fylgihlutum, tæki til símafirðritunar og símafirðtals, senditæki til þráðlausrar firðritunar og þráðlauss firðtals, viðtæki fyrir þráðlausa firðritun, hvers kyns tæki til myndasendinga gegnum síma eða án, hljóðendurvarpstæki með raforku að millilið eða ekki, hljómplötur og grammófónnár, kvikmyndasýningavélar, filmur, bæði venjulegar og svonefndar tónfilmur. Skráningin tekur ekki til neins konar ryksuga.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 20. janúar 1961.

**Skrás. 1964, nr. 232.** Tilkynt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af Everest Trading Company, heildverzlun, Grófinni 1, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **HELENA**

Merkið er skrásett fyrir nælonsokka og aðrar skyldar vörur.

**Skrás. 1964, nr. 233.** Tilkynt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af sama, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **MARINA**

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og aðrar skyldar vörur.

**Skrás. 1964, nr. 234.** Tilkynt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af sama, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **FLORIDA**

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og aðrar skyldar vörur.

**Skrás. 1964, nr. 235.** Tilkynt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af Sokkaverksmiðjunni Evu hf., sokkaframleiðsla, Suðurgötu 126, Akranesi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **RÓS**

Merkið er skrásett fyrir nælonsokka og aðrar skyldar vörur.

**Skrás. 1964, nr. 236.** Tilkynt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af sama, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: **ÓSK**

Merkið er skrásett fyrir nælonsokka og aðrar skyldar vörur.

**Skrásettt 1964, nr. 237.** Tilkyntt 7. sept. 1964, kl. 9 árdegis, af Everest Trading Company, heildverzlun, Grófinni 1, Reykjavík, og skrásettt 4. desember 1964.

Orðið: R E G I N A

Merkið er skrásettt fyrir nælonsokka og aðrar skyldar vörutegundir.


**Skrás. 1964, nr. 238.** Tilkyntt 7. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Cilag-Chemie Aktiengesellschaft (Cilag-Chemie Anonyme) (Cilag-Chemie Limited), iðjurekstur og verzlun, Hochstrasse 205—209, Schaffhausen, Sviss, og skrásettt 4. desember 1964.

Orðið: L E M I B I L

Samkvæmt tilkynningu 31. marz 1954 er merkið skrásettt í Bern 25. júní 1954 fyrir lyfjavörur.

**Skrás. 1964, nr. 239.** Tilkyntt 11. sept. 1964, kl. 17.00, af British-American Tobacco Company Limited, iðjurekstur, Westminster House 7, Millbank, London, S. W. 1, Englandi, og skrásettt 4. desember 1964.

Ferstrendur, ílangur, skyggður einkennismiði. Þvert yfir miðann er skráð orðið: RICHMOND. Ofarlega á miðanum er mynd af fólki og ökutæki.



Merkið er skrásettt í London 15. nóv. 1962, í 34. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak.

**Skrás. 1964, nr. 240.** Tilkyntt 16. sept. 1964, kl. 13.30, af Bulls Gummi-Industri, iðjurekstur og verzlun, Möllendalsbakken 11, Bergen, Noregi, og skrásettt 4. desember 1964.

Mynd af línu og öngli. Yfir myndinni standa orðin: BULLS GUMMI-MAKK Liv í flíppen.



Samkvæmt tilkynningu 8. okt. 1963 er merkið skrásettt í Osló 9. apríl 1964, í 28. flokki, fyrir öngla.

Skrás. 1964, nr. 241. Tilkynnt 18. sept. 1964, kl. 16.30, af The Wellcome Foundation Limited, iðjurekstur, 183—193 Euston Road, London, N. W. 1, Englandi, og skrásett 4. desember 1964.

Mynd af svörtum einhyrningi.



Merkið er skrásett í London 8. marz 1945, í 5. flokki, fyrir lyffræðileg, dýra-læknisfræðileg og heilsufræðileg efni, barna- og sjúkrafæðu, plástra, efni í bindi, tannfyllingarefni, vax til tannlækninga, sóttgreinsiefni, efni til eyðingar illgresis og til eyðingar háskakvikinda.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 8. marz 1952.

Skrás. 1964, nr. 242. Tilkynnt 18. sept. 1964, kl. 16.30, af sama, og skrásett 4. desember 1964.

Mynd af hvítum einhyrningi.




Merkið er skrásett í London 30. janúar 1935, í 3. flokki, fyrir kemisk efni til notkunar í læknisfræðilegum og lyfjafræðilegum tilgangi.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 30. janúar 1963.

Skrás. 1964, nr. 243. Tilkynnt 4. nóv. 1964, kl. 10.30 árdegis, af Sambandi ísl. samvinnufélaga, iðjurekstur og verzlun, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: LILY með sérstöku letri.



Merkið er skrásett fyrir hvers konar heilsokka kvenna úr gerviþráðum.

Skrás. 1964, nr. 244. Tilkynnt 14. ágúst 1964, kl. 14.00, af VEB Alfi Fischbach, iðjurekstur, Fischbach/Rhön, Þýzkalandi, og skrásett 4. desember 1964.

Innan sporöskjulagaðs hrings standa á bláum fleti samandregnir stafirnir: AWF. Fyrir ofan stafina stendur: ALUMINIUM · WAREN FISCHBACH/RHÖN.



Samkvæmt tilkynningu 14. febrúar 1956 er merkið skrásett í Berlín 9. júní 1956, í 23. flokki, fyrir heimilis- og eldhúshöld, eldunaráhöld, hitaflöskur og einangrunarkönnur.

Skrás. 1964, nr. 245. Tilkynnt 16. janúar 1964, kl. 16.00, af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda, verzlun, Aðalstræti 6, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Ferstrendur, ílangur einkennismiði, sem skipt er í tvo reiti. Á öðrum reitnum er mynd af neti, en þvert yfir hluta reitsins er svartur borði, sem á er lettrað: SIF brand. Efst á hinum hluta reitsins er mynd af fiski, en þar fyrir neðan er skráð: CODFISH FILLETS SALTEDDRIED SKINLESS AND BONELESS.



Merkið er skrásett fyrir söltuð þorskflök.


Skrás. 1964, nr. 246. Tilkynnt 15. maí 1963, kl. 14.30, af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: INDOCID

Samkvæmt tilkynningu 2. apríl 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 1. september 1964, í 18. flokki, fyrir sársauka- og bólgueyðandi efni, sérstaklega gagnleg gegn sjúkdómum í beinum, liðum og vöðvum og þess háttar.

Skrás. 1964, nr. 247. Tilkynnt 25. sept. 1964, kl. 14.30, af John Cotton Limited, iðjurekstur og verzlun, 23 St. Andrew Square, Edinburgh, Skotlandi, og skrásett 4. desember 1964.

Ferstrendur, hvítur einkennismiði. Efst á honum er blár, ferstrendur, lóðréttur flötur og á tveim hliðum hans eru gylltir kantar. Neðst á fletinum er mynd af ljóni og blómsveig. Þar fyrir neðan er rauður, ferstrendur, láréttur flötur með gylltum köntum á þrem hliðum. Þá stendur á miðanum nafnið: John Cotton. Neðst á miðanum er ferstendur, blár flötur með gylltum köntum á tveim hliðum.



Merkið er skrásett í London 2. ágúst 1963, í 34. flokki, fyrir sigarettur og vindla.

**Skrás. 1964, nr. 248.** Tilkynt 25. sept. 1964, kl. 16.00, af Fa. Diehl, iðjurekstur, Stephanstrasse 49, Nürnberg, Þýzkalandi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: transmatic skráð með litlum bókstöfum.

Samkvæmt tilkynningu 12. marz 1963 er merkið skrásett í München 25. maí 1964, í 22. flokki, fyrir reiknivélar, sérstaklega þriggja og fjögurra greina reiknivélar, hvort sem þær prenta stafina eða ekki, samlagningarvélar, bókfærslu- og vöruskrárvélar, svo og hluta framangreindra véla.

**Skrás. 1964, nr. 249.** Tilkynt 3. okt. 1964, kl. 12 á hádegi, af Biflex Foundation, iðjurekstur, 11 East 36th Street, New York 16, New York, Bandaríkjunum, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið:

# BIFLEX

Samkvæmt tilkynningu 29. okt. 1945 er merkið skrásett í Washington D. C. 13. ágúst 1946, í 39. flokki, fyrir magabelti og lifstykki.

**Skrás. 1964, nr. 250.** Tilkynt 12. okt. 1964, kl. 16.00, af Sandoz A.G. (Sandoz S.A.) (Sandoz Ltd.), iðjurekstur og verzlun, Bale, Sviss, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: L I D A N I L

Samkvæmt tilkynningu 25. júní 1959 er merkið skrásett í Bern fyrir lyfjavörur, einkum sefandi lyf.

Skrás. 1964, nr. 251. Tilkynnt 5. okt. 1964, kl. 10.45 árdegis, af Blech- & Metallwarenfabrik Schütz & Patry, iðjurekstur og verzlun, Argentinierstrasse 20, Wien IV, Austurríki, og skrásett 4. desember 1964.

Stafirnir: Sch P í hjarta.



Samkvæmt tilkynningu 20. nóv. 1956 er merkið skrásett í Wien 15. maí 1957, í 9. flokki, fyrir hnífapör, og skeiðar alls konar.

Skrás. 1964, nr. 252. Tilkynnt 1. sept. 1964, kl. 10 árdegis, af Dansk Tyggegummi Fabrik A/S, iðjurekstur og verzlun, Vejle, Danmörku, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: STIMOROL

Samkvæmt tilkynningu 21. júní 1961 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. júní 1962, í 3., 5., 17., 21., 28., 29., 30., 32., 33. og 34. flokki, fyrir bleikiefni og önnur efni til þvotta og hreinsunar á fatnaði, efnablöndur til hreingerninga, fægingar og afmáunar bletta ásamt brýnsluefnum, sápu, ilmefnavörur, loftnæmar olíur, fegrunar-efnablöndur, hárvatn (að frátöldu munnskolvatni og tannhirðingarefnum), sérfaðu-efnablöndur fyrir börn og sjúklinga, plástra og sáraumbúðafni, efni til tannfyllinga og til tannmótunar, efni til útrýmingar illgresis og meindýra, lyfjatyggiúmmi, togleður, gúmmí, balata og uppbótarefni þess og vörur framleiddar úr þessum efnum ekki innifaldar í öðrum flokkum, plast í hálfunnu ástandi að lögum sem blöð, blakkir og stengur, þéttingar-, pökkunar- og einangrunarefni, asbest, skjástein og vörur úr því, slöngur, þó ekki úr málm, minni háttar heimilis- og eldhúsgagnavörur (þó ekki úr dýrum málum eða húðuð með þeim), greiður og svampa, burstabindiefni, áhöld og efni til hreingerningamarkmiða, stálull, glervörur, postulín og leirvörur (að undanskildum burstum), spil og leikföng, leikfimis- og íþróttavörur (þó ekki fót), jólatrésskraut, kjöt, fisk, alifugla og veiðidýr, niðursoðna,

þurrkaða og soðna ávexti og grænmeti, aldinm auk og hlaup, egg, mjólk og aðrar mjólkurbúsavorur, ætar oliur og matarfeiti, niðursoðin matvæli, sýrt grænmeti, kaffi, te, kakó, sykur, hrisgrjón, tapioka, sagó, kaffibæti, mjöl og næringarefni úr korni, brauð, kex, brauðgerðahúsa- og kökubúðarvorur, sælgætisvorur, matarís, hunang, síróp, ger, bökunarduft, salt, sinnep, pipar, edik, þar með talið vínedik, sósur, krydd, ís, tyggigúmmi, öl, ölkelduvatn og vatn með kolsýruinnihaldi og aðra óáfenga drykki, saft og aðrar blöndur til framleiðslu drykkja, vín, áfengi og kryddvín, tóbak (óunnið og unnið), vorur fyrir reykingamenn, eldspýtur.

Skrás. 1964, nr. 253. Tilkynt 4. júní 1964, kl. 12 á hádegi, af VEB Kabelwerk Meissen, iðjurekstur, Niederauer Strasse 42, Meissen i. Sa., Þýzkalandi, og skrásett 4. desember 1964.

Mynd af línu, sem ýmist er í bláum eða gulum lit. Frá vinstri fyrst blár litur 10 mm, síðan gulur litur 8 mm, þá blár litur 10 mm og svo gulur litur 50 mm ó. s. frv.

Samkvæmt tilkynningu 28. janúar 1964 er merkið skrásett í Berlín 20. marz 1964, í 22. flokki, fyrir strengi með eða án málmhlífar, plaststrengi og rafmagnsleiðslur.

Skrás. 1964, nr. 254. Tilkynt 2. okt. 1964, kl. 16.00, af Carreras Limited, iðjurekstur og verzlun, Christopher Martin Road, Basildon, Essex, Englandi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: C A R R E R A S

Merkið er skrásett í London 18. september 1929, í 45. flokki, fyrir unnið tóbak. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 18. september 1957.

Skrás. 1964, nr. 255. Tilkynt 16. okt. 1964, kl. 13.15, af Magnúsi Ólafssyni, húsgagnasmið, handavinnukennara, Mjóuhlíð 8, Reykjavík, og skrásett 4. desember 1964.

Víkingur í stafni á dreka.



Merkið er skrásett fyrir víkingaskák, taflborð og það sem því tilheyrir, þ. e. a. s. taflmenn og leiðarvísi.

Skrás. 1964, nr. 256. Tilkynt 27. júlí 1964, kl. 11.30 árdegis, af Agfa Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Leverkusen-Bayerwerk, Þýzkalandi, og skrásett 4. desember 1964.

**Orðið: CARBOTHERM**

Samkvæmt tilkynningu 26. apríl 1962 er merkið skrásett í München 9. des. 1963, í 6. flokki, fyrir efnafræðilegar vörur til skuggamynda- og endurframleiðslu-markmiða og ólýstan ljósmyndapappír.

Skrás. 1964, nr. 257. Tilkynnt 7. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Adam Philipp Roersch handelende onder de firma Roersch & Co., iðjurekstur og verzlun, Rochussenstraat 281 b, Rotterdam, Hollandi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðin: KING ERIK

Merkið er skrásett í Haag 1. nóv. 1963 fyrir tóbaksvörur og reyktóbaksvörur.

Skrás. 1964, nr. 258. Tilkynnt 9. marz 1964, kl. 11.30 árdegis, af Deutsche Linoleum-Werke Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Bietigheim/Württemberg, Þýzkalandi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: COVERALL

Samkvæmt tilkynningu 15. okt. 1960 er merkið skrásett í München 2. marz 1961, í 39. flokki, fyrir ábreiður, dregla, mottur, gólf-, vegg- og borðþekjur úr linoleum eða efni svipuðu linoleum, úr gerviefnaörkum með eða án vefnaðarefna eins vel og úr pappír eða endurbættum pappá.

Skrás. 1964, nr. 259. Tilkynnt 7. okt. 1962, kl. 15.00, af A B Tikamin, iðjurekstur og verzlun, Södertälje, Svíþjóð, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið: DINISEAL

Samkvæmt tilkynningu 20. sept. 1962 er merkið skrásett í Stokkhólmi 29. maí 1954, í 2. flokki, fyrir málningu, fernis, lökk og aðrar þess konar vörur, ryðvarnarefni og önnur slík efni fyrir málma og einkum svokallað undirburðarefni.

Skrás. 1964, nr. 260. Tilkynnt 27. okt. 1964, kl. 14.30, af Du Pont de Nemours (Nederland) N. V., iðjurekstur, Stadhoudersplantsöen 214, Hague, Hollandi, og skrásett 4. desember 1964.

Orðið:

**LAICRA**

Samkvæmt tilkynningu 25. marz 1964 er merkið skrásett í Haag 24. apríl 1964, í 22. og 25. flokki, fyrir þinur, trefjar, garn, þráð, ofin efni og fatnaðarvörur.

Skrás. 1964, nr. 261. Tilkynnt 2. okt. 1964, kl. 16.00, af Achilles Corporation, iðjurekstur og verzlun, 3333 Arctic Avenue, Atlantic City, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 5. desember 1964.


Orðið: VENTAR

Samkvæmt tilkynningu 14. janúar 1959 er merkið skrásett í Washington D. C. 15. sept. 1959, í 8. flokki, fyrir loftræsibúnað á sigarettur.



Skrás. 1964, nr. 262. Tilkynt 2. nóv. 1964, kl. 14.30, af H. H. Pott Nfgr., iðju-rekstur, Rumhandelshaus, Flensburg, Augustastrasse 5, Þýzkalandi, og skrásett 5. desember 1964.

Innan svartrar umgerðar er mynd af hliði. Á það er letrað hvítum stöfum orðið: POTT.



Samkvæmt tilkynningu 11. júlí 1953 er merkið skrásett í Munchen 28. janúar 1958, í 16. flokki, fyrir vín, freyðivín, ávaxtavín, ávaxtafreyðivín, malurtavín, gerjað aldivín, áfengi, sérstaklega brennivín, líkjöra, hrísgrjónabrennivín, brennt hrísgrjónavín, romm, brennt romm, ilmefni, kjarna, kjarnseyði og frumefni til tilreiðslu áfengra drykkja, ógerjuð aldivín, óáfenga drykki, sérstaklega límonade, gosdrykki, heita drykki og drykki úr ávaxtasafa, gosdrykkjaduft, ilmefni, kjarna, kjarnseyði og frumefni til tilreiðslu óáfengra drykkja, ávexti mengaða rommi, svo og ávexti niðursoðna í því.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 11. júlí 1963.

Skrás. 1964, nr. 263. Tilkynt 2. nóv. 1964, kl. 14.30, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Mynd af flösku. Á flöskunni ofarlega er miði með áletruninni: POTT PRIVAT RUM. Á flöskuhálsinum er miði með áletruninni: H. H. POTT. Tappi flöskunnar er innsiglaður með innsigli, sem á standa smáletruð orð. Neðan til á flöskunni er miði með áletruninni: 43 VOL %. Neðst um flöskuna er miði með mörgum smáletruðum orðum.



Samkvæmt tilkynningu 27. júlí 1962 er merkið skrásett í München 7. desember 1962, í 16. flokki, fyrir romm.

Skrás. 1964, nr. 264. Tilkynnt 2. nóv. 1964, kl. 14.30, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðin: Der gute Pott.

Samkvæmt tilkynningu 27. janúar 1961 er merkið skrásett í München 2. júní 1961, í 16. flokki, fyrir vín, freyðivín, ávaxtavín, ávaxtafreyðivín, malurtavín, gerjað aldivín, áfengi, sérstaklega brennivín, líkjöra, hrisgrjónabrennivín, brennt hrisgrjónavín, romm, brennt romm, koniak, brennt koniak, áfenga drykki, meðal annars blandaða drykki úr áfengi og óáfenga drykki, svo sem ölkelduvatn, kolsýrt vatn, límonade, ávaxtasafa, vínberjalög, kóladyrki, svo og blandaða drykki úr áfengi og mjólk, kakó, súkkulaði, kaffi og te, ilmefni, kjarna, kjarnseyði og frumefni til tilreiðslu áfengra drykkja, ógerjuð aldivín, óáfenga drykki, sérstaklega límonade, gosdrykki og drykki úr ávaxtasafa, gosdrykkjaduft, ilmefni, kjarna, kjarnseyði og frumefni til tilreiðslu óáfengra drykkja, niðursoðna ávexti, ávaxtahlaup, ávexti, ávaxtasafa, ávexti mengaða rommi, svo og ávexti niðursoðna í því, kaffi, te, sykur, síróp, hunang, mjöl og matvæli, vörur úr deigi, kryddvörur, kakó, súkkulaði, sérstaklega súkkulaði með áfengi í, sykurvörur, bökunar- og brauðbúðavörur.

Skrás. 1964, nr. 265. Tilkynnt 9. nóv. 1964, kl. 14.30, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Mynd af tveimur miðum í svörtum, rauðbrúnum, gulum og gylltum lit. Á efri miðanum, sem er slaufulaga, standa orðin: POTT RUM á eggлага fleti, sem er svartur að ofan og rauðbrúnn að neðan. Fyrir ofan þessi orð er mynd af hliði með

áletruninni: POTT. Miðinn er ílangur til endanna og með útflúri. Neðri miðinn er svartur að ofan og rauðbrúnn að neðan með gulri og gylltri umgjörð. Á svarta fletinum efst er gylltur flötur með mynd af rauðbrúnu hliði og orðinu: POTT. Sitt hvoru megin við flöt þennan standa orðin: SEIT og 1848. Á neðra helmingi svarta flatarins standa orðin: Der gute POTT. Á rauðbrúna fletinum á neðra helmingi miðans standa orðin: RUM Original Abfüllung. Þar fyrir neðan stendur sitt hvoru megin við mynd af stjörnu: 40% og 70 cl. Á gylltri umgjörð um fleti þessa standa orðin: RUMHANDELSHAUS að ofan, en FLENSBURG að neðan. Til sitt hvorrar handar stendur: H. H. POTT NFRG.



Samkvæmt tilkynningu 5. júlí 1963 er merkið skrásett í München 22. nóvember 1963, í 16. flokki, fyrir romm og rommblöndur.

Skrás. 1964, nr. 266. Tilkynnt 22. okt. 1964, kl. 16.15, af Christian Sten Sture Cederroth með firma Cederroths Tekniska Fabrik, Sture Cederroth, iðjurekstur og verzlun, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: T O P Z

Samkvæmt tilkynningu 6. nóvember 1957 er merkið skrásett í Stokkhólmi 18. desember 1959 fyrir plástra og sáraumbúðir, enn fremur eyrnastíla og hnoðra.

Skrás. 1964, nr. 267. Tilkynnt 28. sept. 1964, kl. 16.00, af Booth's Distilleries Limited, áfengisgerð, 57—61 Clerhenwell Road, London E. C. 1, Englandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

**ROBKA**

Merkið er skrásett í London 7. apríl 1961, í 33. flokki, fyrir vodka.

Skrás. 1964, nr. 268. Tilkynt 28. sept. 1964, kl. 16.00, af sama, og skrásett 5. desember 1964.


Orðið:

## COSSACK

Merkið er skrásett í London 23. janúar 1958, í 33. flokki, fyrir vín, áfenga drykki og líkjöra.

Skrás. 1964, nr. 269. Tilkynt 3. nóv. 1964, kl. 15.45, af Hlutfélaginu Hamar, iðjurekstur og verzlun, Tryggvagötu og Borgartúni, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Tannhringur með hamri innan í. Stendur efst innan í hringnum: h/f HAMAR, en neðst innan í honum: REYKJAVÍK.



Merkið er skrásett fyrir allar málmvörur.

Skrás. 1964, nr. 270. Tilkynt 15. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Gardisette G. m. b. H., iðjurekstur og verzlun, Emsdetten (Westf.), Grevenor Damm, Þýskalandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: GIDASETTE skráð með venjulegu letri innan í sporöskjulaga ramma.



Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1964 er merkið skrásett í München 23. júní 1964, í 3. flokki, fyrir sokka, ytri-fatnað (einnig úr vefnaði og þrjónlesi), nærfatnað, borðdúka, rúmlín, lífstykki, hálsbindi, axlabönd, hanzka, kögur, dregla, leggingar, tölur og hnappa, knipplinga, glitsaum, gólfteppi, mottur, ábreiður, gluggatjöld, dyra-tjöld, fána, tjöld, segl, poka, vefnað alls konar, filt.

Skrás. 1964, nr. 271. Tilkynt 15. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Schering A. G., iðjurekstur og verzlun, Berlin N 65, Müllerstrasse 170—172, Þýskalandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

## Kiron

Samkvæmt tilkynningu 31. marz 1952 er merkið skrásett í München 19. okt. 1953, í 2. flokki, fyrir lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, lyfjaefnavörur,

plástra, sáraumbúðir, dýra- og jurtaeitur, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sótt-hreinsunarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 31. marz 1962.

**Skrás. 1964, nr. 272.** Tilkynt 15. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

## ANOVLAR

Samkvæmt tilkynningu 19. okt. 1960 er merkið skrásett í München 30. des. 1960, í 2. flokki, fyrir lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, lyfjaefnavörur, plástra, sáraumbúðir, dýra- og jurtaeitur, efni til verndar dýrum gegn snikjudýrum, jurta-varnarefni, gerilsneyðingar- og rotvarnarefni (sóttvarnarefni), efni til að halda matvælum ferskum og geymsluþolnum.

**Skrás. 1964, nr. 273.** Tilkynt 15. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

## Primobolan

Samkvæmt tilkynningu 18. marz 1959 er merkið skrásett í München 11. maí 1959, í 2. flokki, fyrir lyf, einkum „hormona“-efni.

**Skrás. 1964, nr. 274.** Tilkynt 15. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

## Urografin

Samkvæmt tilkynningu 8. apríl 1949 er merkið skrásett í München 6. febrúar 1951, í 2. flokki, fyrir lyf, efnavörur til lækninga og heilsuverndar, lyfjaefnavörur, plástra, dýra- og jurtaeitur, jurtaverndarefni, meindýraeitur.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 8. apríl 1959.

**Skrás. 1964, nr. 275.** Tilkynt 21. sept. 1964, kl. 15.00, af Verksmiðjunni Dúkur hf., iðjurekstur og verzlun, Aðalstræti 6, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: T E X C E L

Merkið er skrásett fyrir tilbúinn fatnað, ytri og innri, fyrir karlmenn, konur og börn.

**Skrás. 1964, nr. 276.** Tilkynt 21. sept. 1964, kl. 15.00, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: T E X S T Y L E

Merkið er skrásett fyrir tilbúinn fatnað, ytri og innri, fyrir karlmenn, konur og börn.

Skrás. 1964, nr. 277. Tilkynnt 21. sept. 1964, kl. 15.00, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: T E X

Merkið er skrásett fyrir tilbúinn fatnað, ytri og innri, fyrir karlmenn, konur og börn.

Skrás. 1964, nr. 278. Tilkynnt 21. sept. 1964, kl. 15.00, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: T E X L U X

Merkið er skrásett fyrir tilbúinn fatnað, ytri og innri, fyrir karlmenn, konur og börn.

Skrás. 1964, nr. 279. Tilkynnt 28. júlí 1964, kl. 11.30 árdegis, af Linnet S. F., iðjurekstur og verzlun, Skipasundi 43, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Hringur ásamt mynd af fuglinum Linnet-Linaria Cannabina — í honum og ásamt orðinu: LINNET í hægri horni hans.



Merkið er skrásett fyrir silfurmuni, leirmuni og fatnað.

Skrás. 1964, nr. 280. Tilkynnt 2. marz 1964, kl. 11.30 árdegis, af Þráni Hafstein Kristjánssyni, verzlunarmanni, Fitjakoti, Kjalarnesi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: M I L L I O N

Merkið er skrásett fyrir sælgætisframleiðslu.

Skrás. 1964, nr. 281. Tilkynnt 18. apríl 1964, kl. 11.30 árdegis, af Ax, sælgætis- og efnagerð, iðjurekstur, Móbarði 6, Hafnarfirði, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: M E T

Merkið er skrásett fyrir alls konar sælgæti, tyggigúmmí, brjóstsykur, karamellur, súkkulaði, lakkris, dragee alls konar, kex, svo og aðra matvöru, fatnað og snyrtivörur alls konar.

Skrás. 1964, nr. 282. Tilkynnt 22. apríl 1964, kl. 14.30, af Afgreiðslu smjörlikisgerðanna hf., iðjurekstur og verzlun, Þverholti 19, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: J U R T A -

Merkið er skrásett fyrir borðsmjörliki, bakarasmjörliki, hræismjörliki, matarfeiti, jurtafeiti, bókunarfeiti, handsápu, þvottaduft, þvottalög, sultu og marmelaði.

Skrás. 1964, nr. 283. Tilkynt 20. febr. 1964, kl. 11.50 árdegis, af Piróla hf., iðjurekstur, Garðastræti 43, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: ALLT með sérstakri stafagerð.



Merkið er skrásett fyrir uppþvotta- og þvottalög, shampo, handsápu, blautsápu, þvottaduft, ræstiduft og annað hreingerningarefni, alls konar sótthreinsunarefni, snyrtivörur, kryddvörur, efnagerðarvörur, gosdrykki og sælgæti.

Skrás. 1964, nr. 284. Tilkynt 20. júlí 1964, kl. 11.40 árdegis, af Cavalla Limited, iðjurekstur og verzlun, 26 Hill Street, St. Helier, Jersey, Channel Islands, Englandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

**RANSOM**

Merkið er skrásett í London 18. maí 1909, í 45. flokki, fyrir unnið tóbak. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 18. maí 1951.

Skrás. 1964, nr. 285. Tilkynt 11. nóv. 1964, kl. 10.30 árdegis, af Anton Justman (Amsterdam & London) Limited, iðjurekstur, 2 Dean Stanley Street, London S. W. 1, Englandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðin:

**ANTON JUSTMAN**

Merkið er skrásett í London 6. maí 1963, í 34. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak.

Skrás. 1964, nr. 286. Tilkynt 16. nóv. 1964, kl. 15.00, af Schering A. G., iðjurekstur og verzlun, Berlin N 65, Müllerstrasse 170/172, Þýskalandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

**Ultralan**

Samkvæmt tilkynningu 11. sept. 1937 er merkið skrásett í München 7. maí 1938, í 2. flokki, fyrir lyf, efnavörur í lyf og til heilsuverndar, lyfjaefnavörur, plástra, sáraumbúðir og sárabindi og efni til að auka geymsluþol matvæla.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 11. september 1957.

**Skrás. 1964, nr. 287.** Tilkynt 5. nóv. 1964, kl. 11.30 árdegis, af Cilag-Chemie Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, Hochstrasse 205—209, Schaffhausen, Sviss, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: **PLINIUM**

Samkvæmt tilkynningu 5. nóv. 1962 er merkið skrásett í Bern 14. jan. 1963, í 5. og 10. flokki, fyrir lyfjafræðilegar, dýralæknisfræðilegar og heilsufræðilegar afurðir, plástur, sáraumbúðir, sóthreinsunarefni, tæki og áhöld til skurðlækninga, lækninga, tannlækninga og dýralækninga, þar á meðal gervilimi, -augu og -tennur.

**Skrás. 1964, nr. 288.** Tilkynt 3. nóv. 1964, kl. 11.30 árdegis, af The Seven-Up Company, iðjurekstur og verzlun, 1300 Delmar Boulevard, St. Louis, Missouri, Bandaríkjunum, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: **LIKE**

Samkvæmt tilkynningu 24. júlí 1963 er merkið skrásett í Washington D. C. 12. maí 1964, í 45. flokki, fyrir óáfenga drykki.

**Skrás. 1964, nr. 289.** Tilkynt 14. okt. 1964, kl. 11 árdegis, af J. R. Geigy A. G., iðjurekstur, Schwarzwaldallee 215, Basel, Sviss, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

## **SUPRACID**

Samkvæmt tilkynningu 9. maí 1945 er merkið skrásett í Bern 9. ágúst 1945 fyrir búfræðilegar efnavörur, efnafræðilegar vörur til notkunar til landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarforma, tilbúinn og náttúrlegan áburð, efnablöndur til útrýmingar illgresis og meindýra, sérstaklega efni til útrýmingar skordýra og sveppa, affrjóvunar-, og sóthreinsunarefni, varðveizluefni.

**Skrás. 1964, nr. 290.** Tilkynt 14. nóv. 1964, kl. 10 árdegis, af Einari Matthíasyni, verzlunarmanni, Hátúni 39, Reykjavík, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: **CORA**

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og annan skyldan varning.

**Skrás. 1964, nr. 291.** Tilkynt 14. nóv. 1964, kl. 10 árdegis, af sama, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: **RUBIN**

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og aðrar skyldar vörutegundir.

**Skrás. 1964, nr. 292.** Tilkynt 14. nóv. 1964, kl. 10 árdegis, af sama, og skrásett 6. desember 1964.

Orðið: **ZÉRINA**

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og aðrar skyldar vörutegundir.



Skrás. 1964, nr. 294. Tilkynnt 8. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Chesebrough-Pond's Inc., iðjurekstur og verzlun, 485 Lexington Avenue, New York, Bandaríkjunum, og skrásett 5. desember 1964.

Orðin:

*Angel  
Skin*

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1960 er merkið skrásett í Washington D. C. 11. júlí 1961, í 51. flokki, fyrir snyrtivökva á hendur og líkama (hand and body lotion).

Skrás. 1964, nr. 295. Tilkynnt 20. ágúst 1964, kl. 11 árdegis, af Maidenform Inc., verzlun, 200 Madison Avenue, New York 16, New York, Bandaríkjunum, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: maidenform með stjörnu yfir stafnum i.

*maiden\*form*

Samkvæmt tilkynningu 14. sept. 1960 er merkið skrásett í Washington D. C. 1. ágúst 1961, í 39. flokki, fyrir lífstykkjafatnað, einkum brjóstahaldara, belti, samfesta brjóstahaldara og belti, buxnabelti og sokkabandabelti, strandfatnað, sem sé sundföt.

Skrás. 1964, nr. 296. Tilkynnt 13. marz 1964, kl. 15.00, af Merck & Co. Inc., iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið: B O V I Z O L E

Samkvæmt tilkynningu 6. janúar 1964 er merkið skrásett í Washington D. C. 13. okt. 1964, í 18. flokki, fyrir efnasamsetningu til dýralækninga, sérstaklega sem ormalyf.

Skrás. 1964, nr. 297. Tilkynnt 17. sept. 1964, kl. 11.30 árdegis, af Taylorix Organisation Stiegler, Hausser & Co., iðjurekstur, Feuerseeplatz 8/14, Stuttgart, Þýzkalandi, og skrásett 5. desember 1964.

Orðið:

**Fixokont**

Samkvæmt tilkynningu 19. marz 1964 er merkið skrásett í München 25. maí 1964, í 22. flokki, fyrir skrifstofuvélar, þ. e. ritvélar, samlagningar- og reiknivélar, skráningavélar og bókhaldsvélar.

**Skrás. 1964, nr. 298.** Tilkynnt 14. nóv. 1963, kl. 15.30, af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: **E S T E R G E L**

Samkvæmt tilkynningu 20. des. 1962 er merkið skrásett í Washington D. C. 24. nóv. 1964, í 18. flokki, fyrir isopropyl myristate hlaup til útvortisnotkunar.

**Skrás. 1964, nr. 299.** Tilkynnt 21. febrúar 1964, kl. 16.00, af Marimekko Oy, iðjurekstur, 3, Variha Tavitie, Helsinki, Finnlandi, og skrásetta 31. desember 1964.

Orðið: **marimekko**

Samkvæmt tilkynningu 25. okt. 1955 er merkið skrásett í Helsingfors 2. apríl 1957, í 3. flokki, fyrir dömudragtir, kápur, blússur, pils, kjóla, stuttbuxur, slæður og annan dömufatnað.


**Skrás. 1964, nr. 300.** Tilkynnt 23. sept. 1964, kl. 11 árdegis, af Farbenfabriken Bayer Aktiengesellschaft, iðjurekstur og verzlun, 509 Leverkusen, Þýzkalandi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: **MAKROLON**

Samkvæmt tilkynningu 27. marz 1954 er merkið skrásett í München 2. apríl 1955, í 6. flokki, fyrir efnafræðilegar vörur til iðnaðarmarkmiða, fjölsameindagerviefni grundvölluð á polyuretan-efnum, polyamid-efnum, polyvinyl- og polydivinyl-efna-samböndum og blöndum af nefndum efnum, silikonefni, hásameinda estera sem hráefni og vörur framleiddar úr þeim, nefnilega plötur, blakkir, pípur, gljáblöð, slöngur, sniðsnúrur, yfirborð, gólfþekjur, klæðningarefni til varnar gegn ryði og fúa, farartækjahjólbarða, flutningahjól, drifkeðjur, þrýsti- og þjöppunarvaltara, slípi-hjól, drifhjól, greiður, bursta, körfur, hnappa, hluta af lækisfræðilegum heilbrigðis, björgunar- og slökkvitækjum, -verkfærum og -áhöldum, gerviliðamót, hluti til véla-bygginga, nefnilega oddhaka, vefjarskyttur, tannhjól, legur, oddhjóladrif og þakkn-ingar, kápuainangranir rafstrengja, kaðla og trefjaknippi.

**Skrás. 1964, nr. 301.** Tilkynnt 24. nóv. 1964, kl. 11.30 árdegis, af Sólvöllum, kjör-búð sf., verzlun, Sólvallagötu 9, Reykjavík, og skrásett 31. desember 1964.

Stílfærð mynd af bókstafnum S.



Merkið er skrásett fyrir kjöt og alls konar kjötvörur, fisk og matvörur úr fiski, brauð og kökur, nýlenduvörur og alls konar niðursoðnar matvörur.

**Skrás. 1964, nr. 302.** Tilkynt 21. sept. 1964, kl. 11.45 árdegis, af V. Löwener, verzlun, Vesterbrogade 9 b, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 31. desember 1964.


Stafirnin: VLC á tigullaga fleti.



Samkvæmt tilkynningu 8. apríl 1964 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 13. júní 1964, í 6., 7., 8., 9., 11., 12. og 17. flokki, fyrir óunna og sumpart unna ódýra málna og málmblöndur úr þeim, akkeri, steðja, klukkur, valtað og stept byggingar efni, járnbrautarteina og annað efni úr málni til járnbrautarlagna, keðjur (þó ekki drifkeðjur til ökutækja), málmkaðla og þráð (þó ekki til rafmagnsmarkmiða), lása-smíðavörur, málmrör, peningaskápa og peningakassa, stálkúlur, hestajárn, saum og skrúfur, aðrar vörur framleiddar úr ódýrum málmum ekki meðtaldar í öðrum flokkum, málmgrýti; vélar og vélaverkfæri, mótora (þó ekki til ökutækja), vélatengsl og drifreimar (þó ekki til ökutækja), stór landbúnaðartæki, útungunarvélar, þ. m. taldar vélar til viðgerða á ökutækjum; handverkfæri og -áhöld, hnífasmíðavörur, gaffla og skeiðar, högg- og lagvopn, þar með talin verkfæri til viðgerða á ökutækjum; vísindaleg, siglingafræðileg, landmælinga, rafmagns (þar með einnig talin útvarps-tæknileg), ljósmynda, kvikmynda og ljósfræðileg tæki og áhöld og tæki og áhöld til vigtunar, mælinga, merkjasendinga, vöktunar, björgunar og kennslu, peninga- og spilapeningasjálfsala, talvélar, kassavélar og reiknivélar, slökkvitæki; innlagningar til lýsingar, upphitunar, gufuframleiðslu, suðu, kæli, þurrkunar, loftræstingar og vatnsleiðslu ásamt innlögnum til heilnæmisráðstafana; ökutæki, farartæki til notkunar á landi, í lofti eða legi, þar með talin ökutæki og hluta af þeim og fylgihluti til þeirra; togleður, gúmmí, balata og staðgengilsefni þess ásamt vörum framleiddum úr þessum efnum, plast í hálfunnu ástandi að lögun sem arkir, blokkir og stengur, þéttingar-, pökkunar- og einangrunarefni, asbest, skjástein og vörur úr þeim, slöngur, þó ekki úr málni.

**Skrás. 1964, nr. 303.** Tilkynt 14. marz 1964, kl. 10.30 árdegis, af Turmac Tabak Maatschappij (Turmac Tobacco Company) N. V., iðjurekstur og verzlun, Frederiksplein 52, Amsterdam, Hollandi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: TURMAC á ferhyrndum afmörkuðum fleti.



Merkið er skrásett í Haag 19. janúar 1920 fyrir sigarettur, sigarettumunnstykki, sigarettupappír, vindla og tóbak.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 17. ágúst 1959.

Skrás. 1964, nr. 304. Tilkynt 30. nóv. 1964, kl. 15.00, af Valberg hf., iðjurekstur og verzlun, Selfossi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: VALBERG.

Merkið er skrásett fyrir lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu, afurðir úr jurta- ríkinu, feiti og olíu úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra, tilbúna matar- feiti og vax úr jurta- og dýraríkinu, matvælaframleiðslu, drykkjarvörur, jarðefni, kemisk og aðra svipaða framleiðslu, plast, gúmmí, gervigúmmí og vörur úr þeim efnum, húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim, ferðabúnað og handtöskur, trjávörur og vörur úr trjávið, viðarkol, kork og korkvörur, fléttiefni og vörur úr því, pappír og vörur úr honum, spunaefni og vörur úr þeim, allar tegundir fatnaðar, perlur, eðalsteina og glysvarning, málma og vörur úr þeim, vélar og áhöld, rafmagnsvörur, flutningtæki, optísk tæki, ljósmyndataeki, lækningatæki og áhöld, úr og klukkur, hljóðfæri, hljóðritunar- og hljóðvarpstæki og hluta til þeirra, vopn og skotfæri og hluta til þeirra, húsbúnað, sópa og pensla, leikföng, leiktæki, íþrótta- vörur og hluta til þessara vara, ýmsar unnar vörur, listaverk, safnmuni, forngripi.

Skrás. 1964, nr. 305. Tilkynt 26. okt. 1964, kl. 10.45 árdegis, af Union Commerciale Des Glaceries Belges S. A., iðjurekstur og verzlun, 81 chaussée de Charleroi, Brussels, Belgíu, og skrásett 31. desember 1964.

Innan í fjórföldum þríhyrningi er efst mynd af liggjandi ljóni, en þar fyrir neðan innan þríhyrningsins standa orðin: PLANIPLATE Union Commerciale des Glaceries Belges S A Brussels-Belgium. Neðst á þríhyrningnum standa orðin: Made in Belgium.



Merkið er skrásett í Brüssel 1. marz 1954 fyrir slípað gler, mismunandi að þykkt, í hvers konar formi, með eða án silfurhúðar, mótað eða ómótað, litað eða ólitað.

Skrás. 1964, nr. 306. Tilkynt 7. apríl 1964, kl. 16.30, af A/S Jan Wessels Radiofabrikk Radionette, iðjurekstur og verzlun, Trondheimsveien 100, Oslo, Noregi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: RADIONETTE með mynd af hnattlíkani í stafnum O.



Samkvæmt tilkynningu 15. des. 1960 er merkið skrásett í Osló 26. janúar 1961, í 9. flokki, fyrir framleiðslu á útvarpstækjum, sjónvarpstækjum, segulbandstækjum, plötuspilurum og tilheyrandi.

**Skrás. 1964, nr. 307.** Tilkynnt 30. nóv. 1964, kl. 14.30, af Outboard Marine Corporation, iðjurekstur og verzlun, 200 Pershing Road, Waukegan, Illinois, Bandaríkjunum, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið:

**EVINRUDE**

Samkvæmt tilkynningu 7. janúar 1948 er merkið skrásett í Washington D. C. 25. okt. 1949, í 23. flokki, fyrir utanborðsmótora og hluta þeirra.

**Skrás. 1964, nr. 308.** Tilkynnt 4. des. 1964, kl. 14.30, af Anasco, Arznei- und Gesundheitspflegemittel G. m. b. H., iðjurekstur, 6200 Wiesbaden, Nerobergstrasse 17, Þýzkalandi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: INTENSOL

Samkvæmt tilkynningu 21. sept. 1917 er merkið skrásett í München 26. febrúar 1918, í 2. flokki, fyrir lækningaefni, efnavörur fyrir lækninga- og heilsuverndar- auginamið, lyfjagerðarvörur, efnaverzlanavörur og efnablöndur, plástra, sáraumbúðir, dýra- og plöntueitur, sóthreinsunarefni, rotvarnarefni fyrir matvörur, efnasambönd fyrir iðnað, vísindalega og ljósmyndastarfsemi, eldslökkviefni, herðingar- og lóðn- ingarefni, vax, ljósmeti, oliur og feiti til tækninota, smurningsefni, kælimiðla, benzín.

Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 26. ágúst 1957.

**Skrás. 1964, nr. 309.** Tilkynnt 4. des. 1964, kl. 16.30, af Harrap Bros. (Sirdar Wools) Limited, iðjurekstur og verzlun, Bective Mills, Alverthorpe, Wakefield, Yorkshire, Englandi, og skrásett 31. desember 1964.


Orðið:

**SIRDAR**

Merkið er skrásett í London 17. júní 1964, í 23. flokki, fyrir garn og þráð.

**Skrás. 1964, nr. 310.** Tilkynnt 11. des. 1964, kl. 14.30, af Carreras Limited, iðju- rekstur og verzlun, Christopher Martin Road, Basildon, Essex, Englandi, og skrásett 31. desember 1964.

Innan ferstrends ramma stendur efst orðið: Carreras. Þar fyrir neðan er dökk lína og dökkur þverflötur og stendur á fletinum orðið: LINCOLN. Þá er kóróna innan tveggja hringa og liljumyndir.



Merkið er skrásett í London 10. sept. 1962, í 34. flokki, fyrir unnið tóbak.

**Skrás. 1964, nr. 311.** Tilkynnt 24. nóv. 1964, kl. 14.30, af John Sinclair Limited, iðjurekstur og verzlun, 5 Portland Terrace, Jesmond, Newcastle upon Tyne 2, Englandi, og skrásett 31. desember 1964.

Orðið: FAIRWAY

Merkið er skrásett í London 23. júní 1924, í 45. flokki, fyrir unnið tóbak. Skrásetning vörumerkisins var síðast endurnýjuð 23. júní 1952.

**Skrás. 1964, nr. 312.** Tilkynnt 14. júlí 1964, kl. 10 árdegis, af General Electric Company, iðjurekstur og verzlun, 1 River Road, Schenectady, New York, Bandaríkjunum, og skrásett 31. desember 1964.

Fangamark. GE á hringfleti.



